

***Rannsókom  
daglega  
ritningarnar***

**2020**



es20-IC  
190731

# ***Rannsökum daglega ritningarnar***

## **2020**

**Árstexti**

**Farið því og gerið fólk  
að lærisveinum, skírið það.**

**– Matteus 28:19.**

---

**Nafn**

Þetta rit er ekki til sölu. Útgáfa þess er þáttur í alþjóðlegri biblíufræðslu sem kostuð er með frjálsum framlögum.

Þú getur farið inn á [donate.jw.org](http://donate.jw.org) til að gefa framlag.

Vitnað er í íslensku biblíuna frá 2010 nema annað sé tekið fram. Leturbreytingar eru okkar. Tilvitnanir í *New World Translation of the Holy Scriptures* eru merktar *NW*.

*Rannsókkum daglega ritningarnar - 2020*  
*Examining the Scriptures Daily - 2020*

Prentað í ágúst 2019

Icelandic (*es20-IC*)

© 2019

**WATCH TOWER BIBLE AND TRACT SOCIETY  
OF PENNSYLVANIA**

Útgefendur

Watch Tower Bible and Tract Society of Canada  
Georgetown, Ontario, Canada

Prentað í Kanada

# 2020

## JANÚAR

M	Þ	M	F	F	L	S
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

## FEBRÚAR

M	Þ	M	F	F	L	S
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	

## MARS

M	Þ	M	F	F	L	S
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

## APRÍL

M	Þ	M	F	F	L	S
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

## MAÍ

M	Þ	M	F	F	L	S
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

## JÚNÍ

M	Þ	M	F	F	L	S
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

## JÚLÍ

M	Þ	M	F	F	L	S
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

## ÁGÚST

M	Þ	M	F	F	L	S
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

## SEPTEMBER

M	Þ	M	F	F	L	S
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

## OKTÓBER

M	Þ	M	F	F	L	S
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

## NÓVEMBER

M	Þ	M	F	F	L	S
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30						

## DESEMBER

M	Þ	M	F	F	L	S
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

# LÍF OKKAR OG BOÐUN

## BIBLÍULESTRARÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ 2020

### Janúar

- 6 1. Mósebók 1-2
- 13 1. Mósebók 3-5
- 20 1. Mósebók 6-8
- 27 1. Mósebók 9-11

### Febrúar

- 3 1. Mósebók 12-14
- 10 1. Mósebók 15-17
- 17 1. Mósebók 18-19
- 24 1. Mósebók 20-21

### Mars

- 2 1. Mósebók 22-23
- 9 1. Mósebók 24
- 16 1. Mósebók 25-26
- 23 1. Mósebók 27-28
- 30 1. Mósebók 29-30

### Apríl

- 6 Vikan sem minningar-  
hátíðin er haldin
- 13 1. Mósebók 31
- 20 1. Mósebók 32-33
- 27 1. Mósebók 34-35

### Mái

- 4 1. Mósebók 36-37
- 11 1. Mósebók 38-39
- 18 1. Mósebók 40-41
- 25 1. Mósebók 42-43

### Júní

- 1 1. Mósebók 44-45
- 8 1. Mósebók 46-47
- 15 1. Mósebók 48-50
- 22 2. Mósebók 1-3
- 29 2. Mósebók 4-5

## Júli

- 6 2. Mósebók 6–7
- 13 2. Mósebók 8–9
- 20 2. Mósebók 10–11
- 27 2. Mósebók 12

## Ágúst

- 3 2. Mósebók 13–14
- 10 2. Mósebók 15–16
- 17 2. Mósebók 17–18
- 24 2. Mósebók 19–20
- 31 2. Mósebók 21–22

## September

- 7 2. Mósebók 23–24
- 14 2. Mósebók 25–26
- 21 2. Mósebók 27–28
- 28 2. Mósebók 29–30

## Október

- 5 2. Mósebók 31–32
- 12 2. Mósebók 33–34
- 19 2. Mósebók 35–36
- 26 2. Mósebók 37–38

## Nóvember

- 2 2. Mósebók 39–40
- 9 3. Mósebók 1–3
- 16 3. Mósebók 4–5
- 23 3. Mósebók 6–7
- 30 3. Mósebók 8–9

## December

- 7 3. Mósebók 10–11
- 14 3. Mósebók 12–13
- 21 3. Mósebók 14–15
- 28 3. Mósebók 16–17

## Hvernig á að nota þetta hefti?

Á næstu blaðsíðum er að finna biblíuvers fyrir hvern dag ásamt skýringum við versíð. Að sjálfsögðu má lesa dagstextann hvenær sem er, en mörgum finnst hentugt að lesa hann að morgni til því að þá er hægt að íhuga efnið yfir daginn. Fjölskyldur hafa mikið gagn af því að fara saman yfir dagstextann. Það gera Betelfjölskyldur um heim allan að morgni dags.

Skýringarnar eru teknar úr *Varðturninum* (w) frá apríl 2018 til mars 2019. Á eftir dagsetningu *Varðturnsins* er tala sem segir til um á hvaða blaðsíðu skýringarnar hefjast. Síðan er vísað í tölugreinarnar sem efnið er sótt í. (Sjá skýringarmyndina að neðan.) Viðbótarupplýsingar um efnið má sækja í námsgreinina sjálfa.

### Fimmtudagur 2. janúar

*„Hann kenndi í brjósti um þá.“  
– Mark. 6:34.*

Af hverju kenndi Jesús í brjósti um fólkið? Hann sá að það var „sem sauðir er engan hirði hafa“ ... Við líkjum eftir meistara okkar og boðum fagnaðarerindið vegna þess að við kennum í brjósti um „bágstadda og snauða“. (Sálm. 72:13) Við finnum til með fólki og viljum gera eitthvað til að hjálpa því.

w19.03 21–22 gr. 6–7

Númer tölugreina sem skýringarnar eru sóttar í.

Blaðsíðunúmer þar sem skýringarnar er að finna.

Mánuður *Varðturnsins*.

Útgáfuár *Varðturnsins*.



## Miðvikudagur 1. janúar

„Móse var högvær maður, högværari en nokkur annar á jörðinni.“

– 4. Mós. 12:3.

Móse var ekki högvær þegar hann tilheyrði egypsku konungsfjölskyldunni. Hann var þá svo skapbráður að hann drap mann sem honum fannst óréttlátur. Móse gerði sjálfkrafa ráð fyrir að Jehóva yrði sáttur við það sem hann gerði. Jehóva var 40 ár að kenna Móse að það væri ekki nóg að hann væri hugrakkur til að leiða Ísraelsþjóðina heldur þyrfti hann að vera högvær. Og til að vera högvær þyrfti hann einnig að sýna auðmýkt, undirgefni og mildi. Hann tók vel við kennslunni og varð einstakur umsjónarmaður. (2. Mós. 2:11, 12; Post. 7:21–30, 36) Fjölskylduféður og öldungar nú á dögum ættu að líkja eftir Móse. Vertu ekki fljótur að móðgast þegar komið er fram við þig af óvirðingu. Sýndu auðmýkt og viðurkenndu mistök þín. (Préd. 7:9, 20) Vertu undirgefinn leiðbeiningum Jehóva um hvernig eigi að takast á við vandamál. Og svaraðu alltaf mildilega. (Orðskv. 15:1) Fjölskylduféður og umsjónarmenn, sem gera það, þóknast Jehóva, stuðla að friði og setja öðrum gott fordæmi í högværð. *w19.02* 8 gr. 1; 10 gr. 9–10

## Fimmtudagur 2. janúar

„Hann kenndi í brjósti um þá.“

– Mark. 6:34.

Af hverju kenndi Jesús í brjósti um fólkid? Hann sá að það var „sem sauðir er engan hirði hafa“. Kannski sá Jesús að sumir voru fátækir og unnu baki brotnu til að sjá fyrir fjölskyldunni. Og ef til vill voru einhverjir að takast á við ástvinamissi. Ef sú var raunin hefur Jesús líklega getað sett sig í spor þeirra. Hann hafði væntanlega sjálfur upplifað suma þessara erfiðleika. Honum var ann

um fólk og hann fann sig knúinn til að flytja því hughreystandi boðskap. (Jes. 61:1, 2) Hvað lærum við af fordæmi Jesú? Við erum líka umkringd fólkum sem er eins og „sauðir er engan hirði hafa“ og glímur við ýmsa erfiðleika. Við höfum það sem fólk þarf á að halda – boðskapinn um ríki Guðs. (Opinb. 14:6) Við líkjum eftir meistara okkar og boðum fagnaðarerindið vegna þess að við kennum í brjósti um „bágstadda og snauða“. (Sálm. 72:13) Við finnum til með fólkum og viljum gera eitthvað til að hjálpa því. *w19.03* 21–22 gr. 6–7

## Föstudagur 3. janúar

„Lofaður sé Drottinn er ber byrðar vorar dag eftir dag.“

– Sálm. 68:20.

Við höfum margar ástæður til að elska Jehóva. Hann sér okkur fyrir öllu því góða sem við njótum dagsdaglega. En hann gerir meira en það því að hann kennir okkur líka sannleikann um sjálfan sig og fyrirætlun sína. (Jóh. 8:31, 32) Hann hefur gefið okkur söfnuðinn til að styðja okkur og leiðbeina. Hann hjálpar okkur með byrðar lífsins og gefur okkur von um eilíft líf við fullkomnar aðstæður. (Opinb. 21:3, 4) Kærleikurinn til Jehóva eykst þegar við hugleiðum hve mikið hann hefur nú þegar gert til að sýna hve annstunum er um okkur. Þá óttumst við að særa hann því að okkur þykir innilega vænt um hann. Það er réttur og heilbrigður ótti. Þú lærir betur og betur að meta Jehóva og mælikvarða hans ef þú gleymir aldrei hve mikið gagn þú hefur af leiðsögn hans. Þá tekst Satan ekki með nokkru móti að tæla þig frá því að þjóna Jehóva. Sjáðu sjálfan þig fyrir þér eftir þúsund ár þar sem þú horfir til baka til þess tíma þegar þú ákvaðst að láta skírast. Það var langbesta ákvörðun þín! *w19.03* 6 gr. 14; 7 gr. 19

## Laugardagur 4. janúar

*„Dugmikla konu, hver hlýtur hana? Hún er miklu dýrmætari en perlur.“ – Orðskv. 31:10.*

Öll fjölskyldan nýtur góðs af því þegar hver og einn sýnir þakklæti. Það styrkir hjónabandið þegar hjón eru þakklát hvort öðru. Það auðveldar þeim líka að fyrirgefa mistök hvort annars. Eiginmaður, sem kann að meta konuna sína, tekur ekki aðeins eftir því góða sem hún segir og gerir heldur hrósar henni fyrir það. (Orðskv. 31:28) Og skynsöm eiginkona segir manni sínum hvað hún kann að meta í fari hans. Foreldrar, hvernig getið þið kennt börnunum ykkar að sýna þakklæti? Munið að börnin líkja eftir því sem þið segið og gerið. Setjið þeim því gott fordæmi með því að þakka þeim þegar þau gera eitthvað fyrir ykkur. Kennið þeim líka að þakka fyrir sig þegar aðrir gera eitthvað fyrir þau. Sýnið þeim fram á að þakklæti þarf að koma frá hjartanu og að orð þeirra geta haft mikið að segja. *w19.02 17 gr. 14–15*

## Sunnudagur 5. janúar

*„Ég verð ráðvandur þar til ég dey.“ – Job. 27:5, NW.*

Þetta er veigamikil yfirlýsing. Job lét ekki undan árásum Satans og við getum gert hið sama. Sakirnar, sem Satan bar á Job, snerta þig líka. Hvernig þá? Hann ber þig sömu sökum. Hann segir efnislega að þú elskir ekki Jehóva Guð, að þú myndir hætta að þjóna honum til að bjarga eigin skinni og að þú getir ekki verið ráðvandur. (Job. 2:4, 5; Opinb. 12:10) Hvað finnst þér um það? Er það ekki særandi? En hugsaðu um þetta: Jehóva

treystir þér nógu vel til að gefa þér einstakt tækifæri. Hann leyfir Satan að reyna ráðvendni þína. Jehóva er fullviss um að þú getir verið ráðvandur og sannað Satan lygara. Hann lofar líka að hjálpa þér að gera það. (Hebr. 13:6) Hvilíkur heiður að alvaldur Drottinn alheims skuli bera slíkt traust til þín! Sérðu hvers vegna ráðvendni er svo mikilvæg? Hún gerir okkur kleift að hrekja lygar Satans, verja orðstír föður okkar og styðja stjórnarfar hans. *w19.02 5 gr. 9–10*

## Mánudagur 6. janúar

*„Sú stund kemur að hver sem líflætur yður þykist veita Guði þjónustu.“ – Jóh. 16:2.*

Jesús sagði postulunum frá þeim prófraunum sem þeir ættu eftir að þola. Síðan benti hann þeim á fordæmi sitt og hvatti þá: „Verið hughraustir.“ (Jóh. 16:1–4a, 33) Mörgum árum seinna fylgdu lærisveinar Jesú enn fórnfúsu fordæmi hans og voru hugrakkir. Þeir studdu hver annan í ýmsum prófraunum, jafnvel þó að það kostaði þá mikið. (Hebr. 10:33, 34) Nú á dögum fylgjum við einnig fordæmi Jesú um hugrekki. Það kostar til dæmis hugrekki að aðstoða trússystemi okkar sem eru ofsótt vegna trúarinnar. Trússystemi okkar eru stundum hneppt í fangelsi fyrir rangar sakir. Þá verðum við að gera allt sem við getum fyrir þau, þar á meðal að tala máli þeirra. (Fil. 1:14; Hebr. 13:19) Önnur leið til að sýna hugrekki er að halda áfram að boða trúna „djarflega“. (Post. 14:3, *Biblían 1981*) Við erum staðráðin í að boða boðskapinn um ríki Guðs, eins og Jesús, þrátt fyrir mótlæti og ofsóknir. *w19.01 22–23 gr. 8–9*

## **Priðjudagur 7. janúar**

*„Gefum gætur hvert að öðru og hvetjum hvert annað til kærleika og góðra verka. Vanrækið ekki safnaðarsamkomur ykkar eins og sumra er síður heldur uppörvið hvert annað.“ – Hebr. 10:24, 25.*

Hvað getur hjálpað þér að gefa uppörvandi svör á samkomum? Það er mjög mikilvægt að búa sig undir hverja samkomu. Þú færð meira sjálfstraust til að svara þegar þú skipuleggur þig fyrir fram og undirbýrð þig vel. (Orðskv. 21:5) Hvað felst í því að búa sig vel undir samkomu? Byrjaðu hverja námsstund á því að biðja Jehóva um heilagan anda. (Lúk. 11:13; 1. Jóh. 5:14) Síðan skaltu gefa þér nokkrar mínútur til að líta yfir efnið. Veltu fyrir þér titlinum, millifyrirsögnum, myndum og rammagreinum. Farðu síðan yfir hverja grein fyrir sig og ef þú getur skaltu reyna að lesa öll versin sem vísað er í. Hugleiddu efnið og einbeittu þér sérstaklega að því sem þig langar til að svara. Því betur sem þú undirbýrð þig því meira gagn hefurðu af efninu og þá verður auðveldara fyrir þig að svara. – 2. Kor. 9:6. *w19.01* 9 gr. 6; 11–12 gr. 13–15

## **Miðvikudagur 8. janúar**

*„Skrá þú þessa vitrun.“  
– Hab. 2:2.*

Jehóva innblés Habakkuk að færa áhyggjur sínar í letur. Hann vill því greinilega að við séum óhrædd við að segja honum frá áhyggjum okkar og efasemdum. Hann vill að við úthellum hjarta okkar fyrir honum í bæn. (Sálm. 50:15; 62:9) Habakkuk treysti á Jehóva, föður sinn, og tók frumkvæðið í að nálægja sig honum. Hann velti sér ekki upp úr áhyggjum sínum né treysti á sjálf-

an sig. Þess heldur setti hann okkur gott fordæmi með því að segja Jehóva frá tilfinningum sínum og áhyggjum í bæn. Jehóva, sem heyrir bænir, vill að við treystum honum með því að segja honum frá áhyggjum okkar. (Sálm. 65:3) Þegar við gerum það sjáum við hvernig hann svarar bænum okkar – hvernig hann huggar og leiðbeinir okkur á kærleiksríkan hátt. (Sálm. 73:23, 24) Hverjar sem aðstæður okkar eru hjálpar Jehóva okkur að skilja hvernig hann lítur á málin. Að biðja til Guðs er ein besta leiðin til að sýna að við treystum á hann. *w18.11* 13 gr. 2; 14 gr. 5–6

## **Fimmtudagur 9. janúar**

*„Á hinum heilögu í landinu og hinum dýrlegu hef ég alla velpóknun mína.“ – Sálm. 16:3.*

Sálmaritarinn Davíð átti ekki bara vini sem voru jafnaldrar hans. Geturðu nefnt einhvern af nánustu vinum Davíðs? Jónatan var einn af þeim. Vinátta þeirra er ein sú fallegasta sem við lesum um í Biblíunni. En vissirðu að Jónatan var um 30 árum eldri en Davíð? Á hverju byggðist vinátta þeirra? Hún byggðist á trú á Guð, gagnkvæmri virðingu og því hve mikils þeir mátu hugrekki hvor annars þegar þeir börðust gegn óvinum Guðs. (1. Sam. 13:3; 14:13; 17:48–50; 18:1) Líkt og Davíð og Jónatan höfum við „alla velpóknun“ á því að eignast vini sem elska Jehóva og treysta á hann. Kiera hefur þjónað Jehóva í mörg ár. Hún segir: „Ég hef eignast vini víðs vegar að úr heiminum, af ólíkum uppruna og menningu.“ Ef þú stækkar vinahópinn á þennan hátt finnurðu vel fyrir sameinandi áhrifum Biblíunnar og anda Guðs. *w18.12* 26 gr. 11–13

## Föstudagur 10. janúar

„Sá sem skilur við konu sína, nema sakir hórdóms, og kvænist annarri drýgir hór.“ – Matt. 19:9.

Hugtakið „hór“, það er að segja kynferðislegt siðleysi, nær yfir margs konar kynferðislegar syndir utan hjónabands, svo sem framhjáhald, vændi, kynmök ógiftra einstaklinga, kynmök fólks af sama kyni og kynmök við dýr. Ef kvæntur maður gerist sekur um kynferðislegt siðleysi getur konan hans ákveðið hvort hún skilji við hann eða ekki. Tökum eftir að Jesús sagði ekki að saklausni makinn *yrði* að sækja um skilnað ef hinn makinn gerðist sekur um kynferðislegt siðleysi (*porneía*). Eigin kona gæti til dæmis kosið að slíta ekki hjónabandinu þó að eiginmaðurinn hafi framið kynferðislegt siðleysi. Það getur verið að hún elski hann enn og að hana langi til að fyrirgefa honum og vinna með honum að því að bæta hjónabandið. Ef hún skilur við hann og giftist ekki á ný stendur hún frammi fyrir vissum erfiðleikum. Hvað með efnislegar og kynferðislegar þarfir hennar? Yrði hún einmana? Hvaða áhrif hefði skilnaðurinn á börnin? (1. Kor. 7:14) Það er ljóst að skilnaður hefur mikla erfiðleika í för með sér fyrir saklausa makann. *w18.12* 12 gr. 10–11

## Laugardagur 11. janúar

„Þér, sem elskið Drottin, hatið illt.“ – Sálm. 97:10.

Jehóva hatar ranglæti. (Jes. 61:8) Hann veit að við erum ófullkomín og höfum rangar tilhneigingar en hvetur okkur samt sem áður til að hata ranglæti eins og hann gerir. Að ihuga hvers vegna Jehóva hefur óbeit á hinu illa hjálpar okkur að tileinka okkur sama hugarfar. Og það gefur okkur styrk til að varast

það sem hann hatar. Þegar við temjum okkur sama viðhorf og Jehóva til ranglætis eigum við auðveldara með að koma auga á það sem er rangt, jafnvel þó að ekki sé beinlínis minnst á það í Biblíunni. Til dæmis er kjöltudans lostafull hegðun sem er æ vinsælli í heiminum. Sumir myndu segja að það sé ekkert rangt við kjöltudans vegna þess að hann sé ekki það sama og að hafa kynmök. En endurspeglar hann viðhorf Guðs sem hefur andstyggð á hinu illa í hvaða formi sem er? Höldum okkur frá hinu illa með því að rækta með okkur sjálfstjórn og hafa andstyggð á því sem Jehóva hatar. – Rómv. 12:9. *w18.11* 25 gr. 11–12

## Sunnudagur 12. janúar

„Hinn réttláti mun lifa fyrir trú sína.“ – Hab. 2:4.

Loforð Jehóva eru svo mikilvæg að Páll postuli vitnaði þrisvar sinnum í þetta vers. (Rómv. 1:17; Gal. 3:11; Hebr. 10:38) Við mætum öll erfiðleikum. En við getum verið viss um að við fáum að sjá fyrirætlun Jehóva uppfyllast svo framarlega sem við erum trúföst og treystum á hann. Jehóva vill að við horfum til framtíðar. Við sem lifum á þessum síðustu dögum getum dregið mikilvægan lærdóm af bók Habakkuks. Jehóva lofar eilífu lífi öllum sem sýna trú og traust á hann. Við skulum því styrkja traust okkar til hans, líka þegar við þurfum að glíma við áhyggjur og vandamál. Fyrir milligöngu Habakkuks fullvissar Jehóva okkur um að hann muni styðja okkur og frelsa. Hann biður okkur vingjarnlega að treysta sér og biða þolinmód eftir að ríki hans komi. Þá mun jörðin vera full af hamingjusömu og friðsömu fólki sem tilbiður Jehóva. – Matt. 5:5; Hebr. 10:36–39. *w18.11* 16–17 gr. 15–17

## Mánudagur 13. janúar

### *Hlýðid sannleikanum.*

- 3. Jóh. 4.

Á dögum Jesú brugðust sumir vel við kennslu hans í fyrstu en hættu síðan að ganga í sannleikanum. Eftir að Jesús hafði gefið stórum hópi fólks að borða fyrir kraftaverk elti hópurinn hann yfir á hinn enda Galíleuvatns. Þar sagði Jesús nokkuð sem gerði fólk í bilt við. Hann sagði: „Ef þér etið ekki hold Mannssonarins og drekkið blóð hans þá er ekki líf í yður.“ Í stað þess að biðja Jesú að útskýra mál sitt hneykslaðist fólk og sagði: „Þung er þessi ræða. Hver getur hlustað á hana?“ Fyrir vikið „hurfu margir af lærisveinum hans frá og voru ekki fram- ar með honum“. (Jóh. 6:53–66) Því miður hafa sumir nú til dags yfirgefið sannleikann. Einhverjir hafa hneykslast á einhverju sem þekktur bróðir sagði eða gerði. Sumir hafa móðgast þegar þeim voru gefnar leiðbeiningar byggðar á Biblíunni og aðrir hafa fallið frá sannleikanum vegna ósættis við trústykni. *w18.11* 9 gr. 3–5

## Þriðjudagur 14. janúar

*„Einn er leiðtogi yðar, Kristur.“*

- *Matt. 23:10.*

Ef við skiljum ekki til fulls ástæðurnar fyrir sumum skipulagsbreytingum innan safnaðarins getur verið gott að hugleiða hvernig Kristur leiðbeindi þjónum Guðs fyrr á tímum. Á dögum Jósúa og á fyrstu öld gaf hann alltaf viturlegar leiðbeiningar til að vernda þjóna Guðs í heild, styrkja trú þeirra og varðveita einingu þeirra. (Hebr. 13:8) Þær tímabæru leiðbeiningar, sem „hinn trúi og hyggni þjónn“ lætur í

té, eru augljóst merki um að Jesú sé ákaflega umhugað um samband okkar við Jehóva. (Matt. 24:45) Þegar við gerum okkur grein fyrir að Kristur leiðbeinir okkur skiljum við að hann ber mikla umhyggju fyrir okkur og vill að við séum sterk í trúnni. En Kristur sér ekki aðeins fyrir andlegum þörfum okkar. Hann hjálpar okkur líka að einbeita okkur að mikilvægasta starfi sem unnið er á jörðinni nú til dags – boðuninni. – Mark. 13:10. *w18.10* 25 gr. 13–16

## Miðvikudagur 15. janúar

*Hegðið ykkur svo sem samboðið er þeirri köllun sem þið hafið hlotið.*

*Verið í hvívetna lítillát.*

- *Ef. 4:1, 2.*

Frábært dæmi um það að sýna sjálfstjórn þegar okkur er ögrað er að finna í 2. Samúelsbók 16:5–13. Símei, frændi Sáls konungs, veittist að Davíð og þjónum hans og formælti þeim. Davíð lét það yfir sig ganga þó að hann hefði vald til að binda enda á það. Hvernig gat hann sýnt slíka sjálfstjórn? Yfirskriftin í Sálmi 3 gefur til kynna að hann hafi verið saminn þegar Davíð „flýði fyrir Absalon syni sínum“. Vers 2 og 3 koma heim og saman við atburðina í 16. kafla Síðari Samúelsbókar. Af Sálmi 3:5 sjáum við að Davíð treysti Jehóva. Þar segir: „Ég hrópa hátt til Drottins og hann svarar.“ Við getum einnig beðið til Jehóva þegar við sætum illri meðferð. Þá gefur hann okkur af heilögum anda sínum sem getur hjálpað okkur að halda út. Gætir þú þurft að sýna meiri sjálfstjórn eða verið fúsari til að fyrirgefa þegar einhver kemur illa fram við þig? Ertu sannfærður um að Jehóva skilji aðstæður þínar og blessi þig? *w18.09* 6–7 gr. 16–17

## Fimmtudagur 16. janúar

„Samverkamenn Guðs erum við.“

– 1. Kor. 3:9.

Við ættum *alltaf* að vera tillits-  
söm og sýna fólki virðingu þegar  
við boðum því trúna. Til þess  
þurfum við að kynnast vel fólkinu  
á svæðinu. Fólk á eðlilega ekki von  
á okkur þegar við förum hús úr  
húsi. Það er þess vegna mikilvægt  
að við heimsækjum það þegar það  
er líklegra til að vilja spjalla við  
okkur. (Matt. 7:12) Finnst fólki þar  
sem þú býrð gott að sofa út um  
helgar? Þá gætirðu byrjað boðun-  
ina á því að nota ritatrillurnar, tala  
við fólk á förnum vegi eða fara í  
endurheimsókn til þeirra sem þú  
veist að eru komnir á fætur. Marg-  
ir eru mjög uppteknir og því gæti  
verið gott að hafa samtalið stutt, að  
minnsta kosti fyrst um sinn. (1. Kor.  
9:20–23) Það er líklegra að fólk vilji  
að við komum aftur ef það sér að við  
skiljum aðstæður þess. Við þurfum  
greinilega að sýna ávöxt andans í  
boðuninni. Ef við gerum það verð-  
um við „samverkamenn Guðs“. Með  
hans hjálp gætum við jafnvel feng-  
ið að leiða einhvern inn til sann-  
leikans. – 1. Kor. 3:6, 7. *w18.09 32*  
gr. 15–17

## Föstudagur 17. janúar

„Sælir eru hógværir því að þeir  
munu jörðina erfa.“

– Matt. 5:5.

Hvernig getur það stuðlað að  
hamingju að vera hógværi? Menn  
breytast þegar þeir kynnast sann-  
leikanum. Áður voru þeir kannski  
hranalegir, þrætugjarnir og árása-  
gjarnir en hafa nú „hjártagró-  
inni meðaumkun, góðvild, auðmýkt,

hógværi og langlyndi“. (Kól. 3:9–12)  
Þess vegna njóta þeir friðar, eiga  
gott samband við aðra og eru ham-  
ingjusamir. Auk þess lofar orð Guðs  
að slíkir menn muni „jörðina erfa“.  
(Sálm. 37:8–10, 29) Í hvaða skil-  
ningi munu hógværir „jörðina erfa“?  
Andasmurðir lærisveinar Jesú erfa  
jörðina þegar þeir ríkja yfir henni  
sem konungar og prestar. (Opinb.  
20:6) Milljónir annarra sem hafa  
ekki himneska köllun erfa jörðina í  
þeim skilningi að þeir fá að lifa hér  
að eilífu við fullkomleika, frið og  
hamingju. *w18.09 19* gr. 8–9

## Laugardagur 18. janúar

Verum fljót til að heyra.

– Jak. 1:19.

Jehóva er besta fyrirmyndin á  
þessu sviði. (1. Mós. 18:32; Jós.  
10:14) Tökum sem dæmi sam-  
skipti hans við Móse í 2. Mósebók  
32:11–14. Jehóva hefði ekki þurft að  
gefa Móse tækifæri til að tjá tilfinn-  
ingar sínar en hann gerði það samt.  
Myndir þú hlusta af athygli á ein-  
hvern sem hefur haft rangt fyrir  
sér og fara síðan eftir því sem hann  
segir? Jehóva hlustar þolinmóð-  
ur á þá sem biðja til hans í trú. Je-  
hóva sýndi þá auðmýkt að hlusta á  
Abraham, Rakel, Móse, Jósúa, Man-  
óa, Elía og Hiskía. Og hann hlust-  
ar líka á þjóna sína nú á dögum.  
Hvert og eitt okkar ætti því að  
spyrja sig: Gæti ég sýnt trússystem-  
um mínum meiri virðingu með því  
að hlusta á hugmyndir þeirra og  
fylgja þeim jafnvel eftir? Þarf ein-  
hver í söfnuðinum eða fjölskyldunni  
á athygli minni að halda? Hvað  
ætti ég að gera í því? Hvað ætla  
ég að gera? – 1. Mós. 30:6; Dóm.  
13:9; 1. Kon. 17:22; 2. Kron. 30:20.  
*w18.09 6* gr. 14–15

## Sunnudagur 19. janúar

*„Örlátur maður hlýtur ríkulega umbun og sá sem gefur öðrum að drekka fær þorsta sínum svalað.“*  
- Orðskv. 11:25.

Það getur verið erfitt að vera örlát þegar við erum umkringd fólkum sem hugsar fyrst og fremst um eigin hag. Jesús sagði hins vegar að tvö æðstu boðorðin væru þau að elska Jehóva af öllu hjarta, sálu og mætti og að elska náungann eins og sjálfan sig. (Mark. 12:28-31) Þeir sem elska Jehóva líkja eftir honum. Bæði Jehóva og Jesús eru gjafmildir. Og þeir vilja að við séum það líka því að það veitir okkur sanna hamingju. Við heiðrum Jehóva þegar við leggjum okkur fram um að sýna bæði honum og náunganum örlæti. Auk þess er það sjálfum okkur og öðrum til góðs. Þú leggur þig vafalaust þegar fram um að gefa af sjálfum þér í þágu annarra, ekki síst trússystkina þinna. (Gal. 6:10) Ef þú heldur því áfram mun fólk þykja vænt um þig og meta þig mikils, og þú verður hamingjusamur fyrir vikid. *w18.08 22 gr. 19-20*

## Mánudagur 20. janúar

*„Dæmið ekki eftir útliti.“*  
- Jóh. 7:24.

Í augum Jehóva skiptir kynþáttur, þjóðerni, þjóðflokkur og tungumál engu máli. Við njótum velþóknunar hans svo framarlega sem við óttumst hann og gerum það sem er rétt. (Gal. 3:26-28; Opinb. 7:9, 10) Þú ert eflaust sammála því. En hvað ef þú ólst upp í landi eða fjölskyldu þar sem fordómar voru algengir? Getur verið að innst inni blundi einhverjir fordómar, jafnvel þótt þú teljir þig vera óhlutdrægan? Meira að segja Pétur hafði enn fordóma þótt hann

hefði áður leitt öðrum fyrir sjónir að Jehóva fer ekki í manngrein-aralit. (Gal. 2:11-14) Hvernig getum við hætt að dæma eftir útlitinu? Við þurfum að líta í eigin barm og íhuga vandlega með hliðsjón af orði Guðs hvort við séum haldin einhverjum fordómum. (Sálm. 119:105) Við gætum líka spurt traustan vin hvort hann hafi tekið eftir einhverjum fordómum hjá okkur því að oft komum við ekki auga á þá sjálf. (Gal. 2:11, 14) Það getur verið að fordómar okkar séu svo rötgrónir að við tökum ekki eftir þeim. *w18.08 9 gr. 5-6*

## Þriðjudagur 21. janúar

*„Þannig lýsi ljós yðar meðal mannanna.“* - Matt. 5:16.

Spyrðu þig hvort það sé augljóst að þú sýnir Jehóva algera hollustu. Leitast þú á að segja öðrum að þú sért vottur Jehóva? Jehóva hefur valið okkur að þjónum sínum og því myndi honum sárna mikið ef við hikuðum við að segja öðrum að við tilheyrðum honum. (Sálm. 119:46; Mark. 8:38) Því miður láta sumir vottar Jehóva „anda heimsins“ hafa áhrif á sig. Það er því erfitt að sjá muninn á þeim og hinum sem þjóna Jehóva ekki. (1. Kor. 2:12) Andi heimsins höfðar til 'jarðbundinna girnda'. (Ef. 2:3) Sumir velja enn að klæða sig ósæmilega þrátt fyrir allar þær leiðbeiningar sem við höfum fengið um útlit og klæðaburð. Þeir klæðast fötum sem eru þröng og sýna of mikið af líkamnum, jafnvel á samkomum og mótum. Og sumir velja sér öfgakennda klippingu og hárgreiðslu. (1. Tím. 2:9, 10) Þar af leiðandi getur verið erfitt að átta sig á hvort þeir tilheyri Jehóva eða séu 'vinir heimsins'. - Jak. 4:4. *w18.07 24-25 gr. 11-12*

## Miðvikudagur 22. janúar

*Þið eruð öll bræður og systur.*

– *Matt. 23:8.*

Við erum „bræður og systur“ að því leyti að við erum öll afkomendur Adams. (Post. 17:26) Jesús útskýrði líka að lærisveinar sínir væru bræður og systur þar sem þeir litu á Jehóva sem himneskan föður sinn. (Matt. 12:50) Að auki tilheyrðu þeir stórrí andlegri fjölskyldu sem var sameinuð í trú og kærleika. Þess vegna ávörpuðu postularnir aðra kristna menn „bræður og systur“ í bréfum sínum. (Rómv. 1:13; 1. Pét. 2:17; 1. Jóh. 3:13) Þegar Jesús hafði tekið fram að við ættum að líta hvert á annað sem bræður og systur lagði hann áherslu á að við þyrftum að vera auðmjúk. (Matt. 23:11, 12) Óviðeigandi stolt ógnaði einingu postulanna. Þeim stóð einnig ógn af þjóðernishroka. Höfðu Gyðingar ástæðu til að hreykja sér af því að vera afkomendur Abrahams? Margir þeirra töldu svo vera. En Jóhannes skírari sagði við þá: „Guð getur vakið Abraham börn af steinum þessum.“ – Lúk. 3:8. *w18.06* 9–10 gr. 8–9

## Fimmtudagur 23. janúar

*„Hygginn maður er orðvar.“*

– *Orðskv. 17:27.*

Höfum við taumhald á tungu okkar og skapi þegar erfiðar aðstæður koma upp eða samskiptaerfiðleikar skjóta síendurtekið upp kollinum? (Orðskv. 10:19; Matt. 5:22) Þegar aðrir reyna á þolrifin í okkur þurfum við að læra að láta reiði Jehóva komast að. (Rómv. 12:17–21) Ef við horfum til Jehóva sýnum við honum tilhlýðilega virðingu með því að bíða þolinmóð eftir að hann taki á málum þegar hann telur ástæðu til. Þannig leyfum við reiði hans að komast að. Ef við gerðum það ekki held-

ur reyndum að hefna okkar með einhverjum hætti myndi það þýða að við vanvirtum Jehóva. Leggjum við okkur fram um að fylgja nýjstu leiðbeiningunum sem Jehóva hefur látið okkur í té? Þá gerum við hlutina ekki bara eins og við höfum alltaf gert þá. Við erum öllu heldur fljót að tileinka okkur allar nýjar leiðbeiningar sem Jehóva veitir okkur fyrir milligöngu safnaðarins. (Hebr. 13:17) En samtímis þurfum við að gæta þess að „fara ekki lengra en ritað er“. (1. Kor. 4:6) Þannig horfum við einbeitt til Jehóva. *w18.07* 15–16 gr. 17–18

## Föstudagur 24. janúar

*Snúum okkur að fræðslunni fyrir lengra komna.* – *Hebr. 6:1.*

Þegar þú sækir fram til kristins þroska verða meginreglur sífellt mikilvægari í huga þér. Ástæðan er sú að lagaboð eiga oft við ákveðnar aðstæður en meginreglur geta náð yfir margs konar aðstæður. Barn skilur til dæmis ekki að vondur félagsskapur getur verið hættulegur þannig að skynsamir foreldrar setja barninu reglur til að vernda það. (1. Kor. 15:33) Þegar barnið þroskast lærir það að rökhusga með hliðsjón af meginreglum Biblíunnar. Það lærir því smám saman að taka skynsamlegar ákvarðanir varðandi félagsskap. (1. Kor. 13:11; 14:20) Þegar við hugsum út frá meginreglum Guðs verður samviskan sífellt áreiðanlegri leiðarvísir og betur í takt við vilja hans. Höfum við allt sem við þurfum til að geta tekið skynsamlegar ákvarðanir sem Jehóva hefur velþóknun á? Já. Við verðum „albúin og hæf til sérhvers góðs verks“ ef við lærum að nýta okkur lög og meginreglur Biblíunnar. – 2. Tím. 3:16, 17. *w18.06* 19 gr. 14; 20 gr. 16–17



## Laugardagur 25. janúar

„Hver er þá náungi minn?“

– Lúk. 10:29.

Með dæmisögu sýndi Jesús fram á að Gyðingar gátu lært af Samverja hvað felst í sönnum náungakærleika. (Lúk. 10:25–37) Lærisveinar Jesú þurftu að sigrast á hroka og fordómum til að geta leyst af hendi verkefnið sem hann fól þeim. Áður en hann steig upp til himna sagði hann þeim að bera vitni í „allri Júdeu, í Samaríu og allt til endimarka jarðarinnar“. (Post. 1:8) Jesús hafði áður búið þá undir þetta krefjandi verkefni með því að beina athygli þeirra að góðum eiginleikum í fari útlendinga. Hann hrósaði erlendum hundraðshöfðingja fyrir einstaka trú. (Matt. 8:5–10) Í Nasaret, heimabæ sínum, talaði Jesús um hvernig Jehóva hafði sýnt útlendingum velvild, svo sem föníkísku ekkjunní í Sarefta og holdsveika Sýrlendingnum Naaman. (Lúk. 4:25–27) Jesús prédikaði líka fyrir samverskri konu og dvaldi tvo daga í samverskum bæ vegna þess hve mikinn áhuga íbúarnir höfðu á boðskap hans. – Jóh. 4:21–24, 40. *w18.06 10 gr. 10–11*

## Sunnudagur 26. janúar

„Klæðist alvæpni Guðs til þess að þið getið staðist vélabrögð djöfulsins.“

– Ef. 6:11.

Páll postuli líkir kristnum mönnum við hermenn sem berjast í návígi. Við eigum auðvitað ekki í stríði við menn en óvinir okkar eru engu að síður raunverulegir. Satan og illu andarnir eru þaulreyndir hermenn. Við fyrstu sýn mætti ætla að við eigum okkur litla sigur-

von, ekki síst unga fólkið í söfnuðinum. Hvernig getur unga fólkið gengið með sigur af hólmi í baráttunni við ofurmannlegar illar anda-verur? Sannleikurinn er sá að það getur sigrað og gerir það. Hvers vegna? Vegna þess að það „styrkist í Drottni“. En unga fólkið lætur sér ekki nægja að sækja kraft til Jehóva heldur er það líka vel búið til bardaga. Það „klæðist alvæpni Guðs“ eins og vel þjálfaðir hermenn. (Ef. 6:10–12) Hugsanlegt er að Páll hafi haft vopn og verjur rómverskra hermanna í huga þegar hann tók þessa líkingu. – Post. 28:16. *w18.05 27 gr. 1–2*

## Mánudagur 27. janúar

„Faðir vor, þú sem ert á himnum. Helgist þitt nafn.“

– Matt. 6:9.

Áðalástæðan fyrir því að við boðum trúna er sú að við *viljum vegsama Jehóva og helga nafn hans* meðal manna. (Jóh. 15:1, 8) En við getum ekki gert nafn Guðs heilagra en það er. Það er þegar heilagt í orðsins fyllstu merkingu. En taktu eftir því sem Jesaja spámaður sagði: „Drottinn allsherjar sé yður heilagur.“ (Jes. 8:13) Við helgum nafn Guðs meðal annars með því að líta á það sem æðra öllum öðrum nöfnum og með því að hjálpa fólki að skilja að það er heilagt. Þegar við segjum fólki frá stórkostlegum eiginleikum Jehóva og fyrirætlun hans með mannkynið verjum við nafn hans fyrir lygum og rógburði Satans. (1. Mós. 3:1–5) Við helgum líka nafn Guðs þegar við reynum að leiða fólki fyrir sjónir að hann er verður þess „að fá dýrðina og heiðurinn og máttinn“. – Opínb. 4:11. *w18.05 18 gr. 3–4*

## **Þriðjudagur 28. janúar**

*Gott er að lofa Drottinn. Þú gleður mig, Drottinn, með dáðum þínum, ég fagna yfir verkum handa þinna.*  
– Sálm. 92:2, 5.

Þakklæti fyrir kærleika Jehóva og allt sem hann hefur gert fyrir okkur er aðalástæða þess að setja sér markmið í þjónustunni. Hugsaðu um allt sem þú getur þakkað Jehóva fyrir – lífið, trúna, Biblíuna, söfnuðinn og dásamlegu framtíðarvonina. Með því að hafa markmiðin í þjónustu Jehóva í fyrirrúmi sýnirðu þakklæti fyrir þessar gjafir og þannig styrkirðu sambandið við hann. Þegar þú vinnur að markmiðum þínum gerirðu vel í þjónustunni við Jehóva og það gerir þig enn nánari honum. Páll postuli full-yrti: „Guð er ekki ranglátur. Hann gleymir ekki verki ykkar og kærleikanum sem þið auðsýnduð honum.“ (Hebr. 6:10) Það er aldrei of snemmt að setja sér markmið. Gættir þú hugleitt hvaða markmið þú vilt setja þér og hvernig þú getur unnið að þeim? – Fil. 1:10, 11. *w18.04* 26 gr. 5–6

## **Miðvikudagur 29. janúar**

*„Þar sem andi Drottins er, þar er frelsi.“*  
– 2. Kor. 3:17.

Þegar Rómaveldis, þar sem frumkristnir menn bjuggu, hreyktu sér af því að vera málsvarar laga, réttar og frelsis. En Rómverjar áttu þó vald sitt og dýrð að miklu leyti þrælum að þakka. Á tímabili var um þriðjungur íbúanna þrælur. Þrældómur og frelsi var almenningi án efa ofarlega í huga, þar á meðal kristnum mönnum. Páll postuli skrifaði oft um frelsi í bréfum sín-

um. En markmið hans var ekki að koma á samfélagslegum eða pólitískum umbótum eins og margir leituðust eftir á þeim tíma. Páll og trússystkini hans treystu ekki á menn eða stjórnir manna til að veita þeim frelsi. Öllu heldur lögðu þau hart að sér við að hjálpa fólki að kynnast fagnaðarerindinu um ríki Guðs og leiða því fyrir sjónir hve dýrmæt lausnarfórn Jesú Krists væri. Páll benti trússystkinum sínum á uppsprettu raunverulegs frelsis. *w18.04* 8 gr. 1–2

## **Fimmtudagur 30. janúar**

*„Símon, Símon, Satan krafðist að fá að sælda yður eins og hveiti svo að hismið kæmi í ljós. En ég hef beðið fyrir þér að trú þín þrjóti ekki. Og styrk þú trússystkin þín þegar þú ert snúinn við.“*  
– Lúk. 22:31, 32.

Kvöldið áður en Jesús dó sagði hann Pétri postula orðin í versí dagsins. Pétur reyndist vera máttarstólpi í frumkristna söfnuðinum. (Gal. 2:9) Með hugrekki sínu á hvítasunnu og eftir það var hann trússystkinum sínum til hvatningar og uppörvunar. Hann skrifaði þeim bréf undir lok langrar þjónustu sinnar. Hann skýrir ástæðuna í bréfinu og segir: „Ég hef látið ... skrifa þetta stutta bréf til þess að hvetja ykkur og vitna hátíðlega að þetta er hin sanna náð Guðs. Standið stöðug í henni.“ (1. Pét. 5:12) Innblásin bréf Péturs hafa verið kristnum mönnum til hvatningar allar götur síðan. Við þurfum vissulega á þessari hvatningu að halda núna meðan við biðum þess að fyrirheit Jehóva rætist. – 2. Pét. 3:13. *w18.04* 17 gr. 12–13

## Föstudagur 31. janúar

*Sá sem skyggnist inn í hið fullkomna lögmál frelsisins og heldur sér við það verður sæll í verkum sínum.* – Jak. 1:25.

Alls staðar virðist fólk þrá að geta gert það sem það vill og lifað því lífi sem það vill. Að uppfylla þessa þrá er þó allt annað mál. Þegar um er að ræða samfélagsleg eða pólitísk mál grípa margir til þess ráðs að mótmæla, fara í kröfugöngur, gera uppreisn og æsa jafnvel til stjórnarbyltingar. En hefur slík barátta borið tilætlaðan árangur? Þvert á móti hefur hún oft leitt til manntjóns og mikilla harmleikja. Þetta, eins og svo margt annað, vitnar um sannleiksgildi þess sem Salómon konungi var innblásið að skrifa: „Einn maður drottinnar yfir öðrum honum til ógæfu.“ (Préd. 8:9) Í versid dagsins benti lærisveinninn Jakob á lykilinn að því að finna sanna hamingju og lífsfyllingu. Jehóva gaf okkur þessi fullkomnu lög og hann veit best hvað mennirnir þurfa til að vera hamingjusamir og ánægðir. Hann gaf fyrstu mannhjónunum allt sem þau þurftu til að vera hamingjusöm – þar með talið raunverulegt frelsi. *w18.04* 3 gr. 1–3

## Laugardagur 1. febrúar

*„Fullna þjónustu þína.“*  
– 2. Tím. 4:5.

Jesús bar umhyggju fyrir öðrum. Fólk skynjaði þennan kærleika og brást vel við boðskapnum um ríkið. Því betur sem við proskum með okkur slíka umhyggju því betri skil getum við gert þjónustu okkar. Hvað getur hjálpað okkur að sýna þeim hluttekningu sem við hittum í boðuninni? Við viljum setja okkur í spor þeirra og koma fram við þá eins og við viljum að komið sé fram við okk-

ur. (Matt. 7:12) Við þurfum að hafa þarfir hvers og eins í huga. Við ættum ekki alltaf að nota sömu aðferðina í boðuninni. Við ættum öllu heldur að taka mið af aðstæðum og skoðunum hvers og eins. Spyrðu hann nærgætinna spurninga til að draga fram skoðanir viðmælandans. (Orðskv. 20:5) Þegar við gefum fólk tækifæri til að tjá sig skiljum við betur hvers vegna það þarf á fagnaðarerindinu að halda. Þannig getum við sýnt því hluttekningu og brugðist við í samræmi við þarfir þess, rétt eins og Jesús gerði. – Samanber 1. Korintubréf 9:19–23. *w19.03* 20 gr. 2; 22 gr. 8–9

## Sunnudagur 2. febrúar

*„Fel Drottinni verk þín og þá bera áform þín árangur.“*  
– Orðskv. 16:3.

Adam og Eva sýndu algert vanþakklæti fyrir allt það góða sem Jehóva hafði gert fyrir þau. Við getum öll sýnt að við séum alls ekki á sama máli og þau. Með því að láta skírast sýnum við Jehóva að við erum sannfærð um að hann eigi réttinn á að ákveða hvað sé rétt eða rangt fyrir okkur. Með því sýnum við að við elskum himneskan föður okkar og treystum honum. Eftir að við látum skírast þurfum við að halda áfram að fara eftir vilja Jehóva í stað okkar eigin. Milljónir manna gera það nú þegar. Þú getur það líka ef þú dýpkar skilning þinn á Biblíunni, átt reglulega félagsskap við trússtykni og segir öðrum kappsamur frá því sem þú hefur lært um ástrikan föður þinn. (Hebr. 10:24, 25) Þegar þú þarft að taka ákvarðanir skaltu hlusta á þau ráð sem Jehóva gefur þér í orði sínu og fyrir milligöngu safnaðarins. (Jes. 30:21) Þá farnast þér vel í öllu sem þú gerir. – Orðskv. 16:20. *w19.03* 7 gr. 17–18

### Mánudagur 3. febrúar

*„Sérhver góð gjöf og sérhver fullkomin gáfa er ofan að, frá föður ljósanna.“ – Jak. 1:17.*

Jehóva gefur okkur andlega fæðu í ríku mæli. Við fáum til dæmis gagnleg ráð á samkomum, í blöðunum okkar og á vefnum. Hefurðu einhverntíma heyrt ræðu, lesið grein eða horft á efni í Sjónvarpi safnaðarins og hugsað með þér að þetta væri einmitt það sem þú þurftir? Hvernig getum við sýnt Jehóva að við kunnum að meta þessar gjafir? (Kól. 3:15) Ein leið er að þakka honum oft fyrir þær í bænum okkar. Við sýnum Jehóva líka þakklæti með því að halda samkomuhúsum okkar hreinum og snyrtilegum. Við hjálpumst að við að ræsta ríkissalinn reglulega og halda honum við og þeir sem nota tækjabúnað safnaðarins fara vel með hann. Ríkissalirnir endast lengur þegar við höldum þeim vel við og þá þarf sjaldnar að ráðast í miklar endurbætur. Þannig verður meira fjármagn eftir til að byggja eða endurnýja ríkissali um heim allan. *w19.02 18 gr. 17–18*

### Þriðjudagur 4. febrúar

*„Þetta eru ystu mörk verka hans, það sem vér heyrum um hann er hvískur.“ – Job. 26:14.*

Job gaf sér góðan tíma til að hugleiða undur sköpunarverksins. (Job. 26:7, 8) Hann fylltist djúpri lotningu og aðdáun þegar hann hugsaði um jörðina, himininn, skýin og þrumurnar. En hann viðurkenndi þó að hann vissi mjög lítið um allt það sem Jehóva hafði skapað. Orð Jehóva fylltu hann líka lotningu. „Í brjósti mér varðveitti ég orðin úr munnni hans,“ sagði hann. (Job. 23:12) Job dáðist að Jehóva og bar lotningu fyrir honum. Hann elskaði himneskan föður sinn og vildi þóknast honum. Fyr-

ir vikið varð hann enn ákveðnari í að vera honum ráðvandur. Við þurfum að líkja eftir Job. Við vitum mun meira um undur sköpunarverksins en fólk á dögum Jobs gerði. Auk þess höfum við Biblíuna í heild til að hjálpa okkur að kynnast Jehóva eins og hann í raun er. Allt sem við lærum getur fyllt okkur lotningu. Því meira sem við dáumst að Jehóva og virðum hann þeim mun meira elskum við hann. Þannig verðum við fúsari til að hlýða honum og staðráðnari í að vera honum ráðvönd. – Job. 28:28. *w19.02 5 gr. 12*

### Miðvikudagur 5. febrúar

*„Ég óttast eigi, hvað geta menn gert mér?“ – Sálm. 118:6.*

Mennskir stjórnendur hafa alla tíð ofsótt þjóna Jehóva. Þeir ásaka okkur kannski um ýmsa „glæpi“ en ástæðan er í raun sú að við veljum að „hlýða Guði framur en mönnum“. (Post. 5:29) Þeir geta gert okkur að athlægi, fangelsað okkur og jafnvel beitt okkur ofbeldi. En með hjálp Jehóva erum við mild og höldum ró okkar í stað þess að gjalda í sömu mynt. Skoðum fordæmi þriggja Hebra sem voru í haldi í Babýlon – Hananja, Mísaels og Asarja. Þeir útskýrðu mildilega fyrir konunginum hvers vegna þeir myndu ekki tilbiðja líkneskið sem hann hafði látið reisa. Þeir voru tilbúnir að taka hverju því sem Jehóva leyfði að gerðist. (Dan. 3:1, 8–28) Hvernig getum við líkt eftir Hebreunum þrem þegar reynt er á hollustu okkar við Guð? Með því að vera auðmjúk og treysta að Jehóva annist okkur. (Sálm. 118:7) Við svörum þeim sem ásaka okkur um illt mildilega og af virðingu. (1. Pét. 3:15) Og við neitum að gera nokkuð sem gæti skaðað sambandið við kærleiksríkan föður okkar á himnum. *w19.02 10–11 gr. 11–13*

## Fimmtudagur 6. febrúar

„Verið hughraustir.“ – Jóh. 16:33.

Við getum eftt hugrekki okkar með því að hugleiða vonina sem lausnarfórn Krists gefur okkur. (Jóh. 3:16; Ef. 1:7) Vikurnar fyrir minningarhátiðina höfum við sérstakt tækifæri til að byggja upp þakklæti okkar fyrir lausnargjaldið. Fylgdu biblíulestrar-áætluninni fyrir minningarhátiðina og hugleiddu í bænarhug atburðina sem gerðust í kringum dauða Jesú. Ef við gerum það skiljum við betur merkingu brauðsins og vínsins – og þeirrar einstöku fórnar sem þau tákna – þegar við verðum viðstödd kvöldmáltíð Drottins. Von okkar styrkist þegar við skiljum hvað Jesús og Jehóva hafa gert fyrir okkur og hvernig það gagnast okkur og ástvinum okkar. Það hvetur okkur til að halda hugrökk út allt til enda. (Hebr. 12:3) Við megum vera innilega þakkát fyrir að Jesús skuli halda áfram að sýna þessa eiginleika sem himneskur æðstiprestur okkar og málsvari. (Hebr. 7:24, 25) Til að sýna þakklæti okkar verðum við að fylgja boði Jesú og minnst dauða hans trúfastlega. – Lúk. 22:19, 20. *w19.01* 22 gr. 8; 23–24 gr. 10–11

## Föstudagur 7. febrúar

„Drottinn, tak með velþóknun við gjöfum munns míns.“  
– Sálm. 119:108.

Jehóva veitir okkur öllum þann heiður að fá að lofa hann. Svörin okkar á samkomum eru hluti af „lofgjörðarfórn“ okkar og enginn getur fært þá fórn fyrir okkur. (Hebr. 13:15) Ætlast Jehóva til þess að við færum honum öll eins fórn eða gefum eins svör? Nei, það gerir hann ekki. Líttu á samkomurnar eins og matarboð með góðum vinum. Hvað myndirðu gera ef nokkrir vinir í söfnuðinum byðu þér í grillveislu og bæðu þig

að taka með lítið eitt af mat? Þú gætir orðið smá stressaður en líklega myndirðu gera þitt besta til að taka með eitthvað sem öllum finnst gott. Jehóva, gestgjafi okkar, hefur lagt á borð fyrir okkur alls kyns góðgæti á samkomunum. (Sálm. 23:5; Matt. 24:45) Það gleður hann þegar við tökum með okkur einfalda gjöf, þá bestu sem við getum gefið. Undirbúðu þig því vel og svaraðu eins oft og þú getur. Þá nærstu ekki aðeins af borði Jehóva heldur kemurðu líka með gjöf sem aðrir í söfnuðinum geta notið. *w19.01* 8 gr. 3; 13 gr. 20

## Laugardagur 8. febrúar

„Miklar eru þjáningar þeirra sem elta aðra guði.“ – Sálm. 16:4.

Á biblíutímanum var gróft kynferðislegt siðleysi oft hluti af falsguðadýrkun. (Hós. 4:13, 14) Þess konar tilbeiðsla höfðaði til syndugra tilhneinginga holdsins en hafði ekki varanlega hamingju í för með sér. Davíð sagði öllu heldur: „Miklar eru þjáningar þeirra sem elta aðra guði.“ Falsguðadýrkendurnir öllu einnig fjölda barna ómældum þjáningum. (Jes. 57:5) Jehóva hafði andstyggð á grimmd þeirra. (Jer. 7:31) Enn þann dag í dag láta falstrúarbrögð kynferðislegt siðleysi oft viðgangast, jafnvel lífurni samkynhneigðra. Þó að menn telji sig njóta frelsis í siðferðismálum eru afleiðingarnar í raun og veru þær sömu og á biblíutímanum. (1. Kor. 6:18, 19) Þú hefur kannski tekið eftir að „þjáningar þeirra eru miklar“. Unglingar, hlustið því á himneskan föður ykkar. Þið megið vera vissir um að það er ykkur fyrir bestu að hlýða honum. Munið að skaðinn, sem hlýst af syndinni, er miklu meiri en hver sú stundlega ánægja sem menn kunna að hafa af henni. – Gal. 6:8. *w18.12* 27–28 gr. 16–18

## Sunnudagur 9. febrúar

„Svo skal ég og vera gagnvart þér.“ – Hós. 3:3, Biblían 1981.

Þjónn Guðs þarf að taka ákvörðun ef hann verður fyrir því að maki hans fremur kynferðislegt siðleysi. Jesús sagði að saklaus makinn hefði gilda ástæðu til að skilja og að honum yrði þá frjálst að giftast aftur. (Matt. 19:9) Hins vegar gat saklaus makinn líka ákveðið að fyrirgefa maka sínum. Það væri ekkert rangt við það. Hósea tók Gómer til baka. Eftir það mátti hún ekki sofa hjá neinum öðrum manni og Hósea hafði ekki heldur mök við hana um tíma. (Hós. 3:1-3) Þegar fram liðu stundir hefur Hósea þó eflaust tekið upp eðlilega sambúð við hana. Þannig endurspegladi hann löngun Guðs til að taka aftur við þjóð sinni og endurvekja sambandið við hana. (Hós. 1:11; 3:4, 5) Hvað kennir það okkur um hjónabandið nú á dögum? Ef saklaus makinn hefur aftur kynmök við brotlega makann er það merki um fyrirgefningu. (1. Kor. 7:3, 5) Þá er ekki lengur grundvöllur fyrir skilnaði. Þaðan í frá ættu þau að vinna saman að því sem hjón að endurspeglar viðhorf Guðs til hjónabandsins. *w18.12* 13 gr. 13

## Mánudagur 10. febrúar

„Vitur maður sér ógæfuna og felur sig.“ – Orðskv. 22:3.

Í námi okkar ættum við að hugleiða hvernig Jehóva lítur á málin því að það getur hjálpað okkur að taka skynsamlegar ákvarðanir síðar. Þá verðum við tilbúin ef við lendum í aðstæðum þar sem við þurfum að taka ákvörðun tafarlaust. Jósef hafnaði konu Pótífars tafarlaust þegar hún reyndi að tæla hann. Hann hafði greinilega hugsað um hvernig Jehóva lítur á trygð í hjóna-

bandi. (1. Mós. 39:8, 9) Jósef svaraði henni: „Hvers vegna skyldi ég ... aðhafast svo illt og syndga á móti Guði?“ Svar hans sýnir að hann hafði tileinkað sér hugarfar Jehóva. Hvað með okkur? Hvað myndirðu gera ef vinnufélagi færi að dæra við þig? Eða ef þú fengir send kynferðisleg smáskilaboð? Það er mun auðveldara að taka skýra afstöðu ef við höfum kynnt okkur huga Jehóva til slíkra mála, tileinkað okkur hugarfar hans og ákveðið fyrir fram hvað við myndum gera. *w18.11* 25 gr. 13-14

## Þriðjudagur 11. febrúar

Ég skal gleðjast í Drottni.

– Hab. 3:18.

Sumir fræðimenn vilja meina að þetta vers merki bókstaflega: „Ég mun hoppa af gleði vegna Drottins. Ég mun dansa af fögnuði yfir Guði.“ Við getum dregið mikilvægan lærdóm af þessu. Jehóva hefur ekki aðeins gefið okkur dásamleg loforð heldur hefur hann líka fullvissað okkur um að hann sé að vinna að því að láta fyrirætlun sína ná fram að ganga. Við getum dregið mikilvægan lærdóm af bók Habakkuks – að treysta á Jehóva. (Hab. 2:4) Við getum öðlast slíkt traust og viðhaldið því ef við styrkjum samband okkar við Jehóva með því að (1) vera bænrákin og segja Jehóva frá áhyggjum okkar, (2) hlusta vel á það sem hann segir okkur fyrir milligöngu Biblíunnar og safnaðarins og (3) biða trúföst og þolinmód eftir honum. Það gerði Habakkuk. Í byrjun var hann áhyggjufullur en þegar hann lauk ritun bókar sinnar var hann öruggur og fullur gleði. Megum við fara að fordæmi hans svo að við getum líka fundið fyrir föðurlegu faðmlagi Jehóva. Er hægt að hugsa sér betri huggun í þessum myrka heimi? *w18.11* 17 gr. 18-19

## Miðvikudagur 12. febrúar

*Kristur er dáinn fyrir alla til þess að þeir sem lifa lífi ekki framarsjálfum sér heldur honum sem fyrir þá er dáinn og upprisinn.*

- 2. Kor. 5:15.

Við höfum fullvissu fyrir því að Jehóva elski okkur: „Svo elskaði Guð heiminn að hann gaf einkason sinn til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki heldur hafi eilíft líf.“ (Jóh. 3:16) Jesús sýndi einnig kærleika sinn til okkar þegar hann gaf líf sitt fyrir okkur. Kærleikur hans veitir okkur mikinn styrk. Orð Guðs lofar að „þjáningar eða þrengingar“ geti ekki einu sinni „gert okkur viðskila við kærleika Krists“. (Róm. 8:35, 38, 39) Þegar við glímum við erfiðleika sem gera okkur úrvinda – líkamlega, tilfinningalega eða andlega – getur kærleikur Krists knúið okkur áfram og gefið okkur styrk til að halda út. (2. Kor. 5:14) Kærleikur Jesú getur styrkt okkur og hvatt til að gefast ekki upp, jafnvel þegar við verðum að þola erfiðleika eins og hamfarir, ofsóknir, vonbrigði eða óbærilegan kvíða. *w18.09* 14 gr. 8–9

## Fimmtudagur 13. febrúar

*„Ég gangi í sannleika þínum.“*

- Sálm. 86:11.

Til að ganga í sannleikanum verðum við að taka við öllu sem Jehóva segir og hlýða því. Við þurfum að setja sannleikann í fyrsta sæti og lifa í samræmi við meginreglur Biblíunnar. Við verðum að vera staðráðin í að ganga í sannleika Guðs líkt og Davíð. Ef við erum það ekki gætum við farið að hugsa um það sem við höfum sagt skilið við

og freistast til að taka til baka hluta af því sem við greiddum. Við þurfum að gæta þess að halda fast við allan sannleikann. Við getum ekki valið að taka aðeins sum biblíusannindi til okkar en hunsað önnur. Við verðum að ganga í „öllum sannleikanum“. (Jóh. 16:13) Við þurfum að nota tíma okkar skynsamlega svo að við fjarlægjumst ekki sannleikann. Ef við gætum okkar ekki er hættu á að við förum að verja óhóflega miklum tíma í afþreyingu og áhugamál, sjónvarpsgláp eða að vafra um Netið. Þótt ekkert af þessu sé rangt í sjálfu sér getur það komið niður á tímanum sem við notum í sjálfsnám og önnur andleg mál. *w18.11* 10 gr. 7–8

## Föstudagur 14. febrúar

*„Ég hef róað og sefað sál mína.“*

- Sálm. 131:2.

Stundum tekur lífið óvænta stefnu. Þá geta breytingarnar, sem við þurfum að takast á við, valdið okkur kvíða og tilfinningalegu álagi. (Orðskv. 12:25) Okkur gæti jafnvel fundist erfitt að sætta okkur við þær. Hvernig getum við „róað og sefað sál okkar“ við slíkar aðstæður? (Sálm. 131:1–3) Við getum hlotið „frið Guðs“ sem varðveitir hugsanir okkar og veitir okkur hugarró, sama hversu erfiðar aðstæður okkar eru. (Fil. 4:6, 7) Þegar okkur finnst áhyggjurnar yfirþyrmandi getur „friður Guðs“ veitt okkur styrk til að taka framförum í trúnni og gefast ekki upp. Auk þess að veita okkur hugarró getur andi Guðs beint athygli okkar að biblíuversum sem hjálpa okkur að forgangsraða rétt. - Jóh. 14:26, 27. *w18.10* 27 gr. 2; 28 gr. 5, 8

## Laugardagur 15. febrúar

*„Segið sannleikann hver við annan.“ – Sak. 8:16.*

Hvað hefur haft verstu hugsanlegu afleiðingar í för með sér fyrir mannkynið? Það er lygin. Lygi er að segja eitthvað sem maður veit að er ekki satt til að blekkja einhvern. Hver var fyrstur til að ljúga? Jesús Kristur sagði að djöfullinn væri „lyginnar faðir“. (Jóh. 8:44) Hvenær laug djöfullinn fyrst? Það átti sér stað í Edengarðinum fyrir nokkur þúsund árum. Fyrstu hjónin, Adam og Eva, nutu lífsins í paradísinni sem skapari þeirra hafði búið þeim. Þá kom Satan djöfullinn til sögunnar. Hann vissi að Guð hafði bannað hjónunum að borða „af skilningstré góðs og ills“, annars myndu þau deyja. Samt notaði Satan höggorm til að segja við Evu: „Sannið til, þið munuð ekki deyja [fyrsta lygi sögunnar]. En Guð veit að um leið og þið etið af honum ljúkast augu ykkar upp og þið verðið eins og Guð og skynjið gott og illt.“ – 1. Mós. 2:15–17; 3:1–5. *w18.10* 6 gr. 1–2

## Sunnudagur 16. febrúar

*„Sælir eru hjartahreinir því að þeir munu Guð sjá.“  
– Matt. 5:8.*

Við verðum að gæta þess að hugsanir okkar og langanir séu hreinar til að hjartað haldist hreint. Það er mjög mikilvægt til að tilbeiðsla okkar á Jehóva sé hrein í augum hans. (2. Kor. 4:2; 1. Tím. 1:5) En hvernig „sjá“ hjartahreinir Guð þar sem „enginn maður fær séð [Guð] og haldið lífi“? (2. Mós. 33:20) Gríska orðið, sem er þýtt

„sjá“, getur falið í sér „að sjá með huganum, skynja, vita“. Þeir sem hafa kynnst Guði vel og kunna að meta eiginleika hans sjá hann með „sjón hjartans“. (Ef. 1:18) Auk þess að kynnast eiginleikum Guðs getum við „séð hann“ með því að taka eftir hvernig hann hjálpar okkur. (Job. 42:5) Við beinum einnig „sjón hjartans“ að þeirri dásamlegu blessun sem Guð býður þeim sem leggja sig fram um að vera hreindir og þjóna honum af trúfesti. *w18.09* 20 gr. 13, 15–16

## Mánudagur 17. febrúar

*„Viska er fyrir öllu, aflaðu þér visku.“ – Orðskv. 4:7.*

Það hefur ríkulega blessun í för með sér að gera það sem við vitum að er rétt. Viska byggist á þekkingu. En hún snýst ekki aðeins um að skilja staðreyndir heldur felst hún fyrst og fremst í því að taka góðar ákvarðanir. Jafnvel maurar sýna visku með því að afla sér forða á sumrin. Þetta gera þeir af eðlishvöt. (Orðskv. 30:24, 25) Kristur, sem er kallaður „speki Guðs“, gerir alltaf það sem er velpóknanlegt í augum föður síns. (1. Kor. 1:24; Jóh. 8:29) Guð veit muninn á því að taka rétta ákvörðun og að fylgja henni eftir. Hann umbunar þeim sem þolgóðir sýna auðmýkt og gera það sem þeir vita að er rétt. (Matt. 7:21–23) Leggjum okkur því fram um að gera söfnuðinn að stað þar sem allir geta þjónað Jehóva af auðmýkt. Það kostar tíma og þolinmæði að gera það sem við vitum að er rétt. En þannig sýnum við auðmýkt og það stuðlar að hamingju okkar nú og að eilífu. *w18.09* 7 gr. 18



## **Priðjudagur 18. febrúar**

*Sérhver rannsaki breytni sjálfs sín en ekki í samanburði við aðra.*

– Gal. 6:4.

Þegar Jehóva skapaði mennina vildi hann að fullkomið mannkyn ynni náði með honum að því að fyrirætlan hans næði fram að ganga. Þótt mennirnir séu nú ófullkomin geta trúfastir þjónar hans unnið með honum alla daga. Við erum til dæmis „samverkamenn Guðs“ þegar við boðum fagnaðarerindið um ríki hans og gerum fólk að lærisveinum. (1. Kor. 3:5–9) Hvílíkur heiður að vera talin þess verðug að vinna með almáttugum skapara alheims við verk sem hann álitur mikilvægt. En við vinnum ekki aðeins með Jehóva þegar við boðum trúna og gerum fólk að lærisveinum. Við getum líka unnið með honum með því að aðstoða fjölskyldu okkar og trústykkinu, vera gestrisin, bjóða fram krafta okkar við verkefni á vegum safnaðarins og með því að auka þjónustu okkar við hann. (Kól. 3:23) En ekki bera saman það sem þú getur gert fyrir Jehóva og það sem aðrir geta gert. Mundu að aldur, heilsa, hæfni og aðstæður eru breytilegar frá manni til manns. *w18.08* 23 gr. 1–2

## **Miðvikudagur 19. febrúar**

*Þú skalt biða því að þetta rætist vissulega.* – Hab. 2:3.

Jehóva fullvissaði Habakkuk um að hann fengi svar við einlægum spurningum sínum. Fljótlega yrðu áhyggjur hans að engu. Guð var í raun að segja við hann: „Vertu þolinmóður og treystu á mig. Þú færð svar við bænum þínum þótt það virðist dragast á langinn!“ Jehóva minnti hann á að hann væri búinn að ákveða hvenær hann ætlaði að uppfylla loforð sín. Hann hvatti Habakkuk til að

biða þolinmóður. Fyrir vikið yrði spámaðurinn ekki fyrir vonbrigðum. Við þurfum líka að biða þolinmóð eftir Jehóva og hlusta vandlega á það sem hann segir. Það styrkir traust okkar á honum og veitir okkur hugarrótt við mætum mótlæti og erfiðleikum. Jesús hvatti okkur til að treysta á Jehóva, hinn mikla tímavörð, í stað þess að einblína á „tíma eða tíðir“ sem Jehóva hefur ekki enn opinberað. (Post. 1:7) Við skulum því fyrir alla muni biða þolinmóð í auðmýkt og trú svo að við gefumst ekki upp. Notum tíma okkar til að þjóna Jehóva eftir bestu getu. – Mark. 13:35–37; Gal. 6:9. *w18.11* 16 gr. 13–14

## **Fimmtudagur 20. febrúar**

*„Guð hefur sýnt mér að ég á engan að kalla vanheilagan eða óhreinan.“* – Post. 10:28.

Pétur ólst upp við það viðhorf að heiðnir menn væru óhreindir. En nýlegir atburðir urðu til þess að viðhorf hans breyttist. Hann hafði til dæmis fengið sýn frá Guði. (Post. 10:9–16) Við verðum, líkt og Pétur, að líta í eigin barm og vera fús til að þiggja hjálp þannig að við getum komið auga á hvern einasta snefil af fordómum í hjörtum okkar. Hvað annað getum við gert? Ef við látum verða rúmgott í hjörtum okkar víkja fordómar fyrir kærleika. (2. Kor. 6:11–13) Ertu vanur að eiga aðeins náinn félagsskap við fólk af eigin kynþætti, þjóðerni, þjóðflokki eða málhópi? Reyndu þá að breyta út af vananum. Hvernig væri að bjóða fólk af öðrum uppruna með þér í boðunina? Þú gætir líka boðið þeim í heimsókn, hvort sem það er matarboð eða eitthvað annað. (Post. 16:14, 15) Þannig fyllirðu hjarta þitt af svo miklum kærleika að það verður ekkert pláss fyrir fordóma. *w18.08* 9 gr. 3, 6; 10 gr. 7

## Föstudagur 21. febrúar

*Verið engum til ásteytingar.*

– 1. Kor. 10:32.

Sumir hafa ekki alveg aðgreint sig frá heiminum. Kannski dansa og hegða þeir sér eins og hæfir ekki kristnum mönnum þegar þeir eru í partii. Þeir setja inn óviðeigandi athugasemdir og myndir af sjálfum sér á samfélagsmiðla. Þess vegna gætu þeir haft neikvæð áhrif á bræður og systur sem leggja sig fram um að vera ekki hluti af heiminum. (1. Pét. 2:11, 12) Heimurinn reynir stöðugt að fá okkur til að einblína á „allt sem maðurinn girnist, allt sem glepur augað, allt oflæti vegna eigna“. (1. Jóh. 2:16) En þar sem við tilheyrum Jehóva erum við hvött til að „afneita óguðleik og veraldlegum girndum og lifa hóg-látlega, réttvíslega og guðrækilega í heimi þessum“. (Tít. 2:12) Tal okkar, matar- og drykkjarvenjur, vinnu-semi, klæðaburður og útlit – allt sem við gerum – ætti að bera þess skýrt merki að við séum helguð Jehóva. *18.07 25 gr. 13–14*

## Laugardagur 22. febrúar

*Augu vor horfa til Drottins Guðs vors uns hann líknar oss.*

– Sálm. 123:2.

Ef við beinum táknrænum augum okkar alltaf til Jehóva látum við ekki verk annarra valda okkur gremju eða skaða vináttu okkar við hann. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef okkur hefur verið falið ábyrgð í söfnuði Guðs eins og í tilfelli Móse. Það er vissulega rétt að hvert og eitt okkar þarf að „vinna að sálhjálp sinni með ugg og ótta“ en höfum samt hugfast að Jehóva er ekki með neina stífa og

ósveigjanlega mælistiku sem hann dæmir okkur eftir. (Fil. 2:12) Því meiri ábyrgð sem við höfum því meiri kröfur gerir Jehóva til okkar. (Lúk. 12:48) En ef við elskum Jehóva getur ekkert orðið okkur til hrösunar eða gert okkur viðskila við kærleika hans. (Sálm. 119:165; Róm. 8:37–39) Á þessum erfiðu tímum skulum við hefja augu okkar til hans „sem situr á himnum“ svo að við getum skilið hvað hann vill að við gerum. (Sálm. 123:1) Látum aldrei það sem aðrir gera hafa neikvæð áhrif á vináttu okkar við hann. *18.07 16 gr. 19–20*

## Sunnudagur 23. febrúar

*Þannig lýsi ljós yðar meðal manna að þeir vegsami föður yðar.*

– Matt. 5:16.

Það er mjög gleðilegt að heyra af þeirri aukningu sem á sér stað meðal þjóna Jehóva um allan heim. Árið 2017 héldum við að jafnaði meira en 10.000.000 biblíunámskeiða. Það sýnir svo ekki verður um villst að þjónar Guðs láta ljós sitt lýsa. Hugsaðu um allar þær milljónir sem sóttu minningarhátíðina og heyrðu rætt um kærleikann sem Guð sýndi með því að greiða lausnargjaldið. (1. Jóh. 4:9) Vottar Jehóva um allan heim tala ýmis tungumál. Það kemur þó ekki í veg fyrir að við lofum Jehóva, föður okkar, í sameiningu. (Opinb. 7:9) Við getum öll skinið „eins og ljós í heiminum“, óháð því hvert móðurmál okkar er og hvar við búum. (Fil. 2:15) Vöxturinn sem við sjáum, einingin sem við njótum og vitundin um á hvaða tímum við lifum stuðlar að því að við séum Jehóva til vegsemdar. *18.06 21 gr. 1–3*

## Mánudagur 24. febrúar

„Rabbi, fá þér að eta.“  
– Jóh. 4:31.

Með svari sínu gaf Jesús til kynna að hann þyrfti þess ekki af því að hann var svo upptekinn af því að ræða um andleg mál. Guð vildi að hann boðaði trúna og að gera vilja hans var honum eins og matur – líka að vitna fyrir samverskri konu. (Jóh. 4:32–34) Jakob og Jóhannes drógu ekki lærdóm af þessu. Þegar lærisveinarnir voru á ferð um Samariú með Jesú leituðu þeir að gistingu í samversku þorpi. En Samverjarnir vildu ekki hýsa þá. Jakob og Jóhannes urðu svo reiðir að þeir vildu láta eld falla af himni til að tortíma öllu þorpinu. Jesús ávitaði þá harðlega. (Lúk. 9:51–56) Ætli Jakob og Jóhannes hefðu brugðist eins við ef þetta hefði gerst á heimaslóðum þeirra í Galíleu? Líklega bjuggu fordómar að baki reiði þeirra. Síðar fór Jóhannes í vel heppnaða boðunarferð um Samariú og þá má vera að hann hafi skammast sín fyrir að hafa reiðst svona áður. – Post. 8:14, 25. *w18.06* 10–11 gr. 12–13

## Þriðjudagur 25. febrúar

„Standið því gyrt sannleika um lendar ykkar.“ – Ef. 6:14.

Þegar við bindum sannleikann utan um okkur ef svo má að orði komast lifum við eftir honum og segjum alltaf satt. Hvers vegna forðumst við að ljúga? Vegna þess að lygar eru eitt af öflugustu vopnum Satans. Lygar skaða bæði þann sem lýgur og þá sem trúa lygunum. (Jóh. 8:44) Við forðumst því lygar eftir bestu getu þó að við séum ófullkomin. (Ef. 4:25) En það get-

ur verið þrautin þyngri. Abigail, 18 ára, segir: „Það virðist ekki alltaf borga sig að segja satt, sérstaklega ef maður getur logið sig út úr óþægilegum aðstæðum.“ Hvers vegna ættum við þá að vera sannsögul? Victoria, 23 ára, segir: „Maður getur orðið fyrir áreitni ef maður segir satt og stendur fast á trú sinni. En það er alltaf til góðs. Maður fær meira sjálfstraust, styrkir sambandið við Jehóva og ávinnur sér virðingu þeirra sem elska mann.“ Það er sannarlega þess virði að vera alltaf ‚gyrtur sannleika um lendar sér‘. *w18.05* 28 gr. 3, 5

## Miðvikudagur 26. febrúar

„Vakið.“ – Matt. 24:42.

Nú er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að halda vöku sinni. Jehóva lætur til skarar skriða á hárréttum tíma. (Matt. 24:42–44) Þangað til skaltu vera þolinmóður og hafa efst í huga hvað framtíðin ber í skauti sér. Lestu daglega í Biblíunni og haltu sterku benasambandi við Jehóva. (1. Pét. 4:7) Lærðu af skínandi fordæmi bræðra og systra sem hafa haldið vöku sinni og látið ljós sitt lýsa. Vertu upptekinn í þjónustu Jehóva, gerðu öðrum gott og eigðu félagsskap við trúsystkini þín. Það veitir þér mikla gleði og tíminn virðist fljótur að líða. (Ef. 5:16) Þótt við séum ófullkomin kemur það ekki í veg fyrir að við getum þjónað Jehóva og haft velþóknun hans. Það er trústyrkjandi til þess að vita. Jehóva hefur gefið okkur safnaðaröldungana að gjöf. (Ef. 4:8, 11, 12) Næst þegar öldungur heimsækir þig skaltu nota tækifærið til að læra af visku hans og góðum ráðum. *w18.06* 24–25 gr. 15–18

## Fimmtudagur 27. febrúar

*„Ef þér haldið boðorð mín verðið þér stöðug í elsku minni.“*

– Jóh. 15:10.

Jesús sagði lærisveinum sínum ekki aðeins að vera í elsku hans heldur að *vera stöðugir* í elsku hans. Hann vissi að það myndi útheimta þolgæði að vera trúr lærisveinn hans ár eftir ár. Með því að nota ítrekað orðið *stöðugur* í þessum versum leggur hann áherslu á að fylgjendur sínir þurfi að vera þolgóðir. Hvernig sýnum við að við viljum vera stöðug í elsku Krists og þóknast honum? Með því að halda boðorð hans og fara eftir því sem hann segir. En Jesús bað okkur ekki að gera neitt sem hann gerði ekki sjálfur því að hann bætti við: „Eins og ég hef haldið boðorð föður míns og er stöðugur í elsku hans.“ (Jóh. 15:10) Jesús setti okkur fordæmi til eftirbreytni. (Jóh. 13:15) Þegar við hlýðum fyrir mælum Jesú um að boða trúna sýnum við að við elskum Jehóva þar sem fyrir mæli Jesú eru í samræmi við vilja föður hans. (Matt. 17:5; Jóh. 8:28) Og þegar við sýnum Jehóva og Jesú að við elskum þá verðum við stöðug í kærleika þeirra. *w18.05* 18 gr. 5-7

## Föstudagur 28. febrúar

*„Áform hins iðjusama færa arð.“*  
– Orðskv. 21:5.

Ungt fólk þarf að taka ákvarðanir varðandi menntun, atvinnu og önnur mál. Ef þú veist hver markmið þín eru í lífinu er auðveldara að taka réttar ákvarðanir. Því fyrr sem þú setur þér markmið því fyrr nærðu árangri. Þúsundir unglinga í söfnuðum okkar um allan heim eiga hrós skilið. Þeir láta

sambandið við Jehóva og markmiðin í þjónustunni hafa forgang. Þeir njóta lífsins en læra jafnframt að fylgja leiðsögn Jehóva í öllum málum. Það á líka við um fjölskyldulíf. „Treystu Drottni af öllu hjarta,“ skrifaði Salómon. „Minnstu hans á öllum vegum þínum, þá mun hann gera leiðir þínar greiðar.“ (Orðskv. 3:5, 6) Unglingarnir í söfnuðinum eru dýrmætir í augum Jehóva og honum þykir afar vænt um þá. Hann veitir þeim vernd sína, leiðsögn og blessun. *w18.04* 26 gr. 7; 27 gr. 9

## Laugardagur 29. febrúar

*„Elskið hvert annað. Eins og ég hef elskað yður skuluð þér einnig elska hvert annað.“* – Jóh. 13:34.

Jóhannes postuli var máttarstólpi í frumkristna söfnuðinum. Grípandi frásaga hans af þjónustu Jesú hefur verið kristnum mönnum til hvatningar og uppörvunar í aldanna rás – og er enn. Guðspjall hans er eina biblíubókin sem nefnir að kærleikurinn sé helsta auðkenni sannra lærisveina Jesú. (Jóh. 13:35) Jóhannesarbréfin þrjú hafa að geyma fleiri andlega gimsteina. Stundum finnst okkur syndin sérstaklega íþyngjandi. Er þá ekki uppörvandi að lesa að „blóð Jesú hreinsi okkur af allri synd“? (1. Jóh. 1:7) Hjartað á það til að dæma okkur. Fáum við þá ekki kökk í hálsinn og tár í augun að lesa að „Guð sé meiri en hjarta okkar“? (1. Jóh. 3:20) Enginn nema Jóhannes nefnir að „Guð sé kærleikur“. (1. Jóh. 4:8, 16) Í öðru og þriðja bréfinu hrósar hann þjónum Guðs sem „hlýða sannleikanum“ stöðuglega. – 2. Jóh. 4; 3. Jóh. 3, 4. *w18.04* 18 gr. 14-15

## Sunnudagur 1. mars

„Þú ríkir yfir öllu.“

– 1. Kron. 29:12.

Þegar við lesum tvo fyrstu kaflana í 1. Mósebók er auðvelt að sjá að Adam og Eva nutu frelsis sem menn nú á dögum geta aðeins vonast eftir – frelsis frá ótta, kúgun og frá áhyggjum af nauðsynjum. Fyrstu hjónin voru algerlega laus við áhyggjur af mat, vinnu, veikindum og dauða. (1. Mós. 1:27–29; 2:8, 9, 15) En lykilatriði, sem við ættum að hafa í huga, er að Jehóva Guð einn býr yfir því sem kalla má algert og ótakmarkað frelsi. Af hverju segjum við það? Af því að hann er skapari alls og alvaldur drottinn alheims. (1. Tím. 1:17; Opínb. 4:11) Í samræmi við þessa lýsingu er frelsi allra sköpunarvera á himni og jörð afstætt. Þær þurfa að viðurkenna að Jehóva Guð fer með æðsta vald til að setja takmörk sem hann ákveður að séu réttlát, nauðsynleg og sanngjörn. Og það hefur hann reyndar gert allt frá upphafi mannkyns. *w18.04* 4 gr. 4, 6

## Mánudagur 2. mars

*Hversu yndislegir eru fætur fagnadardans.* – Jes. 52:7.

Við getum aðeins haldið út í þessum heimi með hjálp Jehóva. (2. Kor. 4:7, 8) En hugsaðu um alla þá sem eiga ekki Jehóva að vini. Það hlýtur að vera mjög erfitt að lifa í þessum heimi án hans hjálpar. Við finnum til með þeim líkt og Jesús og við finnum okkur knúin til að færa þeim „gleðitiðindin“. Við skulum því vera þolinmóð við þá sem við kennum. Höfum í huga að þeir hafa kannski aldrei hugleitt sum þeirra biblíu-sanninda sem við þekkjum mjög vel. Og mörgum er ákaflega annt um þá trú sem þeir hafa. Þeir líta kannski

svo á að trúarskoðanir þeirra séu stór hluti af menningu þeirra og samfélagi og að þær bindi fjölskylduna einingarböndum. Aður en fólk segir skilið við „gamlar“ trúarskoðanir sem eru því hjartfölgnaðar gætum við sömuleiðis fyrst þurft að hjálpa því að meta að verðleikum „ný“ sannindi – kenningar Biblíunnar sem það þekkti ekki áður. Þá er það fyrst reiðubúið að segja skilið við fyrri skoðanir. Það getur tekið tíma að hjálpa fólki að gera slíkar breytingar. – Róm. 12:2. *w19.03* 23 gr. 10, 12; 24 gr. 13

## Þriðjudagur 3. mars

„Á þér hef ég velþóknun.“

– Mark. 1:11.

Fordæmi Jehóva um að láta í ljós kærleika sinn og velþóknun minnir okkur á að leita færiss til að hvetja aðra. (Jóh. 5:20) Við blómstrum þegar einhver sem okkur þykir vænt um sýnir kærleika og hrósar okkur fyrir það góða sem við gerum. Fjölskylda okkar og trústykkin þarfnast þess einnig að við hvetjum þau og sýnum þeim kærleika. Þegar við hrósum öðrum styrkjum við trú þeirra og hjálpum þeim að þjóna Jehóva trúfastlega. Það er sérstaklega mikilvægt að foreldrar hvetji börnin sín. Börn dafna þegar foreldrar þeirra hrósa þeim í einlægni og sýna þeim umhyggju. Orðin: „Á þér hef ég velþóknun,“ sýna að Jehóva var fullviss um að Jesús myndi staðfastur framfylgja vilja hans. Fyrst Jehóva ber slíkt traust til sonar síns getum við einnig verið fullviss um að Jesús verði trúfastur og uppfylli öll loforð Jehóva. (2. Kor. 1:20) Þegar við hugleiðum fordæmi Jesú verðum við enn ákveðnari í að læra af honum og feta í fótspor hans. – 1. Pét. 2:21. *w19.03* 8 gr. 3; 9 gr. 5–6

#### Miðvikudagur 4. mars

*„Lögmál þess anda sem lífið gefur í Kristi Jesú hefur frelsað mig frá lögmáli syndarinnar og dauðans.“*

– Rómuv. 8:2.

Þegar við fáum gjöf sem er okkur mikils virði langar okkur til að sýna þeim sem gaf okkur hana þakklæti. Ísraelsmenn kunnu ekki að meta frelsið sem Jehóva gaf þeim með því að leysa þá úr ánaudinni í Egyptalandi. Aðeins fáeinum mánuðum eftir að þeir fengu frelsi fóru þeir að sakna þess sem þeir höfðu haft að borða og drekka í Egyptalandi. Þeir kvörtuðu yfir því sem Jehóva gaf þeim og vildu meira að segja snúa aftur til Egyptalands. Hugsaðu þér! Þeir mátu ‚fisk, gúrkur, melónur, blaðlauk, lauk og hvítlauk‘ meira en frelsið sem Jehóva gaf þeim til að tilbiðja hann. Er nokkur furða að Jehóva skyldi reiðast þjóð sinni? (4. Mós. 11:5, 6, 10; 14:3, 4) Við getum dregið dýrmætan lærdóm af þessu. Páll postuli varaði alla kristna menn við að líta á það sem sjálfsgöðan hlut að Jehóva hefur gefið okkur frelsi fyrir milligöngu sonar síns, Jesú Krists. – 2. Kor. 6:1. *w18.04* 9–10 gr. 6–7

#### Fimmtudagur 5. mars

*„Hann hefur mætur á réttlæti og rétti, jörðin er full af gæsku Drottins.“* – Sálm. 33:5.

Við viljum öll vera elskuð og að komið sé fram við okkur af sanngirni. Ef okkur er ítrekað synjað um ást og réttlæti getur okkur fundist við einskis virði og við fundið fyrir vonleysi. Jehóva veit að við þráum réttlæti og að vera elskuð. (Sálm. 33:5) Við megum treysta því að Guð elskar okkur heitt og vill að við njótum sanngirni. Það má sjá af lögmálinu sem Jehóva gaf Ísraelsþjóðinni

fyrir milligöngu Móse. Við kynnumst umhyggju Jehóva, okkar kærleiksríka Guðs, þegar við hugleiðum Mósælögin. (Rómuv. 13:8–10) Við getum séð að Mósælögin hafa verið byggð á kærleika því að kærleikur er hvötin að baki öllu sem Jehóva gerir. (1. Jóh. 4:8) Hann byggði öll ákvæði Mósélaganna á tveim grundvallarboðum – að elska Guð og að elska náungann. (3. Mós. 19:18; 5. Mós. 6:5; Matt. 22:36–40) Hvert og eitt af hinum rúmlega 600 ákvæðum lögmálsins getur kennt okkur eitthvað um kærleika Jehóva. *w19.02* 20–21 gr. 1–4

#### Föstudagur 6. mars

*„Hvar sem fjársjóður þinn er þar mun og hjarta þitt vera.“*

– Matt. 6:21.

Job gætti að því hvernig hann kom fram við konur. (Job. 31:1) Hann vissi að það væri óviðeigandi að sýna öðrum en eiginkonu sinni rómantískan áhuga. Í heiminum nú til dags eru kynferðislegar freistingar á hverju strái. Erum við staðráðin í að líkja eftir Job og sýna engum óviðeigandi athygli sem er ekki maki okkar? Erum við ákveðin í að horfa ekki á klúrar eða klámfengnar myndir, sama hvar þær kunna að birtast? (Matt. 5:28) Ef við sýnum slíka sjálfstjórn á hverjum degi verðum við ákveðnari í að láta aldrei af ráðvendni okkar. Job hlýddi Jehóva einnig með því að sjá efnislega hluti í réttu ljósi. Hann vissi að það væri alvarleg og refsiverð synd að setja traust sitt á efnislegar eigur. (Job. 31:24, 25, 28) Við búum í heimi þar sem efnishyggja er allsráðandi. En við verðum enn ákveðnari í að vera ráðvönd ef við tileinkum okkur rétt viðhorf til peninga og efnislegra hluta eins og Biblían hvetur til. – Orðskv. 30:8, 9; Matt. 6:19, 20. *w19.02* 6 gr. 13–14

## Laugardagur 7. mars

*„Ég hef elskað yður eins og faðirinn hefur elskað mig.“ – Jóh. 15:9.*

Jesús endurspegladi fullkomlega kærleika Jehóva til okkar í öllu sem hann gerði. (1. Jóh. 4:8–10) Og umfram allt var hann fús til að gefa líf sitt í okkar þágu. Hvort sem við erum af hinum andasmurðu eða „öðrum sauðum“ njótum við góðs af kærleikanum sem Jehóva og sonur hans sýndu okkur með þessari fórn. (Jóh. 10:16; 1. Jóh. 2:2) Hugleiðum einnig hvernig brauðið og vínið á minningarhátiðinni bera vitni um kærleika og tillitssemi Jesú við lærisveina sína. Jesús sýndi andasmurðum fylgjendum sínum kærleika með því að innleiða einfalda máltíð í stað þess að ætla þeim að fara eftir flókn-um helgisiðum til að minnast dauða hans. Andasmurðir lærisveinar hans myndu halda minningarhátiðina árlega og þyrftu að gera það við ýmsar aðstæður, þar á meðal í fangelsum. (Opinb. 2:10) Hafa þeir getað hlýtt boði Jesú? Já, svo sannarlega. Allt fram á okkar tíma hafa sannkristnir menn lagt sig fram um að minnast dauða Jesú. *w19.01 24 gr. 13–15*

## Sunnudagur 8. mars

*Þið munuð þekkja sannleikann, og sannleikurinn mun gera yður frjálsta. – Jóh. 8:32.*

Það felur í sér að vera frjálst undan falstrúarbrögðum, fáfræði og hjátrú. En ekki nóg með það. Það færir okkur að lokum „frelsið í dýrðinni með börnum Guðs“. (Róm. 8:21) Þú getur nú þegar notið þessa frelsis að hluta til með því að fara eftir því sem Jesús kenndi. (Jóh. 8:31) Þannig muntu „þekkja sannleikann“, ekki aðeins með því að fræðast um hann heldur með því að lifa eftir honum. Í þessu gamla

heimskerfi er jafnvel það sem kallast gott líf í besta falli stutt og ótraust. Við vitum ekki hvað gerist á morgun. (Jak. 4:13, 14) Það er því skynsamlegt að taka ákvarðanir sem hjálpa þér að eignast „hið sanna líf“ – eilífa lífið. (1. Tím. 6:19) Jehóva neyðir okkur að sjálfsögðu ekki til að þjóna sér. Það er undir okkur komið hvað við gerum. Láttu því Jehóva vera „hlutskipti“ þitt. (Sálm. 16:5) Mettu að verðleikum „gæðin“ sem hann hefur gefið þér. (Sálm. 103:5) Og treystu því að Jehóva geti veitt þér „gleðignótt“ og hamingjuríkt líf að eilífu. – Sálm. 16:11. *w18.12 28 gr. 19, 21*

## Mánudagur 9. mars

*Maðurinn á ekki að skilja við konuna. – 1. Kor. 7:11.*

Allir þjónar Guðs ættu að virða hjónabandið eins og Jesús og Jehóva gera. En við erum öll ófullkomin og því gera það ekki allir sem skyldi. (Róm. 7:18–23) Það ætti því ekki að koma okkur á óvart að sumir þjónar Guðs á fyrstu öld áttu í hjónabands-erfiðleikum. Páll skrifaði að „konan skuli ekki skilja við mann sinn“, það er að segja slíta samvistum við hann. Engu að síður átti það til að gerast. (1. Kor. 7:10) Páll útskýrði ekki hvað varð til þess að hjón slitu samvistum. Vandamálið var ekki að eiginmaðurinn hafði framið kynferðislegt siðleysi, svo dæmi sé tekið. Þá hefði konan haft gilda ástæðu til að skilja og giftast að nýju. En Páll skrifaði að eiginkona, sem hafði slitið samvistum við mann sinn, ætti að vera „áfram ógift eða sættast við manninn“. Þau voru því enn gift í augum Guðs. Páll sagði að ef kynferðislegt siðleysi hefur ekki átt sér stað ætti markmiðið alltaf að vera að ná sáttum, sama hvaða erfiðleika er um að ræða. Hjónin geta leitað aðstoðar öldunganna. *w18.12 13 gr. 14–15*

## **Þriðjudagur 10. mars**

*„Leitið fyrst ríkis hans og réttlætis.“ – Matt. 6:33.*

Vilji Guðs með okkur er að við eigum vináttusamband við hann og tökum eins mikinn þátt og við getum í að boða fagnaðareriðið. (Matt. 28:19, 20; Jak. 4:8) Fólk, sem vill vel, gæti reynt að letja okkur. Hvað myndirðu til dæmis gera ef vinnuveitandi þinn býði þér stöðuhækkun með töluvert hærri launum en sem myndi trufla andlegu dagskrána? Eða segjum, ef þú ert enn í skóla, að þér stæði til boða að fara að heiman til að fara í frekara nám. Myndirðu þurfa að rannsaka málið í bæn fyrst þá og ráðfæra þig við aðra áður en þú tækir ákvörðun? Kynntu þér heldur *núna* hvernig Jehóva lítur á slík mál og tileinkaðu þér sama hugarfar og hann. Þá má vel vera að það verði tæplega nokkur freisting ef þú færð slíkt boð. Þú hefur þá þegar sett þér skýr andleg markmið og ert búinn að gera upp hug þinn. Það eina sem þú þarft að gera er að standa við ákvörðun sem þú hefur þegar tekið. *w18.11 27 gr. 18*

## **Miðvikudagur 11. mars**

*„Varðveit hjarta þitt framur öllu öðru.“ – Orðskv. 4:23.*

Salómon var ungur að árum þegar hann varð konungur Ísraels. Stuttu eftir að hann tók við völdum birtist Jehóva honum í draumi og sagði: „Segðu hvað þú vilt að ég gefi þér.“ Salómon svaraði: „Ég er enn ungur og óreyndur ... Gefðu því þjóni þínum vilja til að hlýða þér svo að ég geti stjórnað þjóð þinni.“ (1. Kon. 3:5–10) Hvílík hóg-

værð! Salómon bað aðeins um „vilja til að hlýða“, eða „hlýðið hjarta“ eins og segir í frumtextanum. Það er engin furða að Jehóva elskaði Salómon. (2. Sam. 12:24) Guð okkar var svo ánægður með svar þessa unga konungs að hann gaf honum „hyggið og skynugt hjarta“. (1. Kon. 3:12) Salómon naut ríku-legrar blessunar meðan hann var trúfastur. Hann fékk þann heiður að reisa „nafni Drottins, Guðs Ísraels“, musteri. (1. Kon. 8:20) Hann hlaut frægð fyrir viskuna sem Guð gaf honum. Og það sem hann sagði undir innblæstri er skráð í þrem bókum Bibliunnar. Ein þeirra er Orðskviðirnir. *w19.01 14 gr. 1–2*

## **Fimmtudagur 12. mars**

*„Fylgið ekki háttsemi þessa heims.“ – Rómv. 12:2.*

Sumir vilja ekki að *aðrir* móti þá eða hafi áhrif á hugarfar þeirra. Þeir segjast geta hugsað fyrir sig sjálfa. Sennilega eiga þeir við að þeir eigi rétt á að taka eigin ákvarðanir. Þeir vilja ekki láta stjórnara sér eða verða eins og allir aðrir. Við getum verið viss um að við hættum ekki að hugsa sjálfstætt eða hafa eigin skoðanir þótt við tileinkum okkur hugarfar Jehóva. Í 2. Korintubrési 3:17 segir: „Þar sem andi Drottins er, þar er frelsi.“ Við höfum frelsi til að vera við sjálf. Við getum haft okkar eigin smekk og valið okkur áhugamál. Jehóva skapaði okkur þannig. En við getum ekki notað frelsi okkar takmarkalaust. (1. Pét. 2:16) Jehóva vill að við leitum leiðsagnar í orði hans þegar við þurfum að meta hvort eitthvað sé rétt eða rangt. *w18.11 19 gr. 5–6*



### Föstudagur 13. mars

*„Demas hefur yfirgefið mig vegna þess að hann elskaði þennan heim.“ – 2. Tím. 4:10.*

Þegar við kynntumst sannleikanum gerðum við okkur grein fyrir að þjónustan við Jehóva skiptir meira máli en efnislegir hlutir. Við vorum meira en fús til að fórna efnislegum þægindum til að geta gengið í sannleikanum. En eftir því sem tíminn líður sjáum við kannski aðra kaupa sér nýjustu tæki og tól eða njóta annarra efnislegra þæginda. Okkur gæti fundist við fara á mis við eitthvað. Ef við erum ekki ánægð með það sem við höfum gætum við farið að sækjast eftir efnislegum hlutum í stað þess að einbeita okkur að þjónustunni við Jehóva. Það minnir okkur á Demas. „Hann elskaði þennan heim“ og fyrir vikið sagði hann skilið við þjónustuverkefnið sem hann sinnti með Páli. Hvers vegna yfirgaf Demas Pál? Kannski elskaði hann efnislega hluti meira en þjónustuna við Jehóva eða kannski var hann ekki lengur fús til að fórna eigin þægindum til að geta unnið með Páli. Við viljum svo sannarlega ekki endurvekja löngun okkar í efnislega hluti og láta það verða til þess að við hættum að elska sannleikann. *W18.11 10 gr. 9*

### Laugardagur 14. mars

*„Sannið til, þið munuð ekki deyja.“ – 1. Mós. 3:4.*

Lygi Satans var illkvittin vegna þess að hann vissi mætavel að ef Eva tryði honum og borðaði ávöxtinn myndi hún deyja. Bæði Eva og Adam óhlýðnuðust boði Jehóva og dóu að lokum. (1. Mós. 3:6; 5:5) Og það sem meira er, þá er „dauðinn runnin til allra manna“ vegna þessarar

syndar. Meira að segja „ríkti dauðinn ... einnig yfir þeim sem höfðu ekki syndgað á sömu lund og Adam“. (Róm. 5:12, 14) Nú er svo komið að í stað þess að njóta þess að lifa fullkomnu lífi að eilífu, eins og Guð ætlaði mönnum í upphafi, lifa menn í „sjötíu ár og þegar best lætur áttatíu ár“. Og jafnvel þá er lífið oft „mæða og hégómi“. (Sálm. 90:10) Hugsa sér hvað lygi Satans hefur haft hörmulegar afleiðingar! Í Jóhannesi 8:44 segir Jesús um Satan: „[Hann] var ekki staðfastur í sannleikanum, því sannleiki er ekki í honum.“ (*Biblían 1859*) Sannleikurinn er enn ekki í Satan því að hann „afvegaleiðir alla heimsbyggðina“ með lygum sínum enn þann dag í dag. (Opinb. 12:9) Við viljum ekki að djöfullinn afvegaleiði okkur. *W18.10 6-7 gr. 1-4*

### Sunnudagur 15. mars

*„Sælir eru friðflytjendur því að þeir munu Guðs börn kallaðir verða.“ – Matt. 5:9.*

Þeir sem eiga frumkvæði að því að stuðla að friði hafa góða ástæðu til að vera hamingjusamir. Lærisveinninn Jakob skrifaði: „Friðflytjendur uppskera réttlæti og frið.“ (Jak. 3:18) Þegar samband okkar við einhvern í söfnuðinum eða fjölskyldunni er stirt getum við beðið Guð að hjálpa okkur að stuðla að friði. Hann hjálpar okkur þá með heilögum anda sínum að hegða okkur rétt, og það stuðlar að hamingju. Jesús lagði áherslu á hve mikilvægt það er að taka frumkvæðið að því að stuðla að friði. Hann sagði: „Sertu því að færa fórn þína á altarið og minnst þess þar að bróðir þinn hefur eitthvað á móti þér þá skaltu skilja gjöf þína eftir fyrir framan altarið, fara fyrst og sættast við bróður þinn, koma síðan og færa fórn þína.“ – Matt. 5:23, 24. *W18.09 21 gr. 17*

## Mánudagur 16. mars

*„Nýtt boðorð gef ég yður, að þér elskið hvert annað. Eins og ég hef elskað yður skuluð þér einnig elska hvert annað.“ – Jóh. 13:34.*

Jesús minntist næstum 30 sinnum á kærleika síðasta kvöldið sem hann var með lærisveinum sínum. Hann lagði sérstaka áherslu á að lærisveinar sínir ættu að ‚elska hver annan‘. (Jóh. 15:12, 17) Kærleikur þeirra hver til annars átti að vera svo áberandi að hann myndi einkenna þá sem trúna fylgjendur hans. (Jóh. 13:35) Þessi kærleikur er ekki bara tilfinningasemi. Jesús átti við mjög göfugan eiginleika – fórnfúsán kærleika. Hann sagði: „Enginn á meiri kærleik en þann að leggja líf sitt í sölurnar fyrir vini sína. Þér eruð vinir mínir ef þér gerið það sem ég býð yður.“ (Jóh. 15:13, 14) Einlægur, fórnfús kærleikur og órjúfanleg eining einkennir þjóna Jehóva nú á dögum. (1. Jóh. 3:10, 11) Við megum vera þakklát fyrir að þjónar Jehóva líkja eftir kærleika Krists óháð tungumáli, þjóðerni, kynþætti eða bakgrunni. *w18.09* 12 gr. 1–2

## Þriðjudagur 17. mars

*„Ef einhver sér eigi fyrir sínum, sérstaklega heimilismönnum, þá hefur hann afneitað trúnni.“ – 1. Tím. 5:8, Biblían 1981.*

Jehóva ætlast til þess að þjónar sínir annist fjölskyldu sína. Þú gætir þurft að vinna til að sjá fyrir fjölskyldunni. Margar mæður þurfa að vera heima til að annast ungboörn sín. Og sumir gætu þurft að annast veikburða foreldra sína. Allt er þetta nauðsynlegt. Ef þú hefur slíkom skyldum að gegna geturðu

væntanlega ekki gert eins mikið og þú vildir í þjónustunni við Jehóva. En misstu ekki móðinn. Það gleður Jehóva að þú skulir sjá fyrir fjölskyldunni. (1. Kor. 10:31) Kannski hefurðu ekki mikla fjölskylduábyrgð. Geturðu þá aðstoðað trússystemi sem eru veik, öldruð eða þurfa á annars konar aðstoð að halda? Eða geturðu létt undir með þeim sem annast þau? Veltu fyrir þér hverjir í söfnuðinum þurfa á aðstoð að halda. Þannig geturðu verið verkfæri í höndum Jehóva til að svara bæn. – 1. Kor. 10:24. *w18.08* 24 gr. 3, 5

## Miðvikudagur 18. mars

*„Guð var með honum, frelsaði hann úr öllum þrengingum hans.“ – Post. 7:9, 10.*

Jósef var um 17 ára þegar bræður hans seldu hann í þrældóm. Þeir öfunduðu hann af því að hann var í uppáhaldi hjá Jakobi, föður þeirra. (1. Mós. 37:2–4, 23–28) Í 13 ár þurfti hann margt að þola í Egyptalandi, langt frá föður sínum. Í fyrstu var hann þræll og síðan þurfti hann að dúsa í fangelsi. Hvað hjálpaði honum að verða ekki bitur og örvæntingarfullur? Þegar Jósef sat í fangelsinu hefur hann eflaust einbeitt sér að því hvernig Jehóva blessaði hann. (1. Mós. 39:21; Sálms. 105:17–19) Spádómlegu draumarnir, sem hann dreymdi þegar hann var yngri, hljóta líka að hafa fullvissað hann um að Jehóva hefði velþóknun á honum. (1. Mós. 37:5–11) Líklega úthellti hann oft hjarta sínu fyrir honum. (Sálm. 145:18) Jehóva svaraði innilegum bænum hans með því að fullvissa hann um að hann ‚yrði með honum‘ í öllum raunum hans. *w18.10* 28 gr. 3–4

## Fimmtudagur 19. mars

*„Fátæklingurinn verður jafnvel hvítleiður jafningja sínum en auðmaðurinn eignast fjölda vina.“*  
- Orðskv. 14:20.

Fjárhagur getur haft áhrif á það hvernig við litum á fólk. En hvernig þá? Heilagur andi knúði Salómon til að skrifa sorglega staðreynd um ófullkomna menn sem finna má í versni dagsins. Hvað lærum við af þessum orðskviði? Ef við gætum okkar ekki förum við kannski að sækjast eftir vináttu efnaðra trústyktina en sneiðum hjá þeim sem eru fátækari. Af hverju er svona hættulegt að meta aðra eftir efnislegum eignum þeirra? Af því að við gætum ýtt undir stéttaskiptingu í söfnuðinum. Þetta vandamál kom upp í sumum söfnuðum á fyrstu öld og lærisveinninn Jakob varaði kristna menn við því. (Jak. 2:1-4) Við þurfum að forðast að dæma fólk eftir því sem það á og vera vel á verði svo að slíkur hugsunarháttur hafi ekki áhrif á söfnuðinn nú á dögum. *w18.08* 10 gr. 8-10

## Föstudagur 20. mars

*„Hafið brennandi kærleika hvert til annars.“*  
- 1. Pét. 4:8.

Ef við erum þakklát fyrir að eiga náð samband við Jehóva birtist það í framkomu okkar við trústyktini. Þau tilheyra líka Jehóva. Svo framarlega sem við höfum það í huga komum við alltaf fram við bræður okkar og systur af góðvild og kærleika. (1. Þess. 5:15) Jesús sagði við fylgjendur sína: „Á því munu allir þekkja að þér eruð mínir lærisveinar ef þér berið elsku

hver til annars.“ (Jóh. 13:35) Malakí sagði að Jehóva tæki eftir því hvernig þjónar hans koma fram hver við annan. Hann „hlýðir á með athygli“. (Mal. 3:16) Jehóva þekkir vissulega þá sem tilheyra honum. (2. Tím. 2:19) Hann tekur vel eftir öllu sem við gerum og segjum. (Hebr. 4:13) Jehóva „hlýðir á með athygli“ þegar við erum ekki góðviljuð í garð bræðra og systra. En við getum líka treyst því að Jehóva gefi því gaum þegar við sýnum hvert öðru gestrisni, örlæti og góðvild og fyrirgefum fúslega. - Hebr. 13:16. *w18.07* 26 gr. 15, 17

## Laugardagur 21. mars

*Við Jehóva skalt þú halda þér fast.* - 5. Mós. 10:20,  
*Biblían 1981.*

Það er rökrétt að halda sér fast við Jehóva. Enginn er eins máttugur, vitur eða kærleiksríkur og Guð okkar. Við viljum auðvitað öll standa með honum og vera honum trúföst. (Sálm. 96:4-6) En sumir þjóna hans hafa þó hvíkað frá trúfesti sinni þegar á reyndi. Lítum fyrst á frásöguna af Kain. Hann tilbað engan annan guð en Jehóva. En Jehóva hafði ekki velþóknun á tilbeiðslu hans. Hann sá að illar hneigðir bjuggu í hjarta hans. (1. Jóh. 3:12) Jehóva reyndi að hjálpa Kain og sagði: „Er ekki svo að þú getur verið upplitsdjarfur ef þú gerir rétt, en gerir þú rangt þá liggur syndin við dyrnar? Hún girnist þig en þú getur sigrast á henni.“ (1. Mós. 4:6, 7) Jehóva sagði Kain efnislega: „Ef þú iðrast og tekur einarða afstöðu með mér þá stend ég með þér.“ En Kain hlustaði ekki á hann. *w18.07* 17 gr. 1, 3; 18 gr. 4

## Sunnudagur 22. mars

*Ljós yðar lýsi meðal manna.*

– Matt. 5:16.

Ein leið til að láta ljós okkar lýsa er að boða fagnaðarerindið og gera fólk að lærisveinum. (Matt. 28:19, 20) Við getum enn fremur verið Jehóva til heiðurs með hegðun okkar. Hús-ráðendur og vegfarendur taka eftir okkur. Vingjarnlegt bros og hlýleg kveðja segja heilmikið um okkur og þann Guð sem við tilbiðjum. „Þegar þér komið í hús þá árið því góðs,“ sagði Jesús við lærisveina sína. (Matt. 10:12) Algengt var að fólk byði ókunnugum inn á heimili sitt á þeim slóðum þar sem Jesús og postularnir boðuðu trúna. Viða um lönd er það ekki mjög algengt nú á dögum. Fólk er oft kvíðið eða pirrað þegar ókunnugir banka upp á. En ef við erum hlýleg og vingjarnleg er líklegt að fólk slaki á. Það er einnig reynsla bræðra og systra sem boða trúna við ritatrillur á almannafæri. Þú tekur kannski eftir því hvernig hlýlegt bros og vingjarnleg kveðja hefur oft góð áhrif á fólk. *18.06.22 gr. 4-5*

## Mánudagur 23. mars

*„Guð fer ekki í manngreinarálit.“*

– Post. 10:34.

Pétur postuli hafði yfirleitt eingöngu umgengist Gyðinga. En þegar Guð hafði gert honum ljóst að kristnir menn ættu ekki að fara í manngreinarálit vitnaði Pétur fyrir Kornéliusi, rómverskum hundraðshöfðingja. (Post. 10:28, 35) Þaðan í frá umgekkst Pétur trússystkini sín af hópi heiðingja og sat til borðs með þeim. En þó nokkrum árum síðar, í borginni Antiókkíu, hætti Pétur að sitja til borðs með kristnum mönnum sem voru ekki Gyðingar. (Gal. 2:11-14) Páll ávitaði Pétur sem tók leiðréttinguna til sín. Hvernig

vitum við það? Þegar Pétur skrifaði fyrra bréf sitt til kristinna manna í Litlu-Asíu, bæði af hópi Gyðinga og heiðingja, talaði hann hlýlega um *allt* samfélag þeirra sem trúa. (1. Pét. 1:1; 2:17) Ljóst er að postularnir lærðu af fordæmi Jesú að elska ‚alla menn‘. (1. Tím. 4:10; Jóh. 12:32) Þeir breyttu hugsunarhætti sínum þótt það hafi tekið sinn tíma. Frumkristnir menn íklæddust ‚hinum nýja manni‘ og lærðu að líta á alla sem jafna frammi fyrir Guði. – Kól. 3:10, 11. *18.06.11 gr. 15-16*

## Þriðjudagur 24. mars

*Standið því klædd réttlætinu sem brynju. – Ef. 6:14.*

Ein gerð af brynjum rómverskra hermanna á fyrstu öld var samsett úr ræmum úr járni sem lágu lárétt og voru látnar skarast. Hermaður í brynju af þessu tagi þurfti að ganga reglulega úr skugga um að plöturnar sætu á sínum stað svo að hún verndaði hjartað og önnur líffæri. Þetta er viðeigandi táknmynd þess hvernig réttlátar meginreglur Jehóva geta verndað hið óeiginlega hjarta. (Orðskv. 4:23) Það hefði aldrei hvarflað að hermanni að skipta á brynju úr járni og brynju úr deigari málm. Við viljum ekki heldur skipta á meginreglum Jehóva og hugmyndum sjálfra okkar um rétt og rangt. Dómgreind okkar er hreinlega ekki nógu góð til að veita okkur nauðsynlega vernd. (Orðskv. 3:5, 6) Þess vegna þurfum við að ganga reglulega úr skugga um að brynjan, sem Jehóva hefur gefið okkur, sé í lagi og verndi hjartað. Því heitar sem við elskum sannleikann því auðveldara eigum við með að bera ‚brynjuna‘, það er að segja að lifa eftir réttlátum lögum Jehóva. – Sálm. 111:7, 8; 1. Jóh. 5:3. *18.05.28 gr. 3-4, 6-7*

## Miðvikudagur 25. mars

„Fólkið ásaði Móse.“

– 4. Mós. 20:3.

Fólkið kvartaði þó að Móse hefði verið óeigingjarn leiðtogi þeirra í langan tíma. Það kvartaði ekki að eins vegna vatnsleysis heldur einnig yfir Móse, eins og það væri honum að kenna að fólkið var þyrst. (4. Mós. 20:1–5, 9–11) Móse rauk upp í reiði og gleymdi hógværdinni. Í stað þess að ávarpa klettinn í trú, eins og Jehóva hafði sagt honum að gera, talaði Móse reiðilega við fólkið og gaf sjálfum sér heiðurinn af kraftaverkinu. Síðan sló hann tvísvar á klettinn og mikið vatn streymdi út úr honum. Stolt og reiði varð til þess að honum urðu á alvarleg mistök. (Sálm. 106:32, 33) Móse fékk ekki að ganga inn í fyrirheitna landið vegna þess að hann skorti hógværd um stund. (4. Mós. 20:12) Við getum dregið verðmætan lærdóm af þessu atviki. Í fyrsta lagi þurfum við stöðugt að vera hógvær. Ef við vanrækjum það, jafnvel um stutta stund, getum við orðið stolt aftur og farið að tala og hegða okkur heimskulega. Í öðru lagi getur streita gert okkur veikari fyrir og því þurfum við að leggja okkur fram um að vera hógvær þó að við séum undir álagi. *w19.02* 12–13 gr. 19–21

## Fimmtudagur 26. mars

„Fagnaðarerið um ríkið verður prédikað um alla heimsbyggðina.“

– Matt. 24:14.

Er íþyngjandi að fylgja fyrirmælum Jesú um að boða trúna? Síður en svo. Eftir að Jesús hafði sagt dæmisöguna um vinvíðinn sagði hann að boðunin myndi veita okkur gleði. (Jóh. 15:11) Hann sagði meira að segja að við myndum njóta sömu gleði og hann. Hvernig þá? Jesús líkti sjálfum sér við vinvíð og lærisveinum sínum við

greinar. (Jóh. 15:5) Vinvíðurinn heldur uppi greinunum. Svo framarlega sem greinarnar eru á vinvíðnum fá þær vatn og næringu í gegnum hann. Eins njótum við sömu gleði og Jesús svo framarlega sem við erum sameinuð honum og fetum náði í fótspor hans. Þá njótum við gleðinnar sem hann naut, gleðinnar sem hlýst af því að gera vilja Guðs. (Jóh. 4:34; 17:13; 1. Pét. 2:21) Hanne hefur meira en fjögurra áratuga reynslu af brautryðjandastarfinu. Hún segir: „Ég er alltaf glöð þegar ég hef verið í boðuninni. Það hvetur mig til að halda áfram í þjónustu Jehóva.“ Gleðin gefur okkur kraft til að halda áfram að boða trúna, jafnvel þó að fáir hlusti. – Matt. 5:10–12. *w18.05* 17 gr. 2; 20 gr. 14

## Föstudagur 27. mars

Guð skipaði mig kennara heiðingja í trú og sannleika. – 1. Tím. 2:7.

Sennilega var það Páll postuli sem hvatti þjóna Guðs meira en nokkur annar á fyrstu öld. Heilagur andi sendi hann til þjóða hins grísk-rómverska heims en þær tilbáðu marga guði. (Gal. 2:7–9) Páll ferðaðist víða um svæðið sem nú heitir Tyrkland, og einnig um Grikkland og Ítalíu, og myndaði kristna söfnuði fólks sem var ekki Gyðingar að uppruna. Þessir nýju þjónar Guðs þurftu að þola miklar þjáningar af völdum samlanda sinna og voru hvatningar þurfi. (1. Þess. 2:14) Um árið 50 skrifaði Páll hinum unga söfnuði í Þessaloníku: „Ég þakka ávallt Guði fyrir ykkur öll er ég minnst ykkar í bænum mínum. Ég minnst stöðugt fyrir augliti Guðs vors og föður hve mikið þið starfið í trúnni, stríðið í kærleikanum og eruð staðföst.“ (1. Þess. 1:2, 3) Hann hvatti þau einnig til að styrkja hvert annað og sagði: „Hvetjið ... og uppbyggjið hvert annað.“ – 1. Þess. 5:11. *w18.04* 18–19 gr. 16–17

## Laugardagur 28. mars

*Fyrst á að prédika fagnaðar-  
erindið. – Mark. 13:10.*

Unglingur, sem einbeittir sér að því að vera Jehóva velþóknalegur, leggur mikla áherslu á boðunina. Vegna þess hve boðunin er áriðandi ætti hún að vera ofarlega á forgangslistanum. Geturðu sett þér það markmið að boða trúna oftari? Gætirðu orðið brautryðjandi? En hvað ef þér finnst leiðinlegt að boða trúna? Hvernig geturðu orðið færari í að útskýra trú þína? Tvennt getur hjálpað þér: Undirbúðu þig vel og gefstu ekki upp á að segja öðrum frá því sem þú hefur lært. Kannski mun þá gleðin, sem hlýst af boðuninni, koma þér á óvart. Þú gætir byrjað á að undirbúa svör við algengum spurningum skólafélaganna eins og: „Hvers vegna trúirðu á Guð?“ Á vefsíðu okkar, [jw.org](http://jw.org), er að finna greinar sem hjálpa unglingum að finna út hvernig þeir geta svarað spurningunni sjálfir. Þar finnurðu vinnublaðið „Hvers vegna trúi ég á Guð?“ Það hjálpar þér að undirbúa þitt eigið svar. *w18.04 27 gr. 10–11*

## Sunnudagur 29. mars

*„Verið frjósöm, fjölgið ykkur.“  
– 1. Mós. 1:28.*

Upphaflega nutu Adam og Eva frelsis á marga vegu en þó voru þeim takmörk sett. Sum voru þeim eðlislæg en þau urðu engu að síður að lúta þeim. Til dæmis vissu foreldrar mannkyns að þeir þurftu að anda, borða, sofa og svo framvegis til að viðhalda lífinu. Fannst þeim það skerða frelsi sitt að þurfa að gera þetta? Nei, því að Jehóva sá til þess að jafnvel þessir hversdagslegu hlutir veittu þeim ánægju

og gleði. (Sálm. 104:14, 15; Préd. 3:12, 13) Jehóva gaf Adam og Evu þau fyrirmæli að þau skyldu fylla jörðina fólki og annast hana. Skerti þetta boð frelsi þeirra með einhverjum hætti? Auðvitað ekki. Það gerði mönnum kleift að eiga þátt í að framfylgja fyrirætlun skaparans – að gera jörðina alla að paradís þar sem fullkomið mannkyn myndi lifa að eilífu. (Sálm. 127:3; Jes. 45:18) Adam og Eva hefðu getað notið hjónabandsins og þeirrar gleði að vera með fjölskyldunni um alla eilífð. *w18.04 4–5 gr. 7–8*

## Mánudagur 30. mars

*„Allir tóku trú sem hneigðust til  
eilífs lífs.“ – Post. 13:48, NW.*

Ef við erum þolinmóð við þá sem við hittum í boðuninni gerum við ekki ráð fyrir að þeir skilji eða taki við sannleika Biblíunnar í fyrsta sinn sem þeir heyra hann. Hvernig getum við til að mynda hjálpað fólki að skilja vonina um eilíft líf í paradís á jörð? Margir trúna að dauðinn sé endir alls eða að allt gott fólk fari til himna. Tökum eftir hvaða áhrifa-riku aðferð bróðir nokkur notar. Fyrst les hann 1. Mósebók 1:28. Síðan spyr hann húsráðandann hvar og við hvaða aðstæður Guð vildi að fólk byggi. Flestir svara: „Á jörðinni við góðar aðstæður.“ Síðan les bróðirinn Jesaja 55:11 og spyr hvort fyrirætlun Guðs hafi breyst. Oft svarar húsráðandinn neitandi. Að lokum les bróðirinn Sálm 37:10 og 11 og spyr hvernig framtíð manna verði. Með því að nota Biblíuna á þennan hátt hefur hann leitt mörgum fyrir sjónir að það sé enn þá vilji Guðs að gott fólk lifi að eilífu í paradís á jörð. *w19.03 24 gr. 14–15; 25 gr. 19*

## **Þriðjudagur 31. mars**

*„Hlýðið á hann!“*

– Matt. 17:5.

Jehóva tók skýrt fram að hann vildi að við hlustuðum á orð sonar síns og færum eftir þeim. Jesús kenndi fylgjendum sínum að boða fagnaðarerindið og minnti þá stöðugt á að halda vöku sinni. (Matt. 24:42; 28:19, 20) Hann brýndi einnig fyrir þeim að kosta kapps um að gera vilja Guðs og hvatti þá til að gefast ekki upp. (Lúk. 13:24) Jesús lagði áherslu á að fylgjendur sínir þyrftu að elska hver annan, varðveita eininguna og halda boðorð hans. (Jóh. 15:10, 12, 13) Þessi ráð eru ekki síður mikilvæg nú en þegar hann gaf þau. Jesús sagði: „Hver sem er sannleikans megin heyrir mína rödd.“ (Jóh. 18:37) Við sýnum að við hlustum á rödd hans með því að „umbera hvert annað og fyrirgefa hvert öðru“. (Kól. 3:13; Lúk. 17:3, 4) Við sýnum það einnig með því að boða fagnaðarerindið af kappi „í tíma og ótíma“. – 2. Tím. 4:2. *19.03* 10 gr. 9–10

## **Miðvikudagur 1. apríl**

*Jesús mælti til Péturs: „Vik frá mér, Satan, þú hugsar ekki um það sem Guðs er heldur það sem manna er.“* – Matt. 16:23.

Hvað um okkur? Hugsum við eins og Guð eða eins og heimurinn? Við höfum eflaust lagað hegðun okkar að kröfum Guðs. En hvað um hugsanir okkar? Leggjum við okkur fram um að hugsa eins og Jehóva og líta málin sömu augum og hann? Að gera það kostar vissa áreynslu. Hins vegar kostar litla eða enga áreynslu að hugsa eins og heimurinn. Það er vegna þess að andi heimsins er allt í kringum okkur. (Ef. 2:2) Þar að auki getur verið freistandi að hugsa

eins og heimurinn því að hann höfðar oft til eigingjarnra hvata okkar. Það er áskorun að hugsa eins og Jehóva en mjög auðvelt að hugsa eins og heimurinn. Ef við leyfum heiminum að móta hugarfar okkar verðum við eigingjörn og finnum til löngunar til að vera siðferðilega óháð Guði. (Mark. 7:21, 22) Það er því nauðsynlegt að við temjum okkur að hugsa um „það sem Guðs er“ en ekki „það sem manna er“. *18.11* 18 gr. 1; 19 gr. 3–4

## **Fimmtudagur 2. apríl**

*„Þessi er minn elskaði sonur sem ég hef velþóknun á.“* – Matt. 3:17.

Jehóva lýsti yfir velþóknun sinni á Jesú við þrjú mismunandi tækifæri þegar hann talaði sjálfur af himni. Það hlýtur að hafa verið mjög hvetjandi fyrir Jesú. Um leið og hann hafði verið skírður í ánni Jórdan sagði Jehóva það sem segir í versni dagsins. Að því er virðist var Jóhannes skírari sá eini sem heyrði þetta fyrir utan Jesú. Um ári fyrir dauða Jesú heyrðu síðan þrír af postulunum Jehóva segja um hann: „Þessi er minn elskaði sonur sem ég hef velþóknun á. Hlýðið á hann!“ (Matt. 17:5) Að lokum, aðeins nokkrum dögum fyrir dauða Jesú, talaði Jehóva aftur til sonar síns af himni. (Jóh. 12:28) Jesús vissi að hans biði niðurlægjandi dauðdagi, að hann yrði álitinn guðlastari. Hann bað samt að vilji Jehóva yrði gerður en ekki sinn eigin. (Matt. 26:39, 42) „Hann leið með þolinmæði á krossi og mat smán einskis.“ Þannig sóttist hann ekki eftir viðurkenningu heimsins heldur aðeins viðurkenningu föður síns. – Hebr. 12:2. *18.07* 10–11 gr. 15–16

**Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:**  
(Atburðir eftir sólsetur: 9. nísan)  
Markús 14:3–9

### Föstudagur 3. apríl

*„Faðir, ef þú vilt, þá tak þennan kaleik frá mér!“ – Lúk. 22:42.*

Rétt eftir að Jesús innleiddi kvöldmáltíð Drottins sýndi hann gríðarlegt hugrekki. Hvernig? Hann varð við vilja föður síns, jafnvel þótt hann vissi að hann yrði ákærður fyrir guðlast, sem var skammarlegur glæpur, og líflátinn. (Matt. 26:65, 66) Jesús varðveitti fullkomna ráðvendni til að heiðra nafn Jehóva, styðja drottinvald hans og gera iðrandi mönnum kleift að hljóta eilíft líf. Jesús bjó fylgjendur sína einnig undir það sem þeir þyrftu bráðlega að þola. Jesús sýndi einnig hugrekki með því að einbeita sér að þörfum trúfastra postula sinna í stað þess að hugsa um þær áhyggjur sem hann kann að hafa haft. Hann innleiddi einfalda máltíð eftir að hann lét Júdeas fara. Hún myndi minna þá sem yrðu andasmurðir fylgjendur hans á hvaða gagn úthellt blóð hans og glutdeild þeirra í nýja sáttmálanum gerði. – 1. Kor. 10:16, 17 *w19.01* 22 gr. 7–8

**Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:**  
(Atburðir dagsins: 9. nísan)  
Markús 11:1–11

### Laugardagur 4. apríl

*„Faðir, ger nafn þitt dýrlegt!“  
– Jóh. 12:28.*

Faðir Jesú svaraði þá frá himni: „Ég hef gert það dýrlegt og mun enn gera það dýrlegt.“ Jesús var skelfður vegna þeirrar miklu ábyrgðar sem hvíldi á honum, að vera Jehóva trúfastur. Hann vissi að hann yrði húðstrýktur og tekinn af lífi á grimmilegan hátt. (Matt. 26:38) Það skipti Jesú mestu máli að gera nafn föður síns dýrlegt. Hann var sakaður um guðlast og hafði áhyggjur af því að dauði sinn myndi kasta rýrð á

nafn hans. Rétt eins og Jesús gættum við haft áhyggjur af að nafn Jehóva verði smánað. Kannski er komið fram við okkur af ósanngirni eins og við Jesú. Það getur einnig sett okkur út af laginu þegar andstæðingar bera út lygasögur um okkur. Við gætum hugsað um þá smán sem þessar sögur gera nafni Jehóva. Þá veita orð Jehóva okkur mikla hughreystingu. Jehóva mun alltaf gera nafn sitt dýrlegt. – Sál. 94:22, 23; Jes. 65:17. *w19.03* 11–12 gr. 14–16

**Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:**  
(Atburðir dagsins: 10. nísan)  
Markús 11:12–19

### Sunnudagur 5. apríl

*Jesús tók að skýra lærisveinum sínum frá því að hann ætti að líða mikið og verða líflátinn.  
– Matt. 16:21.*

Lærisveinar Jesú trúðu ekki eigin eyrum. Þeir bjuggust við að Jesús myndi endurreisa Ísraelsríkið en nú sagði hann þeim að hann myndi bráðlega þjást og deyja. Pétur postuli var fyrstur til að tjá sig. Hann sagði: „Guð forði þér frá því, Drottinn, þetta má aldrei fyrir þig koma.“ Jesús svaraði: „Vík frá mér, Satan, þú vilt bregða fæti fyrir mig, þú hugsar ekki um það sem Guðs er heldur það sem manna er.“ (Matt. 16:22–23; Post. 1:6) Með þessum orðum gerði Jesús greinarmun á hugsunum Guðs og hugsunum heimsins sem Satan stjórnar. (1. Jóh. 5:19) Pétur endurspegladi sérhlífni heimsins. En Jesús vissi að hugarfar föður hans væri annað. Það er greinilegt á svari Jesú að hann hafnaði hugarfari heimsins og valdi hugarfar Jehóva. *w18.11* 18 gr. 1–2

**Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:**  
(Atburðir dagsins: 11. nísan)  
Markús 11:20–12:27, 41–44



## Mánudagur 6. apríl

*Boðið dauða Drottins þangað til hann kemur. – 1. Kor. 11:26.*

Hugsaðu þér hvað Jehóva sér þegar milljónir manna um allan heim koma saman til að vera viðstaddir kvöldmáltíð Drottins. Hann sér meira en stóran hóp manna, hann tekur eftir hverjum og einum sem er viðstaddur. Hann sér til dæmis þá sem koma trúfastlega ár eftir ár. Sumir þeirra þurfa jafnvel að þola miklar ofsóknir. Öðrum finnst það skylda sín að mæta á minningarhátíðina þótt þeir sæki ekki reglulega aðrar samkomur. Jehóva tekur líka eftir þeim sem eru að koma í fyrsta sinn, ef til vill fyrir forvitnissakir. Jehóva er vafalaust glaður að sjá svo marga sækja minningarhátíðina. (Lúk. 22:19) En hann hefur meiri áhuga á *ástæðunni* fyrir komu þeirra. Viljum við ódfús fá kennslu frá Jehóva og söfnuðinum sem hann notar? – Jes. 30:20; Jóh. 6:45 *w19.01* 26 gr. 1–3

**Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:**  
(Atburðir dagsins: 12. nísan)

Markús 14:1, 2, 10, 11; Matteus 26:1–5, 14–16

### MINNINGARHÁTÍÐIN

Eftir sólsetur

### Þriðjudagur 7. apríl

*„Kristur dó fyrir okkur.“*

– Róm. 5:8.

Jesús var ekki aðeins fús til að deyja fyrir lærisveina sína heldur tók hann líka hag þeirra fram yfir sinn eigin hvern einasta dag. Hann gaf sér til dæmis tíma til að vera með fylgjendum sínum þótt hann væri þreyttur eða undir tilfinningalegu álagi. (Lúk. 22:39–46) Og hann einbeitti sér að því sem hann gat gefið, ekki að því sem hann gat fengið. (Matt. 20:28) Við tilheyrum hinu eina sanna kristna bræðralagi og höfum ánægju af að nota eins mikinn tíma og hægt er til að bjóða öðrum að slást í lið

með okkur. En okkur er sérstaklega umhugað um að hjálpa trússysteminum okkar sem eru orðin óvirk. (Gal. 6:10) Við sýnum þeim að við elskum þau með því að hvetja þau til að koma á samkomur, ekki síst á minningarhátíðina. Líkt og Jehóva og Jesús gleðjumst við ákaflega þegar óvirkir snúa aftur til Jehóva. – Matt. 18:14. *w19.01* 29 gr. 12, 14; 30 gr. 15

**Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:**

(Atburðir dagsins: 13. nísan)

Markús 14:12–16; Matteus 26:17–19

(Atburðir eftir sólsetur: 14. nísan)

Markús 14:17–72

## Miðvikudagur 8. apríl

*Þetta er líkami minn. Þetta er blóð mitt, blóð sáttmálans.*

– Matt. 26:26–28.

Jesús innleiddi minningarhátíðina um dauða sinn. Hann notaði einfaldlega ósýrða brauðið og vínið sem hann hafði við höndina. Jesús sagði postulunum að þetta tvennt táknaði fullkominn líkama sinn og blóð sem hann myndi brátt fórn í þeirra þágu. Líklega kom það postulunum ekkert á óvart hversu einföld þessi athöfn var. Af hverju ekki? Nokkrum mánuðum áður, á þriðja þjónustuári Jesú, heimsótti hann nána vini sína, þau Lasarus, Mörtu og Mariu. Við þessar afslöppuðu aðstæður fór Jesús að kenna. Marta var viðstödd en hún var upptekin við að útbúa stóra máltíð fyrir heiðursgestinn. Þegar Jesús tók eftir þessu leiðrétti hann Mörtu vingjarnlega og hjálpaði henni að skilja að flókin máltíð væri ekki alltaf nauðsynleg. (Lúk. 10:40–42) Og nokkrum klukkustundum áður en Jesús dó fórnardauða fór hann eftir eigin ráðum. Hann hafði minningarmáltíðina einfalda. *w19.01* 20–21 gr. 3–4

**Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:**

(Atburðir dagsins: 14. nísan)

Markús 15:1–47

## Fimmtudagur 9. apríl

*„Faðir, ger mig nú dýrlegan hjá þér með þeirri dýrð sem ég hafði hjá þér.“ – Jóh. 17:5.*

Jehóva heiðraði Jesú með óvæntum hætti. Hann reisti hann upp, hækkaði hann í tign og gaf honum það sem enginn annar hafði fengið fram að því – ódauðlegt líf á himnum. (Fil. 2:9; 1. Tím. 6:16) Hvílík viðurkenning sem Jesús hlaut fyrir trúfesti sína. Hvað hjálpar okkur að sækjast ekki eftir viðurkenningu þessa heims? Höfum hugfast að Jehóva launar *alltaf* trúföstum þjónum sínum og veitir þeim viðurkenningu, oft með *óvæntum hætti*. Hver veit hvaða óvænta blessun biður okkar í framtíðinni? En núna, meðan við göngum í gegnum erfiðleika og raunir í þessum illa heimi, skulum við stöðugt minna okkur á að heimurinn líður undir lok. (1. Jóh. 2:17) Jehóva, kærleiksríkur faðir okkar, er ekki ranglátur. „Hann gleymir ekki verki okkar og kærleiknum sem við auðsýnum honum.“ – Hebr. 6:10. *w18.07* 11 gr. 17-18

**Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:**

(Atburðir dagsins: 15. nísan)

Matteus 27:62-66

(Atburðir eftir sólsetur: 16. nísan)

Markús 16:1

## Föstudagur 10. apríl

*Eg bið að allir séu þeir eitt.*

– Jóh. 17:20, 21.

Eining var Jesú ofarlega í huga við síðustu kvöldmáltíðina með postulunum. Þegar hann bað með þeim nefndi hann þá ósk sína að allir lærisveinar hans væru eitt eins og hann og faðir hans eru eitt. Eining þeirra yrði skýr sönnun þess að Jehóva hefði sent Jesú til jarðar til að gera vilja hans. Kærleikurinn myndi einkenna sanna lærisveina

Jesú og styrkja eininguna meðal þeirra. (Jóh. 13:34, 35) Það er skiljanlegt að Jesús hafi lagt áherslu á einingu. Hann tók eftir að postularnir voru ekki eins einhuga og þeir hefðu átt að vera. Þetta kvöld fóru þeir enn á ný að „metast um hver þeirra væri talinn mestur“. (Lúk. 22:24-27; Mark. 9:33, 34) Við annað tækifæri höfðu Jakob og Jóhannes beðið Jesú að veita sér virðingarsstöður við hlið honum í ríki hans. – Mark. 10:35-40. *w18.06* 8 gr. 1-2

**Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:**  
(Atburðir dagsins: 16. nísan)

Markús 16:2-8

## Laugardagur 11. apríl

*Maður yfirgefur föður sinn og móður sína og býr með eiginkonu sinni, og þau verða eitt.*

– 1. Mós. 2:24.

Jehóva vill að ástin milli hjóna sé sterk og að hún vari alla ævi. (Matt. 19:3-6) Framhjáhald er með því versta sem hægt er að gera maka sínum. Sjóunda boðið af boðorðunum tíu lagði bann við hjúskaparbroti og það af góðri ástæðu. (5. Mós. 5:18) Það er synd „á móti Guði“ og miskunnarlaust gagnvart makanum. (1. Mós. 39:7-9) Sá sem hefur verið svikinn af maka sínum getur verið fjöldamörg ár að jafna sig. Jehóva er einnig mjög annt um velferð barna. Hann gaf foreldrum fyrirmæli um að annast bæði efnislegar og andlegar þarfir barna sinna. Foreldrar áttu að nota hvert tækifæri til að kenna börnunum svo að þau lærðu að elska Jehóva og meta lög hans. (5. Mós. 6:6-9; 7:13) Foreldrar áttu ekki að líta á börnin eins og eign sem þeir máttu vanrækja eða fara illa með. Börnin voru arfur þeirra, gjöf frá Jehóva sem þeim bar að hlúa að. – Sálm. 127:3. *w19.02* 21 gr. 5, 7

## Sunnudagur 12. apríl

*Guð mun viðurkenna  
ráðvendni mína.  
- Job. 31:6, NW.*

Job einbeitti sér að voninni um að Guð myndi launa honum og það hjálpaði honum að vera ráðvandur. Hann trúði því að ráðvendni hans skipti Guð máli. Þótt hann þyrfti að þola miklar raunir var hann fullviss um að Jehóva myndi launa honum að lokum. Sú fullvissa hjálpaði honum að vera ráðvandur. Ráðvendni Jobs gladdi Jehóva svo mikið að hann launaði honum ríkulega þegar hann var enn ófullkominn. (Job. 42:12-17; Jak. 5:11) Og Job á enn ríkulegri laun í vændum. Guð okkar hefur ekki breyst. (Mal. 3:6) Við getum haldið voninni um bjarta framtíð ljóslifandi í hjörtum okkar ef við höfum hugfast að hann hefur mætur á ráðvendni okkar. (1. Þess. 5:8, 9) Stundum gæti þér fundist þú einn á báti í þeim efnum. En þú verður aldrei einn. Þú verður meðal milljóna ráðvandra þjóna Guðs víðs vegar um heiminn. Þannig líkirðu líka eftir trúföstum körlum og konum forðum daga sem voru ráðvönd, jafnvel þótt það kostaði sum þeirra líf. - Hebr. 11:36-38; 12:1. *w19.02* 7 gr. 15-16

## Mánudagur 13. apríl

*„Verið öll samhuga, hluttekningar-  
söm og elskið hvert annað, verið  
miskunnsöm, auðmjúk.“  
- 1. Pét. 3:8.*

Nú þegar minningarhátíðin er að baki er gott að spyrja sig: „Hvernig get ég líkt betur eftir kærleika Jesú? Hugsa ég meira um þarfir trússystkina minna en mínar eigin? Ætlast ég til meira af trússystkinum mínum en þau eru fær um eða geri ég mér grein fyrir takmörkum þeirra?“

Líkjum alltaf eftir Jesú og verum „hluttekningarsöm“. Það er ekki ætlast til að við höldum minningarhátíðina um dauða Krists mikið lengur. Þegar Jesús „kemur“ í þrengingunni miklu mun hann safna saman til himna þeim sem eftir eru af „hans útvöldu“ og minningarhátíðin verður ekki lengur haldin. (1. Kor. 11:26; Matt. 24:31) Við getum verið viss um að þjónar Jehóva gleyma ekki þessari einföldu kvöldmáltíð, jafnvel þegar minningarhátíðin verður ekki lengur haldin. Þeir muna eftir henni og tengja hana við mestu hógværð, hugrekki og kærleika sem nokkur maður á jörðinni hefur sýnt. *w19.01* 25 gr. 17-19

## Þriðjudagur 14. apríl

*„Þú hefur þóknun á hreinskilni hið innra og í fylgsnum hjartans kennir þú mér visku.“ - Sál. 51:8.*

Skoðum hvernig líkamlegt heilbrigði okkar sýnir fram á mikilvægi þess að vera heilbrigð hið innra. Í fyrsta lagi þurfum við að borða næringarríkan mat og hreyfa okkur reglulega til að halda okkur í góðu formi. Eins þurfum við að neyta næringarríkrar andlegrar fæðu og iðka reglulega trúna á Jehóva til að halda táknrænu hjarta okkar í góðu formi. Við iðkum trúna með því að fara eftir því sem við lærum og segja öðrum frá því sem við trúum. (Róm. 10:8-10; Jak. 2:26) Í öðru lagi gæti lítið út fyrir að við séum í góðu formi þó að við séum í raun veik hið innra. Á svipaðan hátt gætum við haldið að trú okkar sé sterk af því að við höfum góða reglu á þjónustunni við Jehóva. Hins vegar gætu rangar langanir verið að skjóta rótum innra með okkur. (1. Kor. 10:12; Jak. 1:14, 15) Við verðum að muna að Satan vill smita okkur af hugsunarhætti sínum. *w19.01* 15 gr. 4-5

## Miðvikudagur 15. apríl

„Far þú og ger hið sama.“

– Lúk. 10:37.

Við getum spurt okkur: Geri ég hið sama? Líki ég eftir miskunnsama Samverjanum? (Lúk. 10:30–35) Gæti ég gert betur í að sýna miskunn í verki með því að hjálpa þeim sem þjást? Gæti ég til dæmis boðið eldri trússystkinum, ekkjum og þeim sem eiga ekki fjölskyldu í sannleikanum aðstoð? Get ég átt frumkvæðið að því að ‚hughreysta ístöðulitla‘? (1. Þess. 5:14; Jak. 1:27) Við njótum gleðinnar af að gefa þegar við erum miskunnsöm við aðra. Auk þess vitum við að það gleður Jehóva. (Post. 20:35; Hebr. 13:16) Davíð konungur sagði um þann sem sinnir þörfum annarra: „Drottinn varðveitir hann og lætur hann njóta lífs og sælu í landinu.“ (Sálm. 41:2, 3) Við hljótum einnig miskunn Jehóva ef við sýnum öðrum samúð en miskunn hans gerir okkur kleift að njóta eilífrar hamingju. – Jak. 2:13. *w18.09* 19 gr. 11–12

## Fimmtudagur 16. apríl

„Óttast eigi því að ég er með þér, vertu ekki hræddur því að ég er þinn Guð. Ég styrki þig, ég hjálpa þér.“ – Jes. 41:10.

Trúföst systir, sem heitir Yoshiko, fékk slæmar fréttir. Læknirinn hennar sagði að hún ætti aðeins fáeina mánuði eftir ólíf-aða. Hvernig brást hún við? Yoshiko fór að hugsa um eitt uppáhalds-versið sitt sem er vers dagsins. Hún hélt ró sinni og sagði síðan lækninum að hún væri ekki hrædd vegna þess að Jehóva héldi í hönd hennar. Þessi kæra systir okkar fann hughreystingu í þessum orðum og

hjálp til að treysta Jehóva fullkomlega. Þetta vers getur einnig hjálpað okkur að vera róleg þegar við stöndum frammi fyrir miklum prófraunum. Jehóva fól Jesaja að skrifa þessi orð til að hugga Gyðingana sem áttu eftir að verða fluttir í útlegð til Babýlonar. En Jehóva lét ekki varðveita orðin aðeins fyrir Gyðingana í útlegðinni heldur fyrir alla þjóna sína eftir þann tíma. (Jes. 40:8; Róm. 15:4) Við lifum núna á ‚örðugum tímum‘ og þurfum þess vegna meira en nokkru sinni fyrr á þeirri uppörvun að halda sem við finnum í Jesajabók. – 2. Tím. 3:1. *w19.01* 2 gr. 1–2

## Föstudagur 17. apríl

„Ef hinn vantrúaði vill skilja, þá fái hann skilnað.“ – 1. Kor. 7:15.

Hjón, sem slíta samvistum, eru eftir sem áður gift. Það fylgja því ýmsir erfiðleikar að vera aðskilin. Páll postuli nefndi ástæðu fyrir því að hjón haldi saman. Hann skrifaði: „Vantrúaði maðurinn er helgaður af konunni og vantrúaða konan er helguð af bróðurnum. Annars væru börn ykkar óhrein en nú eru þau hrein.“ (1. Kor. 7:14) Þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður hafa margir trúir þjónar Guðs ákveðið að vera áfram með maka sínum sem er ekki í trúnni. Þeir eru ánægðir að hafa gert það, sérstaklega ef maki þeirra varð síðar meir vottur Jehóva. (1. Kor. 7:16; 1. Pét. 3:1, 2) Í söfnuðinum um allan heim eru ótal dæmi um farsæl hjónabönd. Eflaust eru mörg hamingjusöm hjón í söfnuðinum þínum. Það er vegna þess að eiginmennirnir eru trúir bræður sem elska konurnar sínar og þær virða þá og elska sömuleiðis. Öll sýna þau að hægt er að halda hjónabandið í heiðri. – Hebr. 13:4. *w18.12* 14 gr. 18–19

## Laugardagur 18. apríl

*Drottinn Guð plantaði aldingarð  
í Eden og setti þar manninn sem  
hann hafði mótað.*

- 1. Mós. 2:8.

Eden merkir „unaður“ og þessi garður var sannarlega unaðslegur. Þar var næga fæðu að finna, fallegt landslag og friður milli manna og dýra. (1. Mós. 1:29–31) Hebræska orðið fyrir „garð“ er þýtt *para'deisos* á grísku. Í alfræðibók eftir M'Clintock og Strong segir um *para'deisos*: „Þegar grískur ferðamaður heyrði orðið sá hann fyrir sér stóran garð varinn gegn skemmdum, ósnortna náttúrufegurð með tignarlegum trjám sem bera mörg hver ávöxt og stórar hjarðir antilóna eða fjár ráfa um við bakka tærra lækja.“ (Samanber 1. Mósebók 2:15, 16.) Guð setti Adam og Evu í þess konar paradís. En þau misstu þann heiður þegar þau óhlýðnuðust Guði. Hvorki þau né afkomendur þeirra fengu að búa í paradísinni. (1. Mós. 3:23, 24) En þótt enginn hafi búið í þessum garði virðist vera að hann hafi verið til allt fram að flóðinu mikla á dögum Nóa. *w18.12* 3–4 gr. 3–5

## Sunnudagur 19. apríl

*Ég er Drottinn, sem kenni þér  
það sem gagnlegt er.*

- Jes. 48:17.

Foreldrar gera sitt besta til að kenna börnum sínum góð gildi. Ef börnin ákveða að fara eftir þeim gildum, sem foreldrar þeirra kenndu þeim, er ólíklegra að þau taki ákvarðanir sem þau sjá eftir seinna. Þannig komast þau hjá óþarfa erfiðleikum og áhyggjum. Líkt og góðir foreldrar vill Jehóva að börn sín eigi innihaldsríkt líf.

(Jes. 48:18) Hann gefur okkur því meginreglur um siðferði og framkomu við aðra og býður okkur að líta slík mál sömu augum og hann og hafa sömu gildi. Þetta eru ekki of þröngar skorður heldur hjálpar okkur að taka skynsamlegri ákvarðanir. (Sálm. 92:6; Orðskv. 2:1–5; Jes. 55:9) Það hjálpar okkur að taka ákvarðanir sem stuðla að hamingju en gerir okkur jafnframt kleift að blómstra sem einstaklingar. (Sálm. 1:2, 3) Það er bæði gagnlegt og eftirsóknarvert að hugsa eins og Jehóva. *w18.11* 19–20 gr. 7–8

## Mánudagur 20. apríl

*„Þeir hallmæla ykkur.“*

- 1. Pét. 4:4.

Ef við viljum ganga í sannleikanum megum við ekki láta undan þrýstingi frá öðrum. Samband okkar við fjölskylduna og aðra sem eru ekki vottar breyttist þegar við kynntumst sannleikanum. Kannski voru sumir umburðarlyndir en aðrir algerlega á móti trú okkar. Fjölskyldan, vinnufélagar og skólafélagar gætu reynt að fá okkur til að taka þátt í hátíðahöldum. Hvernig getum við verið staðföst þegar þrýst er á okkur til að taka þátt í síðum og hátíðum sem eru ekki Jehóva til lofs? Það getum við með því að hafa hugfast hvernig Jehóva lítur á slíka siði. Einnig getur verið gagnlegt að skoða efni í ritunum okkar þar sem fjallað er um uppruna vinsælla hátíða og hátíðisdaga. Þegar við minnum okkur á biblíuleg rök fyrir því að við tökum ekki þátt í slíkum hátíðum verðum við enn sannfærðari um að við göngum á þeim vegi sem „Drottinn þóknast“. (Ef. 5:10) Ef við treystum á Jehóva og sannleiksorð hans óttumst við ekki álit annarra. - Orðskv. 29:25. *w18.11* 11 gr. 10, 12

## **Priðjudagur 21. apríl**

*„Drottinn var með honum. Allt sem hann tók sér fyrir hendur lét Drottinn lánast honum.“*

*- 1. Mós. 39:23.*

Þegar lífið tekur óvænta stefnu gætu áhyggjur um framtíðina dregið úr okkur allan þrótt. Það hefði getað hent Jósef. En í staðinn ákvað hann að nýta aðstæður sínar sem best og gefa Jehóva þannig eitthvað til að blessa. Þótt hann væri í fangelsi lagði hann sig allan fram um að sinna vel þeim verkefnum sem fangelsisstjórinn fól honum, rétt eins og hann gerði þegar hann vann fyrir Pótífar. (1. Mós. 39:21, 22) Við gætum, líkt og Jósef, lent í aðstæðum sem við höfum litla eða enga stjórn á. Við gefum Jehóva hins vegar eitthvað til að blessa ef við erum þolinmóð og leggjum okkur fram um að nýta aðstæður okkar sem best. (Sálm. 37:5) Stundum gætum við vissulega orðið ‚efablandin‘ en við munum aldrei ‚örvænta‘, eins og Páll postuli orðaði það. (2. Kor. 4:8) Jehóva verður með okkur, sérstaklega ef við einbeitum okkur að þjónustunni við hann. *w18.10* 29 gr. 11, 13

## **Miðvikudagur 22. apríl**

*„Guð er ekki ranglátur. Hann gleymir ekki verki ykkar og kærleikanum sem þið auðsýnduð honum.“ - Hebr. 6:10.*

Hvernig líður þér þegar einhver sem þú þekkir og virðir gleymir hvað þú heitir eða jafnvel þekkir þig ekki? Það getur gert okkur döpur. Ástæðan er sú að við höfum öll eðlilega löngun til að hljóta viðurkenningu. En við viljum ekki

aðeins að fólk viti hver við erum heldur líka hvers konar manneskjur við erum og hverju við höfum áorkað. (4. Mós. 11:16; Job. 31:6) Eins og aðrar eðlilegar langanir gæti þessi þrá eftir viðurkenningu þó brenglast vegna ófullkomleikans eða orðið óeðlilega mikil. Við gætum farið að þrá óhóflega athygli frá öðrum. Heimur Satans ýtir undir löngun í frægð og frama en það beinir athyglinni frá þeim sem verðskuldar viðurkenningu og tilbeiðslu, Jehóva Guði, himneskum föður okkar. - Opinb. 4:11. *w18.07* 7 gr. 1-2

## **Fimmtudagur 23. apríl**

*„Allur heimurinn er á valdi hins vonda.“*

*- 1. Jóh. 5:19.*

Það kemur því ekki á óvart að Satan og illir andar hans hafi þau áhrif á menn í valdastöðum að þeir ljúgi. (1. Tím. 4:1, 2) Trúarleiðtogar, sem ljúga, eru sérstaklega sekir vegna þess að þeir stofna framtíð þeirra sem trúa lygunum í hættu. Það getur kostað menn eilífa lífið að trúa falskenningu og gera eitthvað sem Guð fordæmir. (Hós. 4:9) Jesús vissi að trúarleiðtogar á fyrstu öld voru sekir um slíkar blekkingar. Hann sagði þeim berum orðum: „Vei yður, fræðimenn og farisear, hræsnarar! Þér farið um láð og lög til að snúa einum til yðar trúar og þegar það tekst gerið þér hann hálfu verra vítisbarn [sem verðskuldar eilífa tortímingu] en þér sjálfir eruð.“ (Matt. 23:15) Jesús fordæmdi þessa leiðtoga falstrúarbragða og sagði að þeir „ættu djöfulinn að föður, sem var manndræpari frá upphafi“. - Jóh. 8:44. *w18.10* 7 gr. 5-6

## Föstudagur 24. apríl

*Sæl eruð þér þá er menn smána  
yður og ofsækja mín vegna.*

– Matt. 5:11.

Hvað á Jesús við? Hann heldur áfram: „Gleðjist og fagnið því að laun yðar eru mikil á himnum. Þannig ofsóttu þeir spámenninga sem voru á undan yður.“ (Matt. 5:12) Þegar postularnir voru barðir og þeim skipað að hætta að prédika, fóru þeir glaðir burt frá ráðinu. Þó að þeir nytu að sjálfsgöðu ekki þjáninganna af svipuhöggunum voru þeir „glaðir yfir því að þeir höfðu verið virtir þess að þola háðung vegna nafns Jesú“. (Post. 5:41) Þjónar Jehóva nú á dögum þola einnig þjáningar og erfiðleika með gleði vegna nafns Jesú. (Jak. 1:2–4) Við höfum ekkert frekar ánægju af þjáningum en postularnir. En Jehóva getur hjálpað okkur að halda út með hugrekki ef við erum ráðvönd í prófraunum. Þegar við njótum velþóknunar „hins sæla Guðs“ getum við notið hamingju þrátt fyrir trúarofsóknir eða andstöðu heima fyrir. – 1. Tím. 1:11, *Biblían 1912*. w18.09 21 gr. 18–20

## Laugardagur 25. apríl

*„Dýrasta hnossíð er mæða og  
hégómi.“ – Sálm. 90:10.*

Vegna þeirra „örðugu tíða“ sem við lifum á þjást margir tilfinningalega og fjöldi fólks er við það að gefast upp. (2. Tím. 3:1–5) Talið er að fleiri en 800.000 manns stytta sér aldur á ári hverju – að meðaltali einn á hverjum 40 sekúndum. Og því miður hafa nokkrir vottar Jehóva bugast undan álaginu og svipt sig lífi. Mörg trússystkini okkar glíma við erfiðar aðstæður og þurfa á kærleika okkar að halda þó að

þau séu ekki við það að gefast upp. Sum þeirra þurfa að þola ofsóknir og háð. Það er talað illa um önnur trússystkini okkar á vinnustað eða þau stöðugt gagnrýnd. Enn önnur eru uppgefin eftir mikla yfirvinnu eða tímappressu í vinnunni. Og sum þurfa að glíma við erfiðar aðstæður heima fyrir, ef til vill vegna þess að þau eru gagnrýnd af maka sem er ekki í trúnni. Þessar aðstæður og fleiri gera það að verkum að margir í söfnuðinum eru úrvinda – líkamlega og tilfinningalega. w18.09 13 gr. 3, 5

## Sunnudagur 26. apríl

*„Ég hef enga meiri gleði en þá að  
heyra að börnin mín hlýði sann-  
leikanum.“ – 3. Jóh. 4.*

Foreldrar í söfnuðinum vinna með Jehóva þegar þeir hjálpa börnum sínum að setja sér markmið í þjónustunni við hann. Mörg börn, sem hafa fengið slíka hvatningu, hafa síðar meir ákveðið að þjóna í fullu starfi langt frá heimaslóðunum. Sum þeirra eru trúboðar, aðrir eru brautryðjendur þar sem mikil þörf er á boðberum og enn aðrir þjóna á Betel. Fjarlægðin gerir það kannski að verkum að fjölskyldan getur ekki hist eins oft og hún vildi. Fórnfúsir foreldrar hvetja samt börnin sín til að halda áfram að þjóna Jehóva þar sem þau eru. Hvers vegna? Það gleður foreldrana mikið að vita að börnin setji hagsmunir Guðsríkis í fyrsta sæti. Mörgum þeirra líður ef til vill eins og Hönnu sem sagðist hafa „gefið“ Jehóva Samúel, son sinn. Þeim finnst mikill heiður að fá að vinna með Jehóva á þennan hátt. Þeir gætu ekki hugsað sér neitt betra. – 1. Sam. 1:28. w18.08 24 gr. 4

## Mánudagur 27. apríl

*„Torvelt verður auðmanni inn  
að ganga í himnaríki.“*

– Matt. 19:23.

Jesús sagði ekki að það yrði ómögulegt. Hann sagði: „Sælir eruð þér, fátækir, því að yðar er Guðs ríki.“ (Lúk. 6:20) Það þýðir þó ekki að allt fátækt fólk hafi hlustað á Jesús og hlotið sérstaka blessun. Margt fátækt fólk gaf boðskap hans engan gam. Staðreyndin er sú að við getum ekki dæmt um það hve sterkt samband fólk á við Jehóva út frá efnislegum eigum þess. Meðal þjóna Jehóva eru bræður og systur sem eru rík og önnur sem eru fátæk. En þau elska Jehóva og þjóna honum af heilu hjarta. Biblían hvetur þau sem eru rík til að „treysta Guði“ en ekki „fallvöltum auði“. (1. Tím. 6:17-19) Hún varar jafnframt alla þjóna Guðs, bæði ríka og fátæka, við því að elska peninga. (1. Tím. 6:9, 10) Þegar við lítum trússystemi okkar sömu augum og Jehóva freistumst við ekki til að dæma þau eftir því sem þau eiga eða eiga ekki. *w18.08* 10–11 gr. 11–12

## Þriðjudagur 28. apríl

*„Gefið ykkur því Guði á vald.“*

– Jak. 4:7.

Við viljum sýna Jehóva að við erum innilega þakklát fyrir þann heiður að fá að tilheyra honum. Að vígjast honum er besta ákvörðun sem við getum tekið því að þannig viðurkennum við að hann á okkur. Við tökum einarða afstöðu gegn því sem Jehóva hatar. Og við elskum og virðum trússystemi okkar þar sem þau tilheyra Jehóva líka. (Rómv. 12:10) Biblían lofar að Jehóva muni ekki yfirgefa fólk sitt. (Sálm. 94:14)

Það er óhagganleg trygging. Jehóva snýr aldrei baki við okkur, sama hvaða erfiðleikum við verðum fyrir. Jafnvel dauðinn getur ekki gert okkur viðskila við kærleika hans. (Rómv. 8:38, 39) „Hvort sem við þess vegna lifum eða deyjum þá erum við Drottins.“ (Rómv. 14:8) Við hlökkum ákaflega til þess dags þegar Jehóva reisir upp trúfasta vini sína sem hafa dáið. (Matt. 22:32) En við njótum líka ríkulegrar blessunar núna. Biblían segir: „Sæl er sú þjóð sem á Drottin að Guði, þjóðin sem hann valdi sér til eignar.“ – Sálm. 33:12. *w18.07* 26 gr. 18–19

## Miðvikudagur 29. apríl

*„Allt er leyfilegt en ekki er allt gagnlegt. Allt er leyfilegt en ekki byggir allt upp.“ – 1. Kor. 10:23.*

Sumar ákvarðanir snúast um persónuleg mál eins og menntun og atvinnu og því gæti sumum fundist að þeir ættu að hafa frelsi til að velja það sem þeim sýnist svo framarlega sem það brýtur ekki gegn samvisku þeirra. Ef til vill hafa þeir í huga það sem Páll skrifaði kristnum mönnum í Korintu varðandi mat: „Hvers vegna skyldi samviska annars manns geta haft frelsi mitt?“ (1. Kor. 10:29) Vissulega höfum við frelsi til að taka eigin ákvarðanir varðandi þessa hluti en við verðum þó að muna að frelsið er skilyrðum háð og að allar ákvarðanir okkar hafa einhverjar afleiðingar. Af þeirri ástæðu sagði Páll það sem kemur fram í versni dagsins. Þetta sýnir okkur fram á að þó að við höfum frelsi til að taka eigin ákvarðanir í persónulegum málum er ýmislegt sem skiptir mun meira máli en hvað við viljum sjálf. *w18.04* 10 gr. 10



## Fimmtudagur 30. apríl

*„Snúid aftur til mín, þá sný ég aftur til ykkar.“ – Mal. 3:7.*

Vottur Jehóva nú á dögum gæti sagst tilbiðja Jehóva en á sama tíma gert hluti sem hann hatar. (Júd. 11) Kannski gælir hann við siðlausa draumóra, elur á græðgi eða ber kala til trústskinis. (1. Jóh. 2:15–17; 3:15) Slíkur hugsunarháttur getur orðið til þess að hann syndgi. Vel má vera að á sama tíma sé hann virkur í boðuninni og sækji samkomur að staðaldri. Þótt annað fólk viti ekki hvernig við hugsam og hegðum okkur sér Jehóva allt. Það fer ekki fram hjá honum ef við þjónum honum ekki af öllu hjarta. (Jer. 17:9, 10) Jehóva gefst þó ekki auðveldlega upp á okkur. Ef við förum út á ranga braut hvetur hann okkur til að snúa aftur til sín. Jehóva veit að við þurfum að glíma við veikleika. En hann vill að við höfnum því sem er illt. (Jes. 55:7) Ef við gerum það stendur hann með okkur og styrkir okkur andlega, tilfinningalega og líkamlega þannig að við getum sigrast á syndugum tilhneigingum okkar. – 1. Mós. 4:7. *w18.07* 18 gr. 5–6

## Föstudagur 1. maí

*Elskið aðkomumanninn.  
– 5. Mós. 10:19.*

Á síðustu árum hafa flóttamenn streymt til ýmissa landa. Þú gætir lært að heilsa á þeirra máli. Síðan gætirðu lært fæinar setningar sem eru til þess fallnar að vekja áhuga þeirra. Í framhaldi af því geturðu kannski vísað þeim á [jw.org](http://jw.org) og sýnt þeim úrval myndbanda og rita sem eru til á þeirra máli. Jehóva sér okkur fyrir því sem við þurfum til að ná árangri þegar við boð-

um trúna. Á samkomunni Líf okkar og boðun fáum við leiðbeiningar sem hjálpa okkur að vera öruggari þegar við förum í endurheimsóknir og höldum biblíunámskeið. Foreldrar, hjálpið börnunum að láta ljós sitt lýsa með því að kenna þeim að svara með eigin orðum. Einföld og einlæg svör þeirra hafa stundum laðað fólk að sannleikanum. – 1. Kor. 14:25. *w18.06* 22–23 gr. 7–9

## Laugardagur 2. maí

*„Takið því hvert annað að ykkur eins og Kristur tók ykkur að sér.“  
– Róm. 15:7.*

Það er gott fyrir okkur að muna að einu sinni vorum við öll útlendingar í þeim skilningi að við vorum fjarlæg Guði. (Ef. 2:12) En Jehóva dró okkur til sín „með taugum kærleikans“. (Hós. 11:4; Jóh. 6:44) Og Kristur tók okkur opnum örmum. Hann opnaði leiðina fyrir okkur svo að við gætum tilheyrt fjölskyldu Guðs. Þar sem Jesús tók okkur opnum örmum þrátt fyrir ófullkomleika okkar ætti það ekki einu sinni að hvarfla að okkur að hafna nokkrum manni. Sundrung, fjandskapur og fordómar eiga eftir að aukast í heiminum eftir því sem endir þessa illa heimskerfis færast nær. (Gal. 5:19–21; 2. Tím. 3:13) En við sem þjónum Jehóva sækjumst eftir þeirri „speki sem að ofan er“. Hún er óhlutdræg og stuðlar að friði. (Jak. 3:17, 18) Það gleður okkur að eignast vini frá öðrum löndum. Við lærum að meta ólíka menningarheima og getum jafnvel lært ný tungumál. Þá verður friður okkar sem fljót og réttlæti okkar eins og öldur hafsins. – Jes. 48:17, 18. *w18.06* 12 gr. 18–19

### Sunnudagur 3. maí

*Verið skóuð á fótunum með fús-  
leik til að flytja fagnaðarboðin um  
frið. – Ef. 6:15.*

Rómverskur hermaður var ekki búinn undir bardaga nema hann væri í skóm. Skórnir voru úr þreföldu leðri, þægilegir og mjög sterkir. Hermaðurinn gat því verið öruggur í spori á göngunni. Skór rómverskra hermanna gerðu þeim kleift að ganga fram í orrustu en táknrænn fótabúnaður kristinna manna gerir þeim kleift að boða fagnaðarboðskap friðarins. (Jes. 52:7; Róm. 10:15) En það kostar visst hugrekki að láta í sér heyra þegar tækifæri gefst. „Ég þorði ekki að vitna fyrir bekkjarfélögunum,“ segir Bo sem er tvítugur. „Ég held mér hafi fundist það vandræðalegt. Þegar ég horfi um öxl skil ég ekki af hverju mér leið þannig. Núna finnst mér gaman að segja jafnöldrum mínum frá trúnni.“ Ungu fólki í söfnuðinum finnst yfirleitt auðveldara að boða fagnaðarerindið ef það er vel undirbúið. *18.05 29 gr. 9–11*

### Mánudagur 4. maí

*„Berið mikinn ávöxt.“  
– Jóh. 15:8.*

Jesús sagði við postulana: „Minn frið gef ég yður.“ (Jóh. 14:27) Hvernig hjálpar friður Jesú okkur að bera ávöxt? Ef við höldum þolgóð út í boðuninni finnum við fyrir innri ró vegna þess að vitum að það gleður Jehóva og Jesú. (Sálm. 149:4; Róm. 5:3, 4; Kól. 3:15) Eftir að Jesús hafði sagt postulunum að hann vildi að „fögnuður þeirra væri fullkominn“ útskýrði hann fyrir þeim mikilvægi þess að sýna fórnfúsan kærleika.

(Jóh. 15:11–13) Því næst sagði hann: „Ég kalla yður vini.“ Hugsaðu þér hve ómetanleg gjöf það er að eiga Jesú að vini! En hvað þurftu postularnir að gera til að halda vináttu hans? Þeir þurftu að „fara og bera ávöxt“, það er að segja að halda áfram að boða trúna. (Jóh. 15:14–16) Um tveim árum áður hafði Jesús gefið þeim þessi fyrirmæli: „*Farið* og prédikið: Himnaríki er í nánd.“ (Matt. 10:7) Og síðasta kvöldið fyrir dauða sinn hvatti hann þá til að vera *staðfastir* í því verki sem þeir höfðu hafist handa við. – Matt. 24:13; Mark. 3:14. *18.05 20–21 gr. 15–16*

### Þriðjudagur 5. maí

*„Það sem maður sáir, það mun  
hann og uppskera.“  
– Gal. 6:7.*

Unglingar, takið ákvörðun um að einbeita ykkur að því að gera vilja Jehóva. Það þýðir að þungamiðjan í lífinu sé markmið þín í þjónustunni við Jehóva. Jafnaldarnir láta sennilega lífið snúast um það að skemmta sér. Þeir vilja eflaust fá þig með líka. Fyrir eða síðar þarftu að sýna hversu ákveðinn þú ert í að standa við ákvarðanir þínar. Láttu ekki undan hópprýstingi. Hægt er að bregðast við hópprýstingi á ýmsa vegu. Þú getur til dæmis forðast aðstæður þar sem þú veist að þú verður fyrir freistingum. (Orðskv. 22:3) Hafðu í huga afleiðingarnar af því að fylgja slæmri hegðun annarra. Það er líka gott að átta sig á því að maður þarf á leiðsögn að halda. Ef þú ert auðmjúk ertu opinn fyrir leiðbeiningum frá foreldrum þínum og andlega þroskuðum trússystemum. (1. Pét. 5:5, 6) Ertu nægilega auðmjúk til þess að hlusta á góð ráð? *18.04 28–29 gr. 14–16*

## Miðvikudagur 6. maí

*„Haldið fast við það sem þér hafið þangað til ég kem. Þeim er sigrar og varðveitir allt til enda það sem ég geri og kenni mun ég gefa sama vald yfir þjóðunum sem faðirinn gaf mér.“ – Opinb. 2:25, 26.*

Þegar Jesús lét rita nokkrum söfnuðum í Litlu-Asíu lét hann í ljós þakklæti sitt fyrir það sem fylgjendur hans gerðu. Hann hóf til dæmis erindi sitt til safnaðarins í Þýatíru með þessum orðum: „Ég þekki verk in þín, elsku þína og trú, þjónustu þína og þolgæði og veit að hin síðari verk þín eru meiri en hin fyrri.“ (Opinb. 2:19) Jesús nefndi bæði að safnaðarmenn hefðu aukið starf sitt og hrósaði þeim fyrir þá eiginleika sem bjuggu að baki góðum verkum þeirra. Þó að hann hafi þurft að leiðbeina sumum í Þýatíru hóf hann bæði mál sitt og endaði á hvatningu. (Opinb. 2:27, 28) Hugsaðu um valdið sem Jesús hefur sem höfuð allra safnaða. Hann þarf ekki að þakka okkur fyrir það sem við gerum fyrir hann. Engu að síður finnst honum mikilvægt að tjá þakklæti sitt. Hann er öldungunum frábær fyrirmynd. *w19.02* 16 gr. 10

## Fimmtudagur 7. maí

*Júdas og Sílas hvöttu bræðurna og systurnar með mörgum orðum og styrktu þau. – Post. 15:32.*

Hið stjórnandi ráð á fyrstu öld var hvetjandi og uppörvandi fyrir þá sem fóru með forystuna og fyrir kristna menn almennt. Ráðið sendi tvo fulltrúa sína, þá Pétur og Jóhannes, til að biðja fyrir þeim sem höfðu tekið trú svo að þeir fengju heilagan anda. (Post. 8:5, 14–17) Það hlýtur að hafa verið mjög hvetjandi fyrir Filippus og þá sem hann

hafði snúið til trúar að finna fyrir þessum stuðningi hins stjórnandi ráðs. Hið stjórnandi ráð Votta Jehóva nú á dögum hvetur og uppörvar þá sem starfa á Betel, þá sem vinna að boðuninni í fullu starfi og reyndar alla sem tilheyra bræðralaginu í heiminum. Og uppörvunin gleður ekki síður en á fyrstu öld. Árið 2015 gaf ráðið enn fremur út bæklinginn *Snúðu aftur til Jehóva* og hann hefur verið mörgum til mikillar uppörvunar víða um heim. *w18.04* 19 gr. 18–20

## Föstudagur 8. maí

*Þér munuð þekkja sannleikann, og sannleikurinn mun gera yður frjálsta. – Jóh. 8:32.*

Sumir halda að því meira frelsi sem þeir hafa því betra. En raunin er sú að óheft frelsi er tvieggjað sverð. Okkur hrýs hugur við tilhugsuninni um hvernig heimurinn liti út ef engar hömlur væru til staðar. *The World Book Encyclopedia* segir: „Lög hvers skipulagðs þjóðfélags mynda flókið mynstur frelsis og hamla sem þurfa að vera í jafnvægi.“ „Flókið“ er sannarlega rétta orðið. Hugsum bara um þær endalausar raðir lögbóka sem menn hafa skrifað, svo ekki sé minnst á allan þann herskara lögfræðinga og dómara sem þarf til að túlka þessi lög og framfylgja þeim. Leiðbeiningar Jesú um að öðlast hið sanna frelsi fela tvennt í sér. Í fyrsta lagi þurfum við að taka við sannleikanum sem hann kenndi og í öðru lagi að verða lærísveinar hans. Ef við gerum það hljótum við hið sanna frelsi. En frelsi frá hverju? Jesús útskýrði það í framhaldinu: „Hver sem drýgir synd er þræll syndarinnar ... Ef sonurinn frelsar yður munuð þér sannarlega verða frjál sir.“ – Jóh. 8:34, 36. *w18.04* 6–7 gr. 13–14

## Laugardagur 9. maí

### Verið öll hluttekningarsöm.

- 1. Pét. 3:8.

Okkur líður vel innan um fólk sem lætur sér annnt um tilfinningar okkar og velferð. Það reynir að setja sig í spor okkar, að skilja hvað við erum að hugsa og hvernig okkur líður. Það gerir sér grein fyrir þörfum okkar og réttir fram hjálparhönd - jafnvel áður en við biðjum um nokkuð. Við kunnum að meta þá sem sýna okkur hluttekningu. Við sem erum kristin viljum öll sýna samúð. En það er ekki alltaf auðvelt. Hvers vegna? Í fyrsta lagi vegna þess að við erum ófullkomin. (Róm. 3:23) Við verðum því að berjast gegn þeirri meðfæddu tilhneigingu að hugsa fyrst og fremst um sjálf okkur. Auk þess eiga sum okkar erfitt með að sýna samúð vegna þess hvernig við vorum alin upp eða vegna einhvers sem hefur gerst í lífi okkar. Það getur líka verið að viðhorf annarra hafi áhrif á okkur. Á þessum síðustu dögum eru margar „sérgóðir“ og tillitslausir. (2. Tím. 3:1, 2) En við getum sýnt hluttekningu í ríkari mæli með því að líkja eftir Jehóva Guði og syni hans, Jesú Kristi. *w19.03* 14 gr. 1-3

## Sunnudagur 10. maí

### „Varðveit hjarta þitt.“

- Orðskv. 4:23.

Boðorðin tíu enda á banni við ágirnd, það er að segja að ala á rangri löngun í það sem einhver annar á. (5. Mós. 5:21; Róm. 7:7) Jehóva veitti verðmæta kennslu með þessu boði - þjónar hans verða að vernda hjartað, það er að segja hugsanir sínar og tilfinningar. Hann veit að illar hugsanir og tilfinningar eru undanfari rangra verka. Davíð konungur féll í þá gryfju. Alla jafna var hann góður maður. En einu sinni girntist hann konu annars manns og löngun

hans leiddi til þess að hann syndgaði. (Jak. 1:14, 15) Davíð framdi hjúskaparbrott, reyndi að blekkja eiginmann konunnar og lét síðan drepa hann. (2. Sam. 11:2-4; 12:7-11) Jehóva sér meira en það sem er hið ytra. Hann sér það sem býr í hjartanu, það sem við erum hið innra. (1. Sam. 16:7) Við getum ekki falið hugsanir okkar, tilfinningar eða verk fyrir honum. Hann leitar að því góða í okkur og hvetur okkur til að efla það. En hann vill að við komum auga á rangar hugsanir og berjumst gegn þeim svo að þær leiði ekki til rangra verka. - 2. Kron. 16:9; Matt. 5:27-30. *w19.02* 21 gr. 9; 22 gr. 11

## Mánudagur 11. maí

### Leitið Drottins, allir hógværir í landinu. Ástundið auðmýkt.

- Sef. 2:3.

Bíblían segir að Móse hafi verið „hógværi maður, hógværi en nokkur annar á jörðinni“. (4. Mós. 12:3) Þýðir það að hann hafi verið veiklyndur, óákveðinn og hræddur við árekstra? Þó að sumir myndu lýsa hógværum manni á þann hátt er sannleikurinn allt annar. Móse var sterkur, ákveðinn og hugrakkur þjónn Guðs. Með hjálp Jehóva stóð hann hugrakkur frammi fyrir voldugum stjórnanda Egyptalands, leiddi þjóð sem var hugsanlega um 3.000.000 manna í gegnum eyðimörk og hjálpaði Ísraelsþjóðinni að sigrast á óvinum sínum. Við þurfum ekki að takast á við sömu erfiðleika og Móse en á hverjum degi þurfum við að takast á við fólk eða aðstæður sem gera okkur erfitt um vik að vera hógværi. Við fáum þó sterka hvatningu til að þroska með okkur þennan eiginleika. Jehóva lofar: „Hinir hógværu fá landið til eignar.“ (Sálm. 37:11) Myndirðu segja að þú værir hógværi? Myndu aðrir lýsa þér þannig? *w19.02* 8 gr. 1-2

## **Þriðjudagur 12. maí**

*„Vei þeim sem kalla hið illa gott.“  
– Jes. 5:20.*

Maðurinn hefur búið yfir samvisku síðan hann var skapaður. Adam og Eva földu sig eftir að þau brutu lög Guðs. Það gefur til kynna að samviskan hafi angrað þau. Það má líkja manni með illa þjálfaða samvisku við skip með bilaðan átta-vita. Það getur verið stórhættulegt að leggja upp í sjóferð ef áttavitinn er ekki rétt stilltur. Vindar og hafstraumar geta hæglega borið skip af leið. Rétt stilltur áttaviti auðveldar skipstjóra að halda rétttri stefnu. Samviskan er að sumu leyti eins og áttaviti. Hún er innri vitund um rétt og rangt sem getur vísað okkur í rétta átt. En til að samviskan sé öruggur leiðarvísir þarf að stilla hana rétt. Ef samviskan er ekki rétt þjálfuð varar hún mann ekki við því að gera rangt. (1. Tím. 4:1, 2) Hún getur jafnvel talið manni trú um að „hið illa sé gott“. *w18.06* 16 gr. 1–3

## **Miðvikudagur 13. maí**

*„Fylgið ekki háttsemi þessa heims.“ – Róm. 12:2.*

Við verðum líka að átta okkur á hugarfari heimsins þegar það er sett fram á lævísan hátt, og hafna því. Til dæmis gæti frétt verið þannig sett fram að hún hygði ákveðinni stjórnmalaskoðun. Og sumar fréttir upphefja markmið og afrek sem heimurinn telur mikilvæg. Kvikmyndir og bækur ýta oft undir þá skoðun að maður eigi að láta sjálfan sig og fjölskylduna ganga fyrir öllu öðru. Þær láta það virðast sanngjarnt, aðlaðandi og jafnvel rétt. Slík sjónarmið líta fram hjá því sem Biblían segir um að fjölskyldur okkar og sjálfsálit dafni þegar við elsk-

um Jehóva framar öllu öðru. (Matt. 22:36–39) Þetta þýðir ekki að það sé rangt að njóta heilnæmrar afþreyingar. En við ættum að spyrja okkur eftirfarandi spurninga: Berum við kennsl á hugmyndir heimsins, jafnvel þegar þær eru settar óbeint fram? Setjum við því takmörk hvað börnin okkar og við sjálf horfum á og lesum? Kennum við börnum okkar að líta málin sömu augum og Jehóva til að veða á móti hugmyndum heimsins sem þau sjá og heyra? *w18.11* 22 gr. 18–19

## **Fimmtudagur 14. maí**

*„Óttast eigi því að ég er með þér.“  
– Jes. 41:10.*

Jehóva sýnir að hann er með okkur með því að veita okkur óskipta athygli og láta sér innilega annt um okkur. Taktu eftir hvernig hann tjáir blíðar og sterkar tilfinningar sínar í okkar garð. „Þú ert *dýrmætur* í augum mínum, *mikils metinn* og ég *elska* þig,“ segir Jehóva. (Jes. 43:4) Ekkert afl í alheiminum getur fengið Jehóva til að hætta að elska þá sem þjóna honum. Trúfesti hans er óhagganleg. (Jes. 54:10) Jehóva lofar ekki að taka burt erfiðleika lífsins en hann leyfir hins vegar ekki að við druknum í ‚vatnsföllum‘ vandamála eða að eldraunir skaði okkur varanlega. Hann lofar að vera með okkur með því að hjálpa okkur að ‚ganga gegnum‘ erfiðleikana. Hvernig gerir hann það? Hann hjálpar okkur að sefa ótta okkar svo að við getum verið honum trúföst, jafnvel þótt við stöndum andspænis dauðanum. (Jes. 41:13; 43:2) Þegar við treystum á loforð Jehóva, „ég er með þér“, verðum við hugrökk og sterk í prófraunum. *w19.01* 3 gr. 4–6

## Föstudagur 15. maí

*„Mörg er ráðagerð mannhjartans en áform Drottins standa.“*

– Orðskv. 19:21.

Ef þú ert unglingur hafa kennarar, námsráðgjafar og aðrir kannski hvatt þig til að afla þér æðri menntunar og reyna að komast í vel launaða vinnu. En Jehóva hvetur þig til að taka aðra stefnu. Hann vill að vísu að þú leggir hart að þér á meðan þú ert í skóla svo að þú getir séð fyrir þér eftir að þú útskrifast. (Kól. 3:23) En þegar þú þarft að meta hvað eigi að hafa forgang í lífinu hvetur hann þig til að fara eftir skynsamlegum meginreglum sem samræmast fyrirætlun hans og vilja með okkur nú á endalokatím- anum. (Matt. 24:14) Jehóva þekkir framtíð þessa heims og veit hve stutt er í endinn. (Jes. 46:10; Matt. 24:3, 36) Þar að auki þekkir hann okkur. Hann veit hvað gefur okkur sanna lífsfyllingu og gerir okkur hamingjusöm og einnig hvað veldur okkur vonbrigðum og óhamingju. Það skiptir því ekki máli hversu skynsamlegar ráðleggingar manna kunna að virðast. Ef þær byggjast ekki á orði Guðs er ekkert vit í þeim. *w18.12* 19 gr. 1–2

## Laugardagur 16. maí

*Hinn óguðlegi er horfinn.*

– Sálm. 37:10.

„En hinir hógværðu fá landið til eignar og gleðjast yfir miklu gengi.“ Davíð var einnig innblásið að spá: „Réttlátir fá landið til eignar og búa þar ævinlega.“ (Sálm. 37:11, 29; 2. Sam. 23:2) Hvaða áhrif heldurðu að þessi loforð hafi haft á þá sem vildu gera vilja Guðs? Þeir höfðu góða ástæðu til að ætla að fyrst aðeins réttlátt fólk fengi að búa á jörð-

inni yrði hún með tímanum aftur að paradís eins og Edengarðurinn var. Flestir Ísraelsmenn, sem sögðust þjóna Jehóva, sneru með tímanum baki við honum og sannri tilbeiðslu. Guð leyfði því Babýloníumönnum að vinna sigur á þjóðinni, leggja landið í eyði og hneppa marga íbúa þess í útlegð. (2. Kron. 36:15–21; Jer. 4:22–27) Spámenn Guðs sögðu hins vegar fyrir að 70 árum síðar myndi fólk hans snúa aftur til heimalands síns. Þessir spádómar rættust. En þeir hafa líka þýðingu fyrir okkur – paradís á jörð. *w18.12* 4 gr. 9–10

## Sunnudagur 17. maí

*„Eins og himinninn er hátt yfir jörðinni eru mínir vegir hærri yðar vegum og mínar hugsanir hærri yðar hugsunum.“* – Jes. 55:9.

Mörg ráð frá heiminum stangast á við Biblíuna. En gæti verið að ráð heimsins séu betri en ráð Biblíunnar? „Spekin sannast af verkum sínum,“ sagði Jesús. (Matt. 11:19) Þrátt fyrir miklar tækniframfarir í heiminum hefur enn ekki tekist að leysa stóru vandamálin sem koma í veg fyrir hamingju, eins og stríð, kynþáttafordóma og glæpi. Auk þess er kynferðislegt siðleysi talið viðunandi í heiminum. Margir viðurkenna að það leysi ekki vandamál heldur stuðli að sundruðum heimilum, sjúkdómum og öðrum erfiðleikum. En þeir sem tileinka sér sjónarmið Guðs njóta meiri hamingju í fjölskyldunni og friðar við trússystemum um allan heim. Þeir eru líka siðferðilega hreinir og því við betri heilsu. (Jes. 2:4; Post. 10:34, 35; 1. Kor. 6:9–11) Sýnir þetta ekki að hugarfar Jehóva er æðra hugarfari heimsins? *w18.11* 20 gr. 8–10

## Mánudagur 18. maí

*„Vondur félagsskapur spillir góðum síðum.“ – 1. Kor. 15:33.*

Við reynum auðvitað okkar besta til að eiga gott samband við alla í fjölskyldunni og koma vel fram við þá en við verðum að gæta þess að hvika ekki frá sannleikanum til að þóknast þeim. Við eigum aðeins að eiga náinn vinskapa við þá sem elska Jehóva. Allir sem ganga í sannleikanum verða að vera heilagir. (Jes. 35:8; 1. Pét. 1:14–16) Þegar við tókum við sannleikanum þurftum við öll að gera breytingar á lífi okkar til að laga okkur að mælikvarða Biblíunnar. Sumir hafa þurft að gera gríðarlegar breytingar. En hvernig sem því er farið megum við aldrei skipta á hreinu og heilögu lífi okkar fyrir siðlausan óþverra þessa heims. Hvernig getum við forðast að leiðast út í síðleysi? Hugsum um hve hátt verð Jehóva greiddi til að við gætum verið heilög – dýrmætt blóð sonar síns, Jesú Krists. (1. Pét. 1:18, 19) Til að vera hrein frammi fyrir Jehóva verðum við stöðugt að hafa í huga hversu verðmæt lausnarfórn Jesú er. *w18.11 11 gr. 10–11*

## Þriðjudagur 19. maí

*Ég bið eftir Guði hjálpræðis míns.  
Guð minn mun heyra til mín.  
– Míka 7:7.*

Að einbeita sér að boðuninni hjálpar manni að halda jafnvægi þegar aðstæður breytast. Það geta margir sem þjóna Jehóva í fullu starfi staðfest. Dæmi þeirra sýna að við varðveitum innri frið þegar við nýtum aðstæður okkar sem best og treystum algerlega á Jehóva. Við gætum jafnvel áttað okkur á að trú okkar hafi styrkst við það að við lögðu okkur að nýjum aðstæðum. Ef lífið tekur óvænta stefnu – hvort

sem það snertir heilsuna, fjölskylduábyrgð eða þjónustuna við Jehóva – máttu vera viss um að Jehóva er annst um þig og hann hjálpar þér á réttum tíma. (Hebr. 4:16; 1. Pét. 5:6, 7) Þangað til skaltu nýta aðstæður þínar sem best. Styrktu sambandið við himneskan föður þinn með því að biðja til hans og lærðu að reiða þig algerlega á hann. Þannig geturðu varðveitt innri frið þótt aðstæður þínar breytist. *w18.10 30 gr. 17; 31 gr. 19, 22*

## Miðvikudagur 20. maí

*Jehóva þekkir eðli vort, minnst þess að vér erum mold.  
– Sálm. 103:14.*

Í Biblíunni höfum við fjölda dæma sem sýna fram á að Jehóva er tillitssamur og hugulsamur við þjóna sína. Skoðum til dæmis hvernig Jehóva sýndi hinum unga Samúel tillitssemi þegar hann bað hann að flytja Elí æðstapresti dómsboðskap eins og fram kemur í 1. Samúelsbók 3:1–18. Lögmál Jehóva kvað á um að börn ættu að bera virðingu fyrir eldra fólki, sérstaklega þeim sem hefðu ákveðið vald. (2. Mós. 22:27; 3. Mós. 19:32) Það er því erfitt að ímynda sér að ungur drengur eins og Samúel myndi fara til hins aldrada Elí snemma morguns og flytja honum blákalt þungan dómsboðskap Guðs. Í frásögunni segir reyndar að Samúel „hafi ekki þorað að segja Elí frá sýninni“. Guð sá hins vegar til þess að Elí gerði sér fulla grein fyrir að það var hann sem kallaði á Samúel. Elí fór þess vegna fram á að Samúel segði sér allt af léttu. Samúel hlýddi og „sagði honum allt“ og orð hans samræmdust fyrri boðskap. (1. Sam. 2:27–36) Frásagan af Samúel og Elí sýnir okkur hve tillitssamur og vitur Jehóva er. *w18.09 23 gr. 2; 24 gr. 4–5*

## Fimmtudagur 21. maí

*Drottinn, hver fær að leita hælis í tjaldi þínu? Sá sem talar sannleik af hjarta. – Sálm. 15:1, 2.*

Það er orðið algengt að ljúga. Í greininni „Hvers vegna ljúgum við?“ eftir Yudhijit Bhattacharjee kemur fram að „búið sé að viðurkenna að lygi sé rótgróin í eðli manna“. Fólki lýgur oft sjálfum sér til verndar eða framdráttar. Það lýgur til að fela mistök sín og afbrot eða til að hagnast á því. Í greininni segir einnig að til sé fólk sem „fer létt með að ljúga í stóru sem smáu að ókunnugum, vinnufélögum, vinum og ástvinum“. Hvaða afleiðingar hefur öll þessi lygi í för með sér? Fólk treystir ekki lengur hvert öðru og sambönd slitna. Sálmaritarinn Davíð sagði við Jehóva í bæn: „Þú hefur þóknun á hreinskilni hið innra.“ (Sálm. 51:8) Davíð vissi að heiðarleiki kemur frá hjartanu. Sannkristnir menn „segja sannleikann hver við annan“ á öllum sviðum lífsins. – Sak. 8:16. *w18.10* 7 gr. 4; 8 gr. 9–10; 10 gr. 19

## Föstudagur 22. maí

*„Hann leiddi þá óhulta og ótta-  
lausu.“ – Sálm. 78:53.*

Þegar Ísraelsmenn yfirgáfu Egiptaland árið 1513 f.Kr. voru þeir hugsanlega um þrjár milljónir. Í þeim hópi voru þrjár eða jafnvel fjórir ættliðir. Þar voru börn, aldraðir og eflaust einhverjir heilsuveilir eða fatlaðir. Þessi stóri hópur fólks þurfti á skilningsrikum og hugulsömum leiðtoga að halda. Jehóva var einmitt þannig leiðtogi þegar hann lét Móse fara fyrir þjóðinni. Fyrir vikið fundu Ísraelsmenn til öryggis þegar þeir yfirgáfu

einu heimkynnin sem þeir þekktu. (Sálm. 78:52) Hvað gerði Jehóva svo að þjóðinni myndist hún örugg og óhult? Meðal annars leiddi hann hana út úr Egiptalandi í vel skipulagðri „herfylkingu“. (2. Mós. 13:18, NW) Þessi röð og regla fullvissaði Ísraelsmenn um að Guð þeirra væri við stjórnvölinn. Auk þess leiddi Jehóva þá með „skýi um daga og um nætur með lýsandi eldi“ til að minna þá á að hann væri með þeim. (Sálm. 78:14) Hann var í raun að segja: „Óttist ekki. Ég er með ykkur, ég leiðbeini ykkur og vernda.“ *w18.09* 26 gr. 11–12

## Laugardagur 23. maí

*Æ, að þú vildir fela mig í undirheimum, ákveða mér stund og minnast mín þá. – Job. 14:13.*

Sumum trúföstum þjónum Jehóva á bibliútímanum fannst aðstæður sínar svo yfirþyrmandi að þá langaði til að deyja. Job var sárkvalinn þegar hann sagði: „Ég er uppgefinn, ég vil ekki lifa lengur.“ (Job. 7:16) Jónas var svo vonsvikinn þegar hann sá árangurinn af verkefni sínu að hann sagði: „En nú, Drottinn. Taktu líf mitt því að mér er betra að deyja en lifa.“ (Jónas 4:3) Og eitt sinn fannst spámanninum Elía aðstæður sínar gera sér svo erfitt fyrir að hann bað um að fá að deyja. Hann sagði: „Mál er nú, Drottinn, að þú takir líf mitt.“ (1. Kon. 19:4) En Jehóva mat þessa trúföstu þjóna sína mikils og vildi að þeir lifðu. Í stað þess að dæma þá fyrir liðan þeirra hjálpaði hann þeim að sigrast á lönguninni til að deyja og byggði þá upp í kærlleika til að þeir gætu haldið áfram að þjóna honum trúfastir. *w18.09* 13 gr. 4



## Sunnudagur 24. maí

„Samverkamenn Guðs erum við.“

– 1. Kor. 3:9.

Samverkamenn Guðs eru þekktir fyrir að vera gestrisnir. Gríska orðið, sem þýtt er ‚gestrisni‘ í Biblíunni, merkir „kærleikur í garð ókunnugra“. (Hebr. 13:2) Við getum lært að sýna slíkan kærleika með því að lesa um atburði sem skráðir eru í orði Guðs. (1. Mós. 18:1-5) Við ættum að grípa hvert tækifæri sem við fáum til að hjálpa öðrum, hvort sem það eru trússystemi okkar eða aðrir. (Gal. 6:10) Við getum unnið með Guði með því að sýna gestrisni þeim sem þjóna í fullu starfi og þurfa á gistingu að halda. (3. Jóh. 5, 8) Þegar við gerum það fáum við tækifæri til að „uppörvast saman“. (Róm. 1:11, 12) Biblían hvetur menn í söfnuðinum til að vera samverkamenn Jehóva með því að setja sér það markmið að verða safnaðarþjónar og öldungar. (1. Tím. 3:1, 8, 9; 1. Pét. 5:2, 3) Þeir sem stefna að því vilja bæði aðstoða aðra í trúnni og á öðrum sviðum. (Post. 6:1-4) Og þeir sem sinna nauðsynlegum verkefnum innan safnaðarins segja að það veiti mikla ánægju að geta orðið öðrum að liði. *18.08* 24 gr. 6-7; 25 gr. 10

## Mánudagur 25. maí

„Ávita þú ekki aldraðan mann harðlega heldur uppörva hann sem föður.“ – 1. Tím. 5:1.

Tímóteus átti að sýna eldri bræðrum umhyggju og virðingu þó svo að hann hefði ákveðið vald yfir þeim. En á þetta alltaf við? Ættum við til dæmis að líta fram hjá því ef einhver sem er eldri en við syndgar af ásettu ráði eða hvetur til einhvers

sem Jehóva mislíkar? Jehóva dæmir ekki eftir útlitinu og hann lokar ekki augunum fyrir synd af ásettu ráði bara af því að sá sem drýgði hana er kominn á efri ár. Tökum eftir því sem segir í Jesaja 65:20: „Syndarinn verður bölvður, jafnvel þótt hann sé hundrað ára.“ (*NW*) Svipuð meginregla kemur fram í sýn Esekíels. (Esek. 9:5-7) Það skiptir sem sagt mestu máli að við sýnum virðingu Hinum aldna, Jehóva Guði. (Dan. 7:9, 10, 13, 14) Ef við gerum það erum við ekki hrædd við að leiðrétta þann sem þarf á því að halda, sama hversu gamall hann er. – Gal. 6:1. *18.08* 11 gr. 13-14

## Þriðjudagur 26. maí

„Einfaldur maður trúir öllu en hygginn maður kann fótum sínum forráð.“ – Orðskv. 14:15.

Við sem erum vottar Jehóva þurfum að læra að leggja mat á upplýsingar og draga réttar ályktanir. (Orðskv. 3:21-23; 8:4, 5) Ef við gerum það ekki er hæðarleikur fyrir Satan og heiminn, sem hann stjórnar, að villa um fyrir okkur. (Ef. 5:6; Kól. 2:8) Við getum auðvitað ekki dregið réttar ályktanir nema við séum með staðreyndirnar á hreinu. Upplýsingaflóðið, sem vefsíður, sjónvarp og aðrir fjölmiðlar dæla frá sér, virðist óendanlegt. Margir eru auk þess að drukkna í tölvupósti, textaskilaboðum og frásögum frá vinum og kunningjum sem vilja vel. Það er þó full ástæða til að vera varkár og vega og meta vandlega það sem við lesum og heyrum þar sem algengt er að fólk dreifi vísitandi ósannindum og rangfærslum. *18.08* 3 gr. 1, 3

## Miðvikudagur 27. maí

„Þú hefur fundið náð hjá Guði.“  
– Lúk. 1:30.

Þegar tíminn var kominn fyrir son Guðs að fæðast sem mannsbarn valdi Guð Maríu, auðmjúka unga mey, til að vera móðir þessa sérstaka barns. María bjó í Nasaret, ómerkilegri borg langt frá Jerúsalem og hinu mikilfenglega musteri. (Lúk. 1:26–33) Við sjáum af því sem hún sagði við Elísabetu, frænku sína, að hún átti mjög náð samband við Jehóva. (Lúk. 1:46–55) Jehóva hafði fylgst með Maríu og hún hlaut þessa óvæntu blessun vegna trúfesti sinnar. Þegar Jesús fæddist tilkynnti Jehóva ekki háttsettum ráðamönnum og stjórnendum Jerúsalemborgar og Betlehem um fæðingu hans. Hann sendi öllu heldur engla til auðmjúkra hirða sem gættu fjár í haga fyrir utan Betlehem. (Lúk. 2:8–14) Þeir fengu að heyra hvað hafði gerst og fóru þá til að líta á nýfætt barnið. (Lúk. 2:15–17) Það hlýtur að hafa komið Maríu og Jósef gleðilega á óvart að Jesús skyldi vera heiðraður með þessum hætti. *w18.07* 9–10 gr. 11–12

## Fimmtudagur 28. maí

„Drottinn reiddist Salómon.“  
– 1. Kon. 11:9.

Af hverju reiddist Jehóva Salómon? Í Biblíunni segir: „Vegna þess að hann hafði gerst fráhrerfur Drottni ... sem hafði birst honum tvisvar og bannað honum að fylgja öðrum guðum. Salómon hafði ekki farið eftir því sem Drottinn bauð honum.“ Fyrir vikið missti Salómon velþóknun og stuðning Guðs. Erfingjar hans fengu ekki að ríkja yfir öllu Ísraelsríki og þurftu að súpa seyðið af rangri breytni hans í hundruð ára. (1. Kon. 11:9–13) Það er aug-

ljóst af dæmi Salómons að við stofnum sambandi okkar við Jehóva í hættu ef við veljum okkur vini sem hvorki skilja né virða mælikvarða hans. Það geta verið einhverjir sem tilheyra söfnuðinum en eru veikir í trúnni. Eða kannski eru það ættingjar okkar, nágrannar, vinnufélagar eða skólafélagar sem tilbiðja ekki Jehóva. Hvernig sem því er farið getum við með tímanum misst velþóknun Jehóva ef við veljum okkur vini sem lifa ekki eftir mælikvarða hans. *w18.07* 19 gr. 9–10

## Föstudagur 29. maí

„Allur heimurinn er á valdi hins vondra.“ – 1. Jóh. 5:19.

Satan notar kvikmyndir og sjónvarpsþætti til að koma hugsunarhætti sínum á framfæri. Hann veit að sögur eru mun meira en skemmtun – þær kenna okkur hvernig við eigum að hugsa og hegða okkur og hvernig okkur á að líða. Jesús nýtti sér vel þessa kennsluáðferð. Meðal annars má nefna dæmisöguna um miskunnsama Samverjann og um soninn sem fór að heiman og sólundaði arfi sínum. (Matt. 13:34; Lúk. 10:29–37; 15:11–32) En þeir sem hafa smitast af hugarfari Satans geta notað sögur til að spilla okkur. Við þurfum að gæta jafnvægis. Kvikmyndir og sjónvarpsþættir geta verið skemmtilegir og fræðandi án þess að spilla hugsunarhætti okkar. En við þurfum að vera á verði. Þegar við veljum okkur afþreyingarefni er gott að spyrja sig: Gefur þessi mynd eða þáttur mér þau skilaboð að það sé í lagi að láta undan holdlegum löngunum? (Gal. 5:19–21; Ef. 2:1–3) Hvað ættirðu að gera ef þú verður var við að sjónvarpsefni ýtir undir viðhorf Satans? Forðastu það eins og pestina! *w19.01* 15–16 gr. 6–7

## Laugardagur 30. maí

*„Setjið upp hjálm hjálpræðisins.“  
– Ef. 6:17.*

„Vonin um frelsun“ verndar huga okkar, rétt eins og hjálmurinn verndar höfuð hermansins. (1. Þess. 5:8; Orðskv. 3:21) Hvernig gæti Satan fengið okkur til að taka hjálminn ofan? Munum hvað hann reyndi að fá Jesú til að gera. Satan vissi auðvitað að Jesús átti þá von að ríkja yfir mannkyninu þegar fram liðu stundir. En fyrst þyrfti hann að þjást og deyja og síðan biða eftir að rétti tíminn rynni upp. Satan bauð honum því að stytta sér leið og sjá vonina rætast fyrr. Hann stakk upp á að Jesús tilbæði hann einu sinni og þá fengi hann heimsyferráð umsvifalaust. (Lúk. 4:5-7) Satan veit líka að Jehóva býður okkur margs konar efnisleg gæði í nýja heiminum. En við þurfum að biða eftir því og við gætum þurft að þola ýmsa erfiðleika áður en það gerist. Satan býðst því til að gefa okkur tækifæri til að njóta lífsins gæða umsvifalaust. Hann vill að við sækjumst eftir efnislegum gæðum strax og setjum ríki Guðs í annað sætið. – Matt. 6:31-33. *w18.05 30-31 gr. 15-17*

## Sunnudagur 31. maí

*„Láttu liggja vel á þér unglingsár þín.“ – Préd. 11:9.*

Jehóva vill augljóslega að það liggji vel á ykkur unglingunum. Einbeittu þér að markmiðum þínum í þjónustunni við Jehóva og hafðu hann með í öllum áformum. Því fyrr sem þú gerir það því fyrr finnur þú fyrir leiðsögn, vernd og blessun Jehóva. Hugleiddu öll þau góðu ráð sem þú finnur í orði Guðs og taktu til þín orðin í Prédikaranum 12:1: „Mundu eftir skapara þín-

um á unglingsárum þínum.“ Unglingar í söfnuðinum eiga hrós skilið fyrir að vera staðráðnir í að einbeita sér að þjónustunni við Jehóva. Það gera þeir með því að vinna að markmiðum sínum í þjónustunni og með því að setja boðunina í forgang. Þeir eru ákveðnir í að láta heiminn ekki trufla sig og mega vera vissir um að það sem þeir leggja á sig sé vel þess virði. Unglingar hafa kærleiksríkan stuðning trústystkina sinna og þegar þeir láta sambandið við Jehóva hafa forgang bera áform þeirra árangur. *w18.04 29 gr. 17, 19*

## Mánudagur 1. júní

*„Faðirinn veiti yður sérhvað það sem þér biðjið hann um í mínu nafni.“ – Jóh. 15:16.*

Þetta loforð hlýtur að hafa verið uppörvandi fyrir postulana. Leiðtogi þeirra átti ekki langt eftir ólífað sem maður á jörð þó að þeir gerðu sér ekki enn fulla grein fyrir því. En þeir yrðu ekki skildir eftir einir og óstuddir. Jehóva var reiðubúinn að svara bænnum þeirra og hjálpa þeim að boða fagnaðarerindið um ríkið. Og það gerði hann því að skömmu síðar fundu þeir hvernig hann svaraði bænnum þeirra og hjálpaði þeim. (Post. 4:29, 31) Hið sama á við nú á dögum. Ef við höldum áfram að bera ávöxt eigum við Jesú að vini. Auk þess megum við vera viss um að Jehóva er reiðubúinn að svara bænnum okkar og hjálpa okkur að yfirstiga hindranir sem verða á vegi okkar í boðuninni. (Fil. 4:13) Við erum ákaflega þakklát að Jehóva skuli svara bænnum okkar og að Jesús skuli vera vinur okkar. Þessar gjafir frá Jehóva styrkja okkur til að halda áfram að bera ávöxt. – Jak. 1:17. *w18.05 21 gr. 17-18*

## **Þriðjudagur 2. júní**

*„Uppörvið hvert annað og það því fremur sem þið sjáið að dagurinn færir nær.“ – Hebr. 10:25.*

Það liðu ekki nema fimm ár þang- að til kristnir Gyðingar í Jerúsalem sáu að „dagur Drottins“ var í nánd og táknið um að þeir þyrftu að flýja borgina blasti við. (Post. 2:19, 20; Lúk. 21:20–22) Þessi dagur Jehóva rann upp árið 70 þegar Rómverjar fullnægðu dómi hans á Jerúsalem. Við höfum fulla ástæðu til að ætla að „mikill og ógurlegur“ dagur Jehóva sé í nánd. (Jóel 2:11) Sefanía spámaður sagði: „Í nánd er hinn mikli dagur Drottins, hann er í nánd og færir óðfluga nær.“ (Sef. 1:14) Þessi spádómlega viðvörðun á einnig við um okkar tíma. Í ljósi þess hve dagur Jehóva er nálægur segir Páll að við eigum að láta okkur annat hvert um annað og „hvetja hvert annað til kærleika og góðra verka“. (Hebr. 10:24) Við ættum þess vegna að láta okkur umhugaðra um trússystkini okkar en nokkru sinni fyrr til að geta hvatt þau og uppörv- að hvenær sem þörf er á. *w18.04* 20 gr. 1–2

## **Miðvikudagur 3. júní**

*„Óttastu ekki og láttu ekki hugfall- ast því að Drottinn, Guð þinn, er með þér hvert sem þú ferð.“ – Jós. 1:9.*

Hvílík hvatning sem Jehóva veitti Jósúa áður en hann átti að skipta fyrirheitna landinu á milli Ísraelsmanna. Jehóva hvatti ekki aðeins einstaklinga heldur einnig þjóna sína í heild. Það hlýtur að hafa verið uppörvandi fyrir Gyðingana, sem voru í útleið í Babýlon, að heyra þessi spádómlegu orð

frá Jehóva: „Óttast eigi því að ég er með þér, vertu ekki hræddur því að ég er þinn Guð. Ég styrki þig, ég hjálpa þér, ég styð þig með sigrandi hendi minni.“ (Jes. 41:10) Frumkristnir menn fengu sams konar lof- orð, og hið sama er að segja um þjóna Guðs nú á dögum. (2. Kor. 1:3, 4) Jesús fékk líka hvatningu frá föður sínum. Þegar hann skírð- ist heyrði hann rödd af himni sem sagði: „Þessi er minn elskaði son- ur sem ég hef velþökun á.“ (Matt. 3:17) Jesús hlýtur að hafa sótt mikinn styrk í þessi orð meðan hann þjónaði hér á jörð. *w18.04* 16 gr. 3–5

## **Fimmtudagur 4. júní**

*„Af skilningstré góðs og ills máttu ekki eta.“ – 1. Mós. 2:17.*

Margir sem lesa þessi fyrirmæli Jehóva til Adams nú á tímum myndu segja að Adam hafi verið neitað um frelsi til að gera það sem hann vildi. Þannig rugla þeir sam- an frjálsa viljanum og réttinum til að *ákveða* hvað er gott og hvað er illt. Adam og Eva höfðu frelsi til að kjósa hvort þau myndu hlýða Guði eða ekki. En það er aðeins Je- hóva sem hefur algeran rétt til að ákveða hvað er gott og hvað er illt, rétt eins og „skilningstré góðs og ills“ í Edengarðinum var táknum. (1. Mós. 2:9) Með fyrirmælum sín- um kenndi Jehóva Adam og Evu hvernig þau ættu að fara með hið sanna frelsi. Foreldrar mannkyns kusu því miður að óhlýðnast. Átti val Adams og Evu eftir að auka frelsi þeirra með einhverjum hætti? Nei. Þau sóttust eftir að fá að ráða sér sjálf en glötuðu þannig hinu sanna frelsi sem þau höfðu fengið. *w18.04* 5–6 gr. 9–12

## Föstudagur 5. júní

*„Ávallt þegar þeir voru í nauð-  
um staddir, kenndi hann nauða.“*

– Jes. 63:9, Biblían 1981.

Jehóva finnur ekki aðeins til með þjónum sínum sem þjáast. Hann hjálpar þeim líka. Þegar Ísraelsmenn voru þrælur í Egyptalandi gerði hann sér grein fyrir þjáningum þeirra og fann sig knúinn til að lina þær. Hann sagði við Móse: „Ég hef séð eynd þjóðar minnar ... og heyrð kvein hennar ... Já, ég þekki þjáningu hennar. Ég er kominn niður til að bjarga henni úr greipum Egypta.“ (2. Mós. 3:7, 8) Jehóva leysti þjóð sína úr þrælkuninni af því að hann fann til með henni. Síðar meir urðu Ísraelsmenn fyrir árásum óvina í fyrirheitna landinu. Hvaða áhrif hafði það á Jehóva? Hann „kenndi í brjósti um þá er þeir kveinuðu undan kúgurum sínum og kvölurum“. Umhyggja Jehóva varð aftur til þess að hann hjálpaði þjónum sínum. Hann sendi dómara til að frelsa þjóðina úr höndum óvinanna. – Dóm. 2:16, 18. *w19.03* 15 gr. 4–5

## Laugardagur 6. júní

*„Hvort fær kona gleymt brjóst-  
barni sínu að hún miskunni eigi  
lífsafkvæmi sínu? Og þó að þær  
gætu gleymt þá gleymi ég þær samt  
ekki.“ – Jes. 49:15.*

Tvö fyrstu boðorðin kváðu á um að Ísraelsmenn ættu aðeins að tilbiðja Jehóva og vörðu við skurðgodadýrkun. (2. Mós. 20:3–6) Þessi boðorð voru þjóðinni til góðs frekar en honum sjálfum. Þegar hún tilbað guði nágrannaþjóðanna vegnaði henni illa. Aftur á móti blessaði Jehóva þjóðina þegar hún var honum trú og menn voru réttlátir í samskiptum sín á milli. (1. Kon. 10:4–9)

Það er ekki Jehóva að kenna þegar þeir sem segjast þjóna honum hunsa meginreglur hans og fara illa með þjóna hans. Jehóva elskar okkur og veit af því þegar við verðum fyrir óréttlæti. Hann finnur til með okkur, jafnvel meira en móðir finnur til með barni sínu sem þjáist. Þó að hann grípi kannski ekki inn í strax mun hann á sínum tíma láta iðrunarlausa syndara svara til saka fyrir að hafa farið illa með aðra. *w19.02* 22 gr. 13–15

## Sunnudagur 7. júní

*Verði ekki minn heldur þinn vilji.*

– Lúk. 22:42.

Á samkomum vikurnar fyrir minningarhátíðina er athyglinni yfirleitt beint að fordæmi Jesú og auðmýktinni sem hann sýndi með því að gefa líf sitt sem lausnargjald. Það er okkur hvatning til að líkja eftir auðmýkt hans og gera vilja Jehóva, líka þegar okkur finnst það erfitt. Munum hversu hugrakkur hann var dagana áður en hann dó. Hann gerði sér fulla grein fyrir því að óvinir hans myndu brátt niðurlægja hann og berja og að lokum taka hann af lífi. (Matt. 20:17–19) Samt var hann fús til að deyja. Þegar stundin var runnin upp sagði hann við trúfasta postula sína sem voru með honum í Getsemanegarðinum: „Standið upp, förum! Í nánd er sá er mig svíkur.“ (Matt. 26:36, 46) Og þegar hópur vopnaðra manna kom til að handtaka hann gaf hann sig fram og bað hermennina að leyfa postulunum að fara. (Jóh. 18:3–8) Hvílíkt hugrekki sem Jesús sýndi! Andasmurðir kristnir menn og þeir sem tilheyra öðrum sauðum gera sitt ýtrasta til að líkja eftir Jesú með því að sýna hugrekki. *w19.01* 27–28 gr. 7–8

## Mánudagur 8. júní

„Ástundið auðmýkt.“ – Sef. 2:3.

Rétt eins og listamaður sameinar marga fallega liti til að búa til málverk verðum við að sameina marga aðlaðandi eiginleika til að vera hógvæ. Meðal þeirra eru auðmýkt, undirgefni, mildi og innri styrkur. Menn þurfa auðmýkt til að beygja sig undir vilja Guðs en hann vill meðal annars að við séum mild. (Matt. 5:5, NW; Gal. 5:23, NW) Þegar við gerum vilja Guðs verður Satan bálreiður. Þess vegna hatar margt fólk í heimi Satans okkur þó að við séum auðmjúk og mild. (Jóh. 15:18, 19) Við þurfum því innri styrk til að standa á móti Satan. Andstæðan við hógværd er að vera hrokafullur, sýna stjórnlausu reiði og hlýða ekki Jehóva. Satan er nákvæmlega þannig. Það er því ekki að furða að hann skuli hata hógvært fólk. Það afhjúpar galla hans. Og það sem er enn verra fyrir Satan er að hógvært fólk sannar að hann er lygari. Hann getur ekki fengið hógvært fólk til að hætta að þjóna Jehóva, sama hvað hann segir eða gerir. – Job. 2:3–5. *w19.02* 8–9 gr. 3–5

## Þriðjudagur 9. júní

„Vertu ekki hræddur því að ég er þinn Guð.“ – Jes. 41:10.

Jehóva vissi að íbúar Babýloníu áttu eftir að finna til ótta. Óflugir herir Meda og Persa myndu ráðast á Babýlon. Jehóva átti eftir að nota þennan her til að frelsa þjóð sína úr ánaud í Babýlon. (Jes. 41:2–4) Þegar Babýloníumenn og fólk af öðrum þjóðum vissu að óvinir nálguðust reyndu þeir að varðveita hugrekkid með því að segja hver við annan: „Vertu hughraustur.“ Þeir bjuggu líka til fleiri skurðgoð sem þeir vonuðust til að myndu vernda þá. (Jes.

41:5–7) En Jehóva sefaði hjörtu útlaganna því að hann hafði sagt: „Þú, Ísrael [ekki hinar þjóðirnar], þjónn minn ... vertu ekki hræddur því að ég er þinn Guð.“ (Jes. 41:8–10) Taktu eftir að Jehóva sagði: „Ég er þinn Guð.“ Með þessum orðum fullvissaði Jehóva trúfasta tilbiðjendur sína um að hann hafði ekki gleymt þeim og þeir voru enn þjóð hans. Hann sagði við þá: „Ég mun bera yður og frelsa.“ Þessi hughreystandi orð styrktu án efa Gyðinga í útleigðinni. – Jes. 46:3, 4. *w19.01* 4 gr. 8

## Miðvikudagur 10. júní

„Rödd kom af himnum: ‚Þú ert minn elskaði sonur, á þér hef ég velþóknun.‘“ – Mark. 1:11.

Í Markúsi 1:9–11 segir frá því þegar Jehóva talaði frá himni í fyrsta skipti af þremur. Jehóva sagði: „Þú ert minn elskaði sonur, á þér hef ég velþóknun.“ Það hlýtur að hafa snert Jesú djúpt að heyra föður sinn lýsa því yfir að hann elskaði hann og treysti honum. Orð Jehóva staðfestu þrenn mikilvæg sannindi um Jesú. Í fyrsta lagi að Jesús er sonur hans. Í öðru lagi að Jehóva elskar son sinn. Og í þriðja lagi að Jehóva hefur velþóknun á syni sínum. Með því að segja ‚þú ert sonur minn‘ gaf Jehóva til kynna að Jesús, elskaður sonur hans, hefði tengst honum á nýjan hátt. Þegar Jesús var á himni var hann andasonur Guðs. En þegar hann lét skírast var hann smurður heilögum anda. Þá lét Jehóva í ljós að Jesús, sem andasmurður sonur hans, hefði þá eignast von um að fara aftur til himna til að verða útvalinn konungur Guðs og æðstiprestur. (Lúk. 1:31–33; Hebr. 1:8, 9; 2:17) Þegar Jesús lét skírast hafði Jehóva því góða og gilda ástæðu til að segja: ‚Þú ert sonur minn.‘ – Lúk. 3:22. *w19.03* 8 gr. 3–4

## Fimmtudagur 11. júní

*Engin viska er til gegn Drottni.  
- Orðsku. 21:30.*

Slæm ráð hafa verið til allt frá því snemma í mannkynssögunni þegar Satan kom til sögunnar. Hann varð hrokafullur og tók upp hjá sjálfum sér að gerast ráðgjafi. Hann sagði Evu að þau hjónin yrðu hamingjusamari ef þau færu sínar eigin leiðir í lífinu. (1. Mós. 3:1-6) En hvatir Satans voru eigingjarnar. Hann vildi að Adam og Eva – ásamt væntanlegum afkomendum þeirra – myndu lúta *honum* og tilbiðja *hann* frekar en að tilbiðja Jehóva. En það var Jehóva sem hafði gefið þeim allt sem þau áttu – hvort annað, fallega garðinn sem þau bjuggu í, fullkominn líkama og möguleika á eilífu lífi. Því miður óhlýðnuðust Adam og Eva Guði og slitu sig þannig frá honum. Eins og við vitum voru afleiðingarnar hörmulegar. Líkt og blóm visna þegar þau eru slitin upp byrjuðu Adam og Eva að hrörna og dóu að lokum. Afkomendur þeirra fundu einnig fyrir afleiðingum syndarinnar. (Rómv. 5:12) En flestir velja samt sem áður að lúta ekki yfirráðum Guðs. Þeir vilja fara sínar eigin leiðir í lífinu. (Ef. 2:1-3) Afleiðingarnar sýna greinilega að það er það er viska í versí dagsins. *18.12 20 gr. 3-4*

## Föstudagur 12. júní

*Við tölum ekki með orðum sem mannlegur vísdomur kennir heldur með orðum sem andi Guðs kennir og útlistum andleg efni á andlegan hátt. - 1. Kor. 2:13.*

Páll postuli var greindur og menntaður maður og hann kunni að minnsta kosti tvö tungumál. (Post. 5:34; 21:37, 39; 22:2, 3) En hann hafnaði veraldlegri visku þegar hann

þurfti að meta hvort eitthvað væri rétt eða rangt. Hann tók ákvarðanir með hliðsjón af Ritningunni. (Post. 17:2; 1. Kor. 2:6, 7) Páll naut þess vegna velgengni í boðuninni og vænti eilífra launa. (2. Tím. 4:8) Það er greinilegt að hugarfar Jehóva er æðra hugarfari heimsins. Ef við lifum eftir stöðlum hans verðum við sannarlega hamingjusöm og njótum velgengni. En Jehóva neyðir okkur ekki til að hugsa eins og hann. „Trúi og hyggni þjónninn“ ráðskast ekki með hugsanir okkar og það gera öldungarnir ekki heldur. (Matt. 24:45; 2. Kor. 1:24) Hvert og eitt okkar ber ábyrgð á að tileinka sér hugarfar Guðs. *18.12 20-21 gr. 12-13*

## Laugardagur 13. júní

*„Sorg og mæða flýja.“  
- Jes. 35:10.*

Fyrir milligöngu Jesaja sagði Guð fyrir að Ísraelsmenn myndu búa við friðsælar aðstæður eftir að þeir sneru heim. Þeir þyrftu ekki að óttast árásir dýra eða dýrslegra manna. Ungir sem aldnir yrðu óhultir. (Jes. 11:6-9; 35:5-10; 51:3) Spádómurinn í Jesaja sagði líka að *allt landið* – sem sagt öll jörðin, ekki aðeins Ísraelsþjóðin – yrði „fullt af þekkingu á Drottni eins og vatn hylur sjávardjúpið“. Jesaja leggur aftur áherslu á að Ísraelsmönnum myndi ekki stafa nein ógn af dýrum eða mönnum eftir að þeir sneru heim. Landið myndi gefa af sér ríkulegan ávöxt vegna þess að nóg yrði af vatni, rétt eins og í Edengarðinum. (1. Mós. 2:10-14; Jer. 31:12) Yrði það eina uppfyllingin? Ekkert bendir til þess að þeir sem sneru heim úr útlegðinni hafi læknastr fyrir kraftaverk. Blindir fengu til að mynda ekki sjónina. Guð var því að gefa til kynna að bókstaflegar lækningar ættu enn eftir að eiga sér stað. *18.12 5 gr. 11-12*

## Sunnudagur 14. júní

*Breyttu eftir sannleikanum.*

– 3. Jóh. 3.

Við vonumst til að geta gengið í sannleikanum um alla eilífð. Hvernig getum við verið enn ákveðnari í að ganga í sannleikanum? Haltu áfram að rannsaka dýrmæt sannindi Biblíunnar og hugleiða það sem þú lest. Kauptu sannleika með því að gefa þér reglulega tíma til að nærast á dýrmætum sannindum í orði Guðs. Þannig eykurðu þakklæti þitt fyrir sannleikann og verður enn ákveðnari í að selja hann aldrei. Í Orðskviðunum 23:23 er okkur sagt að kaupa sannleika. En þar segir líka að við eigum að kaupa „visku, fræðslu [aga, *Biblían 1981*] og skilning“. Það er ekki nóg að hafa þekkingu. Við þurfum að láta sannleikann endurspeglast í lífi okkar. Með skilningi getum við áttað okkur á hvernig allt sem Jehóva segir helst í hendur. Viska knýr okkur til að sýna þekkingu okkar í verki. Og stundum agar sannleikurinn okkur með því að leiða okkur fyrir sjónir hvar við þurfum að gera breytingar. Megum við ávallt vera móttækileg fyrir slíkri leiðsögn. Hún er mun verðmætari en silfur. – Orðskv. 8:10. *w18.11 9 gr. 3; 11 gr. 13–14*

## Mánudagur 15. júní

*„Kauptu sannleika, og seldu hann ekki.“ – Orðskv. 23:23.*

Hvað er það verðmætasta sem þú átt? Myndirðu láta það af hendi fyrir eitthvað sem er ekki eins verðmætt? Svörin við þessum spurningum eru ekki flókin fyrir vigða tilbiðjendur Jehóva. Sambandið við Jehóva er það verðmætasta sem við eigum og við myndum ekki skipta á því fyrir nokkuð annað. Sannleikur Biblíunnar er okkur líka afar mikils virði því að hann gerir okkur kleift að

rækta sambandið við föður okkar á himnum. (Kól. 1:9, 10) Hugsaðu þér allt það sem Jehóva kennir okkur í orði sínu, Biblíunni. Hann opinberar okkur sannleikann um nafn sitt og merkingu þess og hvaða aðlaðandi eiginleikum hann býr yfir. Hann upplýsir okkur um hið ómetanlega lausnargjald sem hann greiddi fyrir milligöngu sonar síns, Jesú, vegna þess hve mikið hann elskar okkur. Jehóva upplýsir okkur einnig um Messíasarrikið og vonina um eilíft líf í paradís á jörð. Hann kennir okkur líka hvernig við eigum að hegða okkur. Okkur þykir ákaflega vænt um þessi sannindi þar sem þau gera okkur kleift að eiga náð samband við skapara okkar. Þau gefa lífinu gildi. *w18.11 3 gr. 1–2*

## Þriðjudagur 16. júní

*„Ljúgið ekki hvert að öðru.“*

– Kól. 3:9.

Svikult fólk getur ekki haldið neinu leyndu fyrir Jehóva því að „allt er bert og öndvert augum hans“. (Hebr. 4:13) Ananíás og Saffíra lögðu til dæmis á ráðin um að blekkja postulana. Þau seldu eign en færðu postulunum aðeins hluta af ágóðanum. Hjónin þóttust gefa meira en þau í raun gerðu til að líta betur út í augum safnaðarins. En Jehóva sá hvað þau gerðu og refsaði þeim í samræmi við það. (Post. 5:1–10) Hvað finnst Jehóva um lygar? Satan og allir iðrunarlausir og illgjarnir lygarar, sem líkja eftir honum, lenda í ‚diki elds‘. (Opinb. 20:10; 21:8; Sál. 5:7) Við vitum að Jehóva „er ekki maður sem lýgur“. Reyndar „er óhugsandi að Guð fari með lygi“. (4. Mós. 23:19; Hebr. 6:18) ‚Drottinn hatar lygna tungu.‘ (Orðskv. 6:16, 17) Við þurfum að lifa samkvæmt mælikvarða Jehóva og vera sannsögul til að hljóta velþóknun hans. *w18.10 8 gr. 10–13*



## Miðvikudagur 17. júní

„Stunda þetta.“

– 1. Tím. 4:15.

Segjum að vinnuveitandi þinn bæði þig um að gefa pening í sjóð fyrir fagnað sem tengist falskri tilbeiðslu. Hvað myndirðu gera? Hugleiddu *núna* hvernig Jehóva lítur á slík mál í stað þess að bíða þar til svona staða kemur upp. Þá verður auðveldara fyrir þig að bregðast rétt við. Að hugleiða viðhorf Jehóva *núna* getur líka hjálpað okkur að vera honum trú ef við lendum í slysi eða öðru bráðatilfalli. Við erum að sjálfsögðu ákveðin í að þiggja ekki heilblóð eða einhverja af blóðhlutunum fjórum. (Post. 15:28, 29) En um sumar læknismeðferðir þar sem blóð er notað þarf hver og einn þjónn Jehóva að taka ákvörðun byggða á viðhorfum Jehóva eins og þau koma fram í meginreglum Bibliunnar. Að sjálfsögðu er ekki besti tíminn til að meta slík mál þegar maður er á spítala, jafnvel kvalinn og þrýst er á mann að taka ákvörðun fljótt. *Núna* er rétti tíminn til að rannsaka málið, gera bindandi yfirlýsingu um vilja sinn og tala við lækninn. *w18.11* 24 gr. 5; 26 gr. 15–16

## Fimmtudagur 18. júní

„Sá sem hlýðir á mig mun búa óhultur.“ – Orðskv. 1:33.

Jehóva er kærleiksríkur hirðir sem annast þjóna sína og ver þá og verndar gegn óvinum. Það er sannarlega hughreystandi til þess að vita nú þegar endir þessa heimskerfis færast óðfluga nær. Jehóva mun halda áfram að annast þjóna sína í þrengingunni miklu sem brestur á innan skamms. (Op-

inb. 7:9, 10) Þá munu þjónar Guðs ekki örvænta eða lamast af ótta, hvort sem þeir eru ungir eða gamlir, heilbrigðir eða fatlaðir. Þvert á móti munu þeir hafa hugföst orð Jesú Krists: „Réttið úr yður og berið höfuðið hátt því að lausn yðar er í nánd.“ (Lúk. 21:28) Þeir treysta hugrakkir á Jehóva þegar Góg gerir árás, en hann táknar bandalag öflugra þjóða. (Esek. 38:2, 14–16) Hvers vegna bera þeir slíkt traust til Jehóva? Þeir vita að hann breytist ekki. Hann mun alltaf sýna að hann er umhyggjusamur og hugulsamur bjargvættur. – Jes. 26:20. *w18.09* 26 gr. 15–16

## Föstudagur 19. júní

*Þú ert dýrmætur í augum mínum og ég elska þig.*

– Jes. 43:4.

Það hefur eflaust verið mjög hvetjandi fyrir trúfasta Ísraelsmenn að heyra orð Jehóva sem vitnað er í hér að ofan. Sem þjónn Jehóva getur þú líka verið viss um að hann elski þig heitt. Orð Guðs gefur okkur þetta loforð: „Hin frelsandi hetja. Hann mun fagna og gleðjast yfir þér.“ (Sef. 3:16, 17) Jehóva lofar að styrkja og hugga þjóna sína í hvaða erfiðleikum sem er. „Brjóstmykingar hennar verða bornir á mjöðminni og þeim hossað á hnjánum. Eins og móðir huggar barn sitt, eins mun ég hugga yður.“ (Jes. 66:12, 13) Þetta er falleg líking – ástrík móðir er með barn sitt á mjöðminni eða hossar því á hnjánum. Jehóva lýsir hér á hjartnæman hátt hlýju sinni og áköfum kærleika til trúfastra þjóna sinna. Efastu aldrei um að þú sért Jehóva mjög dýrmætur. – Jer. 31:3. *w18.09* 13 gr. 6–7

## Laugardagur 20. júní

*„Hver er nú reiðubúinn að færa Drottni gjöf?“*

– 1. Kron. 29:5.

Í Ísrael til forna var oft þörf á sjálfboðaliðum. (2. Mós. 36:2; Neh. 11:2) Við höfum líka mörg tækifæri til að bjóða fram tíma okkar, fjármuni og hæfileika í þágu bræðra okkar og systra. Við hljótum mikla gleði og ríkulega blessun þegar við bjóðum okkur fúslega fram. Þeir sem bjóða sig fram til að vinna við framkvæmdir á vegum safnaðarins eignast oft nýja vini. Systir að nafni Margie hefur tekið þátt í að byggja ríkissali í 18 ár. Á þeim árum hefur hún tekið að sér margar ungar systur og þjálfað þær. Henni finnst vinna við slíkar framkvæmdir vera frábær leið til að uppörvast saman. (Róm. 1:12) Á erfiðum tímum hefur Margie fengið uppörvun frá vinum sem hún eignaðist í þessum verkefnum. Hefur þú einhvern tíma boðið þig fram til að vinna við slíkar framkvæmdir? *w18.08 25 gr. 9, 11*

## Sunnudagur 21. júní

*„Lát engan líta smáum augum á æsku þína en ver fyrirmynd trúaðra í orði og hegðun, í kærleika, trú og hreinlífi.“*

– 1. Tím. 4:12.

Tímóteus var ef til vill um þriðugt þegar Páll skrifaði þetta. En Páll hafði falið honum mikla ábyrgð. Óháð því hvers vegna Páll gaf þessar leiðbeiningar eru skilaboðin skýr. Við megum ekki dæma yngri bræður eftir aldri þeirra. Höfum hugfast að Jesús var aðeins 33 ára þegar hann lauk þjónustu sinni hér á jörð. Sums staðar í heimin-

um ber fólk litla virðingu fyrir yngri mönnum. Ef því er þannig farið þar sem þú býrð má vera að sumir öldungar hiki við að mæla með því að yngri bræður séu útnefndir safnaðarþjónar eða öldungar, jafnvel þótt þeir uppfylli hæfniskröfurnar. Allir öldungar ættu að hafa í huga að Biblían setur engin aldurstakmörk fyrir því hvenær bræður geta orðið safnaðarþjónar eða öldungar. – 1. Tím. 3:1–10, 12, 13; Tít. 1:5–9. *w18.08 11–12 gr. 15–16*

## Mánudagur 22. júní

*Forðast þá speki sem svo er rangnefnd. – 1. Tím. 6:20.*

Við þurfum áreiðanlegar upplýsingar til að taka skynsamlegar ákvarðanir. Þess vegna verðum við að vera mjög vandfýsin á það sem við lesum. (Fil. 4:8, 9) Við ættum ekki að sóa tímanum í að lesa vafasamar fréttavefsíður eða óstaðfestar fréttir sem dreift er í tölvupósti. Það er sérstaklega mikilvægt að forðast vefsíður þar sem fráhrarfsmenn viðra skoðanir sínar. Eina markmið þeirra er að brjóta niður trú þjóna Jehóva og rangfæra sannleikann. Vafasamar upplýsingar eru ávísun á slæmar ákvarðanir. Við skulum aldrei vanmeta hve sterk áhrif villandi upplýsingar geta haft á huga okkar og hjarta. Tökum dæmi frá dögum Móse. Tólf njósnarar voru sendir til að kanna fyrirheitna landið. Tíu þeirra gáfu mjög neikvæða og ýkta mynd af því. (4. Mós. 13:25–33) Frásögn þeirra var allsvakaleg og dró allan kjark úr þjóð Jehóva. (4. Mós. 14:1–4, 6–10) Í stað þess að kynna sér staðreyndirnar og treysta á Jehóva kaus fólk að trúá neikvæðu frásögunni. *w18.08 4 gr. 4–5*

## **Þriðjudagur 23. júní**

*„Villist ekki. Vondur félagsskapur spillir góðum siðum.“*

– 1. Kor. 15:33.

Flestir búa yfir einhverjum góðum eiginleikum og margir utan safnaðarins forðast að gera það sem er augljóslega rangt. En þýðir það endilega að þeir séu góður félagsskapur? Veltu fyrir þér hvaða áhrif umgengni við þá hefur á samband þitt við Jehóva. Auðvelda þeir þér að styrkja það? Hvað býr í hjörtum þeirra? Tala þeir aðallega um tísku, peninga, nýjstu tæknina, skemmtun eða annað þvíumlíkt? Tala þeir oft illa um aðra eða segja dónalega brandara? „Af gnægð hjartans mælir munnurinn,“ sagði Jesús, og það er viðvörðun við hæfi. (Matt. 12:34) Ef þú áttar þig á að þeir sem þú umgengst stofna sambandi þínu við Jehóva í hættu skaltu ekki hika við að draga úr samskiptum við þá og jafnvel slíta vinskapanum ef þess er þörf. – Orðskv. 13:20. *w18.07* 19 gr. 11

## **Miðvikudagur 24. júní**

*Móse var hógværingur en nokkur annar.*

– 4. Mós. 12:3.

Þegar Móse var áttræður fól Jehóva honum að frelsa Ísraelsmenn úr þrældómnum í Egyptalandi. (2. Mós. 3:10) Móse reyndi ítrek að að koma sér undan. En Jehóva var þolinmóður og gaf Móse jafnvel mátt til að vinna kraftaverk. (2. Mós. 4:2–9, 21) Hann hefði hæglega getað hrætt Móse til hlýðni. En þess í stað var hann þolinmóður og góður og reyndi að stappa stálinu í auðmjúkan og hógværing

þjón sinn. Bar það árangur? Heldur betur. Móse varð framúrskarandi leiðtogi sem reyndi að vera mildur og tillitssamur við aðra líkt og Jehóva hafði verið við hann. Ef þú hefur visst vald er gífurlega mikilvægt að þú líkir eftir Jehóva og sért tillitssamur, góður og þolinmóður í samskiptum við aðra. (Kól. 3:19–21; 1. Pét. 5:1–3) Ef þú leggur þig fram um að líkja eftir Jehóva og Jesú Kristi, hinum meiri Móse, finnst öðrum bæði auðvelt og uppörvandi að leita til þín. – Matt. 11:28, 29. *w18.09* 24–25 gr. 7–10

## **Fimmtudagur 25. júní**

*„Hversu fagurt og yndislegt það er þegar bræður búa saman.“*

– Sálm. 133:1.

Við getum haft jákvæð áhrif á trússystemi og stuðlað að einingu í söfnuðinum. Þú átt hrós skilið ef þú gerir það. Geturðu lagt þig enn betur fram við að kynnast bræðrum þínum og systur í söfnuðinum? (2. Kor. 6:11–13) Geturðu gert enn meira til að láta ljós sannleikans lýsa í hverfinu þínu? Þú getur hugsanlega laðað nágretta að sannleika Biblíunnar með vngjarnlegum orðum þínum og verkum. Hvernig líta nágrennarnir á þig? Leggurðu áherslu á að heimilið og lóðin sé snyrtileg og hverfinu til sóma? Ertu hjálpfús við nágrennana? Hví ekki að spyrja aðra votta hvernig þeir hafi haft áhrif á ættingja, nágrenna, vinnufélaga eða skólafélaga með góðvild sinni og góðri hegðun? Þeir hafa trúlega frá einhverju jákvæðu að segja. – Ef. 5:9. *w18.06* 24 gr. 13–14

## Föstudagur 26. júní

*„Sú stund kemur að hver sem líflætur yður þykist veita Guði þjónustu.“  
- Jóh. 16:2.*

Þannig var það hjá þeim sem urðu lærisveininum Stefáni að bana og hið sama má segja um aðra þeim líka. (Post. 6:8, 12; 7:54-60) Það er kaldhæðnislegt að trúarofstækismenn, sem fremja vonskuverk á borð við morð, skuli þverbrjóta lög Guðs sem þeir þykjast tilbiðja. (2. Mós. 20:13) Samviska þeirra er greinilega stórbrengruð. Hvað getum við gert til að samviskan haldi áfram að virka rétt? Meginreglur Biblíunnar og lög eru „nytsöm til fræðslu, umvöndunar, leiðréttingar og menntunar í réttlæti“. (2. Tím. 3:16) Ef við erum iðin við biblíunám, hugleiðum það sem við lesum og förum eftir því sem Biblían segir þjálfum við samviskuna þannig að hún verði næm fyrir viðhorfum Guðs og geti verið öruggur leiðarvísir. *18.06* 16-17 gr. 3-4

## Laugardagur 27. júní

*„Grípið sverð andans, Guðs orð.“  
- Ef. 6:17.*

Á dögum Páls notuðu rómverskir fótgönguliðar sverð sem var um 50 sentímetra langt og ætlað til bardaga í návígi. Þeir voru mjög leiknir að beita sverðinu, meðal annars vegna þess að þeir æfðu sig daglega. Páll líkir Biblíunni við sverð sem Jehóva hefur gefið okkur. En við þurfum að læra að beita henni fagmannlega til að verja trúna - eða leiðrétta hugarfar okkar. (2. Kor. 10:4, 5; 2. Tím.

2:15) Það er engin ástæða til að óttast Satan og illu andana. Þeir eru ógnvekjandi en ekki ósigrandi. Og þeir eru dauðlegir. Í þúsundaráríki Krists verða þeir fangelsaðir og geta ekkert gert af sér. Að síðustu verður þeim útrýmt. (Opinb. 20:1-3, 7-10) Við þekkjum óvin okkar, markmið hans og aðferðir. Við getum staðið gegn honum með hjálp Jehóva. *18.05* 30 gr. 15; 31 gr. 19-21

## Sunnudagur 28. júní

*„Þá sagði höggormurinn við konuna: „Sannið til, þið munuð ekki deyja.“  
- 1. Mós. 3:4.*

Adam vissi eflaust að höggormar geta ekki talað. Hann hefur því kannski grunað að andvera hafi talað við Evu fyrir milligöngu höggormsins. (1. Mós. 3:1-6) Adam og Eva vissu nánast ekkert um þessa andaveru. Þrátt fyrir það ákvað Adam vitandi vits að snúa baki við ástrikum föður sínum á himnum og ganga til liðs við þennan ókunnuga anda í uppreisn hans. (1. Tím. 2:14) Jehóva byrjaði þegar í stað að gefa upplýsingar um þennan óvin sem hafði spillt Adam og Evu, og hann lofði að honum yrði að lokum útrýmt. En Jehóva varaði líka við því að þeir sem elskuðu hann yrðu fyrir andstöðu um tíma af hendi andverunnar sem talaði fyrir milligöngu höggormsins. (1. Mós. 3:15) Í visku sinni hefur Jehóva aldrei sagt okkur hvað engillinn heitir sem gerði uppreisn gegn honum. Jehóva upplýsti ekki einu sinni viðurnefni óvinnarins fyrr en um 2.500 árum eftir uppreisnina. - Job. 1:6. *18.05* 22 gr. 1-2

## Mánudagur 29. júní

*Þeir bera ávöxt með stöðuglyndi.*

– Lúk. 8:15.

Ef þú hefur einhvern tíma orðið niðurdreginn af því að fáir á svæðinu sýndu áhuga ertu í svipuðum sporum og Páll postuli var. Á þriggja áratuga þjónustutið sinni hjálpaði hann fjölda fólks að verða lærisveinar Krists. (Post. 14:21; 2. Kor. 3:2, 3) En honum tókst ekki að fá marga Gyðinga til að taka við sannleikanum. Flestir þeirra höfnuðu Páli og sumir ofsóttu hann jafnvel. (Post. 14:19; 17:1, 4, 5, 13) Hvaða áhrif höfðu þessi harkalegu viðbrögð Gyðinganna á Pál? Hann viðurkenndi: „Ég tala sannleika í Kristi ... ég hef mikla hryggð og sífellda kvöl í hjarta mínu.“ (Rómv. 9:1–3) Hvers vegna leið honum þannig? Boðunin var honum hjartans mál og hann boðaði Gyðingum sannleikann af einlægrri umhyggju fyrir þeim. Þess vegna fannst honum sárt að sjá þá hafna miskunn Guðs. Við boðum fólki trúna af einlægrri umhyggju fyrir því líkt og Páll gerði. – Matt. 22:39; 1. Kor. 11:1. *w18.05* 13 gr. 4–5

## Þriðjudagur 30. júní

*„Hugsýki íþyngir hjartanu, eitt vingjarnlegt orð gleður það.“*

– Orðskv. 12:25.

Páll bendir á að þeir sem hafi það verkefni að hvetja aðra þurfi stundum sjálfir að fá uppörvun. Hann skrifaði kristnum mönnum í Róm: „Ég þrái að sjá ykkur til þess að geta miðlað af gjöfum andans svo að þið styrkist eða réttara sagt: Svo að við getum uppörvast saman í sömu trú, ykkar og minni.“ (Rómv. 1:11, 12) Þótt

Páll væri duglegur að hvetja og uppörva aðra þurfti hann stundum sjálfur á uppörvun að halda. (Rómv. 15:30–32) Þeir sem þjóna Jehóva í fullu starfi eiga hrós skilid. Bræður og systur, sem eru einhleyp af því að þau vilja hlýða Jehóva og giftast aðeins „í Drottni“, verðskulda sömuleiðis hvatningu og uppörvun. (1. Kor. 7:39, *Biblían 1981*) Það er líka nauðsynlegt að uppörva bræður og systur sem eru trúföst í ofsóknum eða veikindum. – 2. Þess. 1:3–5. *w18.04* 21 gr. 3–5

## Miðvikudagur 1. júlí

*„Reynið að skilja hver sé vilji Drottins.“ – Ef. 5:17.*

Við lifum á ‚örðugum tíðum‘ og lífið verður jafnvel enn þá erfiðara áður en nýr dagur rís og sönnum friði er komið á um alla jörð. (2. Tím. 3:1) Við ættum því að spyrja okkur hvert við leitum til að fá hjálp og leiðbeiningar. Fyrir mörgum öldum viðurkenndi sálmaskáldið að við höfum þörf fyrir að hefja augu okkar til Jehóva til að fá hjálp þegar eitthvað bjátar á. (Sálm. 123:1–4) Hann bar það að horfa til Jehóva saman við það hvernig þjónn leitar til húsbónda síns. Hvað átti sálmaskáldið við með því? Þjónn leitar ekki aðeins til húsbóndans til að fá fæði og skjól heldur þarf hann líka að leita stöðugt til hans til að vita hvað hann vill og fara síðan að óskum hans. Með svipuðum hætti þurfum við að lesa í orði Guðs daglega til að fullvissa okkur um hvað hann vill að hvert og eitt okkar geri og fylgja síðan þeirri leiðsögn. Þá fyrst getum við verið örugg um að Jehóva hjálpi okkur þegar á reynir. *w18.07* 12 gr. 1–2

## Fimmtudagur 2. júlí

*„Ef sonurinn frelsar yður mun-  
að þér sannarlega verða frjálsir.“*

*- Jóh. 8:36.*

Jesús var að tala um frelsi frá mestu fjötrum og kúgun sem mannkynið hefur nokkurn tíma upplifað – að vera „þrælar syndarinnar“. (Jóh. 8:34) Syndin veldur því ekki bara að við gerum það sem er rangt heldur getur hún einnig komið í veg fyrir að við gerum það sem við vitum að er rétt eða að við gerum okkar ýtrasta til að gera gott. Þannig erum við þrælar syndarinnar og afleiðingin er vonbrigði, sársauki, þjáningar og að lokum dauði. (Rómv. 6:23) Það er ekki fyrr en við losnum úr fjötrum syndarinnar sem við getum hlotið hið sanna frelsi sem Adam og Eva nutu. Orð Jesú, „ef þér farið eftir því sem ég segi“, gefa til kynna að við þurfum að uppfylla ákveðnar kröfur ef við viljum njóta frelsisins sem hann býður okkur. (Jóh. 8:31) Sem vígðir fylgjendur Kristis höfum við afneitað sjálfum okkur og kosið að lifa innan þeirra marka sem hann setti lærisveinum sínum. (Matt. 16:24) Eins og Jesús lofaði hljótum við hið sanna frelsi þegar við fáum að njóta góðs af lausnarfórn hans til fulls. *w18.04* 7 gr. 14–16

## Föstudagur 3. júlí

*„Þú einn þekkir hjörtu manna.“*

*- 2. Kron. 6:30, Biblían 1981.*

Jehóva er umhugað um tilfinningar þjóna sinna – líka þegar þeir sjá málin ekki í réttu ljósi. Tökum Jónas spámann sem dæmi. Guð sendi hann til að flytja Nínívebúum dómsboðskap. Þegar þeir iðruðust ákvað Guð að þyrma þeim, Jónasi til mikillar óánægju. „Honum brann reiðin“ af því að spádómurinn um eyðingu borgarinnar rætt-

ist ekki. En Jehóva var þolinmóður við Jónas og hjálpaði honum að leiðrétta hugarfar sitt. (Jónas 3:10–4:11) Með tímanum skildi Jónas það sem Jehóva var að kenna honum og Jehóva fól honum meira að segja að skrá frásöguna okkur til gagns. (Rómv. 15:4) Samskipti Jehóva við fólk sitt fullvissa okkur um að honum sé ann t um þjóna sína. Hann tekur eftir því þegar við þjáumst. Hann skilur innstu hugsanir okkar, tilfinningar og takmörk. Og hann „lætur ekki reyna [okkur] um megn fram“. (1. Kor. 10:13) Það er hughreystandi loforð! *w19.03* 16 gr. 6–7

## Laugardagur 4. júlí

*„Allt er bert og öndvert augum hans. Honum eigum við reikningskil að gera.“ - Heb. 4:13.*

Í Mósélögnum var kveðið á um að útnefndir öldungar bæru ábyrgð á að taka á málum sem tengdust tilbeiðslunni en einnig á ágreiningsmálum og glæpum. Skoðum nokkur dæmi. Ef Ísraelsmaður varð manni að bana var ekki sjálfgefið að hann yrði tekinn af lífi. Öldungar borgarinnar áttu að rannsaka tildrög málsins áður en ákveðið var hvort dauðarefsing væri við hæfi. (5. Mós. 19:2–7, 11–13) Öldungarnir dæmdu einnig í mörgum hversdagslegum málum, allt frá því að leysa úr deilum um eigur til þess að leysa úr ágreiningsmálum hjóna. (2. Mós. 21:35; 5. Mós. 22:13–19) Allir nutu góðs af þegar öldungarnir voru sanngjarnir og Ísraelsmenn fóru eftir lögmálinu. Og þá var þjóðin Jehóva til heiðurs. (3. Mós. 20:7, 8; Jes. 48:17, 18) Af þessu lærum við að öll svið lífs okkar skipta Jehóva máli. Hann vill að við séum sanngjörn og kærleiksrík í samskiptum við aðra. Og hann tekur eftir því sem við segjum og gerum, jafnvel þegar enginn annar sér til. *w19.02* 23 gr. 16–18

## Sunnudagur 5. júlí

*Hann var þjáður en lauk eigi upp munnni sínum. – Jes. 53:7.*

Þegar maður er undir álagi er erfiðtt að vera högvær. Við getum orðið kuldaleg og hörð við aðra. Ef þú hefur verið undir álagi skaltu hugleiða fordæmi Jesú. Jesús var undir gríðarlegu álagi síðustu mánuðina sem hann lifði á jörðinni. Hann vissi að hann yrði líflátinn og þyrfti að líða miklar kvalir. (Jóh. 3:14, 15; Gal. 3:13) Nokkrum mánuðum fyrir dauða sinn sagði hann að það sem væri fram undan hvíldi þungt á sér. (Lúk. 12:50) Og aðeins nokkrum dögum áður en hann dó úthelti hann hjarta sínu í bæn til Guðs og sagði: „Nú er sál mín skelfd.“ Við skynjum á þessari bæn högværð hans og undirgefni við Guð. (Jóh. 12:27, 28) Þegar tími Jesú kom gaf hann sig hugrakkur á vald óvina Guðs sem líflétu hann á gífurlega niðurlægjandi og kvalafullan hátt. Jesús var högvær og gerði vilja Guðs þrátt fyrir álagið og kvalirnar sem hann þyrfti að þola. Jesús er án efa langbesta dæmið um að sýna högværð undir álagi. – Jes. 53:10. *w19.02* 11 gr. 14–15

## Mánudagur 6. júlí

*„Gefum gætur hvert að öðru og hvetjum hvert annað til kærleika og góðra verka.“ – Hebr. 10:24.*

Við gætum þurft að sýna hugrekki í erfiðum aðstæðum til að geta sótt samkomur að staðaldri. Sum trússystkini okkar sækja samkomur þótt þau séu að kljást við sorg, kjarkleysi eða veikindi. Aðrir sýna hugrekki með því að sækja samkomur þrátt fyrir miklar ofsóknir af hendi fjölskyldu eða yfirvalda. Hugleiðum aðeins hvernig fordæmi okkar hefur áhrif á trússystkini sem sitja

í fangelsi vegna trúar sinnar. (Hebr. 13:3) Þau fá aukinn kraft til að vera trúföst, hugrökk og ráðvönd þegar þau heyra að við höldum áfram að þjóna Jehóva þrátt fyrir erfiðleika. Þegar Páll var í fangelsi í Róm gladdist hann í hvert sinn sem hann heyrði að trússystkini sín þjónuðu Guði trúfastlega. (Fil. 1:3–5, 12–14) Hann skrifaði bréf sitt til Hebraeustutu áður eða rétt eftir að honum var sleppt úr fangelsi. Í bréfinu hvatti hann þessa trúföstu kristnu menn til að vanrækja aldrei samkomur. – Hebr. 10:25. *w19.01* 28 gr. 9

## Þriðjudagur 7. júlí

*„Allur heimurinn er á valdi hins vonda.“ – 1. Jóh. 5:19.*

Satan vill að við verðum eins og hann – uppreisnarseggir sem hunsa meginreglur Jehóva og láta stjórnast af eigingirni. Hann hefur séð til þess að við erum umkringd fólki sem hann hefur þegar spillt og hann vonar að það „spilli“ hegðun okkar og hugarfari. (1. Kor. 15:33) Satan reynir líka að spilla hjörtum okkar með því að fá okkur til að treysta á mannlega visku frekar en visku Jehóva. (Kól. 2:8) Eitt af því sem Satan heldur á lofti er að aðalmarkmiðið í lífinu eigi að vera að eignast peninga og verða ríkur. Þeir sem hugsa þannig gætu orðið ríkir en það er alls ekki víst. Hvort heldur sem er eru þeir í hættu. Hvers vegna? Vegna þess að þeir geta orðið svo uppteknir af því að eignast peninga að þeir fórna heilsunni, sambandinu við fjölskylduna og jafnvel vináttunni við Guð fyrir það eitt að ná markmiði sínu. (1. Tím. 6:10) Við megum vera þakklát fyrir að faðir okkar á himnum hjálpar okkur að hafa rétt viðhorf til peninga. – Préd. 7:12; Lúk. 12:15. *w19.01* 15 gr. 6; 17 gr. 9

## Miðvikudagur 8. júlí

*„Gott, þú góði og trúi þjónn. Yfir litlu varstu trúur, yfir mikið mun ég setja þig. Gakk inn í fögnuð herra þíns.“ – Matt. 25:21.*

Þjónar Jehóva voru meðvitaðir um þá þörf að hvetja og uppörva löngu áður en sonur hans kom til jarðar og sýndi á fullkominn hátt hvernig ætti að gera það. Þegar ógn stafaði af Assýringum kallaði Hiskía saman Júdamenn og foringja hersins til að hvetja þá og uppörva. Og „fólkið styrktist við orð Hiskía Júdakonungs“. (2. Kron. 32:6–8) Mennirnir þrír, sem þóttust ætla að hughreysta Job, reyndust „þreytandi huggarar“ og hann gaf þeim góð ráð þó að sjálfur væri hann hughreystingar þurfi. Hann sagði að í þeirra sporum hefði hann „stutt þá með munni sínum og ekki sparad samúð með vörum sínum“. (Job. 16:1–5) Að síðustu fékk Job hughreystingu og hvatningu frá Elíhú og svo frá Jehóva sjálfum. – Job. 33:24, 25; 36:1, 11; 42:7, 10. *w18.04* 16 gr. 6; 17 gr. 8–9

## Fimmtudagur 9. júlí

*„Ég styrki þig, ég hjálpa þér.“  
– Jes. 41:10.*

Jesaja hafði þegar lýst því hvernig Jehóva myndi styrkja þjóð sína: „Guð yðar kemur í mætti og ríkir með máttugum *armi*.“ (Jes. 40:10) Í Bibliunni tákna „armur“ oft mátt. Þegar sagt er að Jehóva „ríki með máttugum *armi*“ minnir það okkur á að hann er voldgudur konungur. Hann notaði óviðjafnanlegan mátt sinn til að styðja og verja þjóna sína til forna og hann styrkir líka og verndar þá sem treysta á hann nú á dögum.

(5. Mós. 1:30; Jes. 43:10) Jehóva heldur alltaf loforð sitt: „Ég styrki þig.“ Það á ekki síst við þegar óvinir ofsækja okkur. Sums staðar í heiminum reyna óvinir okkar eftir fremsta megni að stöðva boðunina eða banna starfsemi safnaðarinnar. En við höfum ekki of miklar áhyggjur af slíkum árásum. Jehóva hefur gefið okkur loforð sem fyllir okkur trausti og fullvissu. Hann lofar: „Ekkert vopn, sem smíðað verður gegn þér, skal reynast sigursælt.“ – Jes. 54:17. *w19.01* 5–6 gr. 12–13

## Föstudagur 10. júlí

*„Þeir sem skynja andlega þörf sína eru hamingjusamir.“  
– Matt. 5:3, NW.*

Ólíkt dýrum hefurðu andlega þörf sem aðeins skaparinn getur fullnægt. (Matt. 4:4) Þegar þú hlustar á hann með þakklæti hlýturðu visku, skilning og hamingju. Guð sér fyrir andlegri þörf þinni með orði sínu og andlegu fæðunni sem hann gefur fyrir milligöngu, trúa og hyggna þjónsins. (Matt. 24:45) Og þessi fæða er bæði fjölbreytt og nærandi. (Jes. 65:13, 14) Andlega fæðan, sem Guð sér fyrir, veitir þér visku og aðgætni og það getur verndað þig á margan hátt. (Orðskv. 2:10–14) Þessir eiginleikar geta til dæmis hjálpað þér að koma auga á falskenningar eins og þá að ekki sé til skapari. Þeir vernda þig gegn þeirri lygi að peningar og eignir séu lykillinn að hamingju. Og þeir hjálpa þér að koma auga á og hafna röngum löngunum og skaðlegri hegðun. Haltu því áfram að tileinka þér visku og aðgætni og settu þessa eiginleika mikils. *w18.12* 20 gr. 6–7



## Laugardagur 11. júlí

„Þjóð mín mun ná aldri trjána.“

– Jes. 65:22.

Mun sá tími koma að við „náum aldri trjána“? Sum tré lifa um þúsundir ára. Mennirnir þyrftu að vera heilbrigðir til að geta náð svona háum aldri. Það yrði draumi líkast ef þeir gætu lifað við aðstæðurnar sem Jesaja lýsir, það yrði hrein paradís! Og þessi spádómur mun ræstast. Hugleiðum hvernig loforðin sýna fram á að paradís muni koma. Guð mun blessa fólk um alla jörð. Enginn þarf að óttast dýr eða dýrslega menn. Blindir, heyrnarlausir og lamaðir fá lækningu. Fólk byggir sín eigin hús og hefur yndi af því að rækta næringarríkan mat. Það lifir lengur en trén. Biblían færir rök fyrir því að slík framtíð sé í vændum. Einhverjir gætu þó fullyrst að við lesum meira út úr þessum spádómum en góðu hófi gegnir. Hvaða áreiðanlegu rök hefurðu fyrir því að hlakka til raunverulegrar paradísar á jörð? Mesta mikilmenni sem lifað hefur gaf okkur traust rök fyrir því. – Lúk. 23:43. *w18.12* 5 gr. 13–15

## Sunnudagur 12. júlí

*Látið umbreytast með hinu nýja hugarfari.* – Rómv. 12:2.

Hugur okkar getur haldið áfram að breytast. Slíkar breytingar ráðast að miklu leyti af því sem við hleypum inn í hugann og því sem við veljum að láta hugann dvelja við. Með því að hugsa um, eða hugleiða, hvernig Jehóva lítur á málin komumst við að því að sjónarmið hans eru rétt. Þá langar okkur til að tileinka okkur hugarfar hans. En til að geta tileinkað okkur hugar-

far Jehóva þurfum við að hætta að fylgja „háttsemi þessa heims“. Við verðum að hætta að næra hugann á hugmyndum eða sjónarmiðum sem stangast á við hugarfar Jehóva. Við getum líkt þessu við mat. Einstaklingur leitast við að bæta heilsuna með því að borða næringarríkan mat. En það sem hann leggur á sig er til einskis ef hann borðar einnig skemmdan mat. Eins hefur það takmarkað gildi að næra hugann á hugarfari Jehóva ef við óhreinkum hugann með hugmyndum heimsins. *w18.11* 21 gr. 14–15

## Mánudagur 13. júlí

*Standið gyrt sannleika um lendar ykkar.* – Ef. 6:14.

Við skulum vera staðráðinn í að lifa í samræmi við sannleikann alla daga. Hafðu belti sannleikans gyrt um mittið. Hermaður á biblíutímanum var gyrtur belti sem varði hann um mittið og veitti honum stuðning. En beltið þurfti að vera vel hert til að vernda hann. Ef það var laust veitti það lítinn stuðning. Hvernig verndar sannleikurinn okkur eins og belti? Þegar við bindum sannleikann tryggilega um okkur verndar hann okkur gegn röngu hugarfari og hjálpar okkur að taka góðar ákvarðanir. Sannleikur Biblíunnar hjálpar okkur að vera ákveðin í að gera það sem er rétt þegar við lendum í raunum eða okkur er freistad. Hermanninn hefði aldrei dottið í hug að fara í bardaga án beltis. Eins verðum við að vera staðráðinn í að losa aldrei um eða fjarlægja belti sannleikans. Öllu heldur skulum við gera allt sem við getum til að hafa það þéttingsfast um okkur með því að lifa í samræmi við sannleikann. *w18.11* 12 gr. 15

## **Priðjudagur 14. júlí**

*„Kauptu sannleika, og seldu hann ekki.“ – Orðskv. 23:23.*

Við þurfum að leggja ýmislegt á okkur til að finna sannleikann í orði Guðs. Við þurfum að vera fús til að fórna hverju sem er til að hljóta hann. Og þegar við höfum ‚keypt‘ eða eignast sannleika þurfum við að gæta þess að glata honum ekki, það er að segja að ‚selja‘ hann, eins og vitur ritari Orðskviðanna komst að orði. Þó að eitthvað sé ókeypis þýðir það ekki endilega að það kosti okkur ekki neitt. Hebreska orðið, sem þýtt er „kauptu“ í Orðskviðunum 23:23, getur einnig þýtt „eignastu“. Bæði orðin fela í sér að maður þurfi að leggja eitthvað á sig eða láta eitthvað af hendi í skiptum fyrir verðmæti. Lýsum þessu með dæmi. Segjum að búð auglýsi ókeypis banana. Birtast þeir þá á borðinu hjá okkur eins og fyrir kraftaverk? Nei. Við þurfum að hafa fyrir því að fara út í búð og sækja þá. Bananarnir eru vissulega ókeypis en við þurfum að gefa okkur tíma og gera okkur ferð út í búðina. Að sama skapi þurfum við ekki peninga til að kaupa sannleika en við þurfum að hafa fyrir því að eignast hann. *18.11 4 gr. 4–5*

## **Miðvikudagur 15. júlí**

*„Ásjóna hans skein sem sól og klæði hans urðu björt.“  
– Matt. 17:2.*

Jesús hafði boðið Pétri, Jakobi og Jóhannesi að koma með sér upp á hátt fjall. Þar sáu þeir merkilega sýn. Andlit Jesú skein skært og það glampaði á fót hans. Tvær verur, sem táknuðu Móse og Elía, fóru að tala við Jesú um komandi dauða hans og upprisú. (Lúk. 9:29–32) Síðan huldi þá bjart ský og þeir heyrðu rödd úr skýinu – rödd Guðs. Sýnin

gaf forsmekk af dýrðinni og mættinum sem Jesús átti eftir að fá sem konungur Guðsríkis. Hann átti eftir að þola þjáningar og kvalafullan dauðdaga og sýnin hefur eflaust verið honum til styrktar og hvatningar. Sýnin byggði einnig upp trú lærisveinanna og styrkti þá svo að þeir gætu sinnt því mikla starfi sem þeim var falið og staðist þegar reynt yrði á ráðvendni þeirra. Um 30 árum síðar talaði Pétur postuli um sýnina af umbreytingunni, en það gefur til kynna að hún hafi enn verið ljóslifandi í huga hans. – 2. Pét. 1:16–18. *19.03 10 gr. 7–8*

## **Fimmtudagur 16. júlí**

*Í öllu læt ég sjást að ég er þjónn Guðs: Með orði sannleikans.  
– 2. Kor. 6:4, 7.*

Á hvaða hátt eru þjónar Jehóva ólíkir þeim sem tilheyra falstrúarbrögðum? Við ‚segjum sannleikann‘. (Sak. 8:16, 17) Við segjum satt í stóru sem smáu – við ókunnuga, vinnufélaga, vini og ástvini. Hvað ef þú ert unglíngur og vilt falla í höpinn með jafnöldrunum? Gættu þess að fara aldrei að lifa tvöföldu lífi með því að virðast siðsamur þegar þú umgengst fjölskyldu þína og trúsystkini en haga þér allt öðruvísi þegar þú ert innan um unglínga í heiminum og á samfélagsmiðlum. Þá ertu að lifa í lygi því að þú lýgur að foreldrum þínum, trúsystkinum og Guði. (Sálm. 26:4, 5) Það fer ekki fram hjá Jehóva þegar við ‚heiðrum hann með vörunum en hjarta okkar er langt frá honum‘. (Mark. 7:6) Það er miklu betra að gera eins og segir í Orðskviðunum: „Lát eigi hjarta þitt öfunda syndara, heldur ástunda guðsótta á degi hverjum.“ – Orðskv. 23:17, *Biblían 1981. 18.10 9 gr. 14–15*

## Föstudagur 17. júlí

*„Guð er kærleikur og sá sem er stöðugur í kærleikanum er stöðugur í Guði og Guð er stöðugur í honum.“ – 1. Jóh. 4:16.*

Þjónar Guðs um heim allan mynda eina stóra fjölskyldu þar sem kærleikur ríkir. (1. Jóh. 4:21) Stundum færa þeir miklar fórnir fyrir trússystkini sín en yfirleitt birtist kærleikurinn í því smáa sem þeir gera hver fyrir annan. Það geta verið orð eða verk sem bera vott um hugulsemi. Þegar við komum vel fram við aðra og af tillitssemi verðum við „eftirbreytendur Guðs svo sem elskuð börn hans“. (Ef. 5:1) Jesús líkti fullkomlega eftir föður sínum. „Komið til mín, öll þér sem erfiðið og þunga eruð hlaðin,“ sagði hann, „og ég mun veita yður hvíld ... því að ég er hógvær og af hjarta lítillátur.“ (Matt. 11:28, 29) Þegar við líkjum eftir Kristi og ,erum tillitssöm við lítilmagnann‘ verðum við hamingjusöm og njótum velþóknunar föður okkar á himnum. (Sálm. 41:1, NW) Sýnum því kærleika okkar með því að halda áfram að vera tillitssöm í fjölskyldunni, söfnuðinum og boðuninni. *w18.09 28 gr. 1-2*

## Laugardagur 18. júlí

*„Samverkamenn Guðs erum við.“ – 1. Kor. 3:9.*

Þjónar Guðs hafa tækifæri til að vinna með Guði með því að aðstoða trússystkini sín eftir hamfarir. Við getum meðal annars veitt fjárhagslegan stuðning. (Jóh. 13:34, 35; Post. 11:27-30) Önnur leið er að hjálpa til við hreinsun og endurbyggingu á hamfarasvæðinu. Gabriela er pólsk systir. Heimili hennar var næstum gerónýtt eftir flóð en hún tók gleði sína á ný þegar trússystkini úr ná-

lægum söfnuðum komu og hjálpuðu henni. „Ég vil ekki ræða um það sem ég missti,“ segir hún, „það voru bara efnislegir hlutir. Ég vil heldur segja frá því hve mikið ég eignaðist. Þessi upplifun hefur fullvissað mig um að það er einstakur heiður að fá að tilheyra söfnuði Jehóva. Það veitir sanna gleði og hamingju.“ Margir sem hafa fengið hjalp eftir hamfarir eru sama sinnis. Og þeir sem vinna með Jehóva við að veita slíka hjalp upplifa einnig mikla gleði. – Post. 20:35; 2. Kor. 9:6, 7. *w18.08 26 gr. 12*

## Sunnudagur 19. júlí

*„Varðveit hjarta þitt.“ – Orðskv. 4:23.*

Til að varðveita hjarta okkar verðum við að geta borið kennsl á hættur og bregðast fljótt við þeim til að verja okkur. Orðið, sem er þýtt „varðveit“ mætti einnig þýða „stattu vörð“. Það minnir á hlutverk varðmanna. Á dögum Salómóns konungs stóðu þeir vörð á borgarmúrnum og gerðu öðrum viðvart ef þeir komu auga á hættu í aðsigi. Þetta dæmi hjálpar okkur að skilja hvað við þurfum að gera til að koma í veg fyrir að Satan spilli huga okkar. Varðmenn til forna unnu náið með hliðvörðum borgarinnar. (2. Sam. 18:24-26) Þeir hjálpuðust að við að vernda borgina með því að ganga úr skugga um að hliðin væru lokuð þegar óvin bar að garði. (Neh. 7:1-3) Biblíufrædd samviska okkar getur verið eins og varðmaður og varað okkur við þegar Satan gerir árás á hjarta okkar, það er að segja þegar hann reynir að hafa áhrif á hugsanir okkar, tilfinningar, hvatir eða langanir. Í hvert sinn sem samviskan varar okkur við aðsteðjandi hættu þurfum við að hlusta á hana og loka hliðunum ef svo má að orði komast. *w19.01 17 gr. 10-11*

## Mánudagur 20. júlí

*„Takist þeir þjónustuna á hendur ef þeir eru óaðfinnanlegir.“*

– 1. Tím. 3:10.

Öldungar ættu ekki að dæma yngri bræður eftir eigin skoðunum eða viðmiðum samfélagsins heldur meta þá eftir mælikvarða Guðs. (2. Tím. 3:16, 17) Þegar mælikvarða Biblíunnar er ekki fylgt getur það haldið aftur af hæfum bræðrum. Í einu landi var hæfum safnaðarþjóni falin mikil ábyrgð. Öldungar safnaðarins voru sammála um að bróðirinn uppfyllti hæfniskröfur Biblíunnar til öldunga en mæltu samt ekki með að hann yrði útnefndur. Nokkrir eldri öldungar sögðu að hann liti út fyrir að vera of ungur til að vera öldungur. Því miður var hann dæmdur eftir útlitinu og fyrir vikið var hann ekki útnefndur. Það virðist vera að sami hugsunarháttur sé algengur víða um heim. Það er ákaflega mikilvægt að við reidum okkur á Biblíuna en ekki eigin skoðanir. Það er eina leiðin til að hlýða Jesú og dæma ekki eftir útlitinu. – Jóh. 7:24. *w18.08* 12 gr. 16–17

## Þriðjudagur 21. júlí

*„Svari einhver áður en hann hlustar er það heimska hans og skömm.“* – Orðskv. 18:13.

Það er hætta samfara því að áframsenda tölvupóst eða textaskilaboð hugsunarlaust. Í sumum löndum eru lagðar hömlur á starf okkar eða það bannað með öllu. Andstæðingar okkar í þessum löndum geta átt það til að koma á kreik sögusögnum sem er ætlað að vekja ótta eða vantraust meðal okkar. Það gerðist í Sovétríkjunum á sínum tíma. Leynilögreglan KGB kom

þeim kvitt á loft að ýmsir vel þekktir bræður hefðu svikið söfnuðinn. Margir lögðu trúnað á þessi ósannindi og sögðu því miður skilið við söfnuðinn. Sem betur fer sneru margir aftur en sumir gerðu það þó aldrei. Þeir liðu skipbrot á trú sinni. (1. Tím. 1:19) Hvernig getum við forðast að lenda í slíku? Dreifðu aldrei neikvæðum eða óstaðfestum frásögnum. Vertu ekki auðtrúa. Vertu með allar staðreyndir á hreinu. *w18.08* 4 gr. 8

## Miðvikudagur 22. júlí

*„Sannlega segi ég þér í dag, þú skalt vera með mér í paradís.“*

– Lúk. 23:43, NW.

Í elstu grísku handritunum, sem til eru, voru ekki alltaf notuð greinarmerki. Það vekur þá spurningu hvort Jesús hafi verið að segja: „Ég segi þér: Í dag skaltu vera með mér í Paradís.“ Eða: „Ég segi þér í dag: Þú skalt vera með mér í Paradís.“ Höfum í huga það sem Jesús hafði áður sagt fylgjendum sínum: „Mannssonurinn [mun] vera þrjá daga og þrjár nætur í skauti jarðar.“ (Matt. 12:40; 16:21; 17:22, 23; Mark. 10:34; Post. 10:39, 40) Jesús fór því ekki til neinnar paradísar daginn sem hann og glæpamaðurinn dóu. Jesús var nokkra daga í „helju“, það er að segja gröfinni eða Hades, áður en Guð reisti hann upp. (Post. 2:31, 32) Glæpamaðurinn vissi ekki að Jesús hafði gert sáttmála við trúfasta postula sína um að þeir skyldu vera með honum á himni. (Lúk. 22:29) Glæpamaðurinn hafði ekki einu sinni verið skírður. (Jóh. 3:3–6, 12) Loforð Jesús hlýtur því að eiga við um *jarðneska* paradís sem myndi rætast síðar. *w18.12* 7 gr. 17–18, 20–21

## Fimmtudagur 23. júlí

*„Búðu til guð handa okkur sem getur farið fyrir okkur því að við vitum ekki hvað varð um þennan Móse.“ – 2. Mós. 32:1.*

Fyrr en varði voru Ísraelsmenn farnir að tilbiðja gullkálfi! Þó að þeir hafi augljóslega óhlýðnast tókst þeim einhvern veginn að telja sér trú um að þeir stæðu enn með Jehóva. Aron sagði meira að segja að kálfadyrkunin væri hátíð handa Jehóva! Hvernig brást Jehóva við? Honum fannst hann svikinn og hann sagði við Móse að Ísraelsmenn hefðu „steypt sér í glötun“ og „vikið af þeim vegi sem [hann] bauð þeim“. „Reiði hans blossaði upp“ og það hvarflaði jafnvel að honum að þurrka út hina nýmynduðu Ísraelsþjóð. (2. Mós. 32:5–10) En Jehóva ákvað að eyða ekki Ísraelsþjóðinni. (2. Mós. 32:14) Aron, sem hafði átt þátt í að búa til gullkálfinn, iðraðist og fylgdi hinum Levítunum sem tóku afstöðu með Jehóva. Þúsundir þeirra sem tilbáðu skurðgoðið týndu lífi þennan dag. En þeir sem stóðu með Jehóva héldu lífi og hann lofaði að blessa þá. – 2. Mós. 32:26–29. *w18.07* 20 gr. 13–16

## Föstudagur 24. júlí

*Varist fræðimennina sem er ljúft að láta heilsa sér á torgum og vilja skipa hefðarsæti í veislum.*  
– Lúk. 20:46.

Hver er mesta viðurkenningin sem við getum sóst eftir? Það er ekki sú athygli sem fólk sækist eftir á sviði menntunar, viðskipta og skemmtunar í þessum heimi. Öllu heldur er það sú athygli sem Páll lýsir með þessum hætti: „Nú, eftir

að þið þekkið Guð, eða réttara sagt, eftir að *Guð þekkir ykkur*, hvernig getið þið snúið aftur til hinna veiku og fátæklegu vætta? Viljið þið þræla undir þeim að nýju?“ (Gal. 4:9) Hvílikur heiður að geta verið í hópi þeirra sem „Guð þekkir“, hann sem er æðsti stjórnandi alheims! Hann vill eiga náð samband við okkur. Fræðimaður nokkur sagði að við „njótum jákvæðrar athygli hans“. Jehóva viðurkennir okkur sem vini sína en við erum einmitt sköpuð til að vera vinir hans. – Préd. 12:13, 14. *w18.07* 8 gr. 3–4

## Laugardagur 25. júlí

*„Ég ihuga reglur þínar.“  
– Sálm. 119:99.*

Ef við viljum njóta góðs af lögum Guðs þurfum við að elska þau og virða. (Amos 5:15) En hvernig förum við að því? Við þurfum að læra að líta hlutina sömu augum og Jehóva. Lýsum þessu með dæmi: Segjum að þú eigir erfitt með svefn. Læknir ráðleggur þér að breyta um lífsstíl, meðal annars mataræði, og hreyfa þig meira. Þú gerir það og kemst að raun um að þetta hefur tilætluð áhrif. Þú ert sennilega þaklátur læknum fyrir að hjálpa þér að bæta lífsgæðin. Skaparinn hefur sömuleiðis gefið okkur lög sem geta verndað okkur fyrir skaðlegum áhrifum syndarinnar. Við bætum lífsgæðin með því að fylgja þeim. Í Bibliunni segir til dæmis að við eigum ekki að ljúga, svíkja eða stela. Við eigum að forðast kynferðislegt siðleysi, ofbeldi og dulspeki. (Orðskv. 6:16–19; Opinb. 21:8) Við lærum að elska bæði Jehóva og lög hans þegar við finnum hve gott það er fyrir okkur að gera hlutina eins og hann vill. *w18.06* 17 gr. 5–6

## Sunnudagur 26. júlí

„Ert þú konungur Gyðinga?“

– Jóh. 18:33.

Pílatus óttaðist ef til vill að Jesús myndi valda pólitískri ólgu en það var stöðugt áhyggjuefni í stjórnartíð hans. Jesús svaraði honum: „Mitt ríki er ekki af þessum heimi.“ (Jóh. 18:36) Hann vildi ekki blanda sér í stjórnsmál því að ríki hans yrði á himni. Hann sagði Pílatusi að hann væri kominn til að „bera sannleikanum vitni“. (Jóh. 18:37) Jesús skildi vel hvert verkefni hans var. Ef við skiljum hvert verkefni okkar er styðjum við ekki pólitískar hreyfingar, ekki einu sinni innst inni. Það er ekki alltaf auðvelt. Farandhirðir nokkur segir: „Fólk á okkar svæði verður sifelltt róttækara. Þjóðernishyggja er orðin allsráðandi og margir telja sjálfsagt að líf þeirra verði betra ef þeir hljóta sjálfstæði. Sem betur fer hafa bræður og systur staðið vörð um einingu safnaðarins með því að halda sér uppteknum við að boða fagnaðarerindið um ríkið. Þau treysta að Guð bindi enda á óréttlæti og önnur vandamál sem við eigum við að glíma.“ *w18.06* 4–5 gr. 6–7

## Mánudagur 27. júlí

„Standið gegn djöflinum og þá mun hann flýja ykkur.“ – Jak. 4:7.

Nafnið Satan, sem merkir „andstæðingur“, er aðeins nefnt í þrem bókum Hebresku ritninganna, það er í 1. Kroníkubók, Jobsbók og Sakaríá. Hvers vegna var lítið talað um óvin okkar áður en Messías kom? Jehóva virðist ekki hafa viljað vekja óþarfa athygli á Satan með því að ræða um hann og athafnir hans í löngu máli í Hebresku ritningunum. Jehóva innblés þennan hluta Biblíunnar fyrst og fremst til að benda á

Messías og leiða þjóna sína til hans. (Lúk. 24:44; Gal. 3:24) Þegar því marki var náð og Messías var kominn lét Jehóva hann og lærisveina hans koma á framfæri flestu sem við vitum um Satan og englana sem gengu í lið með honum. Það er eðlilegt því að það eru Jesús og andasmurðir meðstjórnendur hans sem Jehóva fær það hlutverk að tortíma Satan og þeim sem fylgja honum. (Róm. 16:20; Opín. 17:14; 20:10) Mundu að Satan hefur takmarkað vald. Jehóva, Jesús og trúir englar styðja við bakið á okkur. Við getum staðið gegn óvini okkar með þeirra hjálp. *w18.05* 22–23 gr. 2–4

## Þriðjudagur 28. júlí

„Hverja þá grein á mér sem ber ekki ávöxt sníður hann af.“

– Jóh. 15:2.

Jehóva lítur á okkur sem þjóna sína *áðeins ef við berum ávöxt*. (Matt. 13:23; 21:43) Ávöxturinn í dæmisögunni í Jóhannesi 15:1–5, sem allir kristnir menn *verða* að bera, getur því ekki átt við nýja lærisveina sem við fáum að leiða inn til sannleikans. (Matt. 28:19) Annars væru trúfastir vottar á svæðum þar sem fáir sýna áhuga og ekki tekst að gera neina að lærisveinum eins og greinarnar í dæmisögu Jesú sem báru engan ávöxt. En það getur ekki verið. Hvers vegna? Vegna þess að við getum ekki neytt fólk til að verða lærisveinar og það gengi í berhögg við kærleika Jehóva ef hann hafnaði þjónum sínum vegna aðstæðna sem þeir ráða ekki við. Jehóva biður okkur aldrei um að gera neitt sem við getum ekki. (5. Mós. 30:11–14) Hver er þá ávöxturinn sem við verðum að bera? Hann hlýtur að vera eitthvað sem við getum öll gert. Hvað? Að boða fagnaðarerindið um ríki Guðs. – Matt. 24:14. *w18.05* 14 gr. 8–9

## Miðvikudagur 29. júlí

*Þér eigið djöfulinn að föður. Hann er lygari og lyginnar faðir.*

– Jóh. 8:44.

Það vantar ekki trúarleiðtoga í heiminn, hvort sem þeir eru kallaðir prestar, rabbínar, læriféður eða eitthvað annað. Þeir „kefja sannleikann“ í Biblíunni og „völdu lygina í staðinn fyrir sannleika Guðs“ rétt eins og trúarleiðtogarnir á fyrstu öld. (Rómv. 1:18, 25) Þeir halda á lofti falskenningum eins og um ódauðleika sálarinnar, endurholdgun, „einu sinni hólpinn, alltaf hólpinn“ og þeirri fráleitu hugmynd að Guð sætti sig við líferni samkynhneigðra og hjónabönd þeirra. Stjórnámálamenn hafa einnig blekktt fólk með lygum sínum. Við eigum enn eftir að heyra eina stærstu lygina þegar þeir gefa þessa yfirlýsingu: „Friður og engin hætta.“ En „þá kemur snögglega tortíming yfir þá“. Við ættum ekki að láta þá blekkja okkur þegar þeir gera lítid úr því hvað þetta heimskerfi er í raun ótryggt. Enda „vitum við það sjálf gjörlla að dagur Drottins kemur sem þjófur á nóttu“. – 1. Þess. 5:1–4. *w18.10* 7–8 gr. 6–8

## Fimmtudagur 30. júlí

*Okkur ber að annast óstyrka og minnast orða Drottins Jesú sjálfs er hann sagði: Sælla er að gefa en þiggja. – Post. 20:35.*

Við lifum á erfiðum tímum og það er margt sem getur gert okkur döpur og niðurdregin. Jesús Kristur hefur fengið andasmurðum bræðrum sínum og „höfðingjum“ af hópi annarra sauða það verkefni að leiðbeina okkur og uppörva. Þessir öldungar drottna ekki yfir trú annarra

heldur eru þeir „samverkamenn“ að gleði trússystkina sinna. (Jes. 32:1, 2; 2. Kor. 1:24) Páll postuli er okkur fyrirmynd til eftirbreytni. Hann skrifaði ofsóttum kristnum mönnum í Þessaloníku: „Ég bar slíkt kærleikspel til ykkar að glaður hefði ég ekki einungis gefið ykkur fagnaðararindi Guðs heldur og mitt eigið líf, svo ástfólgin voruð þið orðin mér.“ (1. Þess. 2:8) Uppörvandi orð eru þó ekki alltaf nóg ein sér. Páll benti á það þegar hann sagði öldungunum í Efesus það sem kemur fram í versí dagsins. *w18.04* 21–22 gr. 6–8

## Föstudagur 31. júlí

*„Drottinn er andinn og þar sem andi Drottins er, þar er frelsi.“*  
– 2. Kor. 3:17.

Til að hljóta þetta frelsi og njóta góðs af því þurfum við að snúa okkur til Jehóva, það er að segja að eignast náid samband við hann. (2. Kor. 3:16) Ísraelsmenn í eyðimörkinni sáu það sem Jehóva gerði aðeins frá mannlegum sjónarhóli. Hugur þeirra og hjörtu voru forhert og hulin skýlu. Þeir hugsuðu eingöngu um að nota nýfengið frelsi sitt frá þrælkuninni í Egyptalandi til að fullnægja eigin löngunum. (Hebr. 3:8–10) Frelsið, sem andi Jehóva gefur, felur þó meira í sér en að vera frjáls úr bókstaflegri þrælkun. Andi Jehóva getur frelsað okkur undan synd og dauða og þrælkun falsguðadýrkunar ásamt því sem henni fylgir. Það er langt umfram það sem menn geta veitt okkur. (Rómv. 6:23; 8:2) Hvílikt frelsi! Menn geta notið þess jafnvel þótt þeir séu þrælar eða í fangelsi. – 1. Mós. 39:20–23. *w18.04* 9 gr. 3–5

## Laugardagur 1. ágúst

*„Guð auðsýnir kærleika sinn til okkar í því að Kristur dó fyrir okkur þegar við vorum enn syndarar.“*

– Róm. 5:8.

Á samkomum erum við reglulega minnt á það sem Jehóva og Jesús hafa gert fyrir okkur. Við reynum að líkja eftir Jesú alla daga þar sem við erum full þakklætis. (2. Kor. 5:14, 15) Auk þess finnum við okkur knúin til að lofa Jehóva fyrir að greiða lausnargjaldið í okkar þágu. Við getum meðal annars gert það með því að gefa einlæg svör á samkomum. Við getum sýnt hve mikið við elskum Jehóva og son hans með því að vera fús til að færa fórnir fyrir þá. Oft þurfum við að færa fórnir af ýmsu tagi til að geta sótt samkomur. Í mörgum söfnuðum eru samkomur haldnar eftir vinnudag þegar við erum mjög líklega þreytt. Einnig eru haldnar samkomur um helgar þegar fólk er að hvílast. Tekur Jehóva eftir því að við mætum á samkomur þrátt fyrir að vera þreytt? Það gerir hann svo sannarlega. Því meira sem við leggjum á okkur því betur kann Jehóva að meta kærleikann sem við sýnum honum. – Mark. 12:41–44. *w19.01* 29 gr. 12–13

## Sunnudagur 2. ágúst

*„Er Drottinn sá hana kenndi hann í brjósti um hana.“ – Lúk. 7:13.*

Jesús upplifði sjálfur suma af þeim erfiðleikum sem fólk almennt varð fyrir. Hann virðist til dæmis hafa alist upp í fátækri fjölskyldu. Hann lærði að vinna erfiðisvinnu af Jósef, fósturföður sínum. (Matt. 13:55; Mark. 6:3) Vera má að Jósef hafi dáið einhvern tíma áður en Jesús hóf þjónustu sína. Jesús þekkti því örugglega sársaukann sem fylgir ástvinamissi. Hann vissi líka hvernig

það var að vera í fjölskyldu með ólík- ar trúarskoðanir. (Jóh. 7:5) Þetta og fleira hefur auðveldað honum að skilja erfiðleika og tilfinningar ófull- kominna manna. Umhyggja Jesú var sérstaklega augljós þegar hann gerði kraftaverk. Hann gerði þau ekki af illri nauðsyn heldur vegna þess að hann „kenndi í brjósti um þá“ sem þjáðust. (Matt. 20:29–34; Mark. 1:40–42) Jesús fann til með fólki og vildi hjálpa því. – Mark. 7:32–35; Lúk. 7:12–15. *w19.03* 16 gr. 10–11

## Mánudagur 3. ágúst

*„Umberíð hvert annað.“*

– Kól. 3:13.

Þetta var síðasta kvöld Jesú sem maður á jörðinni. Hugsaðu þér hvað Jesús var undir miklu álagi það kvöld. Myndi hann vera fullkomlega trúfastur allt til dauða? Líf milljarða manna var í húfi. (Róm. 5:18, 19) Og það sem meira máli skipti var að orðspor föður hans var einnig í húfi. (Job. 2:4) Á meðan hann borðaði síðustu máltíðina með nánustu vinum sínum, postulunum, breyttu umræður þeirra og þeir „fóru að metast um hver þeirra væri talinn mestur“. Þótt ótrúlegt megi virðast varð Jesús ekki pirraður. Hann svaraði þeim öllu heldur mildilega. Jesús var vingjarnlegur en ákveðinn þegar hann útskýrði enn og aftur fyrir postulunum hvaða viðhorf þeir ættu að hafa. Hann hrósaði þeim síðan fyrir að standa trúfastir með sér. (Lúk. 22:24–28; Jóh. 13:1–5, 12–15) Við getum líkt eftir Jesú og haldið ró okkar, jafnvel þegar við erum undir álagi, ef við höfum í huga að við gerum og segjum öll eitthvað sem fer í taugarnar á öðrum. (Orðskv. 12:18; Jak. 3:2, 5) Og hrósaðu öðrum alltaf fyrir það góða í fari þeirra. – Ef. 4:29. *w19.02* 11–12 gr. 16–17



## **Priðjudagur 4. ágúst**

*Drottinn hefur reist hásemi sitt til dóms. – Sálm. 9:8.*

Móselögin drögu úr líkunum á að einhver yrði ranglega ákærður fyrir glæp. Sá sem var sakaður um glæp átti rétt á að vita hver ásakaði hann. (5. Mós. 19:16–19; 25:1) Einnig þurfti að leiða fram að minnsta kosti tvö vitni til að hægt væri að sakfella hann. (5. Mós. 17:6; 19:15) En hvað ef Ísraelsmaður framdi glæp sem aðeins einn varð vitni að? Hann gat ekki reiknað með því að komast upp með glæpinn því að Jehóva sá hvað hann gerði. Jehóva er okkur fullkomin fyrirmynd. Hann gerir aldrei neitt sem er ósanngjarnt. Hann umbunar þeim sem eru trúir meginreglum hans en refsar þeim sem misbeita valdi sínu. (2. Sam. 22:21–23; Esek. 9:9, 10) Sumir fremja kannski illskuverk og virðast komast upp með það. En Jehóva dregur þá til ábyrgðar þegar hann telur réttan tíma til þess. (Orðskv. 28:13) Og ef þeir iðrast ekki komast þeir brátt að raun um að „óttalegt er að falla í hendur lifanda Guðs“. – Hebr. 10:30, 31. *w19.02* 23–24 gr. 20–21

## **Miðvikudagur 5. ágúst**

*„Annar eins spámaður og Móse kom aldrei aftur fram í Ísrael. Drottinn umgekkst hann augliti til auglitis.“ – 5. Mós. 34:10.*

Móse leitaði til Jehóva til að fá leiðsögn og ráð. Hann var staðfastur og „öruggur eins og hann sæi hinn ósýnilega“. (Hebr. 11:24–27) Innan við tveim mánuðum eftir að Ísraelsmenn fóru út úr Egyptalandi – jafnvel áður en þeir komu að Sínaí fjalli – kom upp alvarlegt vanda-

mál. Fólkið fór að kvarta undan vatnsleysi. Það fór að finna að Móse og ástandið varð svo alvarlegt að Móse hrópaði til Jehóva: „Hvað get ég gert við þetta fólk? Það er rétt að því komið að grýta mig.“ (2. Mós. 17:4) Jehóva svaraði Móse með því að gefa honum skýrar leiðbeiningar. Hann átti að taka staf sinn og slá á klettinn við Hóreb og þá myndi vatn spretta úr honum. Við lesum: „Þetta gerði Móse frammi fyrir augum öldunga Ísraels.“ Ísraelsmenn drukku nægju sína og málið var úr sögunni. – 2. Mós. 17:5, 6. *w18.07* 13 gr. 4–5

## **Fimmtudagur 6. ágúst**

*„Kærleikurinn byggir upp.“  
– 1. Kor. 8:1.*

Jehóva notar meðal annars söfnuðinn til að byggja okkur upp í kærleika. Við getum hvert og eitt endurgoldið kærleika Jehóva með því að elska trússystemi okkar og byggja þau upp, ekki aðeins í trúnni heldur einnig tilfinningalega. (1. Jóh. 4:19–21) Þáll postuli hvatti kristna menn: „Hvetjið því og uppbyggjið hvert annað, eins og þið og gerið.“ (1. Þess. 5:11) Allir í söfnuðinum – ekki bara öldungarnir – geta líkt eftir Jehóva og Jesú með því að hughreysta trússystem sín og byggja þau upp. (Rómv. 15:1, 2) Sumir í söfnuðinum, sem eiga við andleg veikindi að stríða, gætu þurft að fá lækniástoð og lyf. (Lúk. 5:31) Öldungar og aðrir í söfnuðinum gera sér grein fyrir að þeir eru ekki læknað. En þeir gegna samt mikilvægu hlutverki – að hughreysta ístöðulitla, taka að sér óstyrka og vera þolinmóðir við alla. – 1. Þess. 5:14. *w18.09* 14 gr. 10–11

## Föstudagur 7. ágúst

„Vertu ekki hræddur því að  
ég er þinn Guð.“  
– Jes. 41:10.

Við styrkjum traust okkar á Jehóva með því að kynnast honum betur. Og eina leiðin til að kynnast honum vel er að lesa vandlega í Biblíunni og hugleiða það sem við lesum. Í Biblíunni má finna áreiðanlegar frásögur af því hvernig Jehóva verndaði þjóna sína til forna. Þessar frásögur fullvissa okkur um að Jehóva annist okkur líka. Skoðum myndmál sem Jesaja notar til að lýsa því hvernig Jehóva verndar okkur. Hann lýsir Jehóva sem hirði og þjónum hans sem sauðum. Jesaja segir að Jehóva „taki unglömbin í faðm sér og beri þau í fangi sínu“. (Jes. 40:11) Við finnum vernd og erum róleg í faðmi hans. Hugleiddu vers dagsins því að það hughreystir þig og hjálpar þér að halda ró þinni þegar þú stendur frammi fyrir erfiðleikum. Það mun styrkja þig í þeim erfiðleikum sem þú átt eftir að standa frammi fyrir. *w19.01* 7 gr. 17-18

## Laugardagur 8. ágúst

„Að gera vilja þinn, Guð  
minn, er mér yndi.“  
– Sálm. 40:9.

Ertu að vinna að einu eða fleiri andlegum markmiðum? Kannski ertu að reyna að lesa í Biblíunni daglega. Eða kannski ertu að reyna að verða færari í að flytja ræður eða kenna. Hvernig líður þér þegar þú sérð árangur eða þegar einhver annar tekur eftir því sem þú leggur á þig og hrósar þér? Hvert sem markmiðið er finnst þér þú eflaust hafa áorkað einhverju og ert

ánægður með það. Og þú ættir að vera ánægður vegna þess að þú líkir eftir Jesú og setur vilja Guðs framur þínum eigin. (Orðskv. 27:11) Að einbeita sér að þjónustunni við Jehóva er einnig mjög ánægjulegt vegna þess að það er alltaf tilgangur með því. Páll postuli skrifaði: „Verið staðföst, óbifanleg, síauðug í verki Drottins. Þið vitið að *Drottinn lætur erfiði ykkar ekki verða til ónýtis.*“ (1. Kor. 15:58) Aftur á móti er alltaf tilgangslaust að sækjast eftir frama í heiminum, jafnvel þó að það virðist í fyrstu bera árangur. – Lúk. 9:25. *w18.12* 22 gr. 12-13

## Sunnudagur 9. ágúst

„Réttlátir fá landið til eignar.“  
– Sálm. 37:29.

Davíð var að tala um tímann þegar fólk á jörðinni lifir í samræmi við réttláta vegi Guðs. (2. Pét. 3:13) Í spádóminum í Jesaja 65:22 segir: „Þjóð mín mun ná aldri trjáanna.“ Það merkir að fólk muni lifa um þúsundir ára. Í Opinberunarbókinni 21:1-4 segir að Guð muni blessa mennina og ein blessunin verður sú að „dauðinn mun ekki framur til vera“. Adam og Eva misstu paradísina í Eden, en hún glataðist ekki að eilífu. Guð mun blessa fólk á jörðinni rétt eins og hann lofaði. Davíð var innblásið að skrifa að hinir hógveru og réttlátu myndu erfa jörðina og lifa á henni að eilífu. (Sálm. 37:11) Spádómarnir í bók Jesaja gefa okkur ærna ástæðu til að hlakka til þess dásamlega tíma sem er fram undan. (Jes. 11:6-9; 35:5-10; 65:21-23) Hvenær verður það? Þegar það sem Jesús lofaði glæpamanninum rættist. (Lúk. 23:43) Þú getur verið í þeirri paradís. *w18.12* 7 gr. 22-23

## Mánudagur 10. ágúst

„Varðveit hjarta þitt framar öllu öðru.“ – Orðskv. 4:23.

Getum við komist algerlega hjá hugmyndum heimsins? Nei, við getum ekki farið út úr heiminum. Einhver kynni af hugmyndum heimsins eru því óumflýjanleg. (1. Kor. 5:9, 10) Í boðuninni heyrum við fólk tala um rangar trúarkenningar. En þó að við getum ekki komist algerlega hjá röngum hugmyndum þurfum við alls ekki að hugleiða þær eða viðurkenna. Við ættum að vera fljót að hafna hugsunum sem þjóna tilgangi Satans, rétt eins og Jesús gerði. Þar að auki getum við verndað okkur gegn óþarfa áhrifum frá hugarfari heimsins. Við ættum til dæmis að vanda val okkar á nánnum vinum. Biblían segir okkur til viðvörunar að við smitumst af hugarfari fólks sem þjónar ekki Jehóva ef við höfum náinn félagsskap við það. (Orðskv. 13:20; 1. Kor. 15:12, 32, 33) Og með því að hafna afþreyingarefni sem heldur þróunarkenningunni á lofti eða ýtir undir ofbeldi og siðleysi forðumst við að spilla hugarfari okkar með hugmyndum sem eru „gegn þekkingunni á Guði“. – 2. Kor. 10:5. *w18.11* 21 gr. 16-17

## Þriðjudagur 11. ágúst

„Ég gangi í sannleika þínum.“  
– Sálm. 86:11.

Hvernig getum við verið enn ákveðnari í að ganga í sannleikanum? Ein leið til þess er að gera sitt ýtrasta til að kenna öðrum sannleika Biblíunnar. Þannig höfum við gott tak á orði Guðs, andlegu sverði okkar. (Ef. 6:17) Öll viljum við fara rétt með orð sannleikans og verða færari kennarar. (2. Tím. 2:15) Þegar við hjálpum öðrum að kaupa sannleika og hafna falskenningum fest-

um við orð Guðs í huga okkar og hjarta og verðum enn ákveðnari í að ganga í sannleikanum. Sannleikurinn er verðmæt gjöf frá Jehóva. Vegna hennar höfum við eignast það dýrmætasta sem við eigum, náði samband við himneskan föður okkar. Það sem hann hefur kennt okkur hingað til er aðeins forsmekkurinn af því sem við eigum í vændum. Guð hefur lofað okkur eilífðinni til að bæta við þann sannleika sem við höfum þegar keypt. Láttu þér því annt um sannleikann eins og um fagra perlu. Haltu áfram að kaupa sannleika, og seldu hann ekki! – Orðskv. 23:23. *w18.11* 8 gr. 2; 12 gr. 15-17

## Miðvikudagur 12. ágúst

Nói var boðberi réttlætisins.  
– 2. Pét. 2:5.

Boðun Nóa í aðdraganda flóðsins hlýtur að hafa falið í sér viðvörun um eyðinguna sem var í vændum. Tökum eftir því sem Jesús sagði: „Dagana fyrir flóðið átu menn og drukku, kvæntust og giftust allt til þess dags er Nói gekk í örkina. Og þeir vissu ekki [„gáfu engan gaum að“, NW] fyrr en flóðið kom og hreif þá alla burt. Eins verður við komu Mannssonarins.“ (Matt. 24:38, 39) Nói flutti ótrauður viðvörunarboðskap Jehóva þó að fólk léti sér fátt um finnast. Nú á dögum boðum við ríki Guðs til að gefa fólki tækifæri til að kynnast vilja hans með mannkynið. Rétt eins og Jehóva óskum við þess að fólk gefi boðskapnum gaum og haldi lifi. (Esek. 18:23) Þegar við boðum trúna hús úr húsi og á götum úti vörum við jafnframt eins marga og hægt er við því að ríki Guðs sé í þann mund að koma til að binda enda á þennan óguðlega heim. – Esek. 3:18, 19; Dan. 2:44; Opinb. 14:6, 7. *w18.05* 19 gr. 8-9

### Fimmtudagur 13. ágúst

„Sannsgölt vitni mælir það sem rétt er.“ – Orðskv. 12:17.

Hvað ættirðu að gera ef yfirvöld banna starfsemi safnaðarins í landinu þar sem þú býrð og þú ert kallaður í yfirheyrslu og spurður um trússystemi þín? Þarftu að segja þeim allt sem þú veist? Hvað gerði Jesús þegar hann var yfirheyrður af rómverska landstjóranum? Stundum sagði hann ekki orð, enda segir meginregla Biblíunnar: „Að þegja hefur sinn tíma og að tala hefur sinn tíma.“ (Préd. 3:1, 7; Matt. 27:11–14) Í slíkum aðstæðum er betra að þegja svo að við stofnum trússysteminum okkar ekki í hættu. (Orðskv. 10:19; 11:12) Hvað gerirðu ef náinn vinur eða ættingi syndgar alvarlega og þú veist af því? Þú „mælir það sem rétt er“. Þú átt að segja öldungunum alveg eins og er og ekki draga neitt undan. Þeir eiga rétt á að fá að heyra alla söguna svo að þeir geti ákveðið hvernig best sé að hjálpa þeim sem syndgæði að endurheimta sambandið við Jehóva. – Jak. 5:14, 15. *w18.10* 10 gr. 17–18

### Föstudagur 14. ágúst

„Hvetjið því og uppbyggjið hvert annað.“ – 1. Þess. 5:11.

Hvernig getum við byggt aðra upp í kærleika? Ein leið er að vera góður hlustandi. (Jak. 1:19) Að hlusta með samúð er merki um kærleika. Til að geta sett þig í spor þess sem líður illa geturðu spurt hann spurninga af nærgætni. Þannig geturðu sýnt samúð og byggt trússystemi þitt upp. Láttu í ljós einlæga umhyggju og kærleika með svipbrigðum þínum. Ef trússystemi þitt finnur þörf

á að útskýra málin í minnstu smáatriðum skaltu vera þolinmóður og hlusta án þess að grípa fram í. Þegar þú hlustar með þolinmæði er líklegra að þú skiljir tilfinningar bróður þíns eða systur. Það getur hjálpað þeim sem þjáist að treysta þér og vera opnari fyrir því að hlusta þegar þú reynir að byggja hann upp. Þegar aðrir finna að þér er annt um þá getur það verið þeim mikil huggun. *w18.09* 14 gr. 10; 15 gr. 13

### Laugardagur 15. ágúst

„Kauptu sannleika.“  
– Orðskv. 23:23.

Tími er gjald sem allir þurfa að greiða til að geta keypt sannleika. Það tekur tíma að hlusta á boðskapinn um ríkið, lesa í Biblíunni og biblíutengdum ritum, vera iðinn við biblíunám og búa sig undir samkomur og sækja þær. Við verðum að taka tíma frá öðru sem skiptir minna máli. (Ef. 5:15, 16) Hve mikinn tíma tekur það að afla sér nákvæmrar þekkingar á grundvallarsannindum Biblíunnar? Það fer eftir aðstæðum. Við getum endalaust lært meira um visku Jehóva, vegi hans og verk. (Rómv. 11:33) Í fyrsta tölublaði *Varðturnsins* var sannleikanum líkt við „látlaust, lít-ið blóm“. Þar stóð: „Láttu þér ekki nægja eitt sannleiksblóm. Ef eitt myndi nægja væru þau ekki fleiri. Haltu áfram að safna þeim og leit-aðu að fleirum.“ Þótt við lifðum að eilífu getum við alltaf lært eitt-hvað nýtt um Jehóva. Það sem máli skiptir er að við notum skynsam-lega þann tíma sem við höfum núna þannig að við getum keypt eins mikinn sannleika og aðstæður okkar leyfa. *w18.11* 4 gr. 7

## Sunnudagur 16. ágúst

*„Karlmennt, elskið konur ykkar.“*

– Ef. 5:25.

Eiginmenn eru hvattir til að „sýna eiginkonum sínum nærgætni“, það er að segja skilning og tillitssemi. (1. Pét. 3:7) Að sýna skilning helst í hendur við að sýna tillitssemi. Skilningsríkur maður veit til dæmis að eiginkonan er honum alls ekki óæðri þótt hún sé ólík honum að mörgu leyti. (1. Mós. 2:18) Hann tekur tillit til tilfinninga hennar og sýnir henni virðingu. Umhyggjusamur eiginmaður tekur einnig tillit til eiginkonu sinnar í samskiptum við aðrar konur. Hann daðrar aldrei við þær eða sýnir þeim óviðeigandi áhuga. Hann notar ekki heldur samskiptamiðla eða netið til þess. (Job. 31:1) Hann er eiginkonu sinni trúur, ekki aðeins af því að hann elskar hana heldur af því að hann elskar Guð og hatar það sem er illt. – Sálm. 19:15; 97:10. *w18.09 29 gr. 3–4*

## Mánudagur 17. ágúst

*„Sá sem minnstur er meðal ykkar allra, hann er mestur.“*

– Lúk. 9:48.

Hvers vegna er hægara sagt en gert að fara eftir því sem við lærum í orði Guðs? Ein ástæða er sú að það krefst auðmýktar að gera það sem er rétt. Á þessum „síðustu dögum“ reynir stöðugt á auðmýkt okkar því að margir eru „sérgóðir, fégjarnir, raupsamir, hrokafullir, illmálgir“ og „taumlausir“. (2. Tím. 3:1–3) Við sem þjónum Guði vitum að þess konar hegðun er slæm. En stundum lítur út fyrir að þeim vegni vel sem hegða sér þannig og að þeir lifi góðu lífi. (Sálm. 37:1;

73:3) Við gætum jafnvel velt fyrir okkur hvort það sé þess virði að setja hag annarra framur okkar eigin. Við hugsum kannski með okkur að fólk missi virðingu fyrir okkur ef við sýnum auðmýkt. Ef við látum sjálfselsku heimsins hafa áhrif á okkur gæti það skaðað vináttuna við trússystem okkar og við gætum glatað því sem einkennir okkur sem kristna menn. En við hljótum umbun þegar við kynnum okkur þær góðu fyrirmyndir sem sagt er frá í Biblíunni og líkjum eftir þeim. *w18.09 3 gr. 1*

## Þriðjudagur 18. ágúst

*„Sælla er að gefa en þiggja.“*

– Post. 20:35.

Í fyrstu var Jehóva aleinn. En þegar hann byrjaði að skapa hafði hann ekki aðeins sjálfan sig í huga. Öllu heldur gaf hann vitibornum verum, bæði andaverum og mönnum, lífið að gjöf. Jehóva, „hinn sæli Guð“, hefur yndi af að gefa góðar gjafir. (1. Tím. 1:11, *Biblían 1912*; Jak. 1:17) Hann vill líka að við séum hamingjusöm og kennir okkur þess vegna að vera örlát. (Rómv. 1:20) Guð skapaði manninn eftir sinni mynd. (1. Mós. 1:27) Með öðrum orðum vorum við sköpuð til að endurspegla eiginleika hans. Til að geta verið hamingjusöm og lifað innihaldsríku lífi verðum við því að líkja eftir Jehóva með því að vera örlát og láta okkur umhugað um aðra. (Fil. 2:3, 4; Jak. 1:5) Hvers vegna? Einfaldlega vegna þess að Jehóva skapaði okkur þannig. Við getum líkt eftir örlæti hans þó að við séum ófullkomin. Jehóva vill að mennirnir líki eftir sér og þess vegna gleðjum við hann þegar við erum örlát. – Ef. 5:1. *w18.08 18 gr. 1–2*; 19 gr. 4

## Miðvikudagur 19. ágúst

*„Mínir sauðir heyra raust mína.“  
– Jóh. 10:27.*

Fylgjendur Krists sýna að þeir hlusta á hann með því að fara eftir því sem hann segir. Þeir láta „áhyggjur þessa lífs“ ekki trufla sig. (Lúk. 21:34) Öllu heldur einbeita þeir sér fyrst og fremst að því að hlýða boðum Jesú, líka við erfiðar aðstæður. Trússystemi okkar eru Jehóva trúföst hvað sem það kostar. Önnur leið til að sýna að við hlustum á Jesú er að vinna vel með þeim sem hann hefur valið til að fara með forystuna. (Hebr. 13:7, 17) Gerðar hafa verið margar breytingar á síðustu árum í söfnuði Guðs. Við höfum meðal annars fengið ný hjálpargögn og notum nýjar aðferðir við boðunina. Dagskráin fyrir samkomuna í miðri viku hefur breyst og við höfum nýjan hátt á þegar við byggjum ríkissali, gerum þá upp og viðhöldum þeim. Við kunnum virkilega að meta þessa vandlega úthugsuðu leiðsögn sem endurspeglar kærleika safnaðar Guðs. Við getum verið viss um að Jehóva blessar það sem við leggjum á okkur til að fylgja tímabærum leiðbeiningum safnaðarins. *w19.03* 10–11 gr. 11–12

## Fimmtudagur 20. ágúst

*Við eigum ekki að berast fram og aftur tæld af slægum mönnum.  
– Ef. 4:14.*

Saga, sem er aðeins 10 prósent sönn, er 100 prósent villandi. Við getum dregið lærdóm af Ísraelsmönnum sem bjuggu vestan við Jórdan á dögum Jósúa. (Jós. 22:9–34) Þeir fréttu að Ísraelsmenn austan árinna hefðu reist stórt og mikið altari. Þessi hluti fréttarinnar átti til rök að styðjast. En þar með var ekki öll sagan sögð. Ísraelsmenn vestan árinna drögu samt þá ályktun að bræður þeirra fyrir austan hefðu

gert uppreisn gegn Jehóva. (Jós. 22:9–12) En áður en þeir létu til skara skríða gegn þeim sendu þeir sem betur fer nokkra trausta menn til að afla upplýsinga. Að hverju komust þeir? Altarið var reist sem minnismerki en ekki til að færa fórnir á því. Það átti að minna komandi kynslóðir á að þeir hefðu líka verið trúir þjónar Jehóva. Ísraelsmenn vestan árinna hljóta að hafa verið mjög ánægðir. Takmörkuð vitneskja hefði getað orðið til þess að þeir brytjuðu niður bræður sína en í staðinn gáfu þeir sér tíma til að afla sér rétttra upplýsinga. *w18.08* 5 gr. 9–10

## Föstudagur 21. ágúst

*„Sá er hyggst standa gæti því vel að sér að hann falli ekki.“  
– 1. Kor. 10:12.*

Eins og Páll benti á geta jafnvel sannir tilbiðjendur Jehóva farið að gera það sem er rangt. Þeir sem láta undan þeirri freistingu gætu haldið að Jehóva hafi enn velþóknun á þeim. En það eitt að vilja vera vinur Jehóva eða að segjast vera honum trúr þýðir ekki endilega að hann hafi velþóknun á manni. (1. Kor. 10:1–5) Ísraelsmenn urðu óþreyjufullir þegar Móse kom ekki eins fljótt niður af Sinaí fjalli og þeir bjuggust við. Eins gætum við orðið óþreyjufull ef okkur finnst endi þessa heimskerfis hafa seinkað og nýi heimurinn vera viðs fjarri. Við gætum farið að hugsa sem svo að það sé langt þangað til þessi loforð rætast eða að þau séu of góð til að vera sönn. Ef við gætum ekki að okkur getur slíkur hugsunarháttur orðið til þess að við förum að leggja meiri áherslu á eigin langanir en það sem Jehóva vill. Með tímanum gætum við fjarlægst Jehóva og að lokum farið að gera eitthvað sem okkur hafði ekki órað fyrir þegar við vorum sterk í trúnni. *w18.07* 21 gr. 17–18

## Laugardagur 22. ágúst

*„Einnig þetta, sem þú sagðir, mun ég gera því að þú hefur fundið náð fyrir augum mínum og ég þekki þig með nafni.“ – 2. Mós. 33:17.*

Jehóva getur þekkt okkur persónulega og því fylgir dásamleg blessun. En hvað þurfum við að gera til að verða vinir hans? Við þurfum að elska hann og vígja líf okkar honum. (1. Kor. 8:3) Við þurfum líka að varðveita dýrmætt samband okkar við himneskan föður okkar. Rétt eins og kristnir menn í Galatíu, sem Páll skrifaði, verðum við að varast að þjóna ‚veikum og fátæklegum vættum‘ þessa heims, þar með talið að sækjast eftir hylli hans. (Gal. 4:9) Þessi trússystkini Páls höfðu kynnst Guði það vel að þau voru orðin vinir hans. En þessi sami hópur hafði síðan „snúið aftur“ til þessara einskisnýtu vætta, það er að segja hluta sem heimurinn sækist eftir. Páll var efnislega að segja: „Fyrst þið hafið náð svona langt af hverju snúið þið ykkur þá aftur að þessum heimskulegu og einskisverðu hlutum sem þið höfðuð snúið baki við?“ *w18.07 8 gr. 5–6*

## Sunnudagur 23. ágúst

*„Hinn vitri hlýðir á og eykur lærdóm sinn.“  
– Orðskv. 1:5.*

Sem betur fer þurfum við ekki að læra í hörðum skóla reynslunnar hvaða afleiðingar það hefur að brjóta lög Guðs. Við getum lært af mistökum annarra sem sagt er frá í Biblíunni. Við fáum fyrsta flokks kennslu hjá Jehóva, til dæmis þegar við lesum frásögur Biblíunnar og hugleiðum þær. Hugsaðu þér

kvöl Davíðs konungs eftir að hann óhlýðnaðist fyrir mælum Jehóva og framdi hjúskaparbrot með Batsebu. (2. Sam. 12:7–14) Þegar við lesum og hugleiðum þessa frásögu er gott að velta fyrir sér hvernig Davíð hefði getað umflúið sársaukann sem hlaut af því sem hann gerði. Hvað myndir þú gera ef þú stæðir í svipuðum sporum og hann? Myndirðu flýja eins og Jósef eða láta undan eins og Davíð? (1. Mós. 39:11–15) Við verðum enn staðráðnari í að ‚hata hið illa‘ ef við hugleiðum hve slæmar afleiðingar það hefur að syndga. – Amos 5:15. *w18.06 17 gr. 5, 7*

## Mánudagur 24. ágúst

*Gjaldið keisaranum það sem keisarans er og Guði það sem Guðs er.  
– Matt. 22:21.*

Óréttlæti yfir oft undir að fólk blandi sér í stjórnsmál. Skattlagning var hitamál á dögum Jesú. Þegnar Rómaveldis, þeirra á meðal áheyrendur Jesú, þurftu að borga skatta af vörum, landi og húsum svo fátt eitt sé nefnt. Og ekki bætti úr skák að skattheimtumenn voru spilltir. Stundum gátu menn keypt sér slíka valdastöðu á opinberu uppboði og grætt síðan á skattheimtunni. Sakkeus var yfirtollheimtumaður í Jeríkó sem varð ríkur á því að kúga fé af fólki. (Lúk. 19:2, 8) Sömu sögu var eflaust að segja um marga aðra skattheimtumenn. Óvinir Jesú lögðu gildru fyrir hann með því að reyna að fá hann til að taka afstöðu í skattamáli. Um var að ræða skatt upp á einn denar sem allir þegnar Rómaveldis áttu að greiða. (Matt. 22:16–18) Gyðingum var sérstaklega í nöp við þennan skatt því að hann minnti þá á að Rómverjar réðu yfir þeim. *w18.06 5–6 gr. 8–10*

## **Priðjudagur 25. ágúst**

*„Það sem maður sáir, það mun hann og uppskera.“ – Gal. 6:7.*

Þeir sem velja að standa Satans megin fórna *alltaf* meiru en þeir fá. (Job. 21:7-17; Gal. 6:8) Af hverju er gott fyrir okkur að vita hve víðtæk áhrif Satan hefur? Það hjálpar okkur að sjá veraldleg yfirvöld í réttu ljósi og er okkur hvatning til að boða fagnaðareriðið. Við vitum að Jehóva vill að við virðum yfirvöld. (1. Pét. 2:17) Hann ætlast til að við hlýðum lögum yfirvalda svo framfarlega sem þau stangast ekki á við mælikvarða hans. (Rómv. 13:1-4) En við vitum líka að við verðum að vera hlutlaus. Við megum aldrei taka afstöðu með ákveðnum stjórnmálaflokki eða leiðtoga. (Jóh. 17:15, 16; 18:36) Við vitum að Satan reynir að fela nafn Jehóva og koma óröði á hann og það er okkur sterk hvöt til að kenna fólki sannleikann um Jehóva. Við erum stolt að mega bera nafn hans og nota það, og við vitum að það er miklu meiri umbun fólgin í því að elska hann en að elska peninga eða efnislega hluti. – Jes. 43:10; 1. Tím. 6:6-10. *w18.05* 24 gr. 8-9

## **Miðvikudagur 26. ágúst**

*„Konan skuli ekki skilja við mann sinn.“ – 1. Kor. 7:10.*

Er réttlætlanlegt að slíta samvistum ef vandamál koma upp? Biblían nefnir ekki ástæður fyrir því að hjón geti slitið samvistum. Páll skrifaði: „Kona, sem á vantrúaðan mann, og hann lætur sér vel líka að búa saman við hana, láti ekki manninn frá sér fara.“ (1. Kor. 7:12, 13, *Biblían 1912*) Þessar leiðbeiningar eru enn í fullu gildi. Dæmi eru um að ‚vantrúaður maður‘ sýni fram á að hann lætur sér það ekki ‚vel líka að búa saman

við“ eiginkonu sína. Vera má að hann beiti hana alvarlegu ofbeldi, jafnvel svo að henni finnist heilsu sinni eða lífi stofnað í hættu. Kannski neitar hann að sjá henni og fjölskyldunni farborða eða gerir henni verulega erfitt fyrir að þjóna Jehóva og vera honum trú. Í slíkum tilfellum gæti eiginkonan metið það svo að maðurinn láti sér það ekki ‚vel líka að búa saman við hana“, þótt hann kunni að halda öðru fram, og ákveðið að nauðsynlegt sé að slíta samvistum við hann. En sumir þjónar Guðs í álika erfiðum aðstæðum hafa ákveðið að fara ekki frá maka sínum. Þeir hafa þraukað og reynt að bæta hjónabandið. *w18.12* 13 gr. 14, 16; 14 gr. 17

## **Fimmtudagur 27. ágúst**

*Þeir bera ávöxt með stöðuglyndi.  
– Lúk. 8:15.*

Í dæmisögunni um sáðmanninn í Lúkasi 8:5-8, 11-15 er sáðkornið „Guðs orð“, það er að segja boðskapurinn um ríki Guðs. Jarðvegurinn táknar hjörtu manna. Kornið, sem féll í góðan jarðveg, spíraði, festi rætur og bar „hundraðfaldan ávöxt“. Við varðveittum boðskapinn rétt eins og góði jarðvegurinn í dæmisögunni varðveitti fræið. Boðskapurinn um ríki Guðs festi rætur í hjarta okkar og óx þar til hann gat borið ávöxt. Ávöxturinn, sem við berum, er fræ Guðsríkis en ekki nýir lærisveinar, rétt eins og hveitiplantan ber fræ en ekki nýjar plöntur. Hvernig berum við fræ Guðsríkis? Í hvert sinn sem við boðum ríki Guðs á einhvern hátt má segja að við myndum sams konar fræ og sáð var í hjarta okkar og dreifum því. (Lúk. 6:45; 8:1) Þessi dæmisaga kennir okkur að við ‚berum ávöxt með stöðuglyndi‘ svo framfarlega sem við höldum áfram að boða ríki Guðs. *w18.05* 14 gr. 10-11



## Föstudagur 28. ágúst

„Ég tyfta og aga alla þá sem ég elska.“ – Opínb. 3:19.

Páll var ekki aðeins fús til að hvetja og uppörva heldur einnig að verja því sem hann átti og leggja sjálfan sig í sölurnar fyrir trússysteminum sínum. (2. Kor. 12:15) Öldungar ættu ekki aðeins að hvetja og uppörva með orðum heldur einnig að sýna einlægán áhuga sinn í verki. (1. Kor. 14:3) Öldungar þurfa stundum að gefa trússysteminum ráð og leiðbeiningar til að styrkja þau. Þeir ættu að fylgja þeirri fyrirmynd sem er að finna í Biblíunni til að vera bæði hvetjandi og uppörvandi. Jesús er framúrskarandi dæmi um það. Eftir að hann var dáiinn og upprisinn þurfti hann að gefa söfnuðunum í Efesus, Pergamos og Þyatíru beinskeyttar leiðbeiningar. En tókum eftir hvernig hann fór að. Hann byrjaði á því að hrósa þeim fyrir það sem þeir gerðu vel. (Opínb. 2:1–5, 12, 13, 18, 19) Öldungar ættu að líkja eftir fordæmi Krists þegar þeir þurfa að leiðbeina trússysteminum. *w18.04 22 gr. 8–9*

## Laugardagur 29. ágúst

*Fedur, alið börn ykkar upp með aga og fræðslu um Drottin.*

– Ef. 6:4.

Foreldrar, þið gerið án efa allt sem í ykkar valdi stendur til að vernda þau gegn bókstaflegum sjúkdómum. Þið haldið heimilinu hreinu og hendið öllu sem gæti orðið til þess að þið eða börnin ykkar veikist. Á sama hátt þurfið þið að vernda börnin gegn kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, tölvuleikjum og vefsíðum sem eru líklegar til að smita þau af hugsunarhætti Satans. Jehóva hefur falið ykkur

það verkefni að hjálpa börnunum að verða vinir hans. (Orðskv. 1:8) Verið því ekki smeyk við að setja reglur á heimilinu byggðar á meginreglum Biblíunnar. Segið ungum börnum ykkar hvað þau megi horfa á og hvað ekki, og hjálpið þeim að skilja ástæðurnar fyrir ákvörðunum ykkar. (Matt. 5:37) Eftir því sem börnin verða eldri skuluð þið kenna þeim að greina sjálf hvað sé rétt og hvað sé rangt miðað við mælikvarða Jehóva. (Hebr. 5:14) Og munið að börnin læra jafnvel meira af því sem þið gerið. – 5. Mós. 6:6, 7; Róm. 2:21. *w19.01 16 gr. 8*

## Sunnudagur 30. ágúst

*Aldnir og ungir lofi nafn Jehóva.*  
– Sálm. 148:12, 13.

Hví ekki að setja þér það markmið að vingast við eldri boðbera í söfnuðinum ef þú ert kristinn unglíngur? Þú gætir beðið þá að segja frá þjónustu sinni á liðnum árum. Það er mjög uppbyggilegt fyrir þig að gera þetta og það er bæði þér og þeim hvatning til að láta ljós sannleikans lýsa. Og öll getum við sett okkur það markmið að bjóða þá sem sækja samkomur í ríkissalnum velkomna. Ef þú ert beðinn að stjórna samansöfnun geturðu lagt þitt af mörkum til að hinir eldri geti tekið þátt í boðuninni. Eru þeir með hentugt starfs-svæði? Í sumum tilvikum er ágætt að biðja þá að starfa með yngri boðberum sem geta veitt þeim stuðning. Það er mikilvægt að vera skilningsríkur við þá sem geta ekki gert eins mikið og áður sökum heilsu eða annarra aðstæðna. Með því að vera tillitssamur og næmur á þarfir ungra sem aldinna, reyndra og óreyndra, er hægt að hjálpa þeim að boða fagnaðararindið af kappi. – 3. Mós. 19:32. *w18.06 23–24 gr. 10–12*

## Mánudagur 31. ágúst

„*Notið frelsið til að þjóna Guði en ekki til að hylja vonsku.*“

– 1. Pét. 2:16.

Við ættum, líkt og Páll, aldrei að líta á það sem sjálfsagðan hlut að Jehóva hefur frelsað okkur úr fjöttrum syndar og dauða. Lausnargjald-ið gerir okkur kleift að þjóna Guði okkar með hreinni samvisku, og það veitir okkur sanna gleði. (Sálm. 40:9) Auk þess að tjá þakk-læti okkar þurfum við að gæta þess að misnota ekki dýrmætt frelsi okkar. Pétur postuli varaði við því að nota frelsið sem afsökun fyrir því að fullnægja röngum löngunum. Þessi viðvörn minnir á það sem gerðist hjá Ísraelsmönnum í eyðimörk-inni. Og hún á enn við, jafnvel betur en þá. Satan og heimur hans bjóða upp á sífellt fleiri freistingar hvað varðar klæðnað og útlit, mat og drykk, skemmtun og afþreyingu og fjölmargt annað. Auglýsingastofur skáka oft fram aðlaðandi fólki til að reyna að telja okkur trú um að við þurfum að eignast alls konar hluti sem við höfum enga þörf fyrir. Það er auðvelt að misnota frelsið með því að falla fyrir slíkum brellum. *w18.04* 10 gr. 7-8

## Þriðjudagur 1. september

„*Þið hafið ekki séð hann en elskið hann þó.*“ – 1. Pét. 1:8.

Jesús sýndi Mörtnu og Maríu hluttekningu. Hann grét þegar hann sá þær syrgja Lasarus, bróður sinn. (Jóh. 11:32-35) Þó að Jesús hafi misst náinn vin sinn var það ekki þess vegna sem hann grét. Hann vissi vel að hann ætlaði að reisa Lasarus upp. Jesús grét þar sem hann skildiársauka vinkvenna sinna og það hryggði hann að sjá þær syrgja.

Það er hughreystandi að læra um hluttekningu Jesú. Við erum auðvitað ekki fullkomin eins og hann en við elskum hann vegna þess hve umhyggjusamur hann var. Það er uppörvandi að vita að nú ríkir hann sem konungur í ríki Guðs. Bráðum bindur hann enda á allar þjáningar. Þar sem Jesús var eitt sinn maður á jörð er hann best til þess fallinn að græða sár mannkyns sem Satan hefur valdið. Það er mikil blessun að hafa stjórnanda sem getur „séð aumur á veikleika okkar“. – Hebr. 2:17, 18; 4:15, 16. *w19.03* 17 gr. 12-13

## Miðvikudagur 2. september

„*Enginn getur komið til mín nema faðirinn, sem sendi mig, laði hann.*“ – Jóh. 6:44.

Við getum átt þátt í að hjálpa öðrum að kynnast Guði. En það sem við gerum er ekki það sem skiptir mestu máli. (1. Kor. 3:6, 7) Það er Jehóva sem dregur fólk að sannleikanum. Þegar öllu er á botninn hvolft er það hjartalag hvers og eins sem ræður því hvornig hann bregst við fagnaðarerindinu. (Matt. 13:4-8) Höfum í huga að fæstir brugðust vel við boðskap Jesú – og hann var besti kennari sem uppi hefur verið. Við ættum því ekki að missa móðinn þótt fáir þeirra sem við reynum að hjálpa gefi boðskapnum gaum. Það hefur góð áhrif að sýna hluttekningu í boðuninni. Þannig höfum við meiri ánægju af henni og finnum að sælla er að gefa en þiggja. Og þá auðveldum við þeim sem ‚hneigjast til eilífs lífs‘ að taka við fagnaðarerindinu. (Post. 13:48, NW) „Þess vegna skulum við, meðan tími er til, gera öllum gott.“ (Gal. 6:10) Þá njótum við gleðinnar sem hlýst af því að heiðra föður okkar á himnum. – Matt. 5:16. *w19.03* 25 gr. 18-19

### Fimmtudagur 3. september

„Í söfnuðinum vil ég lofa þig.“

– Sálm. 22:23.

Davíð konungur skrifaði: „Mikill er Drottinn og mjög vegsamlegur.“ (Sálm. 145:3) Hann elskaði Jehóva og það knúði hann til að lofa hann „í söfnuðinum“. (1. Kron. 29:10–13; Sálm. 40:6) Ein leið til að lofa Jehóva er að svara á samkomum. Okkur finnst öllum ánægjulegt að heyra fjölbreytt svör á samkomum. Það er gaman að heyra barn svara á einfaldan og einlægan hátt. Það hreyfir við okkur að heyra ákafann í röddinni þegar einhver segir frá sannindum sem hann er nýbúinn að uppgötva. Og við dáumst að þeim sem taka í sig kjark til að svara þótt þeir séu feimnir eða nýbyrjaðir að læra tungumálið. (1. Þess. 2:2) Hvernig getum við sýnt að við kunnum að meta það sem þau leggja á sig? Við getum þakkað þeim eftir samkomu fyrir uppörvandi svör. Önnur leið er að svara sjálf. Þannig fáum við ekki aðeins uppörvun heldur uppörvum við líka aðra. – Róm. 1:11, 12. *w19.018* gr. 1–2; 9 gr. 6

### Föstudagur 4. september

„Verið þakklát.“ – Kól. 3:15.

Mennirnir tíu voru úrkula vonar. Þeir voru holdsveikir og horfurnar voru ekki bjartar. En dag einn komu þeir auga á Jesú, kennarann mikla. Þeir höfðu heyrt að Jesús læknaði alls kyns sjúkdóma. Þeir hrópuðu: „Jesús, meistari, miskunna þú oss!“ Mennirnir tíu urðu alheilir. Þeir voru eflast allir þakklátir fyrir það sem Jesús gerði. En einn þeirra gerði meira en að finna til þakklætis – hann tjáði Jesú þakklæti sitt. Þessi Samverji, sem fékk lækningu meina sinna, fann sig knúinn til að lofa Guð „hárrí raustu“. (Lúk. 17:12–19) Rétt

eins og Samverjinn viljum við sýna þeim þakklæti sem gera góðverk. Jehóva er besta fyrirmyndin um að sýna þakklæti. Hann gerir það meðal annars með því að launa þeim sem hann hefur velþóknun á. (2. Sam. 22:21; Sálm. 13:6; Matt. 10:40, 41) Biblían hvetur okkur til að vera „eftirbreytendur Guðs svo sem elskuð börn hans“. (Ef. 5:1) Aðalástæðan fyrir því að við ættum að sýna þakklæti er því sú að við viljum líkja eftir Jehóva. *w19.02* 14 gr. 1–2; 15 gr. 4

### Laugardagur 5. september

„Ég verð ráðvandur.“

– Job. 27:5, NW.

Ung stúlka í skólanum neitar kurt-eislega að taka þátt í hátíðarhöldum sem Guð hefur ekki velþóknun á. Feiminn ungur bróðir boðar trúna hús úr húsi og bankar upp á hjá skólafélaga sem hefur áður gert grín að vottum Jehóva. Fjölskyldufaðir vinnur hörðum höndum við að framfleyta fjölskyldunni og yfirmaðurinn biður hann að gera nokkuð sem er óheildarlegt eða ólöglegt. Þótt það gæti kostað hann vinnuna útskýrir hann fyrir yfirmanninum að hann verði að vera heiðarlegur og löghlýðinn því að Guð krefst þess af þjónum sínum. (Róm. 13:1–4; Hebr. 13:18) Hvaða eiginleika tekurðu eftir hjá þessum þrem vottum? Kannski tekurðu eftir nokkrum, svo sem hugrekki og heiðarleika. En einn eiginleiki, sem þau sýndu, er sérstaklega mikilvægur – ráðvendni. Þau voru öll Jehóva trú. Þau voru staðráðin í að hvika ekki frá meginreglum hans. Ráðvendni var hvötin á bak við það sem þau gerðu. Jehóva er án efa stoltur af þeim öllum fyrir að sýna þennan eiginleika. Við viljum sömuleiðis gera föður okkar á himnum stoltan. *w19.02* 2 gr. 1–2

## Sunnudagur 6. september

*„Lögmálið geymir aðeins skugga hins góða sem er í vændum.“*

– Hebr. 10:1.

Lögmálið verndaði sérstaklega þá sem gátu ekki varið sig sjálfir, svo sem munaðarlausar, ekkjur og útlendingar. Dómurum Ísraels var sagt: „Þú skalt ekki halla rétti aðkomumanns eða munaðarleysingja og þú skalt ekki taka fatnað ekkju að veði.“ (5. Mós. 24:17) Jehóva sýndi þeim viðkvæmustu í þjóðfélaginu einlægán áhuga og hlýju. Og hann lét þá sem fóru illa með þá svara til saka. (2. Mós. 22:22–24) Jehóva vill að þeir sem hann felur ábyrgð láti sér einlæglega annt um þá sem þeir hafa umsjón með. Hann hatar kynferðisglæpi og vill tryggja að allir njóti verndar og réttlætis, sérstaklega þeir sem minnst mega sín. (3. Mós. 18:6–30) Ef við erum fullviss um að Jehóva er sanngjarn við okkur eykst kærleikurinn til hans. Og ef við elskum hann og réttlátar meginreglur hans finnum við okkur knúin til að elska aðra og vera sanngjörn. *w19.02* 24–25 gr. 22–26

## Mánudagur 7. september

*Afneitum óguðleik og veraldlegum girndum.* – Tít. 2:12.

Hvernig getum við varast að láta hugarfar Satans hafa áhrif á okkur? Lítum á dæmi. Jehóva hefur kennt okkur að kynferðislegt siðleysi og „óhreinleiki yfirleitt eða ágirnd [ætti] ekki einu sinni að nefnast á nafn meðal [okkar]“. (Ef. 5:3) En hvað gerum við ef vinnu- eða skólafélagar fara að tala um eitt-hvað sem er kynferðislega siðlaust? Varðmaðurinn, samviska okkar, gæti varað okkur við hættunni.

(Rómv. 2:15) En hlustum við á hana? Við gætum freistast til að hlusta á kunningjana eða skoða myndir sem þeir eru að sýna. En þetta er tíminn til að loka borgarhliðunum með því að breyta um umræðuefni eða ganga burt. Við þurfum að sýna hugrekki þegar kunningjar þrýsta á okkur til að hugsa um eða gera það sem er rangt. Við megum vera viss um að Jehóva sér það sem við leggjum á okkur og hann gefur okkur kraft og vísu til að standa gegn hugsunarhætti Satans. – 2. Kron. 16:9; Jes. 40:29; Jak. 1:5 *w19.01* 17–18 gr. 12–13

## Þriðjudagur 8. september

*En svo leit ég á öll verk mín, þau sem hendur mínar höfðu unnið og þá sá ég að allt var það hégómi og enginn ávinningur.* – Préd. 2:11.

Salómon var ótrúlega ríkur og valdamikill. Hann ákvað að prófa sig áfram og ‚reyna gleðina og njóta gæða lífsins‘. (Préd. 2:1–10) Hann byggði hús, hannaði garða og gerði allt sem hann langaði til. Hvernig leið honum eftir það? Var hann sáttur og ánægður? Salómon svarar því sjálfur í versí dagsins. Ætlar þú að taka þennan áhrifamikla lærdóm til þín? Jehóva vill hlífa þér við sársaukanum af að læra á lífið í hörðum skóla reynslunnar. Þú þarft auðvitað að hafa trú til að hlýða Guði og setja vilja hans í fyrsta sæti. Slík trú er ómetanleg og hún veldur *aldrei* vonbrigðum. Jehóva gleymir *aldrei* kærleikanum sem þú auðsýnir honum. (Hebr. 6:10) Leggðu því hart að þér að byggja upp sterka trú og kynnstu þannig af eigin raun að himneskur faðir þinn vill þér allt það besta. – Sál. 32:8. *w18.12* 22 gr. 14–15

## Miðvikudagur 9. september

*„Guð auðsýnir kærleika sinn til okkar í því að Kristur dó fyrir okkur þegar við vorum enn syndarar.“*

– Róm. 5:8.

Sá sem er andlega sannaður treystir á Guð og reynir að líta hlutina sömu augum og hann. Hann leit ar leiðsagnar Guðs og er staðráðinn í að hlýða honum. (1. Kor. 2:12, 13) Davíð er gott dæmi um andlega sannaðan mann. Hann söng: „Drottinn, þú ert hlutskipti mitt og minn afmældi bikar.“ (Sálm. 16:5) „Hlutskipti“ Davíðs var meðal annars að eiga náð samband við Jehóva, sem hann leitaði hælís hjá. (Sálm. 16:1) Þar af leiðandi gat hann sagt: „Hugur minn gleðst.“ Ekkert gladdi Davíð meira en að eiga innilegt samband við Jehóva. (Sálm. 16:9, 11) Þeir sem láta líf sitt snúast um efnislega hluti og að skemmta sér finna ekki gleðina sem Davíð naut. (1. Tím. 6:9, 10) Ef þú styrkir trú þína á Jehóva og þjónar honum verður líf þitt ánægjulegt og innihaldsríkt. Hvernig geturðu styrkt trúna? Þú þarft að verja tíma með Jehóva með því að lesa í orði hans, skoða sköpunarverkið og hugsa um góða eiginleika hans eins og til dæmis kærleikann til þín. – Róm. 1:20. *w18.12* 25 gr. 7–8

## Fimmtudagur 10. september

*„Hjúskapurinn sé í heiðri hafður í öllum greinum.“* – Hebr. 13:4.

Þetta var ekki aðeins almenn staðhæfing um hjónaband. Páll var að brýna fyrir kristnum mönnum að virða hjónabandið, að álíta það dýrmætt. Lítur þú þannig á hjónabandið, og ekki síst eigið hjónaband ef þú ert giftur? Ef þú berð virðingu fyrir hjónabandinu fylgirðu góðu for-dæmi. Jesús virti hjónabandið. Þegar farisear spurðu hann út í skiln-

að vitnaði hann í það sem Guð sagði um fyrsta hjónabandið: „Fyrir því skal maður yfirgefa föður sinn og móður og bindast konu sinni og þau tvö skulu verða einn maður.“ Jesús bætti við: „Það sem Guð hefur tengt saman má maður eigi sundur skilja.“ (Mark. 10:2–12; 1. Mós. 2:24) Jesús viðurkenndi að Guð er höfundur hjónabandsins og hann lagði áherslu á að það ætti að vera varanlegt. Guð sagði ekki Adam og Evu að þau gætu slitið hjónabandinu með skilnaði. Hann ætlaðist til þess að „þau tvö“ yrðu tengd varanlegum böndum og hið sama gildi um öll hjón. *w18.12* 10–11 gr. 2–4

## Föstudagur 11. september

*Látið umbreytast með hinu nýja hugarfari.* – Róm. 12:2.

Við lærðum mikilvægi þess að hlýða helstu kröfum Jehóva þegar við kynntumst sannleikanum. En eftir því sem við þroskumst andlega kynnumst við hugarfari Jehóva nánar og skiljum betur hvað honum líkar, hvað honum líkar ekki og hvernig hann lítur á ýmis mál. Þetta hefur áhrif á breytni okkar og hvernig við tökum ákvarðanir. Þó að við höfum yndi af að læra að hugsa eins og Jehóva getur það líka tekið á. Stundum getur ófullkomin rök-hugsun okkar gert okkur erfitt fyrir. Það getur til dæmis reynst erfitt fyrir okkur að skilja viðhorf Jehóva til siðferðilegs hreinleika, efnishyggu, boðunarinnar, misnotkunar blóðs og fleira. Hvað getum við þá gert? Hvernig getum við haldið áfram að tileinka okkur hugarfar Jehóva? Við þurfum að umbreytast með hinu nýja hugarfari með því að rannsaka Biblíuna með það í huga að skilja hvernig Jehóva hugsar, íhuga það og laga hugsanagang okkar að hugarfari hans. *w18.11* 23–24 gr. 2–4

## Laugardagur 12. september

*„Um ofbeldi hef ég hrópað til þín án þess að þú kæmir til hjálpar.“*  
– Hab. 1:2.

Á dögum Habakkuks var ástandið mjög erfitt. Fólk allt í kring var spillt og ofbeldisfullt og þar af leiðandi var hann mjög niðurdreginn. Hvenær myndi illskan taka enda? Af hverju tók það Jehóva svona langan tíma að skerast í leikinn? Habakkuk horfði upp á samlanda sína beita hver annan órétti og kúgun. Honum fannst hann hjálparvana. Hann grátbað því Jehóva að grípa í taumana. Habakkuk gæti hafa fundist Jehóva standa á sama um ástandið eða að hann væri seinn á sér. Hefur þér einhvern tíma liðið þannig? Treysti Habakkuk ekki lengur á Jehóva og loforð hans? Þvert á móti! Hann leitaði til Jehóva með erfiðleika sína og áhyggjur en ekki til manna og það sýnir að hann hafði ekki misst alla von eða gefist upp. Hann var augljóslega áhyggjufullur af því að hann skildi ekki hvers vegna Jehóva beið með að laga ástandið og leyfði honum að þjást. *W18.11 14 gr. 4–5*

## Sunnudagur 13. september

*„Safnið yður ekki fjársjóðum á jörðu.“* – Matt. 6:19.

Fiskimennirnir Pétur og Andrés „yfirgáfu netin“ þegar Jesús bauð þeim að „veiða menn“. (Matt. 4:18–20) Auðvitað geta fæstir þeirra sem kynnast sannleikanum nú á dögum einfaldlega hætt í vinnunni. Þeir hafa biblíulegum skyldum að gegna. (1. Tím. 5:8) Margir sem kynnast sannleikanum þurfa þó að breyta viðhorfi sínu til efnislegra hluta og forgangsraða upp á nýtt. Það gerði

María. Allt líf hennar snerist um golf og hún stefndi á glæstan frama sem atvinnugolfari. En þá fór María að kynna sér Biblíuna og hún sá að sannleikurinn hjálpaði henni að breyta lífi sínu til hins betra. María áttaði sig á að það yrði erfitt að keppast eftir bæði andlegum og efnislegum auði. (Matt. 6:24) Hún gaf upp á bátinn markmiðið að gerast atvinnugolfari. Hún er nú brautryðjandi og segist lifa „besta og hamingjuríkasta lífi sem hugsast getur“. *W18.11 5 gr. 9–10*

## Mánudagur 14. september

*„Er þetta ekki smiðurinn, sonur Mariu?“* – Mark. 6:3.

Þrítugur að aldri lagði Jesús smiðaverkfærin á hilluna vegna þess að hann vissi að boðun fagnaðarerindisins væri mikilvægara starf. Hann sagði að Guð hefði sent hann til jarðar meðal annars til að boða fagnaðarerindið um ríkið. (Matt. 20:28; Lúk. 3:23; 4:43) Jesús lét líf sitt snúast um boðunina og hann vildi að aðrir tækju þátt í henni með sér. (Matt. 9:35–38) Fæst okkar eru smiðir en við erum öll boðberar fagnaðarerindisins. Það er svo mikilvægt starf að Guð tekur þátt í því með okkur. Við erum kölluð „samverkamenn Guðs“. (1. Kor. 3:9; 2. Kor. 6:4) Við erum sannfærð um að „sérhvert orð [Drottins] er satt“. (Sálm. 119:159, 160) Við viljum því vera viss um að við förum „rétt með orð sannleikans“ þegar við boðum trúna. (2. Tím. 2:15) Þess vegna reynum við að verða færari í að nota Biblíuna en hún er aðalverkfæri okkar við að kenna öðrum sannleikann um Jehóva Guð, ríki hans og Jesú Krist. *W18.10 11 gr. 1–2*

## **Þriðjudagur 15. september**

*Annist óstyrka og minnst orða  
Drottins Jesú. – Post. 20:35.*

Jesús Kristur er höfuð hvers manns. Þegar eiginmaður líkir eftir honum á eiginkonan auðveldara með að virða hann. (Ef. 5:21–25, 33) Hún sýnir honum virðingu meðal annars með því að vera tillitssöm. Foreldrar eru börnum sínum góð fyrirmynd þegar þeir sýna hvor öðrum tillitssæmi. Auðvitað er það fyrst og fremst ábyrgð foreldranna að kenna börnunum að vera tillitssöm. Þeir geta til að mynda kennt þeim að hlaupa ekki um í ríkissalnum. Ef fjölskyldan er í veislu gætu foreldrarnir sagt börnunum að hleypa eldra fólkinu á undan í röðinni til að ná sér í mat. Þegar barn gerir góðverk, eins og að opna dyrnar fyrir okkur, ættum við að hrósa því. Það getur haft góð áhrif á barnið og það kemst að raun um að „sælla er að gefa en þiggja“. *W18.09 29 gr. 5–6*

## **Miðvikudagur 16. september**

*„Einn er leiðtogi yðar, Kristur.“  
– Matt. 23:10.*

Við sjáum skýrt af öflugri leiðsögn konungs okkar, Jesú Krists, að hann horfir til framtíðar. Við getum glaðst yfir þeim breytingum sem hafa verið gerðar og hvernig það hefur verið okkur til góðs að laga okkur að þeim. Ykkur gæti fundist uppörvandi að ræða í tilbeiðslustund fjölskyldunnar hvernig þið hafið notið góðs af breytingunum sem gerðar hafa verið á samkomum eða boðuninni. Það er bæði auðveldara og ánægjulegra að fylgja leiðbeiningum frá söfnuði Jehóva ef við skiljum andann að baki þeim og hvernig þær eru okkur til góðs.

Það gleður okkur til dæmis að vita að það sparar peninga að draga úr prentun rita. Nýjasta tækni auðveldar okkur að flytja enn fleira fólki fagnaðarerið. Notaðu því myndskleiðin og rafræn rit í ríkari mæli ef þú getur. Þannig styðurðu Krist sem vill að við förum skynsamlega með fjármuni safnaðarins. Þegar við styðjum leiðsögn Krists styrkjum við trú bræðra okkar og systra og stuðlum að einingu. *W18.10 25–26 gr. 17–19*

## **Fimmtudagur 17. september**

*„Ég bar slíkt kærleikspæl til ykkar að glaður hefði ég ekki einungis gefið ykkur fagnaðarerið Guðs heldur og mitt eigið líf.“*

*– 1. Þess. 2:8.*

Þegar við líkjum eftir mildi og hlýju Jehóva getur huggunin, sem við veitum, verið svar við bæn niðurdregins bróður eða systur. (2. Kor. 1:3–6) En ekki ætlast til fullkomleika af trússysteminum þínum. Vertu raunsær. Að vænta þess að þau geri aldrei mistök er óraunhæft og veldur vonbrigðum. (Préd. 7:21, 22) Mundu að Jehóva er raunsær í því sem hann krefst af þjónum sínum. Ef við líkjum eftir forðæmi hans gerum við ekki ráð fyrir að aðrir séu fullkomnir. (Ef. 4:2, 32) Í stað þess að gefa í skyn að trússystemi þínu geri ekki nóg skaltu leggja þig fram um að hrósa þeim fyrir það sem þau gera. Það er hvetjandi. Við getum byggt aðra upp í kærleika með því að hrósa þeim í einlægni og þannig hjálpað þeim að koma auga á „hrósunar efni“ hjá sjálfum sér í þjónustunni við Jehóva. Það er mikið betra en að bera þau saman við aðra. – Gal. 6:4. *W18.09 16 gr. 16–17*

## Föstudagur 18. september

*„Minn matur er að gera vilja þess sem sendi mig og fullna verk hans.“ – Jóh. 4:34.*

Fyrir Jesú var það eins og matur að fylgja leiðbeiningum föður síns. Við styrkjum trúna þegar við gerum vilja Guðs, rétt eins og við nærum og styrkjum líkamann þegar við borðum góða máltíð. Við sýnum visku með því að fara eftir leiðbeiningum Guðs. (Jak. 3:13) Slík víska hefur margt gott í för með sér. „Allir dýrgripir þínir jafnast ekki á við hana ... Hún er tré lífsins þeim sem höndla hana og sæll er hver sá er heldur fast í hana.“ (Orðskv. 3:13–18) Jesús sagði: „Þér vitið þetta og þér eruð sælir ef þér breytið eftir því.“ (Jóh. 13:17) Hamingja lærisveinanna var undir því komin að þeir fylgdu fyrirmælum hans og fordæmi. Þeir létu sér ekki nægja að gera það í eitt skipti heldur gerðu það að lífsstíl sínum. *w18.09* 4 gr. 4–5

## Laugardagur 19. september

*„Guð skapaði manninn eftir sinni mynd.“  
– 1. Mós. 1:27.*

Fyrirmælin, sem Guð gaf fyrstu hjónunum, hefðu átt að fá þau til að hugsa um velferð annarra þó svo að þau væru ein í Edengarðinum. Jehóva blessaði Adam og Evu og hvatti þau til að fjölga sér, fylla jörðina og leggja hana undir sig. (1. Mós. 1:28) Þeim hefði átt að vera umhugað um ófædd börn sín og hamingju þeirra, rétt eins og skaparanum var umhugað um sköpunarverk sitt. Paradísin átti að ná yfir alla jörðina svo

að afkomendur Adams gætu notið hennar. Til að svo gæti orðið þurfti sístækkandi fjölskylda hans að vinna vel saman. Með því að stækka paradísina hefði fullkomnið mannkyn getað unnið náðið með Jehóva að því að fyrirætlun hans næði fram að ganga, og þar með gengið inn til hvíldar hans. (Hebr. 4:11) Ímyndaðu þér hve gefandi það hefði verið! Að gefa af sér í þágu annarra hefði haft í för með sér ríkulega blessun og ómælda ánægju. *w18.08* 18 gr. 2; 19–20 gr. 8–9

## Sunnudagur 20. september

*„Þjónn minn hefur rægt mig, þræl þinn, við þig, herra minn og konungur.“  
– 2. Sam. 19:28.*

Hvað er til ráða ef einhver ber út lygasögur um þig? Jesús og Jóhannes skírari urðu fyrir því. (Matt. 11:18, 19) Hvernig brást Jesús við? Hann eyddi ekki miklum tíma og kröftum í að verja sig heldur hvatti fólk til að líta á staðreyndirnar – hvað hann gerði og hvað hann kenndi. „Spekin sannast af verkum sínum,“ eins og hann sagði. (Matt. 11:19) Við getum dregið verðmætan lærdóm af Jesú. Fólk getur stundum verið gagnrýnið og ósannngjarnt í okkar garð. Okkur langar til að njóta sannmælis og við vildum geta gert eitt hvað til að hreinsa mannorð okkar. Og eitt getum við reyndar gert. Ef einhver breiðir út lygar eða hálf-sannindi um okkur getum við lifað þannig að enginn trúi lyginni. Við lærum af Jesú að hægt er að hrekja ósannindi með góðri hegðun sinni og liferni. *w18.08* 6 gr. 11–13



## Mánudagur 21. september

*„Drottinn Guð þinn skalt þú óttast, hann skalt þú dýrka, við hann skalt þú halda þér fast.“ – 5. Mós. 10:20, Biblían 1981.*

Frásögur Biblíunnar af Kain, Salómon og Ísraelsmönnum við Sín-aíffjall eiga allar eitt sameiginlegt. Allir fengu þeir tækifæri til að „taka sinnaskiptum og snúa sér til Guðs“. (Post. 3:19) Það er greinilegt að Jehóva gefst ekki auðveldlega upp á þeim sem gera mistök. Hann var til dæmis fús til að fyrirgefa Ar-oni. Nú á dögum varar Jehóva okkur við rangri breytni á kærleiksríkan hátt. Hann gerir það meðal annars með frásögum Biblíunnar, biblíu-tengdum ritum og ráðum trússystkina. Ef við tökum þessar viðvaranir til okkar getum við treyst því að Jehóva sýni okkur miskunn. Það er ekki að ástæðulausu að Jehóva sýni okkur einstaka góðvild. (2. Kor. 6:1) Það gefur okkur tækifæri til að „afneita óguðleik og veraldlegum girndum“. (Tít. 2:11-14) Meðan við lifum „í heimi þessum“ mun sífellt reyna á óskipta hollustu okkar við Jehóva. Verum alltaf reiðubúin að taka einarða afstöðu með Jehóva, Guði okkar. *w18.07 21 gr. 20–21*

## Þriðjudagur 22. september

*„Drottinn þekkir sína.“ – 2. Tím. 2:19.*

Hvernig getum við orðið ákveðnari í að sækjast eftir viðurkenningu Jehóva en ekki heimsins? Við þurfum að muna eftir tveim mikilvægum atriðum. Í fyrsta lagi *hljótum við alltaf viðurkenningu Jehóva ef við þjónum honum trúfastlega.* (Hebr. 6:10; 11:6) Hann metur hvern þjón sinn að verðleikum og finnst það „ranglátt“ að gefa ekki gaum að þeim sem

eru honum trúir. Hann „vakir yfir vegi réttláttra“ og veit hvernig á að bjarga þeim úr prófraunum. (Sálm. 1:6; 2. Pét. 2:9) Í öðru lagi *gæti Jehóva sýnt með mjög óvæntum hætti að hann hefur velþóknun á okkur.* Þeim sem gera góðverk til þess eins að sýnast fyrir mönnum er sagt að þeir fái alls engin laun frá Jehóva. Hvers vegna? Þeir hafa þegar fengið laun sín. (Matt. 6:1–5) En Jesús sagði að faðir sinn, „sem sér í leyndum“, horfi á þá sem hljóta ekki viðurkenningu fyrir góðverk sín í garð annarra. Hann sér verk hvers og eins og endurgeldur þau. *w18.07 9 gr. 8, 10*

## Miðvikudagur 23. september

*„Eigi skalt þú kalla það vanheilagt sem Guð hefur lýst hreint!“ – Post. 10:15.*

Pétur skildi hvorki upp né niður hvað röddin var að reyna að segja honum. En þá komu sendiboðar Kornelíusar. Pétur fylgdi þeim heim til Kornelíusar eftir að hafa fengið bendingu heilags anda. Ef Pétur hefði dæmt aðeins eftir útlitinu hefði hann aldrei farið heim til Kornelíusar. Gyðingar stigu hreinlega ekki fæti inn á heimili heiðinna manna. Hvað varð þá til þess að Pétur gerði það, hann sem hafði haft svo mikla fordóma? Sýnin og leiðsögn heilags anda hafði mikil áhrif á hann. Eftir að Pétur hafði hlustað á Kornelíus var honum innblásið að segja: „Sannlega skil ég nú að Guð fer ekki í manngreinarálit. Hann tekur opnum örmum hverjum þeim sem óttast hann og ástundar réttlæti, hverrar þjóðar sem er.“ (Post. 10:34, 35) Þessi nýi skilningur var spennandi fyrir Pétur og hann átti eftir að snerta alla kristna menn. *w18.08 9 gr. 3–4*

## Fimmtudagur 24. september

„*Hatið hið illa.*“ – Amos 5:15.

Líklega forðumst við hvaðeina sem Guð hatar. En stundum eru engin sérstök lög í Biblíunni um ákveðnar aðstæður sem við lendum í. Hvernig getum við þá fundið út hvað sé Guði að skapi? Þar kemur biblíufrædd samviska okkar til sögunnar. Jehóva hefur í kærleika sínum gefið okkur meginreglur sem vinna með biblíufræddri samvisku okkar. Hann segir: „Ég er Drottinn, Guð þinn, sem kenni þér það sem gagnlegt er, leiði þig þann veg sem þú skalt ganga.“ (Jes. 48:17, 18) Með því að hugleiða meginreglur Biblíunnar og láta þær snerta hjarta okkar getum við leiðrétt samviskuna, leiðbeint henni og mótað hana. Það hjálpar okkur síðan að taka skynsamlegar ákvarðanir. Meginreglur eru grundvallarsannindi eða trúarkenningar sem hægt er að styðjast við þegar maður tekur ákvörðun. Ef við skiljum meginreglur Jehóva höfum við innsýn í hvernig hann hugsar og hvers vegna hann setur okkur ákveðin lög. *w18.06* 17 gr. 5; 18 gr. 8–10

## Föstudagur 25. september

„*Leyfist að gjalda keisaranum skatt eða ekki?*“ – Matt. 22:17.

Heródesarsinnar vonuðust til að Jesús fordæmdi skattinn svo að hægt væri að ákæra hann fyrir uppreisnaráróður. En ef Jesús segði að það ætti að greiða skattinn gæti hann misst fylgjendur. Jesús gætti þess að vera hlutlaus í þessu máli. Hann vissi vel að margir skattheimtumenn voru spilltir. En hann vildi ekki láta draga athygli sína frá mun mikilvægara máli, ríki Guðs sem er eina varanlega lausn í á vandamálum manna. Þannig gaf

hann öllum fylgjendum sínum fordæmi til eftirbreytni. Þeir áttu að varast að blanda sér í stjórnmál, sama hve góður eða réttlátur málstaðurinn virtist vera. Fylgjendur Krists leita ríkis Guðs og réttlætis í stað þess að mynda sér sterkar skoðanir á einhverju sem er óréttlátt eða að mótmæla því. (Matt. 6:33) Mörgum vottum Jehóva hefur tekist að losa sig við sterkar pólitískar skoðanir. *w18.06* 6 gr. 9–11

## Laugardagur 26. september

„*Þá sáu synir Guðs hve dætur mannanna voru fagar.*“

– 1. Mós. 6:2.

Kannski freistaði Satan þessara ótrúu engla ekki aðeins með siðlausu kynlífi heldur lofaði þeim líka að þeir fengju að ráða yfir mannkyninu. Ef til vill ætlaði hann að koma í veg fyrir að „niðji konunnar“ kæmi fram eins og Jehóva hafði lofað. (1. Mós. 3:15) Jehóva batt í það minnsta enda á allar slíkar ráðagerðir Satans og uppreisnarenglanna þegar hann lét flóðið verða. Kynferðislegt siðleysi og sjálfselska eru stórhættulegar tálbeitar sem við megum ekki vanmeta. Englarnir, sem gengu í lið með Satan, höfðu verið óralengi með Guði á himnum. En þrátt fyrir það leyfðu margir þeirra röngum löngunum að festa rætur í hjarta sér. Við höfum kannski þjónað áratugum saman með jarðneskum hluta alheimsafnaðar Guðs. Óhreinar langanir geta samt sem áður skotið rötum í þessu andlega hreina umhverfi. (1. Kor. 10:12) Það er ákaflega mikilvægt að fylgjast alltaf með hvað býr í hjarta okkar og ýta frá okkur siðlausum hugsunum og óheilbrigðu stolti. – Gal. 5:26; Kól. 3:5. *w18.05* 25 gr. 11–12

## Sunnudagur 27. september

*„Ég hef mikla hryggð og sífella kvöl í hjarta mínu.“*

– Róm. 9:2.

Páll varð niðurdreginn vegna þess hve Gyðingar voru neikvæðir gagnvart boðskapnum um ríki Guðs. En hann gafst samt ekki upp á þeim. Taktu eftir hvernig hann lýsir tilfinningum sínum í garð Gyðinganna í bréfi sínu til kristinna manna í Róm: „Það er hjartans ósk mín og bæn til Guðs að þeir megi hólpnir verða. Það ber ég þeim að þeir eru heitir í trú sinni á Guð en skortir réttan skilning.“ (Róm. 10:1, 2) Páll sagðist halda áfram að boða Gyðingum trúna vegna þess að það væri *hans „hjartans ósk“* að einhverjir þeirra yrðu hólpnir. (Róm. 11:13, 14) Hann sárþændi Guð að hjálpa einstaklingum meðal Gyðinga að taka við boðskapnum. Hann sagði: „*Þeir eru heitir í trú sinni á Guð.*“ Hann sá hvaða möguleikar bjuggu í fólki. Hann vissi að þessir trúræknu Gyðingar gætu orðið kappsamir lærisveinar Krists rétt eins og hann sjálfur. *18.05* 13 gr. 4; 15–16 gr. 13–14

## Mánudagur 28. september

*Talið það eitt sem er gott til uppbyggingar, þar sem þörf gerist, til þess að það verði til góðs þeim sem heyra.*

– Ef. 4:29.

Við eigum öll að vera vakandi fyrir þörfum annarra. Páll skrifaði kristnum Hebreum: „Réttið ... úr máttvana höndum og magnþrota knjám. Látið fætur ykkar feta beinar brautir til þess að hið fatlaða vindist ekki úr liði en verði heilt.“ (Hebr. 12:12, 13) Við getum öll verið

uppbyggjandi í tali, hvort sem við erum ung eða gömul. Páll skrifaði: „Fyrst Kristur veitir kjark, fyrst kærleikur hans uppörvar, fyrst andi hans skapar samfélag, fyrst þar ríkir hlýja og samúð gerið þá gleði mína fullkomna með því að vera einhuga, hafa sama kærleika, einn hug og eina sál. Gerið ekkert af eigingirni eða hégómagirnd. Verið lítillát og metið hvert annað meira en ykkur sjálf. Lítið ekki aðeins á eigin hag heldur einnig annarra.“ – Fil. 2:1–4. *18.04* 22 gr. 10; 23 gr. 12

## Þriðjudagur 29. september

*„Þið eruð frjálssir menn. Notið frelsið til að þjóna Guði.“*

– 1. Pét. 2:16.

Jehóva frelsaði okkur fyrir milli-göngu Jesú undan lögmáli syndarinnar og dauðans til að við gætum vígt líf okkar því að „þjóna Guði“. Besta leiðin til að nota frelsið er að verja tíma okkar og kröftum í að þjóna Jehóva af kappi. Það kemur í veg fyrir að við látum lífið snúast um veraldleg markmið og eigin langanir. (Gal. 5:16) Tökum ættföðurinn Nóa og fjölskyldu hans sem dæmi. Þau bjuggu í ofbeldisfullum og siðlausum heimi. En þau létu ekki smitast af löngunum og markmiðum fólks í kringum þau. Hvernig tókst þeim það? Þau kusu að halda sér uppteknum af öllu því sem Jehóva hafði falið þeim að gera – að smíða örkina, vara aðra við flóðinu og safna matarbirgðum fyrir sig og dýrin. „Nói gerði allt eins og Guð bauð honum.“ (1. Mós. 6:22) Fyrir vikið lifðu Nói og fjölskylda hans af þegar heimur þess tíma leið undir lok. – Hebr. 11:7. *18.04* 10 gr. 8; 11 gr. 11–12

## Miðvikudagur 30. september

*„Þér mun ég gefa allt þetta veldi og dýrð þess því að mér er það í hendur fengið og ég get gefið það hverjum sem ég vil.“ – Lúk. 4:6.*

Satan og illu andarnir nota ekki aðeins ríkisstjórnir heldur líka fólks trúarbrögð og viðskiptaheiminn til að afvegaleiða „alla heimsbyggðina“. (Opinb. 12:9) Satan beitir fals-trúarbrögðunum til að halda á lofti lygum um Jehóva. Hann virðist staðráðinn í að fá eins marga og hann getur til að gleyma nafni Guðs. (Jer. 23:26, 27) Afleiðingin er sú að margt einlægt fólk, sem heldur sig tilbiðja Guð, lætur blekkjast og tilbiður illa anda. (1. Kor. 10:20; 2. Kor. 11:13–15) Satan beitir líka viðskiptaheiminum til að ljúga að fólki. Reynt er að telja fólki trú um að besta leiðin til að höndla hamingjuna sé að sækjast eftir peningum og sanku að sér eignum. (Orðskv. 18:11) Þeir sem trúa þessari lygi eyða ævinni í að þjóna „mammón“ en ekki Guði. (Matt. 6:24) Með tíð og tíma getur ástin á efnislegum hlutum kæft hvern þann kærleiksneista sem þeir báru til Guðs. – Matt. 13:22; 1. Jóh. 2:15, 16. *w18.05* 23 gr. 6–7

## Fimmtudagur 1. október

*„Grátíð með grátendum.“  
– Rómv. 12:15.*

Við getum ekki lesið hjórtu eins og Jehóva og Jesús en við getum reynt að skilja tilfinningar og þarfir annarra. (2. Kor. 11:29) Ólíkt eigingjörnu fólki í heiminum reynum við að líta „ekki aðeins á eigin hag heldur einnig annarra“. (Fil. 2:4) Safnaðaröldungar þurfa öðrum fremur að vera hluttekningarsamir. Þeir vita að þeir bera ábyrgð á sauðunum sem þeim hefur verið falið að annast. (Hebr.

13:17) Öldungarnir þurfa að vera skilningsríkir til að geta aðstoðað trúsystkini sín. Hvernig geta þeir sýnt hluttekningu? Umhyggjusamur öldungur ver tíma með trúsystkinum sínum. Hann spyr þau spurninga og hlustar síðan þolinmóður og með athygli. Það er sérstaklega mikilvægt ef einn af dýrmætum sauðum hjarðarinnar vill létta á hjarta sínu en á erfitt með að finna réttu orðin. (Orðskv. 20:5) Öldungur styrkir kærleiks- og vináttuböndin við trúsystkini sín og ávinnur sér traust þeirra með því að gefa fúslega af tíma sínum. – Post. 20:37. *w19.03* 17 gr. 14–17

## Föstudagur 2. október

*„Gullepli í silfurskálum, svo eru vel valin orð.“ – Orðskv. 25:11.*

Þakklæti er eins og góð máltíð – það er ánægjulegra þegar fleiri fá að njóta þess með okkur. Það gleður okkur þegar við finnum að aðrir kunna að meta okkur. Og við gleðjum aðra þegar við sýnum að við kunnum að meta þá. Sá sem hefur gert eitthvað fyrir okkur eða gefið okkur eitthvað veit að það var ekki til einskis ef við tjáum honum þakklæti. Þannig styrkjast vináttuböndin okkar á milli. Þakklæti okkar er mikils virði þegar við tjáum það öðrum, eins og fram kemur í versni dagsins. Ímyndaðu þér hve verðmætt gullepli í silfurskál er. Og þar að auki er það fallett. Þér fyndist eflaust ómetanlegt að fá slíka gjöf. Það getur verið alveg jafn verðmætt fyrir aðra að heyra þig tjá þakklæti þitt. Hugsaðu líka um þetta: Gullepli getur enst afar lengi. Þegar þú tjáir öðrum þakklæti þitt geta þeir að sama skapi minnst þess með hlýju það sem eftir er ævinnar. *w19.02* 15 gr. 5–6

### Laugardagur 3. október

*„Nú er maðurinn orðinn sem einn af oss fyrst hann ber skyn á gott og illt.“ – 1. Mós. 3:22.*

Þegar Adam og Eva borðuðu af skilningstré góðs og ills gáfu þau skýrt til kynna að þau treystu ekki Jehóva og mælikvarða hans. Þau ákváðu að setja sér eigin mælikvarða á hvað væri gott og illt. En hugsaðu þér hvað þau misstu. Þau misstu vináttuna við Jehóva. Þau glötuðu líka möguleikanum á að lifa að eilífu og gáfu börnum sínum synd og dauða í arf. (Róm. 5:12) Hegðun Adams og Evu var gerólik viðbrögðum eþíópíska hirðmannsins þegar Filippus boðaði honum trúna. Hirðmaðurinn var svo þakklátur fyrir það sem Jehóva og Jesús höfðu gert fyrir hann að hann lét skírast þegar í stað. (Post. 8:34–38) Við sendum sömuleiðis skýr skilaboð þegar við vígjum Jehóva líf okkar og látum skírast. Við sýnum að við erum þakklát fyrir það sem Jehóva og Jesús hafa gert fyrir okkur. Við sýnum líka að við treystum Jehóva og viðurkennum rétt hans til að ákveða hvað sé gott og hvað sé illt. *w19.03* 2 gr. 1-2

### Sunnudagur 4. október

*„Ég verð ráðvandur.“  
– Job. 27:5, NW.*

Hvernig sýna þjónar Guðs ráðvendni? Með því að elska hann af öllu hjarta og sýna honum órjúfanalega tryggð. Það gera þeir með því að setja vilja hans framur öllu öðru þegar þeir taka ákvarðanir. Hebræska orðið, sem er þýtt „ráðvendni“, merkir meðal annars að vera heilbrigður, lýtalaus og heill. Dýrin sem voru færð Jehóva að fórn þurftu að vera lýtalaus. (3. Mós. 22:21, 22) Þjónar Guðs máttu ekki fórna dýri

sem á vantaði löpp, eyra eða auga og það mátti ekki vera sjúkt. Það skipti Jehóva miklu máli að dýrið væri heilbrigt, lýtalaus og heilt. (Mal. 1:6–9) Það er ekki erfitt að skilja hvers vegna Jehóva vill hafa hlutina þannig. Þegar við kaupum eitthvað, svo sem ávöxt, bók eða verkfæri, viljum við ekki að það sé rotíð, götött eða að hluta af því vanti. Við viljum að það sé lýtalaus og heilt. Jehóva vill líka að trúfesti okkar og kærleikur til hans sé þannig. *w19.02* 3 gr. 3

### Mánudagur 5. október

*„Hve mjög elska ég lögmál þitt, allan daginn ihuga ég það.“  
– Sál. 119:97.*

Til að varðveita hjarta okkar er ekki nóg að loka því fyrir skaðlegum áhrifum. Við þurfum líka að opna það fyrir góðum áhrifum. Hliðvörður til forna lokaði borgarhliðunum til að koma í veg fyrir innrás óvina. En hann opnaði líka hliðin til að hægt væri að koma inn með mat og aðrar birgðir. Ef hliðin væru aldrei opnuð myndu íbúar borgarinnar svelta. Á svipaðan hátt þurfum við reglulega að opna hjarta okkar til að láta viðhorf Guðs hafa áhrif á okkur. Biblían hefur að geyma hugsanir Jehóva. Í hvert sinn sem við lesum í henni látum við því viðhorf hans hafa áhrif á hugsanir okkar, hegðun og líðan. Hvernig getum við haft sem mest gagn af biblíulestri? Þænin gegnir mikilvægu hlutverki. Hún hjálpar okkur að sjá skýrt dásemdirnar í orði hans. (Sál. 119:18) Við þurfum líka að hugleiða það sem við lesum. Þegar við biðjum, lesum og hugleiðum nær orð Guðs „innst í hjarta [okkar]“ og við förum að elska viðhorf hans. – Orðskv. 4:20–22. *w19.01* 18 gr. 14–15

## **Þriðjudagur 6. október**

*„Við skulum án afláts færa Guði lofgjörðarförn.“ – Hebr. 13:15.*

Jehóva veit að geta okkar og kringumstæður eru mismunandi. Hann metur mikils þær fórnir sem við getum fært honum. Höfum í huga hvers konar fórnir Ísraelsmenn færðu. Sumir gátu fórnað lambi eða geit. Fátækur Ísraelsmaður mátti fórna ‚tveim turtildúfum eða tveim dúfum‘. En ef hann hafði ekki efni á tveim fuglum gat hann fært Jehóva ‚tíunda hluta úr efu af fínu mjöli“ að fórn. (3. Mós. 5:7, 11) Mjöl var ekki eins dýr fórn en Jehóva kunni samt að meta hana svo framalega sem mjölið var ‚fint‘. Gæskuríkur Guð okkar hefur ekki breyst. Hann fer ekki fram á að við séum öll eins vel máli farin og Apollós eða eins sannfærandi og Páll þegar við svörum. (Post. 18:24; 26:28, NW) Jehóva vill bara að við svörum eins vel og við getum – miðað við okkar getu. Munum eftir ekkjunnir sem gaf smápeningana tvo. Hún var dýrmæt í augum Jehóva vegna þess að hún gaf það besta sem hún gat gefið. – Lúk. 21:1–4. *w19.01* 8–9 gr. 3–5

## **Miðvikudagur 7. október**

*„Allir munu hata yður af því að þér trúið á mig.“ – Matt. 10:22.*

Við gerum ráð fyrir að vera hötuð vegna þess að við erum fylgjendur Krists. Jesús sagði fyrir að lærisveinar sínir yrðu fyrir hörðum ofsóknum á síðustu dögum. (Matt. 24:9; Jóh. 15:20) Spádómur Jesaja vekur athygli okkar á að óvinir muni ekki aðeins hata okkur heldur líka beita ýmiss konar vopnum gegn okkur. Meðal þessara vopna eru lævísar blekkingar, hreinar lygar og grimmilegar ofsóknir. (Matt. 5:11)

Jehóva hindrar ekki óvini okkar í að nota þessi vopn þegar þeir berjast gegn okkur. (Ef. 6:12; Opinb. 12:17) En við þurfum ekki að óttast. Jehóva sagði að „*ekkert vopn*“, sem yrði notað gegn okkur, myndi „*reynast sigursælt*“. (Jes. 54:17) Jehóva verndar okkur gegn ‚anda ofríkis-manna‘ rétt eins og veggur verndar okkur gegn hættulegu slagvæðri. (Jes. 25:4, 5) Óvinum okkar tekst aldrei að valda okkur varanlegum skaða. (Jes. 65:17) Allir óvinir þjóna Guðs „*verða að engu og farast*“. – Jes. 41:11, 12. *w19.01* 6–7 gr. 13–16

## **Fimmtudagur 8. október**

*„Þar sem andi Drottins er, þar er frelsi.“ – 2. Kor. 3:17.*

Jehóva er annt um frelsið og hann gerði ykkur unga fólkið þannig úr garði að ykkur sé einnig annt um það. En hann vill samt að þú noti frelsi þitt á ábyrgan hátt því að það er þér til verndar. Þú þekkir ef til vill einhverja sem horfa á klám, stunda kynferðislegt siðleysi, taka þátt í áhættuþróttum, misnota áfengi eða neyta fíkniefna. Þeir finna kannski fyrir spennu og ánægju í einhvern tíma en oftast er það dýrkeypt. Því fylgja oft sjúkdómar, fíkn og jafnvel dauði. (Gal. 6:7, 8) Já, „*frelsi*“ þeirra er grimmileg sjálfsblekking. (Tit. 3:3) En hvað þekkirðu marga sem hafa veikst *vegna þess* að þeir fylgdu stöðlum Bibliunnar? Hlýðni við Jehóva er greinilega bæði heilnæm og frelsandi. (Sálm. 19:8–12) Og auk þess sýnirðu Jehóva og foreldrum þínum að þér er treystandi fyrir auknu frelsi ef þú notar frelsi þitt skynsamlega – það er að segja innan þeirra marka sem fullkomin lög og meginreglur Guðs setja. – Rómv. 8:21. *w18.12* 22–23 gr. 16–17

## Föstudagur 9. október

*„Maður yfirgefur föður sinn og móður sína og býr með eiginkonu sinni, og þau verða eitt.“*

– 1. Mós. 2:24.

Það breyttist margt þegar Adam syndgaði. Dauðinn kom til dæmis til sögunnar, og það hafði áhrif á hjónabandið. Við sjáum það á því sem Páll postuli skrifaði þegar hann útskýrði að kristnir menn væru ekki undir Móselögnum. Hann benti á að dauðinn byndi enda á hjónabandið og að eftirlifandi makanum væri frjálst að giftast á ný. (Róm. 7:1–3) Í lögnum, sem Guð gaf Ísraelsþjóðinni, voru vissar leiðbeiningar um hjónabandið. Fjólkvæni var til dæmis leyft, en það hafði tíðkast áður en Guð gaf Ísraelsmönnum lögin. Um það giltu þó ákveðnar reglur sem vernduðu konur og börn gegn illri meðferð. Ef Ísraelsmaður kvæntist ambátt og gekk síðar að eiga aðra konu þurfti hann eftir sem áður að gæta hjúskaparskyldu sinnar við þá fyrri og mátti hvorki minnka við hana mat né klæðnað. Guð fór fram á að hann verndaði hana og annaðist. (2. Mós. 21:9, 10) Við erum ekki undir Móselögnum en þau leiða samt í ljós hve dýrmætt hjónabandið er í augum Jehóva. Auðveldar það þér ekki að meta hjónabandið að verðleikum? *w18.12 10 gr. 3; 11 gr. 5–6*

## Laugardagur 10. október

*„Þér tryðuð ekki þótt tjáð væri.“*  
– Hab. 1:5.

Eftir að Habakkuk hafði tjáð Jehóva áhyggjur sínar hefur hann kannski velt fyrir sér hver viðbrögð Jehóva yrðu. Rétt eins og skilningsríkur og umhyggjusamur faðir ávitaði Jehóva hann ekki fyrir að úthella hjarta sínu í einlægni. Guð

vissi að hann þjáðist og væri að grátbiðja um hjálp. Hann beindi athygli Habakkuks að því sem myndi henda ótrúa Gyðinga í nánustu framtíð. Það má vel vera að Jehóva hafi sagt Habakkuk fyrst um manna að brátt yrði bundinn endi á ofbeldið. Jehóva benti Habakkuk á að hann væri reiðubúinn að skerast í leikinn. Þessi ofbeldisfulla og spillta kynslóð átti refsingu yfir höfði sér. Með því að segja „á yðar dögum“ gaf Jehóva í skyn að dómurinn myndi falla á dögum spámannsins og samtíðarmanna hans. Viðbrögð Jehóva voru alls ekki eins og Habakkuk hafði búist við. Var þetta svar við grátbeiðni hans? Það sem Jehóva sagði honum merkti að þjáningar Júdanna myndu aukast. *w18.11 15 gr. 7–8*

## Sunnudagur 11. október

*Guð vill að allir menn verði hólpnir og komist til þekkingar á sannleikanum.* – 1. Tím. 2:4.

Hvernig liturðu á þá sem hafa enn ekki kynnst sannleikanum? Páll postuli leitaði í samkunduhúsum að fólki sem hafði þegar þekkingu á Guði. En boðun hans einskorðaðist ekki við Gyðinga. Í fyrstu boðunarferð Páls fór hann ásamt Barnabasi til Lýstru. Lýkaóníumenn, sem bjuggu þar, töldu þá vera ofurmannlega – Seif og Hermes í líki manna. Nutu Páll og Barnabas þess að vera í sviðsljósinu? Fannst þeim það hressandi tilbreyting frá ofsóknunum í síðustu tveim borgum? Héldu þeir að vinsældir þeirra myndu auðvelda þeim að boða fagnaðarerindið? Þvert á móti. Þeir rifu klæði sín, stukku inn í mannþröngina og hrópuðu: „Menn, hví gerið þið þetta? Við erum menn eins og þið.“ – Post. 14:8–15. *w18.09 4–5 gr. 8–9*

## Mánudagur 12. október

*Vitið þið ekki að ranglátir munu ekki erfa Guðs ríki? Og þannig voruð þið sumir hverjir. En þið létuð laugast, eruð réttlættir.*

– 1. Kor. 6:9, 11.

Þegar við kynnumst sannleikanum og förum að lifa eftir siðferðismælikvarða Biblíunnar þurfum við að vera fús til að breyta hugarfari okkar og hegðun. Pétur postuli skrifaði: „Verið eins og hlýðin börn og látið liferni ykkar ekki framar mótast af þeim girndum er þið áður létuð stjórnast af í vanvisku ykkar. Verðið heldur sjálf heilög í öllu dagfari ykkar.“ (1. Pét. 1:14, 15) Í Korintu til forna lifðu margir siðlausu lífi og þurftu að gera róttækar breytingar á lífi sínu til að geta verið hreinir í augum Jehóva. Margir nú á dögum hafa á svipaðan hátt snúið baki við syndugu lífverni til að geta keypt sannleika. Pétur lýsti þessu þegar hann skrifaði: „Nógu lengi hafið þið samið ykkur að háttum heiðingjanna og lifað í saurlífnaði, girndum, ofdrykkju, óhófi, samdrykkjum og svívirðilegri skurðgoðadýrkun.“ – 1. Pét. 4:3. *w18.11 6 gr. 13*

## Þriðjudagur 13. október

*„Allir tóku trú sem hneigðust til eilífs lífs.“ – Post. 13:48, NW.*

Hvernig getum við vitað hverjir „hneigjast til eilífs lífs“? Eina leiðin til þess er að boða þeim trúna, rétt eins og var á fyrstu öld. Við þurfum því að fara eftir boði Jesú: „Hvar sem þér komið í borg eða þorp, spyrjist þá fyrir um hver þar sé verðugur.“ (Matt. 10:11) Við reiknum ekki með að þeir sem eru hrokafullir bregðist vel við fagnaðarerindinu, né heldur þeir sem finna enga and-

lega þörf hjá sér eða eru ekki einlægir. Við leitum að einlægu og auðmjúku fólki sem þyrstir í að heyra sannleikann. Við getum líkt þessari leit okkar við leit Jesú að réttum efnivið í húsgögn, hurðir, ok og fleiri hluti meðan hann var smíður. Þegar hann hafði fundið hentugt efni gat hann sótt verkfæri í verkfærakistuna og beitt færni sinni til að smíða það sem hann ætlaði sér. Við förum eins að þegar við kappkostum að gera réttssinnað fólk að lærisveinum. – Matt. 28:19, 20. *w18.10 12 gr. 3–4*

## Miðvikudagur 14. október

*„Filippus fór norður til höfuðborgar Samaríu og prédikaði Krist þar.“ – Post. 8:5.*

Filippus trúboði er gott dæmi um mann sem einbeitti sér að boðuninni þrátt fyrir breyttar aðstæður. Miklar ofsóknir brutust út í Jerúsalem eftir píslarvættisdauda Stefáns. Á þeim tíma hafði Filippus fengið nýtt þjónustuverkefni. (Post. 6:1–6) En þegar fylgjendur Krists flúðu Jerúsalem gat Filippus ekki setið aðgerðarlaus. Hann fór í trúboðsferð til Samaríu þar sem mjög fáir höfðu heyrt fagnaðarerindið. (Matt. 10:5; Post. 8:1) Filippus var fús til að fara hvert sem andi Guðs leiddi hann. Jehóva lét hann því ryðja brautina á svæðum þar sem fólk hafði ekki enn heyrt fagnaðarerindið. Filippus var fordómalaus og það var líklega uppörvandi fyrir Samverja því að margir Gyðingar litu niður á þá. Það er ekki að undra að menn hlustuðu á hann „með athygli“. (Post. 8:6–8) Filippus hætti ekki að einbeita sér að boðuninni. Fyrir vikið blessaði Jehóva hann og fjölskyldu hans ríkulega. – Post. 21:8, 9. *w18.10 30 gr. 14–16*



## Fimmtudagur 15. október

*„Gefum gætur hvert að öðru og hvetjum hvert annað til kærleika og góðra verka.“ – Hebr. 10:24.*

Eitt sinn þegar Jesús var í Dekapólisbyggðum færðu menn til hans heyrnarlausan og málhaldan mann. (Mark. 7:31-35) „Jesús leiddi hann afsíðis“ til að lækna hann í stað þess að gera það fyrir allra augum. Hvers vegna? Manninum gæti hafa liðið illa í margmenni vegna fötlunar sinnar. Kannski læknaði Jesús hann í einrúmi af því að hann skynjaði hvernig honum leið. Við getum auðvitað ekki læknað fólk fyrir kraftaverk. En við getum og ættum að taka tillit til þarfa og tilfinninga trússystkina okkar. Jesús vissi hvernig heyrnarlausu mannum leið og sýndi honum tillitssemi. Við ættum líka að gefa gætur að þeim sem eru aldraðir eða veikburða. Aðaleinkenni kristna safnaðarins er kærleikur en ekki það að áorka sem mestu. (Jóh. 13:34, 35) Þessi kærleikur er okkur hvatning til að hjálpa öldruðum og veikburða að sækja samkomur og boða fagnaðareringið, jafnvel þótt þeir geti ekki gert svo mikið. – Matt. 13:23. *w18.09 29-30 gr. 7-8*

## Föstudagur 16. október

*„Sérhvert okkar hugsi um náunga sinn, það sem honum er til góðs og til uppbyggingar.“ – Róm. 15:2.*

Allir þjónar Jehóva eru dýrmætir í augum hans og í augum Jesú sem gaf líf sitt til lausnargjalds. (Gal. 2:20) Okkur þykir innilega vænt um bræður okkar og systur. Og við viljum annast þau af hlýju og kærleika. Við „keppum þess vegna eftir því sem til friðar heyrir og eflir samfélagið“. (Róm. 14:19) Við hlökk-

um öll til þess að lifa í paradís þar sem við höfum enga ástæðu til að vera niðurdregin. Þar verða engir sjúkdómar, styrjaldir, dauði vegna erfðasyndar, ofsóknir, fjölskylduerjur eða vonbrigði. Í lok þúsundarárarkisins verða mennirnir orðnir fullkomnir. Þeir sem standast lokaþrófið verða þá ættleiddir sem jarðnesk börn Jehóva Guðs og fá „frelsið í dýrðinni með börnum Guðs“. (Róm. 8:21) Við skulum öll sýna kærleika sem byggir upp og hjálpar hvert öðru að lifa af inn í nýjan heim Guðs. *w18.09 14 gr. 10; 16 gr. 18*

## Laugardagur 17. október

*„Hve mjög elska ég lögmál þitt, allan daginn íhuga ég það.“ – Sál. 119:97.*

Að nema orð Guðs felur í sér meira en að lesa lauslega yfir efnið og strika undir svörin. Í námi okkar hugleiðum við hvað við lærum um Jehóva af efninu, hugsanir hans og verk. Við reynum að skilja *hvers vegna* Guð segir okkur að gera sumt en forðast annað. Við íhugum einnig hverju við þurfum að breyta í hugsun okkar og verkum. Þó að við hugleiðum kannski ekki allt þetta í hverri námsstund er gott fyrir okkur að nota tíma – til dæmis helm-inginn af hverri námsstund – í að íhuga með þakklátum huga það sem við lesum. (1. Tím. 4:15) Þegar við hugleiðum orð Guðs reglulega sannfærumst við um að Jehóva hafi alltaf á réttu að standa. Við förum að sjá hlutina út frá sjónarhorni Jehóva og vera á sama máli og hann. Við höfum ‚umbreyt með hinu nýja hugarfari‘ og förum að hugsa á nýjan hátt. (Róm. 12:2) Smátt og smátt tileinkum við okkur hugarfar Jehóva. *w18.11 24 gr. 5-6*

## Sunnudagur 18. október

„Samverkamenn Guðs erum við.“  
– 1. Kor. 3:9.

Á fyrstu öld sagði Páll að hann og vissir samstarfsmenn sínir væru „samverkamenn Guðs“ þar sem þeir áttu þátt í að gróðursetja og vökva sáðkorn Guðsríkis. (1. Kor. 3:6) Við getum líka verið „samverkamenn Guðs“ með því að gefa örlátlega af tíma okkar, kröftum og fjármunum í þágu boðunarinnar sem hann hefur falið okkur. Það er stórkostlegur heiður! Það veitir mikla gleði að gefa örlátlega af tíma sínum og kröftum til að boða fagnaðareringið og gera fólk að lærisveinum. Margir hafa sagt að fátt sé skemmtilegra en að halda biblíunámskeið með nemandanum sem tekur góðum framförum. Það er ákaflega ánægjulegt að sjá þakkláta nemendur ljóma af gleði þegar þeir skilja sannindi Biblíunnar, vaxa í trúnni, gera breytingar á lífi sínu og byrja að segja öðrum frá trú sinni. Jesús fann sömuleiðis fyrir mikilli gleði þegar boðberarnir 70, sem hann hafði sent út að boða trúna, komu aftur með fögnuði yfir því sem þeir höfðu upplifað. – Lúk. 10:17–21. *w18.08* 20 gr. 11–12

## Mánudagur 19. október

„Sá sem treystir á eigið hyggjuvit er heimskingi.“ – Orðskv. 28:26.

Við gætum farið að treysta um of á sjálf okkur. Við gætum talið okkur trú um að við værum fær um að skilja ákveðnar aðstæður þó að við þekktum ekki allar hliðar málsins. Ef við eigum í samskiptaörðugleikum við bróður í söfnuðinum getur það sömuleiðis torvelað okkur að draga réttar ályktanir. Það er hætta á að við verðum tortryggin í hans garð ef við erum sífellt að hugsa um

missættið. Ef við heyrum síðan eitt hvað neikvætt um hann trúum við því kannski eins og nýju neti. Hver er lærdómurinn? Ef okkur er illa við einhvern í söfnuðinum getur það haft þau áhrif að við drögum rangar ályktanir sem byggjast ekki á staðreyndum. (1. Tím. 6:4, 5) Við getum varðveitt fulla dómgreind með því að láta ekki öfund og afbrýði festa rætur í hjarta okkar. Jehóva vill að við elskum trússystemið okkar og fyrirgefum þeim af öllu hjarta. Gleymum því aldrei. – Kól. 3:12–14. *w18.08* 6 gr. 15; 7 gr. 18

## Þriðjudagur 20. október

*Jehóva heyrir himinninn og jörðin og allt sem á henni er.*

– 5. Mós. 10:14.

Þar sem Jehóva skapaði okkur mennina tilheyrum við öll honum. (Sálm. 100:3; Opinb. 4:11) Hins vegar hefur hann í aldanna rás valið sér ákveðna hópa fólks sem tilheyrðu honum á sérstakan hátt. Í Sálm 135 kemur fram að Jehóva hafi útvalið trúfasta þjóna sína í Ísrael forðum daga til að vera sérstök eign sín. (Sálm. 135:4) Og í bók Hósea var sagt fyrir að fleiri en Ísraelsmenn myndu tilheyra þjóð hans. (Hós. 2:23) Spádómur Hósea uppfylltist þegar Jehóva fór að velja karla og konur, sem voru ekki Gyðingar, til að stjórna með Kristi á himni. (Post. 10:45; Rómv. 9:23–26) Þessi „heilaga þjóð“ er „eignarlýður“ Jehóva á einstakan hátt. Þeir sem tilheyra henni hafa verið smurðir heilögum anda og valdir til að lifa á himnum. (1. Pét. 2:9, 10) En hvað um alla þá trúföstu þjóna Guðs nú á dögum sem eiga von um að lifa að eilífu á jörð? Jehóva kallar þá líka „þjóð sína“ og „sína útvöldu“. – Jes. 65:22. *w18.07* 22 gr. 1–2

## Miðvikudagur 21. október

*Verið með sama hugarfari sem Kristur Jesús var. Hann svipti sig öllu, tók á sig þjóns mynd.*

– Fil. 2:5, 7.

Sannkristnir menn líkja eftir Kristi sem lét okkur eftir fullkom-ið fordæmi um örlæti. (Matt. 20:28) Við ættum hvert og eitt að spyrja okkur: Get ég líkt eftir Jesú enn betur en ég geri nú þegar? (1. Pét. 2:21) Við getum notið velþóknunar Jehóva með því að líkja eftir fullkomnu fordæmi hans og Krists, láta okkur annt um vel-ferð annarra og leita leiða til að annast þarfir þeirra. Jesús ætlast til þess að fylgjendur sínir leggi lykkju á leið sína til að hjálpa öðrum, óháð uppruna þeirra. Það kom skýrt í ljós þegar hann sagði dæmi-söguna um miskunnsama Samverj-ann. (Lúk. 10:29–37) Manstu hvaða spurning leiddi til þess að Jesús sagði þessa dæmisögu? Gyðing-ur nokkur spurði hann: „Hver er náungi minn?“ Svar Jesú leiðir í ljós að við þurfum að vera fús til að gefa örlátlega eins og Samverj-inn ef við viljum njóta velþóknunar Guðs. *w18.08* 19 gr. 5–6

## Fimmtudagur 22. október

*„Engillinn kom inn til hennar og sagði: „Heil vert þú sem nýtur náð-  
ar Guðs! Drottinn er með þér.““*

– Lúk. 1:28.

Hlaut María viðurkenningu fyrir að hugsa vel um son Guðs og ala hann upp af trúfesti? Já, Jehóva lét skrá orð hennar og verk í Biblí-una. Að því er virðist var hún ekki í aðstöðu til að ferðast með Jesú í þau þrjú og hálf ár sem þjónusta hans stóð yfir. Hún þurfti að vera

um kyrrt í Nasaret, kannski af því að hún var orðin ekkja. Þótt hún missti af mörgu sem Jesús gerði gat hún verið viðstödd þegar hann dó. (Jóh. 19:26) María var líka í Jerú-salem ásamt lærisveinunum dag-ana fyrir hvítasunnun þegar heilög-um anda var úthellt. (Post. 1:13, 14) Hún var sennilega andasmurð með öllum hinum sem voru saman komn-ir. Ef sú var raunin þýðir það að hún hafi fengið tækifæri til að vera með Jesú á himnum um alla eilífð. Það eru fögur laun fyrir trúfasta þjón-ustu hennar. *w18.07* 9 gr. 11; 10 gr. 14

## Föstudagur 23. október

*Geríð allt Guði til dýrðar.*

– 1. Kor. 10:31.

Meðan Jesús var á jörð kenndi hann lærisveinum sínum ýmis grundvallarsannindi sem gerðu þeim kleift að átta sig á afleiðing-um vissra viðhorfa og verka. Hann kenndi til dæmis að reiði geti leitt til ofbeldis og siðlausar hugs-anir til hjúskaparbrotis. (Matt. 5:21, 22, 27, 28) Ef við höfum meginregl-ur Jehóva að leiðarljósi þjálfum við samviskuna vel og heiðrum hann með ákvörðunum okkar. Tveir þjón-ar Guðs geta tekið ólíkar ákvarðan-ir í ýmsum málum þó að þeir hafi báðir þjálfað samviskuna með hjálp Biblíunnar. Tökum notkun áfengis sem dæmi. Hófleg neysla áfengis er ekki fordæmd í Biblíunni. Hún var-ar hins vegar við óhóflegri notkun og ölvun. (Orðskv. 20:1; 1. Tím. 3:8) Merkir það að kristinn maður þurfi bara að gæta þess að nota áfengi í hófi? Nei, hann þarf að hafa fleira í huga. Þó að samviska hans sjálfs leyfi honum að neyta áfengis þarf hann líka að taka tillit til samvisku annarra. *w18.06* 18 gr. 10–11

## Laugardagur 24. október

*„Varist súrdeig farísea og súrdeig Heródesar.“ – Mark. 8:15.*

Jesús varaði lærisveinana eindregið við ‚súrdeigi‘, eða kenningum, farísea, saddúkea og Heródesarsinna. (Matt. 16:6, 12) Athyglisvert er að þetta átti sér stað stuttu eftir að menn vildu gera Jesú að konungi. Þegar stjórn málum og trú er blandað saman er oft stutt í ofbeldi. Jesús kenndi lærisveinum sínum að þeir yrðu að vera hlutlausir. Það var ein ástæða þess að æðstuprestarnir og farísearnir lögðu á ráðin um að taka Jesú af lífi. Þeir litu á hann sem pólitískan og trúarlegan keppinaut sem ógnaði stöðu þeirra. Þeir sögðu: „Ef við leyfum honum að halda svo áfram munu allir trúá á hann og þá koma Rómverjar og taka bæði helgidóm okkar og þjóð.“ (Jóh. 11:48) Kaífas æðstiprestur fór því með forystuna í að fá Jesú ráðinn af dögum. – Jóh. 11:49–53; 18:14. *w18.06* 6–7 gr. 12–13

## Sunnudagur 25. október

*„Elskan sé flærðarlaus.“  
– Róm. 12:9.*

Forvitni um hið yfirnáttúrlega er tálbeita sem Satan notar. Hann yfir undir áhuga á illum öndum bæði með hjálp falkra trúarbragða og skemmtanaíðnaðarins. Dulspeki er klædd í spennandi búning í kvikmyndum, tölvuleikjum og öðru afþreyingarefni. Hvernig getum við forðast þessa gildru? Við skulum ekki reikna með að söfnuður Guðs láti í té lista yfir viðeigandi og óviðeigandi afþreyingarefni. Við þurfum öll að þjálfa samviskuna svo að hún sé í samræmi við mælikvarða Guðs. (Hebr. 5:14) Við tökum skynsamlegar ákvarðanir ef við förum eft-

ir innblásnum leiðbeiningum Páls hér að ofan. Það gæti verið gott að spyrja sig hvort afþreyingarefnið, sem maður velur, beri vott um vissa hræsni. Fer ég eftir því sem ég kenni öðrum? Hvað ætli biblíunemendum mínum eða fólkinu sem ég heimsæki fyndist um það sem ég geri mér til skemmtunar? Því betur sem orð okkar og verk fara saman því ólíklegra er að við göngum í gildirur Satans. – 1. Jóh. 3:18. *w18.05* 25 gr. 13

## Mánudagur 26. október

*„Það er hjartans ósk mín og bæn til Guðs að þeir megi hólpnir verða.“ – Róm. 10:1.*

Hvernig getum við líkt eftir Páli? Í fyrsta lagi reynum við alltaf að hafa einlæga löngun til að finna fólk með það hugarfar sem þarf til að hljóta eilíft líf. Í öðru lagi biðjum við Jehóva auðmjúklega að opna hjörtu þeirra sem eru einlægir. (Post. 13:48; 16:14) Silvana hefur verið brautryðjandi hátt í 30 ár. Hún segir: „Áður en ég banka upp á hjá fólki á svæðinu bið ég Jehóva að hjálpa mér að vera jákvæð.“ Við biðjum líka Guð að láta engla beina okkur til þeirra sem eru auðmjúkir. (Matt. 10:11–13; Opinb. 14:6) Robert, sem hefur verið brautryðjandi í meira en 30 ár, segir: „Það er spennandi að vinna með englum sem vita hvað er að gerast í lífi húsráðenda.“ Í þriðja lagi reynum við að sjá hvaða möguleikar búa í fólki. Öldungur, sem heitir Carl, segir: „Ég leita að merkjum um einlægni fólks, þó ekki sé nema bros, vingjarnlegt augnaráð eða einlæg spurning.“ Já, við getum borið ávöxt með stöðuglyndi, rétt eins og Páll gerði. *w18.05* 15 gr. 13; 16 gr. 15

## **Priðjudagur 27. október**

*Gefum gætur hvert að öðru og uppörvum hvert annað og það því fremur sem við sjáum að dagurinn færist nær. – Hebr. 10:24, 25.*

Það getur verið mjög hvetjandi að heyra að þeir sem við hjálpuðum fyrir löngu skuli vera Jehóva trúir. Jóhannesi postula fannst það. Hann skrifaði: „Ég hef enga meiri gleði en þá að heyra að börnin mín hlýði sannleikanum.“ (3. Jóh. 4) Margir brautryðjendur geta vitnað um hve hvetjandi það sé að fréttu að sumir af fyrrverandi biblíunemendum þeirra séu Jehóva trúir og starfi jafnvel sem brautryðjendur. Ef brautryðjandi er niðurdreginn getur verið ákaflega uppörvandi fyrir hann að minna hann á það góða sem hann hefur gert fyrir aðra. Margir farandhirdar hafa nefnt að það hafi verið uppörvandi fyrir þá og eiginkonur þeirra að fá stutt þakk-arbréf eftir að hafa heimsótt söfnuði. Hið sama má segja um öldunga, trúboða, brautryðjendur og Betelíta þegar þeir frá hrós og þakkir fyrir trúa þjónustu sína. *w18.04 23 gr. 14-15*

## **Miðvikudagur 28. október**

*Konungurinn má ekki taka sér of margar konur svo að hjarta hans víki ekki af réttri leið.*

– 5. Mós. 17:17.

Salómon óhlýðnaðist. Hann kvæntist 700 konum og tók sér 300 hjákonur. (1. Kon. 11:3) Margar af eiginkonum hans voru ekki af Ísraelsætt og tilbáðu falsguði. Salómon óhlýðnaðist því einnig lögum Guðs um að kvænast ekki útlendum konum. (5. Mós. 7:3, 4) Smátt og smátt hætti Salómon að hafa mætur á lögum Guðs. Það varð til þess að

hann misbauð Guði stórlega. Hann fór að dýrka falsguði ásamt heiðnum eiginkonum sínum. Hann reisti altari handa gyðjunni Astarte og að minnsta kosti eitt handa falsguðinum Kamos. Af öllum stöðum reisti hann öldurum á fjalli beint fyrir framán Jerúsalem – þar sem hann hafði áður reist musteri Jehóva. (1. Kon. 11:5-8; 2. Kon. 23:13) Salómon taldi sér ef til vill trú um að svo framarlega sem hann héldi áfram að færa fórnir við musterið myndi Jehóva loka augunum fyrir óhlýðni hans. En Jehóva lokar aldrei augunum fyrir rangri breytni. *w18.07 18-19 gr. 7-9*

## **Fimmtudagur 29. október**

*„Takið umfram allt skjöld trúarinnar sem þið getið slökkt með öll logandi skeyti hins vonda.“*

– Ef. 6:16.

„Logandi skeyti“ Satans eru af ýmsu tagi, meðal annars lygar um Jehóva. Ein af lygunum er sú að Jehóva þyki ekki vænt um þig og sé sama um þig. Ída er 19 ára. Henni finnst hún stundum vera einskis virði. „Mér hefur oft fundist eins og Jehóva sé fjarlægur mér og vilji ekki vera vinur minn,“ segir hún. Hvernig reynir hún að verjast þessari árás? „Samkomurnar styrkja trú mína gríðarlega,“ segir hún. „Áður sat ég bara og svaraði aldrei því að ég hélt að engan langaði til að heyra hvað ég hefði að segja. En núna bý ég mig undir samkomurnar og reyni að svara tvisvar eða þrisvar.“ Tilfinningar Idu draga fram mikilvægan sannleika: Skjöldur hermansins var af fastri stærð en trúarskjöldur okkar getur annaðhvort minnkað eða stækkað. Það er undir okkur komið. (Matt. 14:31; 2. Þess. 1:3) Það er afar mikilvægt að við byggjum okkur upp í trúnni. *w18.05 29-30 gr. 12-14*

## Föstudagur 30. október

„Hvað á ég að gera til að verða hólpinn?“ – Post. 16:30.

Það er eftirtektarvert að fanga-vörðurinn það ekki um hjálp fyrr en eftir að jarðskjálftinn reið yfir. (Post. 16:25–34) Eins getur verið að sumir nú á dögum, sem hafa ekki viljað hlusta á boðskap Biblíunnar, breyti um afstöðu og leiti hjálpar þegar þeir verða skyndilega fyrir alvarlegum skakkaföllum. Þeir eru ef til vill í öngum sínum eftir að hafa skyndilega misst vinnuna. Sumir eru kannski niðurbrotnir eftir að hafa greinst með alvarlegan sjúkdóm eða misst ástvin. Þeir gætu farið að velta fyrir sér tilgangi lífsins – ef til vill í fyrsta sinn á ævinni. Þeir spyrja sig jafnvel hvað þeir þurfi að gera til að verða hólpnir. Þó að þeir hafi aldrei áður viljað hlusta á vonarboðskap Biblíunnar gætu þeir verið tilbúnir til þess núna. Ef við höldum áfram að boða trúna af kappi erum við í aðstöðu til að hughreysta fólk þegar það er tilbúið til að hlusta. – Jes. 61:1. *w18.05* 19–20 gr. 10–12

## Laugardagur 31. október

*Andi Drottins er yfir mér af því að hann hefur smurt mig. Hann hefur sent mig til að flytja gleðilegan boðskap.* – Lúk. 4:18.

Satan, „guð þessarar aldar“, hefur blindað meirihluta mannkyns. Hann heldur fólki í fjötrum falstrúarbragða, stjórn málaaflla og efna-hagskerfisins. (2. Kor. 4:4) Líkt og Jesús höfum við það verkefni að hjálpa fólki að kynnast og tilbiðja Jehóva, Guð frelsisins. (Matt. 28:19, 20) Það er hægara sagt en gert. Í sumum löndum verður sífellt algengara að fólk sé áhuga-

laust og jafnvel fjandsamlegt gagnvart okkur. Við ættum öll að velta fyrir okkur hvort við getum notað frelsið til að styðja boðun Guðsríkis í enn ríkari mæli. Það er ákaflega hvetjandi að sjá hve margir hafa einfaldað líf sitt til að geta þjónað Jehóva í fullu starfi þar sem þeir skynja hve tíminn er orðinn naumur. (1. Kor. 9:19, 23) Sumir þeirra starfa á heimasvæði sínu en aðrir hafa flust þangað sem þörfin er meiri. Það er stórkostlegt að svo margir skuli nota frelsi sitt skynsamlega með því að þjóna Jehóva á þennan hátt. – Sálm. 110:3. *w18.04* 11–12 gr. 13–14

## Sunnudagur 1. nóvember

„Sá sem etur þetta brauð mun lifa að eilífu.“ – Jóh. 6:58.

Þegar við þjónum Jehóva eigum möguleika á að hljóta að lokum allt sem Adam og Eva glötuðu, þar á meðal eilíft líf. Adam og Eva ákváðu að þjóna ekki Jehóva vegna þess að þau byggðu ekki upp sterkan kærleika til hans. Samt leyfði Jehóva þeim að lifa nógu lengi til að eignast börn og ákveða hvernig þau vildu ala þau upp. Það kom fljótlega í ljós hve heimskulegt það var af Adam og Evu að ákveða að vera óháð Jehóva. Elsti sonur þeirra réðst á saklausan bróður sinn og drap hann. Með tímanum varð ofbeldi og sjálfselska allsráðandi á jörðinni. (1. Mós. 4:8; 6:11–13) En Jehóva var með áætlun um að frelsa þá afkomendur Adams og Evu sem vilja þjóna honum. (Jóh. 6:38–40, 57) Kærleikur þinn til Jehóva vex án efa þegar þú lærir meira um hve þolinmóður og kærleiksríkur hann er. Þá langar þig til að hafna þeirri lífsstefnu sem Adam og Eva völdu og vígja Jehóva líf þitt. *w19.03* 2 gr. 3; 4 gr. 9

## Mánudagur 2. nóvember

### *Verið öll hluttekningarsöm.*

– 1. Pét. 3:8.

Reyndu að setja þig í spor trússystkinis eða einhvers í fjölskyldunni sem er að ganga í gegnum erfiðleika til að þroska með þér hluttekningarsemi. Sýndu unglingunum í söfnuðinum áhuga, sem og þeim sem eru veikir, aldraðir eða hafa misst ástvin. Spyrðu hvernig þeir hafi það og hlustaðu einlæglega þegar þeir tjá tilfinningar sínar. Reyndu að láta þá skynja að þú skiljir aðstæður þeirra. Vertu fús til að hjálpa þeim á hvaða vegu sem þú getur. Ef við gerum það sýnum við ósvikinn kærleika. (1. Jóh. 3:18) Við þurfum að vera sveigjanleg þegar við reynum að aðstoða aðra. Hvers vegna? Vegna þess að fólk bregst mismunandi við erfiðleikum. Sumir hafa mikla þörf fyrir að tala en aðrir eru lokaðri. Það er því gott að bjóða fram aðstoð en við ættum að forðast að spyrja of persónulegra spurninga. (1. Þess. 4:11, NW) Og þegar aðrir létta á hjarta sínu erum við kannski ekki alltaf sammála því sem þeir segja. En við verðum að hafa í huga að það er þannig sem þeim líður. Við viljum vera fljót til að heyra og sein til að tala. – Matt. 7:1; Jak. 1:19. *w19.03* 19 gr. 18–19

## Þriðjudagur 3. nóvember

*„Ég varð mjög hræddur.“*

– Neh. 2:2.

Hræðir það þig stundum að segja öðrum frá sannleikanum? Munum eftir Nehemía. Hann þjónaði við hirð voldugs konungs. Nehemía var niðurdreginn því að hann hafði heyrt að múrar og hlið Jerúsalem voru rústir einar. (Neh. 1:1–4) Hugsaðu þér hnútin sem hann hlýtur að hafa haft í maganum þegar konungur spurði hvers vegna hann væri svona niðurlátur. Nehemía fór sem snögvast

með bæn áður en hann svaraði. Það sem konungur gerði í kjölfarið var þjóð Guðs til mikillar hjálpar. (Neh. 2:1–8) Munum líka eftir Jónasi. Hann varð svo hræddur þegar Jehóva bað hann að tala til íbúa Níníve að hann hljóp í þveröfuga átt. (Jónas 1:1–3) En með hjálp Jehóva gat Jónas leyst verkefni sitt af hendi. Og það sem hann sagði var íbúum Níníve heldur betur til góðs. (Jónas 3:5–10) Við lærum af Nehemía að það er mikilvægt að biðja áður en við svörum. Og af Jónasi lærum við að Jehóva getur hjálpað okkur að þjóna sér, sama hversu ótta-slegin við erum. *w19.01* 11 gr. 12

## Miðvikudagur 4. nóvember

*Enginn hefur yfirgefið heimili eða fjölskyldu vegna mín og fagnaðarerindisins án þess að hann fái hundraðfalt aftur núna og í hinum komanda heimi eilíft líf.*

– Mark. 10:29, 30.

Samband okkar við vini og ættingja gæti breyst þegar við veljum að lifa í samræmi við sannleika Biblíunnar. Hvers vegna? Jesús bað fyrir fylgjendum sínum: „Helga þá í sannleikanum. Þitt orð er sannleikur.“ (Jóh. 17:17) Að „helga“ getur einnig merkt að „aðgreina“. Þegar við tökum við sannleikanum verðum við aðgreind frá heiminum þar sem við erum ekki lengur steypt í sama mót og hann. Fólk lítur öðruvísi á okkur af því að gildismat okkar hefur breyst. Við lifum eftir siðferðisreglum Biblíunnar. Við viljum auðvitað ekki valda sundrun en sumir vinir og nánir ættingjar gætu farið að forðast okkur eða jafnvel sett sig upp á móti trú okkar. Það kemur okkur þó ekki á óvart. Jesús sagði: „Heimamenn manns verða óvinir hans.“ (Matt. 10:36) En Jesús lofaði líka að umbunin fyrir að kaupa sannleika yrði langtum meiri en nokkuð það sem við þyrftum að láta af hendi. *w18.11* 6 gr. 11

## Fimmtudagur 5. nóvember

*Allir söfnuðir meðal heiðinna þjóða votta þakkir. – Róm. 16:4.*

Páll postuli mat trússystkini sín að verðleikunum og lét það í ljós þegar hann talaði um þau. Hann þakkaði Guði stöðugt fyrir þau í bænnum sínum. Hann tjáði þeim líka þakklæti sitt bréflega. Í 16. kafla Rómverjabréfsins nefnir Páll 27 trússystkini sín á nafn í fyrstu 15 versunum. Hann minnst þess sérstaklega að Priska og Akvílas hafi „stofnað lífi sínu í hættu“ fyrir hann og segir að Föbe hafi verið „bjargvættur margra“, þar á meðal hans sjálfs. Hann hrósaði þessum ástkæru og duglegu bræðrum og systur. (Róm. 16:1-15) Páll var meðvitaður um að trússystkini sín væru ófullkomin en hann kaus að beina athyglinni að góðum eiginleikum þeirra. Hugsaðu þér hve uppörvandi það hefur verið fyrir þessa bræður og systur að heyra kveður Páls lesnar upp fyrir söfnuðinn. Það hefur án efa styrkt vináttu þeirra við hann. Hrósar þú reglulega trússystkininum í söfnuðinum þínum fyrir það góða sem þau segja og gera? *w19.02 16 gr. 8-9*

## Föstudagur 6. nóvember

*„Ég verð ráðvandur.“*

*– Job. 27:5, NW.*

Þurfum við að vera fullkomin til að geta verið ráðvönd? Okkur gæti fundist við vera langt frá því að vera lýtalaus, jafnvel stórgölluð. Við þurfum ekki að hugsa þannig vegna þess að Jehóva einblínir ekki á galla okkar. Í orði hans segir: „Ef þú, Drottinn, gæfir gætur að misgjörðum, Drottinn, hver fengi þá staðist?“ (Sálm. 130:3) Jehóva veit að við erum ófullkomin og syndug og hann fyrirgefur okkur ríkulega. (Sálm. 86:5) Hann þekkir einnig takmörk okkar og ætl-

ast ekki til meira af okkur en við getum. (Sálm. 103:12-14) Kærleikur er lykillinn að því að þjónar Jehóva geti verið ráðvandir. Kærleikur okkar til Guðs og tryggð við hann sem föður okkar á himnum þarf að vera lýtalaus og heil. Ef kærleikur okkar er þannig, jafnvel þegar við verðum fyrir prófraunum, verðum við ráðvönd. (1. Kron. 28:9; Matt. 22:37) Við vitum að meginreglur Jehóva eru réttlátar og viljum umfram allt þóknast honum. Við elskum hann og setjum því vilja hans í fyrsta sæti þegar við tökum ákvarðanir og sýnum þannig að við erum ráðvönd. *w19.02 3 gr. 4-5*

## Laugardagur 7. nóvember

*„Varðveit hjarta þitt.“*

*– Orðsku. 4:23.*

Trú okkar styrkist í hvert sinn sem við sjáum hve gott það er að gera rétt. (Jak. 1:2, 3) Okkur líður vel þar sem við höfum gert Jehóva stoltan af að kalla okkur börn sín, og löngun okkar til að þóknast honum verður enn sterkari. (Orðskv. 27:11) Hver prófraun verður tækifæri til að sýna að við „höltrum ekki til beggja hliða“ þegar kemur að þjónustunni við umhyggjusaman föður okkar. (Sálm. 119:113, *Biblían 1981*) Við sýnum Jehóva að við elskum hann af öllu hjarta, hjarta sem er staðráðið í að hlýða fyrir mælum hans og gera vilja hans. (1. Kon. 8:61) Eigum við eftir að gera mistök? Já, við erum ófullkomin. Ef okkur verður á skulum við muna eftir Hiskía konungi. Hann gerði mistök. En hann iðraðist og hélt áfram að þjóna Jehóva með „einlægu hjarta“. (Jes. 38:3-6, *Biblían 1981*; 2. Kron. 29:1, 2; 32:25, 26) Stöndum því gegn tilraunum Satans til að smita okkur af hugsunarhætti sínum. Biðjum Jehóva að gefa okkur „hlýðið hjarta“ og verum Jehóva trúföst. – 1. Kon. 3:9; Sálm. 139:23, 24. *w19.01 18-19 gr. 17-18*



## Sunnudagur 8. nóvember

*Við skulum án afláts færa Guði lofgjörðarförn, ávöxt vara er játa nafn hans. – Hebr. 13:15.*

Við höfum sjálf gagn af því að svara á samkomum. (Jes. 48:17) Hvernig þá? Í fyrsta lagi: Ef við höfum það markmið að svara er það okkur hvatning til að búa okkur vel undir samkomuna. Þegar við undirbúum okkur vel fáum við betri skilning á orði Guðs. Og því betri sem skilningur okkar er þeim mun auðveldara er að fara eftir því sem við lærum. Í öðru lagi: Það er líklegra að við höfum meiri ánægju af samkomunni ef við tökum þátt í umræðunum. Í þriðja lagi: Við þurfum að hafa fyrir því að svara og þar af leiðandi munum við oft það sem við sögðum löngu eftir að samkoman er búin. Auk þess gleðjum við Jehóva þegar við tjáum trú okkar. Við megum vera viss um að Jehóva hlustar á okkur og metur mikils það sem við leggjum á okkur til að svara á samkomum. (Mal. 3:16) Hann sýnir þakklæti sitt með því að blessa okkur þegar við gerum okkar ýtrasta til að þóknast honum. (Mal. 3:10) Við höfum augljóslega góðar ástæður fyrir því að svara á samkomum. *w19.01* 8 gr. 3; 9–10 gr. 7–9

## Mánudagur 9. nóvember

*„Hafið andstyggð á hinu vonda en haldið fast við hið góða.“  
– Róm. 12:9.*

Jehóva sýnir mikla visku í samskiptum við þjóna sína. Í stað þess að gefa okkur óteljandi lög kennir hann okkur að fylgja lögmáli kærleikans. Hann vill að við lifum eftir meginreglu hans og hötum hið illa. Fjallræða Jesú er gott dæmi um þessa kennslu vegna þess að hún tekur á undirrót syndarinnar. (Matt. 5:27, 28) Sem konungur Guðsríkis heldur Jesús áfram að kenna okkur í nýja heiminum svo að viðhorf okkar til réttlætis og rang-

lætis endurspegli viðhorf hans fullkomlega. (Hebr. 1:9) Hann mun einnig gera okkur fullkomin á huga og líkama. Hugsaðu þér hvernig verður að finna ekki lengur fyrir því að syndin togar í þig og finna ekki heldur fyrir skelfilegum áhrifum hennar. Þá muntu loks njóta ‚frelsis í dýrðinni‘ eins og Jehóva hefur lofað. (Róm. 8:21) Frelsi okkar verður að sjálf-sögðu aldrei algert. Frelsi okkar getur einungis notið sín til fulls þegar við látum kærleikann ráða ferðinni eins og Jehóva gerir. – 1. Jóh. 4:7, 8. *w18.12* 23 gr. 19–20

## Þriðjudagur 10. nóvember

*Hann skrifar henni skilnaðarbréf og sendir hana af heimili sínu.  
– 5. Mós. 24:1.*

Ísraelskur maður gat skilið við konu sína ef hann fann eitthvað óviðeigandi eða „fráhrindandi“ við hana. Í lögunum var ekki útskýrt hvað taldist „fráhrindandi“. Það hlýtur þó að hafa verið eitthvað mjög alvarlegt eða andstyggilegt, ekki aðeins smávægileg mistök. (5. Mós. 23:14) Því miður skildu margir Gyðingar á dögum Jesú við konu sína ‚fyrir hvaða sök sem var‘. (Matt. 19:3) Við viljum sannarlega ekki tileinka okkur viðhorf þeirra. Á dögum Malakís spámanns var algengt að menn svikju ‚konu æsku sinnar‘ og skildu við hana, ef til vill til að kvænast yngri, heiðinni konu. En Guð lét skýrt í ljós hvernig hann lítur á hjónaskilnað. „Ég hata hjónaskilnað,“ sagði hann. (Mal. 2:14–16, *Biblían 1981*) Það samræmist því sem hann sagði um fyrsta hjónabandið: „[Maður] býr með eiginkonu sinni, og þau verða eitt.“ (1. Mós. 2:24) Jesús sýndi að hann hafði sama viðhorf til hjónabandsins og faðir hans þegar hann sagði: „Það sem Guð hefur tengt saman má eigi maðurinn sundur skilja.“ – Matt. 19:6. *w18.12* 11 gr. 7–8

## Miðvikudagur 11. nóvember

*„Uppskeran er mikil en verkamenn fáir.“ – Matt. 9:37.*

Sumir bræður og systur hafa flust þangað sem meiri þörf er á boðberum. Þau hafa svipað hugarfar og Jesaja spámaður. Þegar Jehóva spurði: „Hvern skal ég senda? Hver vill reka erindi vort?“ svaraði Jesaja: „Hér er ég. Send þú mig.“ (Jes. 6:8) Hefur þú löngun og aðstæður til að bjóða fram krafta þína í þjónustu Jehóva? Jesús sagði um það að boða fagnaðarerindið og gera fólk að lærisveinum: „Biðjið því Drottin uppskerunnar að senda verkamenn til uppskeru sinnar.“ (Matt. 9:38) Getur þú þjónað þar sem meiri þörf er á boðberum, kannski sem brautryðjandi? Eða geturðu hjálpað einhverjum öðrum til þess? Að vera brautryðjandi þar sem þörfin er mikil er að mati margra bræðra og systra besta leiðin til að sýna Guði og náunganum kærleika. Geturðu aukið þjónustuna á aðra vegu? Það veitir mikla gleði að gera það. *w18.08 27 gr. 14–15*

## Fimmtudagur 12. nóvember

*„Verið ekki fégráðug en látið ykkur nægja það sem þið hafið.“ – Hebr. 13:5.*

Guðspjöllin gefa okkur góða mynd af því hvernig Jehóva hugsar um efnislega hluti. Hann valdi sjálfur mennska foreldra til að ala son sinn upp – hjón sem voru í litlum efnum. (3. Mós. 12:8; Lúk. 2:24) Þegar Jesús fæddist „lagði [María] hann í jötu af því að eigi var rúm fyrir þau í gistihúsi“. (Lúk. 2:7) Jehóva hefði getað valið úr mörgum leiðum til að sjá syni sínum fyrir betra húsnæði þegar hann fæddist.

En það sem skipti hann máli var að Jesús yrði alinn upp í fjölskyldu þar sem andleg mál voru í fyrsta sæti. Í þessari frásögu Biblíunnar getum við séð hvernig Jehóva hugsar um efnislega hluti. Sumir foreldrar vilja að börnin þeirra fái allt það besta efnislega, jafnvel þó að það komi niður á sambandi barnanna við Jehóva. En greinilegt er að Jehóva telur sambandið við hann mikilvægast. Hefur þú tileinkað þér sama hugarfar? Hvað sýna verkin? *w18.11 24 gr. 7–8*

## Föstudagur 13. nóvember

*„Sæl er sú þjóð sem á Drottin að Guði.“ – Sálm. 144:15.*

Þar sem Guð er uppspretta hamingjunnar vill hann að við séum hamingjusöm og hann gefur okkur margar ástæður til að gleðjast. (5. Mós. 12:7; Préd. 3:12, 13) En í heimi nútímans getur verið erfitt að halda gleðinni. Hvers vegna? Erfiðar aðstæður geta rænt okkur gleðinni, svo sem ef við missum ástvin í dauðann eða honum er vikið úr söfnuðinum eða ef við stöndum í skilnaði eða missum vinnuna. Það getur líka verið erfitt að halda gleðinni þegar stöðugar erjur á heimilinu spilla friðinum. Og einelti á vinnustað eða í skóla, ofsóknir vegna trúar okkar eða fangelsisvist getur einnig rænt okkur gleðinni. Það sama á við um hrakandi heilsu, langvinn veikindi og þunglyndi. En Jesús Kristur, „hinn blessaði og eini alvaldur“, hafði ánægju af að hughreysta fólk og gleðja það. (1. Tím. 6:15; Matt. 11:28–30) Í fjallræðunni nefndi Jesús nokkra eiginleika sem stuðla að því að við séum hamingjusöm þrátt fyrir erfiðleikana í heimi Satans. *w18.09 17–18 gr. 1–3*

## Laugardagur 14. nóvember

*„Þið megið ekki rista á ykkur skinnspettur og ekki raka á ykkur krúnu yfir enninu eftir framlíðinn mann.“ – 5. Mós. 14:1.*

Eitt það erfiðasta við að kaupa sannleika getur verið að segja skilið við siði og venjur sem Guði mislíkar. (Orðskv. 23:23) Fyrir suma gæti verið auðvelt að láta af slíkum siðum þegar þeir sjá biblíuleg rök fyrir því en öðrum gæti fundist það mjög erfitt vegna þess að fjölskylda þeirra, vinnufélagar og vinir beita þá þrýstingi. Það getur valdið togstreitu, ekki síst ef siðurinn felst í því að heiðra látna ástvini. En hvað getur hjálpað okkur að hafna siðvenjum sem stangast á við Biblíuna? Við getum lært af góðu fordæmi annarra sem gerðu nauðsynlegar breytingar til að þóknast Jehóva. Hvað gerðu Efesusmenn sem áður stunduðu galdra til að geta keypt sannleika og tekið kristna trú? Í Biblíunni segir: „[Þeir] komu með bækur sínar og brenndu þær að öllum ásjáandi. Þær voru samtals virtar á fimmtíu þúsundir silfurpeninga.“ (Post. 19:19, 20) Þessir kristnu menn sýndu trúfesti með því að fórna miklum verðmætum og fyrir vikið uppskáru þeir ómetanlega blessun. *w18.11* 7 gr. 15–16

## Sunnudagur 15. nóvember

*„En þegar lokið var að umskera alla þjóðina héldu allir kyrru fyrir í búðunum þar til þeir höfðu náð sér.“ – Jós. 5:8.*

Skömmu eftir að Ísraelsmenn voru komnir yfir Jórdan sá Jósúa mann með sverð í hendi. Þetta var enginn annar en „hershöfðingi Drottins“, reiðubúinn að verja þjóð hans. (Jós. 5:13–15) Jósúa

hafði þegar fengið skýrar leiðbeiningar um það hvernig hann ætti að vinna Jeríkóborg. Við fyrstu sýn virtust sum fyrirmælin ekki góð herkænska. Jehóva fyrirskipaði til dæmis að allir karlmenn skyldu umskornir, en það þýddi að þeir gátu ekki barist í nokkra daga. (1. Mós. 34:24, 25; Jós. 5:2, 8) Varnarlausir hermenn Ísraels veltu eflaust fyrir sér hvernig þeir ættu að verja fjölskyldur sínar ef óvinaher gerði áhlaup á búðirnar. En skyndilega bárust þær fréttir að Jeríkó væri „umlukt, rammlega víggirt og lokuð vegna Ísraelsmanna“. (Jós. 6:1) Þessi óvænta atburðarás hefur án efa styrkt traust þeirra á leiðsögn Guðs. *w18.10* 23 gr. 5–7

## Mánudagur 16. nóvember

*„Hví gerið þið þetta? Við erum menn eins og þið.“  
– Post. 14:15.*

Hvernig getum við líkt eftir auðmýkt Páls? Í fyrsta lagi megum við ekki freistast til að líta stórt á sjálf okkur fyrir það sem Jehóva gerir okkur kleift að áorka. Við ættum öll að spyrja okkur: Hvernig lít ég á þá sem ég hitti í boðuninni? Gæti verið að ég hafi fordóma fyrir vissu fólki sem almennt er litið niður á í samfélaginu? Það er hrósvert að vottar Jehóva um heim allan reyna markvisst að finna hvern þann sem vill hlusta á fagnaðarerindið. Sumir hafa lagt það á sig að læra nýtt tungumál og kynna sér siðvenjur þeirra sem samfélagið almennt lítur hornauga. En þeim ætti aldrei að finnast þeir betri en fólkíð á svæðinu. Þeir reyna öllu heldur að setja sig í spor hvers og eins svo að fagnaðarerindið geti náð til hjartans. *w18.09* 5 gr. 9, 11

## **Þriðjudagur 17. nóvember**

*Júdas frá Galíleu sneri fólki til fylgis við sig. – Post. 5:37.*

Rómverjar tóku Júdas af lífi. Gyðingar almennt, að Júdasi og nokkrum öfgamönnum undanskildum, biðu með eftirvæntingum eftir pólitískum Messíasi. Þeir gerðu ráð fyrir að þegar Messías kæmi myndi hann hefja þjóðina til vegs og virðingar og leysa hana undan oki Rómverja. (Lúk. 2:38; 3:15) Margir trúðu að Messías myndi stofnsetja jarðneskt ríki í Ísrael og að þá myndu milljónir Gyðinga, sem voru dreifðar víða um lönd, snúa aftur heim. Jóhannes skírari spurði Jesú eitt sinn: „Ert þú sá sem koma skal eða eigum við að vænta annars?“ (Matt. 11:2, 3) Jóhannes langaði ef til vill að vita hvort einhver annar myndi uppfylla allar vonir Gyðinga. Læriveinarnir tveir, sem mættu Jesú upprisnum á veginum til Emmaus, gerðu sér líka ákveðnar væntingar um Messías sem höfðu ekki orðið að veruleika. (Lúk. 24:21) Stuttu síðar spurðu postularnir Jesú: „Drottinn, ætlar þú á þessum tíma að endurleisa ríkið handa Ísrael?“ – Post. 1:6. *w18.06 4 gr. 3–4*

## **Miðvikudagur 18. nóvember**

*„Einfaldur maður trúir öllu.“  
– Orðskv. 14:15.*

Við þurfum að vera sérstaklega varkár þegar sögur af þjónum Jehóva verða á vegi okkar. Við megum ekki gleyma að Satan ákærir trúa þjóna Guðs. (Opinb. 12:10) Þess vegna varaði Jesús við því að andstæðingar okkar myndu „ljúga öllu illu upp á okkur“. (Matt. 5:11) Ef við tökum orð hans alvarlega látum við okkur ekki bregða þegar við heyrum fráleitir fullyrðingar

um þjóna Jehóva. Finnst þér gaman að senda vinum og kunningjum tölvupóst og textaskilaboð? Þegar þú rekst á eitthvað nýtt í fréttamiðli eða heyrir spennandi frásögu liður þér kannski eins og fréttamanni sem vill vera fyrstur með fréttirnar. En áður en þú sendir eitthvað slíkt með textaskilaboðum eða tölvupósti skaltu spyrja þig hvort það sé örugglega satt og rétt sem þú ætlar að senda. Ertu með staðreyndirnar á hreinu? Ef þú ert ekki viss gætirðu óafvitandi verið að dreifa ósannindum meðal bræðra þinna og systra. Ef þú ert í vafa skaltu eyða póstinum í stað þess að senda hann. *w18.08 3 gr. 3; 4 gr. 6–7*

## **Fimmtudagur 19. nóvember**

*„Gefið og yður mun gefið verða.“  
– Lúk. 6:38.*

Jesús vill að við séum hamingjusöm. Þess vegna hvetur hann okkur til að vera örlát. Margir bregðast vel við örlæti. Auðvitað bregðast ekki allir vel við en þegar þeir gera það getur það komið af stað keðjuverkum. Tileinkum okkur því gjafmildi, hvort sem fólk kann að meta það eða ekki. Það er aldrei að vita hve margt gott getur hlotist af einu góðverki. Þeir sem eru raunverulega örlátir ætlast ekki til að fá eitthvað til baka. Jesús hafði það í huga þegar hann sagði: „Þegar þú gerir veislu þá bjóð þú fátækum og örkumla, höltum og blindum og munt þú sæll verða því að þeir geta ekki endurgoldið þér.“ (Lúk. 14:13, 14) „Sá sem er örlátur hlýtur blessun,“ var einum ritara innblásið að skrifa. Annar sagði: „Sæll er sá sem sinnir bágstöddum.“ (Orðskv. 22:9, NW; Sál. 41:2) Já, við ættum að gefa af því að það veitir gleði að hjálpa öðrum. *w18.08 21–22 gr. 15–16*

## Föstudagur 20. nóvember

*„Treystu Drottni af öllu hjarta en reiddu þig ekki á eigið hyggjuvit. Minnstu hans á öllum vegum þínum, þá mun hann gera leiðir þínar greiðar.“ – Orðskv. 3:5, 6.*

Það er enginn hæðarleikur að kynna sér staðreyndir máls og leggja rétt mat á þær vegna þess að það er mikið af vafasömum upplýsingum og hálf sannindum í umferð. Auk þess þurfum við að glíma við okkar eigin ófullkomleika. Hvað er þá til ráða? Við þurfum að þekkja meginreglur Biblíunnar og fara eftir þeim. Ein þeirra er sú að það sé heimska og skömm að svara áður en maður er með staðreyndirnar á hreinu. (Orðskv. 18:13) Í annarri meginreglu erum við minnt á að trúa ekki hverju orði. (Orðskv. 14:15, *Biblían 1981*) Og að síðustu megum við ekki reiða okkur á eigið hyggjuvit, óháð því hve mikla reynslu við höfum í þjónustu Jehóva. Meginreglur Biblíunnar eru okkur til verndar ef við drögum réttar ályktanir og tökum skynsamlegar ákvarðanir byggðar á staðreyndum sem við höfum áreiðanlegar heimildir fyrir. *18.08 7 gr. 19*

## Laugardagur 21. nóvember

*Skyldum við ekki lúta aga himnesks föður okkar? – Hebr. 12:9.*

Með niðurdýfingarskírnum sýnum við opinberlega með formlegum hætti að Jehóva á okkur og að við erum fús til að hlýða honum. Jesús gerði nokkuð svipað þegar hann skírðist. Hann sagði í raun við Jehóva: „Að gera vilja þinn, Guð minn, er mér yndi.“ (Sálm. 40:8, 9) Hvernig var Jehóva innanbrjóstis að sjá Jesús skírast? Í Biblíunni segir: „Þegar Jesús hafði verið skírð-

ur sté hann jafnskjótt upp úr vatninu. Og þá opnuðust himnarnir og hann sá anda Guðs stíga niður eins og dúfu og koma yfir sig. Og rödd kom af himnum: „Þessi er minn elskaði sonur sem ég hef velþóknun á.“ (Matt. 3:16, 17) Jesús tilheyrði þegar Jehóva, himneskum föður sínum. En það gladdi Jehóva að sjá að hann var fús til að gera vilja hans í einu og öllu. Jehóva gleðst sömuleiðis þegar við vígjum okkur honum og hann lofar að blessa okkur. – Sálm. 149:4. *18.07 23 gr. 4-5*

## Sunnudagur 22. nóvember

*„Getum við látið vatn renna úr þessum kletti handa ykkur?“ – 4. Mós. 20:10.*

Þegar Móse segir „við“ á hann líklega við sjálfan sig og Aron. Orð hans gefa til kynna að hann hafi alls ekki borið næga virðingu fyrir Jehóva sem stóð að baki kraftaverkinu að öllu leyti. Það sem stendur í Sálm 106:32, 33 virðist styðja þennan möguleika en þar segir: „Þeir reittu hann til reiði við Meribavötn og Móse varð fyrir mótlæti þeirra vegna því að þeir risu gegn vilja hans og honum *hrutu vanhugsuð orð af vörum.*“ (4. Mós. 27:14) Hver svo sem ástæðan var hefur það sem Móse gerði dregið úr því að Jehóva hlyti þann heiður sem honum bar. Jehóva sagði við bæði Móse og Aron: „Þið risuð gegn skipun minni.“ (4. Mós. 20:24) Þetta var alvarleg synd. Jehóva hafði áður neitað heilli kynslóð Ísraelsmanna um inngöngu í Kanaansland vegna uppreisnar fólksins. (4. Mós. 14:26-30, 34) Það var því bæði viðeigandi og sanngjarnt að Móse hlyti sama dóm og þeir fyrir uppreisn sína. Hann fékk ekki að ganga inn í fyrirheitna landið. *18.07 14 gr. 9, 12; 15 gr. 13*

## Mánudagur 23. nóvember

*„Það er rétt að eta hvorki kjöt né drekka vín eða gera neitt það annað sem kemur illa við bróður þinn eða systur.“ – Róm. 14:21.*

Ertu fús til að neita þér um eitthvað sem þú hefur rétt á að gera en veist að myndi angra samvisku einhvers annars í söfnuðinum? Eflaust. Sum trússystkini okkar misnotuðu áfengi áður en þau kynntust sannleikanum en vilja ekki snerta það núna. Við viljum auðvitað ekki gera neitt sem gæti orðið þeim að falli. (1. Kor. 6:9, 10) Það væri því ekki kærleiksríkt af gestgjafa að leggja fast að bróður að þiggja áfengi ef hann er búinn að afþakka það. Tímóteus var líklega kríngum tvítugt þegar hann gekkst undir sársaukafullan umskurð. Það gerði hann til að hneyksla ekki Gyðinga sem hann átti eftir að boða fagnaðarerindið. Hann hugsaði á líkum nótum og Páll postuli. (Post. 16:3; 1. Kor. 9:19–23) Ertu fús, líkt og Tímóteus, til að færa fórnir til að geta hjálpað öðrum? *w18.06* 18–19 gr. 12–13

## Þriðjudagur 24. nóvember

*„Þá mun ég gefa þjóðunum nýtt, hreint tungumál.“  
– Sef. 3:9, NW.*

Jehóva dregur þá til sín sem hann leyfir að tilheyra andlegri fjölskyldu sinni. Hann laðar hjartahreina einstaklinga blíðlega að sannri tilbeiðslu. (Jóh. 6:44) Þegar þú hittir einhvern í fyrsta sinn sem er ekki í sannleikanum veistu sennilega ekki mikið um hann annað en hvað hann heitir og hvernig hann lítur út. Það er öðruvísi þegar þú hittir einhvern sem þekkir og elskar Jehóva. Óháð uppruna, þjóðerni,

kynþætti eða menningu veistu heilmikið um hann nú þegar – og hann um þig. Þið kannist til dæmis fljótlega við „tungumál“ hvor annars – hið ‚hreina tungumál‘ sannleikans. Þið þekkið þar af leiðandi skoðun hins á Guði, siðferðisreglum og voninni um framtíðina svo eitthvað sé nefnt. Þetta er það mikilvægasta sem maður ætti að vita um aðra. Það styrkir traustið ykkar á milli og er grunnurinn að heilnæmri og varanlegri vináttu. *w18.12* 21 gr. 9–10

## Miðvikudagur 25. nóvember

*Ef þið látið ekki umskerast  
getið þið ekki frelsast.  
– Post. 15:1.*

Hið stjórnandi ráð tók það skýrt fram undir leiðsögn Krists að kristnir menn af heiðnum uppruna þyrftu ekki að umskerast. (Post. 15:19, 20) Margir af hópi Gyðinga umskáru þó enn syni sína mörgum árum eftir að þessi ákvörðun var tekin. Okkur er þó kannski spurn: Af hverju beið Jesús svona lengi með að útkljá þetta deilumál fyrst Móselögin höfðu fallið úr gildi með dauða hans? (Kól. 2:13, 14) Þegar við fáum gleggri skilning á trúaratriðum getur það tekið tíma fyrir suma að tileinka sér hann. Kristnir menn af hópi Gyðinga þyrftu að sama skapi tíma til að breyta viðhorfi sínu. (Jóh. 16:12) Sumum fannst erfitt að sætta sig við að umskurður var ekki lengur merki um sérstakt samband við Guð. (1. Mós. 17:9–12) Aðrir voru tregir til að skera sig úr í samfélagi Gyðinga af ótta við ofsóknir. (Gal. 6:12) Þegar fram liðu stundir gaf Kristur hins vegar nánari leiðbeiningar í innblásnum bréfum Páls. – Róm. 2:28, 29; Gal. 3:23–25. *w18.10* 24–25 gr. 10–12

## Fimmtudagur 26. nóvember

*„Kaifas var sá sem hafði gefið Gyðingum það ráð að betra væri að einn maður dæmi fyrir lýðinn.“*

– Jóh. 18:14.

Í skjóli nætur sendi Kaifas hermenn til að handtaka Jesú. Jesús vissi af þessu ráðabruggi og það því postulana að sækja sverð síðasta kvöldið sem hann var með þeim. Tvö sverð myndu duga til að kenna þeim verðmæta lexíu. (Lúk. 22:36–38) Síðar þessa nótt kom hópur manna til að handtaka Jesú. Pétur reiddist þessu óréttlæti og réðst á einn manninn með sverði. (Jóh. 18:10) En Jesús sagði við hann: „Slíðra sverð þitt! Allir sem sverði bregða munu fyrir sverði falla.“ (Matt. 26:52, 53) Þessi áhrifaríka kennsla var í samræmi við bæn Jesú um kvöldið, að þeir væru ekki af heiminum. (Jóh. 17:16) Þeir áttu að láta Guði eftir að berjast gegn óréttlætinu. Þess vegna varðveitum við frið og einingu á meðal okkar. Það hlýtur að ylja Jehóva um hjartarætur að sjá eininguna meðal þjóna sinna í þessum sundraða heimi. – Sef. 3:17. *w18.06* 7 gr. 13–14, 16

## Föstudagur 27. nóvember

*„Þá reiddist drekinn konunni og fór burt til þess að heyja stríð við aðra afkomendur hennar.“*

– Opínb. 12:17.

Satan notar ekki aðeins tálbeitur heldur reynir hann líka að þvinga okkur til að vera Jehóva ótrú. Hann getur til dæmis fengið stjórnvöld til að banna boðunina. Hann getur fengið vinnufélaga eða skólafélaga til að hæðast að okkur fyrir að vilja fylgja síðferðisreglum Biblíunnar. (1. Pét. 4:4) Hann gæti líka komið ættingjum, sem vilja þó vel, til að letja okkur þess að sækja sam-

komur. (Matt. 10:36) Hvernig getum við verið staðföst? Í fyrsta lagi skulum við vera viðbúin beinum árásum af þessu tagi. Satan er í stríði við okkur. (Opínb. 2:10) Í öðru lagi þurfum við að sjá heildarmyndina: Satan heldur því fram að við þjónum Jehóva aðeins þegar það er þægilegt fyrir okkur. Hann fullyrðir að við snúum baki við Guði ef á móti blæs. (Job. 1:9–11; 2:4, 5) Og við þurfum að reiða okkur á stuðning Jehóva til að standast álagið. Hann yfirgefur okkur aldrei – munum það. – Hebr. 13:5. *w18.05* 26 gr. 14

## Laugardagur 28. nóvember

*„Þú veist ekki hvort muni heppnast.“ – Préd. 11:6.*

Við ættum ekki að vanmeta áhrifin af sáningunni þó svo að boðskapurinn, sem við flytjum, virðist ekki ná til hjartna fólks. Þó að margir hlusti ekki á okkur taka þeir eftir okkur. Þeir taka eftir að við erum snyrtilega til fara, kurteis og vingjarnleg. Framkoma okkar getur með tímanum orðið til þess að sumir átti sig á að neikvætt viðhorf þeirra hafi ekki átt við rök að styðjast. Brautryðjendur, sem heita Sergio og Olinda, segja: „Vegna veikinda komumst við ekki niður á torg um tíma. Þegar við komum aftur spurðu vegfarendur: „Hvað kom fyrir? Við vorum farin að sakna ykkar.““ Við eigum okkar þátt í að „allar þjóðir fái að heyra fagnadárerindið“ svo framarlega sem við „látum hendur okkar ekki hvílast“ og höldum áfram að sá fræjum Guðsríkis. (Matt. 24:14) Umfram allt gleður það okkur mjög að vita að Jehóva hefur velþóknun á okkur því að hann elskar alla þá sem „bera ávöxt með stöðuglyndi“. – Lúk. 8:15. *w18.05* 16 gr. 16–18

## Sunnudagur 29. nóvember

*Lofaður sé Guð sem hughreystir mig í sérhverri þrenging minni.*

- 2. Kor. 1:3, 4.

Jehóva hefur hvatt og uppörvað þjóna sína allar götur síðan mannkynið varð synd og ófullkomeleika að bráð. Strax eftir uppreisnina í Eden gaf hann ófæddum afkomendum Adams ástæðu til að missa ekki móðinn. Loforðið og spádómurinn í 1. Mósebók 3:15 myndi veita þeim þá von að um síðir yrði „hinum gamla höggormi“, Satan djöflinum, tortimt ásamt öllum illskuverkum hans. (Opinb. 12:9; 1. Jóh. 3:8) Núi bjó í óguðlegum heimi og hann og fjölskylda hans voru eina fólkið sem tilbað Jehóva og þjónaði honum. Slíkt var ofbeldið og siðleysið í kynferðismálum að Núi hefði getað misst móðinn. (1. Mós. 6:4, 5, 11; Júd. 6) En Jehóva sagðist ætla að afmá þennan illa heim og sagði Nóa hvað hann yrði að gera til að tryggja öryggi fjölskyldu sinnar. (1. Mós. 6:13-18) Jehóva veitti Nóa þá hvatningu og uppörvun sem hann þurfti að fá. *w18.04* 15 gr. 1-2

## Mánudagur 30. nóvember

*Hvetjið og uppbyggjið hvert annað, eins og þið og gerið.*

- 1. Þess. 5:11.

Það væru mistök að hugsa sem svo að við getum ekki verið uppörvandi nema við séum ræðin að eðlisfari. Það þarf ekki að gera mikið til að hafa jákvæð áhrif. Stundum þarf ekki annað en að heilsa með hlýlegu brosi. Ef við fáum ekki bros á móti getur það verið merki þess að eitthvað sé að. Þá er gott að hlusta - það getur verið uppörvandi. (Jak. 1:19)

Við getum öll uppörvað bróður eða systur sem þarfnast þess. Salómon konungur skrifaði: „Fagurt er orð í tíma talað. Vingjarnlegt augnaráð gleður hjartað, góð frétt eykur holdi á bein.“ (Orðskv. 15:23, 30) Páll nefnir að það geti jafnvel verið uppörvandi að syngja ríkisöngvana saman. (Kól. 3:16; Post. 16:25) Dagur Jehóva „færast nær“ og það verður sífellt mikilvægara að hvetja og uppörva hvert annað. - Hebr. 10:25. *w18.04* 23 gr. 16; 24 gr. 18-19

## Þriðjudagur 1. desember

*„Hann kenndi í brjósti um þá.“*

- Mark. 6:34.

Eitt af því sem er sérstaklega aðlaðandi í fari Jesú er geta hans til að skilja þá erfiðleika sem við ófullkomnir mennirnir þurfum að glíma við. Þegar Jesús var á jörð „fagnaði hann með fagnendum“ og „grét með grátendum“. (Róm. 12:15) Til dæmis fylltist hann „fagnandi gleði heilags anda“ þegar 70 lærisveinar hans sneru aftur alsælir eftir vel heppnaða boðunarferð. (Lúk. 10:17-21) Við annað tækifæri „komst hann við, varð djúpt hrærður“ þegar hann sá hvaða áhrif dauði Lasarusar hafði á ástvini hans. (Jóh. 11:33) Hvað gerði þessum fullkomna manni kleift að vera svona miskunnsamur og umhyggjusamur í garð syndugra manna? Í fyrsta lagi elskaði Jesús fólk. Hann hafði sérstakt „yndi af mannanna börnum“. (Orðskv. 8:31, *Biblían* 1981) Kærleikur til fólks var honum hvatning til að kynnst hugsunarhætti þess. Jóhannes postuli segir: „Hann vissi sjálfur hvað í manni býr.“ - Jóh. 2:25. *w19.03* 20 gr. 1-2



## Miðvikudagur 2. desember

*„Réttu út hönd þína og snertu allt sem hann á, þá mun hann vissulega formæla þér upp í opið geðid.“ – Job. 1:11.*

Satan rændi Job öllu sem hann átti, drap þjóna hans og eyðilagði mannorð hans. Hann réðst á fjölskyldu Jobs og drap ástkær börnin hans tíu. Síðan sneri hann sér að líkama Jobs. Hann rændi hann heilsunni með því að slá hann sársaukafullum kylum frá hvirfli til ilja. Kona Jobs varð viti sínu fjær og gagntekin af sorg. Hún sagði honum að gefast upp, formæla Guði og deyja. Job óskaði þess sjálfur að deyja en lét þó ekki af ráðvendni sinni. Þá reyndi Satan aðra aðferð. Hann notaði þrjá menn sem voru vinir Jobs. Mennirnir heim sóttu Job og dvöldust hjá honum dögum saman. En í stað þess að hughreysta hann lásu þeir honum pistilinn og ávítuðu hann miskunnarlaust. Þeir fullyrtu að Guð væri valdur að þjáningum hans og að honum stæði á sama um ráðvendni hans. Þeir héldu því meira að segja fram að Job væri vond manneskja sem ætti skilið þá ógæfu sem dundi yfir hann. – Job. 1:13–22; 2:7–11; 15:4, 5; 22:3–6; 25:4–6. *w19.02* 4 gr. 7–8

## Fimmtudagur 3. desember

*„Að óttast Drottin er upphaf speki.“ – Sálm. 111:10.*

Viss ótti er góður fyrir okkur. Við þurfum til dæmis að óttast að misbjóða Jehóva. Ef Adam og Eva hefðu óttast Jehóva á þennan heilbrigða hátt hefðu þau ekki gert uppreisn gegn honum. En þau gerðu uppreisn. Eftir á opnuðust augu þeirra á þann hátt að þau gerðu sér fulla grein fyr-

ir að þau voru syndug. Þau gátu ekki annað en gefið börnum sínum synd og dauða í arf. Þau skömmuðust sín fyrir að vera nakin og huldu nekt sína vegna þess að þau sáu og skildu í hvaða stöðu þau voru. (1. Mós. 3:7, 21) Við eigum að óttast Jehóva á heilbrigðan hátt en við þurfum ekki að vera sjúklega hrædd við að deyja. Jehóva hefur opnað okkur leið að eilífu lífi. Ef við iðrumst synda okkar í einlægni fyrirgefur Jehóva okkur þegar okkur verður á. Hann gerir það vegna trúar okkar á lausnarfórn sonar síns. Ein besta leiðin til að sýna trú er að vígja líf okkar Guði og láta skírast. – 1. Pét. 3:21. *w19.03* 5–6 gr. 12–13

## Föstudagur 4. desember

*Enginn var orðinn eftir af þeim nema Kaleb Jefúnneson og Jósúa Núnsson. – 4. Mós. 26:65.*

Ísraelsmenn höfðu margar ástæður til að sýna þakklæti. Þeir voru leystir úr ánaud eftir að Jehóva sendi plágurnar tíu yfir Egyptaland. Síðan bjargaði hann þeim með því að tortíma öllum her Egypta í Rauðahafinu. Ísraelsmenn voru svo þakklátir að þeir sungu Jehóva lofsöng um sigurinn. En entist þakklætið? Þegar nýir erfiðleikar urðu á vegi Ísraelsmanna voru þeir fljótir að gleyma öllu því góða sem Jehóva hafði gert fyrir þá. Þeir urðu vanþakklátir. (Sálm. 106:7) Hvernig létu þeir það í ljós? „Þá möglaði allur söfnuður Ísraelsmanna gegn Móse og Aroni. “Í raun voru þeir að mögla gegn Jehóva. (2. Mós. 16:2, 8) Þjóðin olli honum vonbrigðum með vanþakklæti sínu. Síðar sagði Jehóva fyrir að öll þessi kynslóð Ísraelsmanna myndi deyja í eyðimörkinni, að Jósúa og Kaleb undanskildum. – 4. Mós. 14:22–24. *w19.02* 17 gr. 12–13

## Laugardagur 5. desember

„Ég er hógvær.“  
– Matt. 11:29.

Jesús dró ekki óhóflega athygli að sjálfum sér með því að fara fram á að dauða hans yrði minnst með margbotninni athöfn. Hann sagði postulunum öllu heldur að þeir ættu að minnast hans árlega með einfaldri máltíð. (Jóh. 13:15; 1. Kor. 11:23–25) Þessi einfalda en viðeigandi máltíð sýnir að Jesús var ekki stoltur maður. Við getum glaðst yfir því að hógværd er einn mest áberandi eiginleiki konungs okkar á himnum. (Fil. 2:5–8) Hvernig getum við líkt eftir hógværd Jesú? Með því að setja þarfir annarra framur okkar eigin. (Fil. 2:3, 4) Lítum aftur á síðasta kvöld Jesú sem maður á jörðinni. Jesús vissi að hann myndi bráðlega deyja kvalafullum dauðdaga en honum var mjög umhugað um trúfasta postula sína sem myndu bráðlega syrgja hann. Hann notaði því síðasta kvöldið til að leiðbeina þeim, hvetja þá og hughreysta. (Jóh. 14:25–31) Í hógværd sinni hugsaði Jesús meira um velferð annarra en sína eigin. Hann er okkur sannarlega góð fyrirmynd. *w19.01 21 gr. 5–6*

## Sunnudagur 6. desember

„Drottinn, tak með velþóknun  
við gjöfum munns míns.“  
– Sálm. 119:108.

Færðu hnút í magann í hvert sinn sem þú svo mikið sem hugsar um að rétta upp hönd til að svara? Þá ertu ekki einn um það. Sannleikurinn er sá að flest okkar finna fyrir vissum ótta þegar við svörum. Þess konar ótti getur reyndar verið góðs viti. Það er merki um að þú sért auðmjúkur og að þér finnist aðrir betri

en þú. Jehóva hefur miklar mætur á auðmýkt. (Sálm. 138:6; Fil. 2:3) En hann vill líka að þú lofir hann og hvetjir bræður þína og systur á samkomum. (1. Þess. 5:11) Jehóva elskar þig og vill gefa þér það hugrekki sem þú þarft á að halda. Gott er að hafa í huga nokkur biblíuleg sannindi. Okkur verður öllum á í tali eins og segir í Biblíunni. (Jak. 3:2) Jehóva ætlast ekki til að við séum fullkomin og það gera trúsystkini okkar ekki heldur. (Sálm. 103:12–14) Þau eru andleg fjölskylda okkar og þau elska okkur. (Mark. 10:29, 30; Jóh. 13:35) Þau vita að stundum koma svörin okkar ekki alveg rétt út. *w19.01 8 gr. 3; 10–11 gr. 10–11*

## Mánudagur 7. desember

„Mundu eftir skapara þínum á unglingarárum þínum.“ – Préd. 12:1.

Í heimi nútímans er það ekki alltaf auðvelt. En það er alls ekki ómögulegt. Jehóva vill að þér gangi vel og að þú njóttir lífsins. Með hjálp Guðs getur þér farnast vel, ekki aðeins á meðan þú ert unglingur heldur alla ævi. Til að skilja það betur skulum við íhuga hvað við getum lært af því hvernig Ísraelsmenn lögðu undir sig fyrirheitna landið. Þegar Ísraelsmenn náguðust fyrirheitna landið sagði Guð þeim ekki að þjálfast í hermennsku eða bardagatækni. (5. Mós. 28:1, 2) Hann sagði öllu heldur að þeir þyrftu að hlýða boðum hans og treysta honum. (Jós. 1:7–9) Frá mannlegum sjónarhóli virtist ekkert vit í þessum ráðum. En þetta voru samt bestu ráðin því að Jehóva gaf þeim hvern sigurinn á fætur öðrum yfir Kanverjum. (Jós. 24:11–13) Það útheimtir vissulega trú að hlýða Jehóva. Það hefur þó alltaf verið til farsældar og verður það alltaf. *w18.12 25 gr. 3–4*

## **Þriðjudagur 8. desember**

*„Drottinn, til hvers ættum við að fara? Þú hefur orð eilífs lífs.“  
– Jóh. 6:68.*

Sumir hafa verið ósammála breyttum skilningi á biblíuversí. Aðrir hafa tekið afstöðu með frá-hvarfsmönnum eða öðrum sem eru mótfallnir trú okkar. Þannig hafa sumir vísitandi látið „bægja sér frá“ Jehóva og söfnuðinum. (Hebr. 3:12-14) Það hefði verið miklu betra fyrir þá að halda í trúna og treysta á Jesú líkt og Pétur postuli gerði. Aðrir hafa yfirgefið sannleikann smám saman, jafnvel án þess að átta sig á í hvað stefndi. Sá sem yfirgefur sannleikann smátt og smátt er eins og bátur sem rekur hægt og rólega burt frá árbakkanum. Biblían líkir þessu hæga ferli við að „berast afleiðis“. (Hebr. 2:1) Sá sem berst afleiðis fjarlægist sannleikann óafvitandi, ólíkt þeim sem fer vísitandi frá sannleikanum. En hann skaðar samband sitt við Jehóva og gæti átt á hættu að missa það. *w18.11* 9 gr. 5-6

## **Miðvikudagur 9. desember**

*„Þjóð þín kemur fúslega.“  
– Sálm. 110:3.*

Myndir þú vilja hljóta frekari þjálfun svo að þú getir gert heilagri þjónustu þinni enn betri skil? Þú gætir kannski sótt um í Skólanum fyrir boðbera Guðsríkis. Þar hljóta andlega sinnaðir bræður og systur í fullu starfi þjálfun svo að kraftar þeirra geti nýst enn betur í þjónustu Jehóva. Þeir sem sækja um í skólanum þurfa að vera reiðubúnir að þjóna hvar sem er eftir að þeir útskrifast. Værir þú fús til að nýta þér þetta tækifæri til að gera

meira fyrir Jehóva? (1. Kor. 9:23) Sem þjónar Jehóva látum við okkur annt um aðra og finnum okkur knúin til að sýna örlæti á hverjum degi, en það er merki um gæsku, góðvild og kærleika. Það veitir okkur gleði, frið og hamingju. (Gal. 5:22, 23) Hverjar sem aðstæður þínar eru geturðu notið gleðinnar sem hlýst af því að líkja eftir örlæti Jehóva og vera samverkamaður hans. – Orðskv. 3:9, 10. *w18.08* 27 gr. 16-18

## **Fimmtudagur 10. desember**

*„Það sem Guð hefur tengt saman má eigi maðurinn sundur skilja.“  
– Matt. 19:6.*

Sumir gætu velt fyrir sér hvort það sé nokkurn tíma gild ástæða fyrir þjón Guðs að skilja við maka sinn og giftast á ný. Jesús sagði um skilnað: „Sá sem skilur við konu sína og kvænist annarri drýgir hór gegn henni. Og ef kona skilur við mann sinn og giftist öðrum drýgir hún hór.“ (Mark. 10:11, 12; Lúk. 16:18) Það er greinilegt að Jesús virti hjónabandið og vildi að aðrir gerðu það líka. Ef eiginmaður skildi við trúna eiginkonu sína og giftist annarri fremdi hann hjúskaparbrot. Hið sama gildi um konu sem skildi við trúan eiginmann sinn og giftist öðrum. Ástæðan er sú að skilnaður einn og sér bindur ekki enda á hjónaband. Í augum Guðs voru þau enn þá „eitt“. Jesús sagði líka að trúföst kona ætti á hættu að fremja hjúskaparbrot ef maðurinn skildi við hana. Hvernig þá? Í þá daga gat fráskilinni konu fundist hún tilneydd að giftast á ný sökum fjárhags. En það jafngilti hjúskaparbroti. *w18.12* 11 gr. 8-9

## Föstudagur 11. desember

„Ég held varðstöðu minni.“

– Hab. 2:1.

Habakkuk talaði við Jehóva og það veitti honum hugarró. Hann varð enn ákveðnari í að biða þolinmóður eftir Jehóva og hélt áfram að vera þolinmóður því að síðar sagði hann: „Með hugarró mun ég ... biða neyðardagsins.“ (Hab. 3:16) Hvað getum við lært af Habakkuk? Í fyrsta lagi megum við aldrei hætta að biðja til Jehóva, sama hvaða erfiðleikum við mætum. Í öðru lagi verðum við að hlusta á það sem Jehóva segir í orði sínu og fyrir milligöngu safnaðarins. Og í þriðja lagi verðum við að biða þolinmód eftir Jehóva og treysta því að hann bindi enda á þjáningar okkar á settum tíma. Við getum líka öðlast hugarró ef við eigum náð samband við Jehóva og hlustum þolinmód á hann eins og Habakkuk gerði, og það auðveldar okkur að halda út. Vonin hjálpar okkur að vera þolinmód og þannig varðveitum við gleðina í öllum erfiðleikum okkar. Vonin gefur okkur fullvissu um að himneskur faðir okkar styðji okkur. – Róm. 12:12. *w18.11* 15–16 gr. 11–12

## Laugardagur 12. desember

*Ég vil að konur séu látlausar í klæðaburði.* – 1. Tím. 2:9.

Hvernig lítur Jehóva á þann sem tælir aðra til falls? Jesús sagði: „Hverjum þeim sem tælir til falls einn af þessum smælingjum sem trúa væri betra að vera varpað í hafið með mylnustein um hálsinn.“ (Mark. 9:42) Þetta lýsir sterkum tilfinningum. Jesús endurspegladi föður sinn fullkomlega. Við megum því vera viss um að Jehóva hefur jafn sterka skoðun á hverjum þeim

sem tælir einhvern af fylgjendum Jesú til falls með verkum sínum án þess að láta sig það nokkru varða. (Jóh. 14:9) Erum við sama sinnis og Jehóva og Jesús? Höfum við til-einkað okkur hugarfar þeirra? Hvað gefa verkin til kynna? Segjum til dæmis að við séum hrifin af ákveðnum stíl í klæðnaði eða útliti sem gæti truflað einhverja í söfnuðinum eða vakið upp óhreinar hugsanir hjá þeim. Er umhyggja okkar fyrir trú-systkinum yfirsterkari eigin smekk? *w18.11* 25 gr. 9–10

## Sunnudagur 13. desember

*Satan svaraði Drottni og sagði: Er Job guðhræddur að ástæðulausu? Réttu út hönd þína og snertu allt sem hann á, þá mun hann vissulega formæla þér upp í opið geðið.* – Job. 1:9, 11.

Hvers vegna þurfum við hvert og eitt að vera ráðvönd? Þú þarft að sýna ráðvendni af því að Satan hefur ásakað Jehóva og hann hefur líka ásakað þig. Þessi uppreisnargjarni engill kom óorði á Jehóva með því að gefa í skyn að hann sé lélegur, eigingjarn og óheidarlegur stjórnandi. Því miður tóku Adam og Eva afstöðu með Satan og gerðu uppreisn gegn Jehóva. (1. Mós. 3:1–6) Í Eden höfðu þau ótal tækifæri til að styrkja kærleikann til Jehóva. En kærleikur þeirra reyndist ekki lýtalaus og heill þegar Satan reyndi þau. Síðar meir kviknaði önnur spurning: Yrði nokkur maður Jehóva Guði trúfastur vegna kærleika til hans? Með öðrum orðum: Geta mennirnir verið ráðvandir? Þessi spurning kviknaði á dögum Jobs. (Job. 1:8–11) Hann var ófullkominn eins og við og gerði mistök. En Jehóva elskaði Job fyrir ráðvendni hans. *w19.02* 3–4 gr. 6–7

## Mánudagur 14. desember

*Hann seldi allt sem hann átti og keypti hana. – Matt. 13:46.*

Jesús sagði eitt sinn dæmisögu um kaupmann sem leitaði að fögrum perlum. Þegar kaupmaðurinn fann eina perlu sem var mjög verðmæt seldi hann þegar í stað allt sem hann átti svo að hann gæti keypt hana. Perlan táknar sannleikann um ríki Guðs og með dæmisögunni lýsti Jesús hve verðmætur sannleikurinn er þeim sem finna hann. (Matt. 13:45, 46) Þegar við kynntumst sannleikanum, það er að segja sannleikanum um ríki Guðs og öllum dýrmætu sannindunum í orði hans, vorum við að sama skapi fús til að fórna hverju sem var til að eignast hann. Svo framarlega sem við metum sannleikann að verðleikum munum við aldrei 'selja hann'. (Orðskv. 23:23) Því miður hafa þó sumir þjónar Guðs misst sjónar á verðmæti sannleikans – og jafnvel selt hann. Látum það aldrei henda okkur. Við verðum að fylgja hvatningu Biblíunnar að „hlýða sannleikanum“. (3. Jóh. 2–4) Þannig sýnum við hve mikils við metum hann og að við myndum aldrei selja hann. Að hlýða sannleikanum felur í sér að við setjum hann í forgang í lífinu og lifum í samræmi við hann. *w18.119* gr. 3

## Þriðjudagur 15. desember

*„Fyrir trú hrundu múrar Jeríkóborgar er menn höfðu gengið í kringum þá í sjö daga.“*

*– Hebr. 11:30.*

Ísraelsmenn fengu fyrirmæli um að ráðast ekki á Jeríkó heldur að ganga kringum borgina einu sinni á dag í sex daga og sjö sinnum sjöunda daginn. Sumir hermanna hugsuðu kannski með sér: „Hvílík tímasóun! Kröftum okkar væri betur varið í eitthvað annað.“ En Jehóva,

leiðtogi Ísraels, vissi upp á hár hvað hann var að gera. Þetta útspil styrkti trú Ísraelsmanna og hlífði þeim við beinum átökum við öflugan hermenn Jeríkó. (Jós. 6:2–5) Hvað lærum við af þessari frásögu? Stundum skiljum við kannski ekki til fulls hvers vegna söfnuðurinn tekur vissa stefnu. Til dæmis má vera að við efuðumst í fyrstu um gagnsemi þess að nota snjalltæki við sjálfsnám, í boðuninni og á samkomum. Nú sjáum við örugglega kosti þess að nota þau ef völ er á. Trú okkar og eining styrkist þegar við sjáum það góða sem hlýst af slíkum nýjungum þótt við hefðum kannski vissar efa-semdir í byrjun. *w18.10* 23 gr. 8–9

## Miðvikudagur 16. desember

*„Drottinn, ætlar þú á þessum tíma að endurreisa ríkið handa Ísrael?“*  
*– Post. 1:6.*

Slíkar væntingar um Messías áttu eflaust sinn þátt í að Galíleubúar vildu að Jesús yrði konungur þeirra. Þeir ímynduðu sér án efa að Jesús yrði tilvalinn leiðtogi. Hann var einstakur ræðumaður, gat læknað sjúka og var meira að segja fær um að sjá fólki fyrir mat. Þegar hann hafði gefið um 5.000 mönnum að borða skynjaði hann hvernig þeim var innanbrjósts. „Jesús vissi nú að þeir mundu koma og taka hann með valdi til að gera hann að konungi og vék því aftur upp til fjallsins einn síns liðs.“ (Jóh. 6:10–15) Daginn eftir var mannfjöldinn ef til vill búinn að róast dálítið. Hinum megin við Galíleuvatn útskýrði Jesús fyrir þeim í hverju starf hans var fölgjandi. Hann var kominn til að færa þjóðinni andlega blessun en ekki efnislega. Hann sagði: „Aflið yður eigi þeirrar fæðu sem eyðist heldur þeirrar fæðu sem varir til eilífs lífs.“ – Jóh. 6:25–27. *w18.06* 4 gr. 4–5

## Fimmtudagur 17. desember

*„Brákaðan reyrinn brýtur hann ekki sundur og dapran hörkveik slekkur hann ekki.“ – Jes. 42:3.*

Jesús skildi tilfinningar þeirra sem voru eins og brákaður reyr eða hörkveikur á olíulampa sem var við það að slökkna. Þar af leiðandi var hann tillitssamur, kærleiksríkur og þolinmóður. (Mark. 10:14) Við búum að sjálfsögðu ekki yfir sömu innsýn og kennsluhæfileikum og Jesús. En við getum og ættum að vera tillits-söm við þá sem við hittum í boðun-inni. Það gerum við með því að huga að því hvernig við tölum við þá, hve-nær við gerum það og hve lengi. Milljónir manna nú til dags eru ‚hrjáðar og umkomulausar‘ vegna spilltra og miskunnarlausra trúar-leiðtoga, viðskiptamanna og stjórn-málamanna. (Matt. 9:36) Fyrir vikið eru margir tortryggirnir og án vonar. Það er því afar mikilvægt að orðaval okkar og raddblær endurspegli góð-vild og kærleika í þeirra garð. Það sem laðar marga að boðskapnum er ekki aðeins biblíuþekking okk-ar og rökfærsla heldur líka það að við sýnum þeim virðingu og einlæg-an áhuga. *w18.09 31–32 gr. 13–14*

## Föstudagur 18. desember

*„Sælir eru þeir sem skynja andlega þörf sína.“ – Matt. 5:3, NW.*

Við sýnum að við skynjum and-lega þörf okkar með því að næra okkur andlega, meta andleg verðmæti mikils og láta tilbeiðsluna á hinum sæla Guði hafa forgang. Ef við gerum það verðum við ham-ingjusamari og styrkjum trú okkar á að loforð Guðs rætist. (Tit. 2:13) Til að njóta varanlegrar hamingju er nauðsynlegt að byggja upp sterkt samband við Jehóva. Páll postuli

sagði undir innblæstri: „Verið ávallt glöð í Drottni [Jehóva]. Ég segi aft-ur: Verið glöð.“ (Fil. 4:4) Við þurfum að afla okkur visku frá Guði til að geta átt dýrmætt samband við hann (Orðskv. 3:13, 18) Ef hamingjan á að endast verðum við bæði að lesa í orði Guðs og fara eftir því sem við lesum. Jesús lagði áherslu á mikil-vægi þess að fara eftir því sem við lærum. Hann sagði: „Þér vitið þetta og þér eruð sælir ef þér breytið eft-ir því.“ (Jóh. 13:17; Jak. 1:25) Þetta er lykillinn að því að sinna andlegri þörf okkar og halda í hamingjuna. *w18.09 18 gr. 4–6*

## Laugardagur 19. desember

*Epafras berst jafnan fyrir ykkur í bænum sínum. – Kól. 4:12.*

Epafras þekkti trússystkini sín vel og honum þótti innilega vænt um þau. Þótt hann væri fangi eins og Páll var honum umhugað um and-legar þarfir annarra og sýndi það í verki. (Fílem. 23) Ber það ekki merki um óeigingjarna umhyggju? Það hef-ur mikil áhrif að biðja markvissra bæna fyrir trússystkinum okkar, til dæmis með því að nefna þau með nafni. (2. Kor. 1:11; Jak. 5:16) Veltu fyrir þér hverja þú getur nefnt á nafn í bænum þínum. Margir bræð-ur og systur líkja eftir Epafrasi og biðja fyrir trússystkinum sínum. Þú gætir beðið fyrir fjölskyldum sem hafa margt á sinni könnu eða þeim sem standa frammi fyrir erfiðum ákvörðunum eða freistingum. Auk þess er gott að biðja fyrir þeim sem hafa misst ástvini, þeim sem hafa nýlega lifað af hörmungar og stríð og þeim sem glíma við fjárhagserfið-leika. Það er augljóst að mörg trú-systkini hafa þörf á bænum okkar og geta notið góðs af þeim. *w18.09 5–6 gr. 12–13*

## Sunnudagur 20. desember

*„Sælla er að gefa en þiggja.“*

– Post. 20:35.

Páll var ekki aðeins að tala um að gefa efnislega hluti heldur líka að uppörva, leiðbeina og aðstoða þá sem þurfa á því að halda. (Post. 20:31–35) Páll kenndi okkur í orði og verki að gefa af sjálfum okkur – af tíma okkar, kröftum, athygli og kærleika. Þeir sem stunda rannsóknir á sviði félagsvísinda hafa einnig komist að raun um að gjafmildi gerir fólk ánægt. Í einni vísindagrein kemur fram að „fólk segist upplifa mikla gleði eftir að hafa gert góðverk fyrir aðra“. Rannsóknir sýna fram á að það veitir fólk „aukinn tilgang“ í lífinu að hjálpa öðrum „því að það fullnægir grunnþörfum mannsins“. Þar af leiðandi mæla sérfræðingar oft með því að fólk bjóði sig fram til samfélagsþjónustu til að verða heilsuhraustara og hamingjusamara. Þetta kemur þjónum Jehóva ekki á óvart þar sem þeir líta á Biblíuna sem bók frá Jehóva, kærleiksríkum skapara mannkyns. – 2. Tím. 3:16, 17. *w18.08 22 gr. 17–18*

## Mánudagur 21. desember

*„Dæmið ekki eftir útliti, dæmið réttlátan dóm.“ – Jóh. 7:24.*

Spádómur Jesaja um Jesú Krist yljár okkur um hjartarætur og veitir okkur von. Hann sagði fyrir að Jesús myndi „ekki dæma eftir því sem augu hans sæju og ekki skera úr málum eftir því sem eyru hans heyrðu“. Jesaja bætti við: „Með réttvísi mun hann dæma hina vanmáttugu.“ (Jes. 11:3, 4) Af hverju er þetta hughreystandi? Af því að við búum í heimi þar sem hlut-

drægni og fordómar eru allsráðandi. Við þurfum á hinum réttláta dómara að halda sem dæmir okkur aldrei eftir útlitinu. Við myndum okkur skoðanir á fólki á hverjum degi. En við erum ófullkomin og getum því ekki dæmt fullkomlega eins og Jesús. Við eigum það til að láta það sem augu okkar sjá hafa áhrif á skoðanir okkar. En þegar Jesús var á jörð sagði hann okkur að dæma „ekki eftir útliti“ heldur dæma „réttlátan dóm“. Jesús vill greinilega að við líkjum eftir sér og dæmum ekki fólk eftir útlitinu. *w18.08 8 gr. 1–2*

## Þriðjudagur 22. desember

*Þú munt heyra orð að baki þér: „Þetta er vegurinn, farið hann.“ – Jes. 30:21.*

Að vísu heyrum við Guð ekki tala til okkar frá himni en hann gefur okkur leiðbeiningar í rituðu orði sínu, Biblíunni. Auk þess knýr heilagur andi „trúa og hyggna ráðsmanninn“ til að halda áfram að gefa þjónum Jehóva fæðu. (Lúk. 12:42) Við fáum heilmikið af andlegri fæðu í formi prentaðra rita, efnis á netinu, myndbanda og hljóðupptakna. Látum orð Jehóva sjálfs, sem rituð eru í Biblíuna, veita okkur fullvissu um að hann hafi stjórn á öllu og bæti fyrir allan þann skaða sem Satan og heimur hans valda okkur. Og verum ákveðin í að hlusta með athygli á rödd Jehóva. Ef við gerum það getum við verið þolgóð í hvaða erfiðleikum sem við stöndum frammi fyrir núna eða mætum síðar. Í Biblíunni erum við minnt á: „Þolgæðis hafið þið þörf, til þess að þið gerið Guðs vilja og öðlist fyrirheitið.“ – Hebr. 10:36. *w19.03 13 gr. 17–18*

## Miðvikudagur 23. desember

*Drottinn ávarpaði Jósúa og sagði: „Móse, þjónn minn, er dáinn. Leggðu nú af stað yfir Jórdan, þú og allt þetta fólk.“ – Jós. 1:1, 2.*

Jósúa velti ef til vill fyrir sér hvort Ísraelsmenn myndu viðurkenna hann sem leiðtoga þar sem Móse hafði leitt þjóðina um svo langt skeið. (5. Mós. 34:8, 10-12) Í biblíuskýringarriti segir um Jósúabók 1:1, 2: „Öryggi þjóðar – bæði í fortíð og nútíð – er í hve mestri hættu þegar nýr leiðtogi tekur við völdum.“ Jósúa hlýtur að hafa verið smeykur, og ekki að ástæðulausu. En hann treysti á Jehóva og innan fárra daga gekk hann einbeittur til verks. (Jós. 1:9-11) Og Jehóva blessaði hann fyrir að sýna þetta traust. Frásögn Biblíunnar sýnir að Jehóva lét engil leiða Jósúa og Ísraelsþjóðina. Það er rökrétt að ætla að þessi engill hafi verið Orðið, frumgetinn sonur Guðs. (2. Mós. 23:20-23; Jóh. 1:1) Jehóva hjálpaði Ísraelsþjóðinni að laga sig að breytingunum þegar Jósúa tók við sem leiðtogi hennar. *w18.10* 22-23 gr. 1-4

## Fimmtudagur 24. desember

*„Frammi fyrir honum var skrifuð bók til að minna á alla sem óttast Drottin.“ – Mal. 3:16.*

Jehóva veit hverjir þjóna honum fúslega og hann ritar nöfn þeirra í bók sína. Við þurfum að uppfylla viss skilyrði til að Jehóva álíti okkur þjóna sína og varðveiti nöfn okkar í bók sinni. Malakí tók sérstaklega fram að við þyrftum að „óttast Drottin og virða nafn hans“. Jehóva fjarlægir nöfn okkar úr „lífsins bók“ ef við tilbiðjum nokk-

urn eða nokkuð annað en hann. (2. Mós. 32:33; Sál. 69:29) Að vera vígður Jehóva felur því mun meira í sér en að gefa honum hátiðlegt loforð um að gera vilja hans og láta skírast. Við vígjumst og skír- umst aðeins einu sinni og síðan er það búið og gert. En ef við viljum standa með Jehóva sem þjónar hans verðum við að hlýða honum alla daga – eins lengi og við lifum. – 1. Pét. 4:1, 2. *w18.07* 23-24 gr. 7-9

## Föstudagur 25. desember

*„Þess vegna skulum við sleppa byrjendafræðslunni um Krist og snúa okkur að fræðslunni fyrir lengra komna.“ – Hebr. 6:1.*

Við þroskumst ekki sjálfkrafa í trúnni við það eitt að vera árum saman í sannleikanum. Við þurfum að vinna að því jafnt og þétt. Til að þroskast í trúnni er nauðsynlegt að afla sér meiri þekkingar og skilnings. Það er þess vegna sem við erum hvött til að lesa daglega í Biblíunni. (Sál. 1:1-3) Hefurðu sett þér það markmið? Með því að lesa daglega í Biblíunni færðu dýpri skilning á orði Jehóva, lögum hans og meginreglum. Mikilvægasta lagaboð Biblíunnar er að elska. Jesús sagði lærisveinum sínum: „Á því munu allir þekjja að þér eruð mínir lærisveinar ef þér berið elsku hver til annars.“ (Jóh. 13:35) Jakob, hálfbróðir Jesú, kallar það „hið konunglega boðorð“ að elska og Páll segir að kærleikurinn sé „uppfylling lögmálsins“. (Jak. 2:8; Róm. 13:10) Þessi áhersla á kærleikann kemur ekki á óvart því að „Guð er kærleikur“ eins og segir í Biblíunni. – 1. Jóh. 4:8. *w18.06* 19 gr. 14-15



## Laugardagur 26. desember

*„Þeir ollu honum gremju og honum hrutu vanhugsuð orð af vörum.“*

– Sálm. 106:33, NW.

Þó að það hafi verið Jehóva sem Ísraelsmenn ögruðu fann Móse til gremju. Hann sýndi ekki næga sjálfstjórnn og það varð til þess að hann talaði án þess að hugsa um afleiðingarnar. Móse lét það sem aðrir gerðu draga athygli sína frá því að horfa til Jehóva. Í fyrra skiptið tók Móse rétt á málum. (2. Mós. 7:6) En eftir að hafa leitt uppreisnargjarna Ísraelsmennina um áratugaskeið var hann kannski orðinn þreyttur og uppgefinn. Ætli Móse hafi aðallega hugsað um sínar eigin tilfinningar í stað þess að reyna að sjá hvernig hann gæti heiðrað Jehóva? Fyrst trúfastur spámaður eins og Móse gat misst einbeitinguna og hrasað gæti hið sama auðveldlega komið fyrir okkur. Við erum við það að ganga inn í nýjan heim sem Jehóva hefur lofað okkur, rétt eins og Móse sem stóð á þröskuldi fyrirheitna landsins. (2. Pét. 3:13) Ekkert okkar vill fara á mis við slíkt tækifæri. Til að ná markmiði okkar þurfum við þó að horfa einbeitt til Jehóva og leitast við að gera vilja hans öllum stundum. – 1. Jóh. 2:17. *w18.07* 15 gr. 14–16

## Sunnudagur 27. desember

*„Þið hafið sigrað hinn vonða.“*

– 1. Jóh. 2:14.

Satan getur ekki neytt fólk til að gera það sem það vill ekki. (Jak. 1:14) Margir hafa ekki hugmynd um að þeir eru leiksoppar Satans. Þegar fólk kynnist sannleikanum velur það hins vegar hverjum það vill þjóna. (Post. 3:17; 17:30) Ef við erum staðráðin í að gera vilja Guðs getur Satan með engu móti fengið okkur til að vera honum ótrú. (Job. 2:3; 27:5) Satan og illu öndunum eru fleiri takmörk sett.

Til dæmis bendir ekkert til þess að þeir geti séð hvað býr í huga okkar og hjarta. Biblían talar aðeins um að Jehóva og Jesús geti það. (1. Sam. 16:7; Mark. 2:8) Ef við gerum okkar besta til að tala og hegða okkur í samræmi við vilja Jehóva getum við treyst að hann leyfi ekki djöflinum að vinna okkur varanlegt mein. (Sálm. 34:7) Við þurfum að þekkja óvin okkar en við þurfum ekki að hræðast hann. Með stuðningi Jehóva geta jafnvel ófullkomnir menn sigrað Satan. Hann flýr frá okkur ef við stöndum gegn honum. – Jak. 4:7; 1. Pét. 5:9. *w18.05* 26 gr. 15–17

## Mánudagur 28. desember

*„Fel Drottni verk þín og þá bera áform þín árangur.“*

– Orðskv. 16:3.

Segjum að þú sért á leiðinni út á land á mikilvægan viðburð. Til þess að komast þangað þarftu að fara í langa rútuferð. Á rúrustöðinni eru margar rútur. Þú þarft að finna réttu rúturna. Ef þú færir í einhverja aðra rútu myndirðu fara í vitlaus átt. Unglingar nú á dögum eru í svipuðum aðstæðum. Þeir eiga langa ferð fram undan, ekki rútuferð heldur lífið sjálft. Stundum gæti þeim fundist allir möguleikarnir og ákvarðanirnar, sem þeir þurfa að taka, vera yfirþyrmandi. Þið sem eruð unglingar getið auðvelað ykkur lífið ef þið ákveðið hvert þið viljið stefna. Einbeitir þú þér að því að gera vilja Jehóva? Það þýðir að hafa hann alltaf með í ráðum, til dæmis þegar þið takið ákvarðanir varðandi menntun, vinnu og hvort þið ætlið að eignast maka og börn. Þið þurfið líka að setja ykkur markmið í þjónustunni við Jehóva. Unglingar, sem leggja áherslu á að þjóna Jehóva, geta verið vissir um að hann blessar áform þeirra. *w18.04* 25 gr. 1–3

## **Þriðjudagur 29. desember**

*„Æ, dóttir mín, nú hryggirðu mig sárlega. Sjálf veldur þú mér nú sárustum trega.“*

– Dóm. 11:35.

Jefta stóð við orð sín og sendi ógifta dóttur sína til Síló til að þjóna við tjaldbúðina það sem eftir var ævinnar. (Dóm. 11:30–35) Þótt það hafi verið erfitt fyrir Jefta að standa við heitið var það líklega enn erfiðara fyrir dóttur hans. Hún fór þó fúslega að vilja föður síns. (Dóm. 11:36, 37) Þar með afsalaði hún sér réttinum til að giftast, eignast börn og viðhalda nafni og arfleifð fjölskyldunnar. Hún þurfti sannarlega á hvatningu og uppörvun að halda. Í frásögn Bibliunnar segir: „Varð það ... síður í Ísrael að árlega fara dætur Ísraels að lofsyngja dóttur Jefta Gileaðíta, fjóra daga á hverju ári.“ (Dóm. 11:39, 40) Eiga ekki einhleypir þjónar Guðs líka skilið hrós og hvatningu fyrir að nota aðstæður sínar til að „þóknast Drottni“ sem best? – 1. Kor. 7:32–35. *w18.04* 17 gr. 10–11

## **Miðvikudagur 30. desember**

*„Minnist englanna sem ekki gættu tignar sinnar heldur yfirgáfu eigin bústað.“*

– Júd. 6.

Töluverður fjöldi engla gekk í lið með Satan í uppreisn hans. Fyrir flóðið tældi hann að minnsta kosti suma þeirra til að eiga siðlaus mök við dætur mannanna. Í Bibliunni er þessum sannleika lýst á þann hátt að drekin dragi þriðjung af stjörnum himins með sér í fallinu. (1. Mós. 6:1–4; Opinb. 12:3, 4) Þegar þessir englar yfirgáfu fjölskyldu

Guðs komust þeir undir áhrifavald Satans. En þessir uppreisnarenglar eru ekki bara hópur vandræðagemlinga. Satan hefur búið til eftirlíkingu af ríki Guðs með sjálfan sig sem konung. Hann hefur skipað illu öndunum niður í eins konar ríkisstjórnir, gefið þeim völd og látið þá stjórna heiminum. (Ef. 6:12) Satan og andaverurnar, sem lúta stjórn hans, fara með yfirráð yfir öllum stjórnvöldum manna. *w18.05* 23 gr. 5–6

## **Fimmtudagur 31. desember**

*„Ég lofa Drottin sem gefur mér ráð, jafnvel um nætur er ég áminntur hið innra.“*

– Sálm. 16:7.

Kærleikur Guðs til okkar birtist stundum í því að hann leiðréttir okkur líkt og faðir myndi gera. Davíð tók fúslega við slíkri leiðréttingu. Hann leyfði Jehóva að móta sig með því að hugleiða hvernig hann hugsar um málin og til-einka sér sama hugarfar. Kærleikur þinn til Jehóva og löngunin til að hlýða honum eykst ef þú ferð að fordæmi Davíðs. Þá styrkist og þroskast þinn andlegi maður. Systir, sem heitir Christin, segir: „Þegar ég rannsaka og hugleiði það sem ég les finnst mér að Jehóva hafi látið skrifa efnið sérstaklega fyrir mig.“ Ef þú ert andlega sannaður geturðu séð heiminn og framtíðina frá sjónarhóli Guðs því að hann gefur þér einstaka þekkingu og inn-sæi. Hvers vegna gerir hann það? Hann vill að þú forgangsraðir viturlega, takir skynsamlegar ákvarðanir og getir horft til framtíðarinnar af öryggi. – Jes. 26:3. *w18.12* 26 gr. 9–10